



Skýrsla forseta

um störf Alpýðusambands Íslands 2018

43. þing ASÍ 24.-26. október 2018





SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2018

Skýrsla forseta ASÍ 2018

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm og Tómas Bolli Hafþórsson

Skýrslan lögð fyrir 43. þing ASÍ 24.-26. október 2018.

Reykjavík, október 2018 – Ísafoldarprentsmiðja


Efnisyfirlit

Inngangur	7
Formannafundur ASÍ 2017	11
Ávarp forseta ASÍ.	11
Félagsaðild að stéttarfélögum – næstu skref	16
Félagsaðild að stéttarfélögum - umræður	18
Fimm spurningar um framtíð vinnunnar	24
Nýjar persónuverndarreglur	24
Bjarg íbúðafélag	24
Í aðdraganda alþingiskosninga	27
Hagspá að hausti	28
Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2017	29
Formannafundur ASÍ 2018	31
Ávarp forseta ASÍ.	31
Umræður.	33
Niðurstaða atkvæðagreiðslu	38
Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2018	39
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	43
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	55
Hringferðir ASÍ 2018	61
Efnahagsmál	63
Hægir á vexti	64
Hægir á fjölgun ferðamanna	64
Verðbólga, gengi og vextir	65
Húsnæðismarkaður	67
Ríkisfjármál	68
Verðlagseftirlit ASÍ	69
Kjaramál	73
Endurskoðun kjarasamninga	73
Samið um launaþróunartryggingu	80
Kjararáð lagt niður	81
Atvinnumál	85
Atvinnuleysi	88
Velferðarmál	91
Ný stefna ASÍ í velferðarmálum	91
Kaup og kjör	96
Skattbyrði launafólks og jöfnuður	97
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	99
Almanna- og sjúkratryggingar	99
Húsnæðismál	100

Opinn fundur um borgaralaun	102
Lífeyrismál	105
Óvissan um tilgreindu séreignina	106
Endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál	116
Endurskoðun almannatrygginga	121
Félags- og vinnumarkaðsmál	125
Jafnrétti á vinnumarkaði	126
Aðgerðahópur um launajafnrétti	127
Jafnlaunavottun	127
Tökum brúna – Kvennaráðstefna ASÍ	128
#metoo	130
Hættum að laga konur – Lögum samfélagið!	132
Baráttan gegn undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi	133
Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur	138
Einn réttur – ekkert svindl!	138
Klukk	143
Kjaradeila FFÍ og Primera Air	143
Kjaradeila FFÍ og WOW	143
Störf fastanefndar vegna stórframkvæmda við Búrfellsvirkjun	145
GRECO gerir athugasemdir við framkvæmd á skipun Félagsdóms	145
Vinnuhópur um persónuverndarmál	146
Vinnuvernd	148
Staða vinnuverndarmála	148
Komum heil heim úr vinnu! - ráðstefna ASÍ um vinnuvernd	149
Evrópsk vinnuverndarvika 2017	150
Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	150
Ábyrgðasjóður launa	151
Stöðvum kennitölufلاك	151
Fræðslu- og menntamál.	153
MFA fræðsludeild ASÍ	153
Félagsmálaskóli alþýðu	156
Fagháskólastigið	159
Mat á námi til launa	161
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).	163
Vottaðar námsleiðir	166
Náms- og starfsráðgjöf.	168
Þróun og samstarf	176
Erlent samstarf	177
Brotthvarf og gæðamál	179
Mímir	186
Aukið samstarf við atvinnulífið	188

Fjölbreytt þjónusta við innflytjendur	189
Námskeið í íslensku fyrir útlendinga	190
Námsbrautir	191
Starfstengdar námsbrautir	193
Önnur námskeið	196
Ráðgjöf og stöðumat	197
Próf í íslensku sem öðru máli	200
Gæðamál	203
Kynningar- og markaðsmál	203
Hæfnistefna	204
Færniþörf á vinnumarkaði	206
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar	207
Erlend samskipti	209
Norræna verkalýðssambandið – NFS	210
Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál	212
Samstarf jafnréttisfulltrúa alþýðusambandanna	213
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi – VN	213
Ársfundur SAMAK	214
Evrópusambandið	215
ETUC 2018	216
Stjórn ETUC	217
EFTA - EES	217
Þríhliðanefnd ILO á Íslandi	221
Norræna ILO samstarfið	221
107. Alþjóðavinnumálþingið í Genf 2018	221
Global Deal	224
Samráð við íslensk stjórnvöld um utanríkismál	225
Þróunarsamvinna	226
Lagabreytingar og skipulagsmál	227
Niðurstöður málþings um félagsaðild	228
Úrsögn Sjómann- og vélstjórafélags Grindavíkur	229
ASÍ-UNG	230
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	233
ASÍ tekur í notkun nýjan gunnfána	235
Listasafn ASÍ	237
Sýningar á árinu	238
Skólaverkefni og heimildarmyndir	238
Nýr listamaður valinn – sýningar fram undan	239
Miðlun safneignar eftir öðrum leiðum	239
Þjarg – íbúðafélag	243
Virk starfsendurhæfingarsjóður	245

Samstarf innan velferðarkerfisins	246
Samstarf við lífeyrissjóði	247
Einstaklingar í þjónustu	248
Árangur VIRK	252
Mat á ávinningi starfsendurhæfingar	256
VIRK Atvinnutenging	258
Styrkir VIRK	259
Umsagnir um þingmál	261
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	309
Málefnanefndir miðstjórnar	323
Kynjabókhald	327
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	338
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum	339
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir félögum/deildum	340
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda	346
Reikningar ASÍ og stofnana	365



INNGANGUR

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2018 er, eins og fyrri skýrslur, hugsuð sem uppflettirit um störf verkalýðshreyfingarinnar þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2017 til september 2018. Skýrslan er prentuð í lágmarksupplagi en verður þess í stað dreift í rafrænu formi. Þetta er liður í þeirri viðleitni ASÍ að minnka pappírseyðslu. Þannig verður komandi þing ASÍ, líkt og það síðasta, pappírslaut.

Stærsta mál liðins vetrar var að líkindum endurskoðun kjarasamninga og formannafundur um uppsögn kjarasamninga. Sjálfur talaði ég fyrir uppsögn samninga enda var það afstaða fulltrúa ASÍ í forsendunefnd að ekki hafi náðst almenn sátt um launastefnu og forsendur því brostnar. Þar vó að sjálfsögðu þyngst úrskurður kjararáðs um hækkun launa ráðherra, þingmanna og embættismanna ríkisins og sleifarlag ríkisstjórnar við að taka á því máli. Á formannafundi ASÍ þar sem greidd voru atkvæði um uppsögn þurfti meirihluta bæði formanna og fjölda félagsmanna til að segja upp samningum. Það náðist ekki og því var samningum ekki sagt upp en nánar er fjallað um málið í kaflanum um kjaramál.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurnýjun kjarasamnings

okkar og SA um lífeyrismál. Áður en sú vinna hófst hefur mikil undirbúningsvinna farið fram, en ASÍ stóð fyrir sérstöku þingi um lífeyrismál á Selfossi vorið 2010 og í tvígang höfum við tekið drög að stefnu ASÍ í lífeyrismálum til umræðu á þingum sambandsins. Afrakstur þessarar vinnu er margvíslegur, en eftir að síðasta hækkun mótfamlags atvinnurekenda kom til framkvæmda í sumar má segja að tekist hafi í fyrsta skipti að jafna lífeyrisréttindin milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins m.t.t. ávinnslu réttinda eftirleiðis. Samhliða þessu höfum við lagt mikla vinnu í endurskoðun á stjórnkerfiskafla samningsins um lífeyrismál og var samkomulag um þann kafla undirritað 24. apríl sl. Helstu nýmæli samkomulagsins varða skipan og samsetningu stjórnarmanna, uppstillingarnefndir tilnefningaraðila, hámarkssetu í stjórn, hæfisreglur og hagsmunaaðrekstur.

Bjarg-íbúðafélag stóð í ströngu á árinu. Félagið hefur þegar hafið framkvæmdir að byggingu íbúða í Grafarvogi, í Úlfarsárdal og er að fara af stað á Akranesi, Akureyri og í Árborg. Í júní var opnað fyrir skráningar á biðlista vegna leiguíbúðanna en íbúðir Bjargs eru fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum og hafa verið fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ eða BSRB sl. 24 mánuði miðað við úthlutun. Þegar þetta er skrifað eru tæplega þúsund manns búnir að skrá sig en fyrstu íbúðirnar verða tilbúnar sumarið 2019. Á næstu þremur árum áætla félagið að vera búið að byggja um 1.450 leiguíbúðir.

Á fundi miðstjórnar 4. apríl fjallaði undirritaður um valkostina í kjaramálum. Hvatti miðstjórn til þess að efnid yrði gert opinbert og aðgengilegt í tengslum við undirbúning þings ASÍ. Ákveðið var að setja í gang öflugt kynningarátak á samfélagsmiðlum, einkum Facebook, og var Gunnar Steinn Pálsson hjá GSP samskiptum fenginn til að stýra þessu tiltekna kynningarverkefni. Hans hlutverk var að framleiða sjö myndbönd til dreifingar á samfélagsmiðlum í samvinnu við WEBMO Design og auglýsingastofuna Árnasyni sem sá um framleiðslu og dreifingu efnisins ásamt vöktun á viðbrögðum við efnisdreifingunni. Átak þetta hófst í byrjun maí og stóð í rúman mánuð. Vakti það mikla athygli og töluvert hörð viðbrögð m.a. innan verkalýðshreyfingarinnar enda var lagt upp með að skilaboðin hreyfðu við fólki

Samantekt WEBMO Design að lokinni kynningarherferðinni sýndi að myndböndin sjö fengu alls 296.440 áhorf og náðu til 160.711 notenda. Virkni notenda var mæld með beinum viðbrögðum eins og „like“, komment og deilingar. 3.437 einstaklingar brugðust við efninu á einhvern hátt. Myndböndin fengu rúmlega 2.000 „like“ ásamt 617 kommentum frá 214 einstaklingum. 70% af þeim sem settu inn athugasemdir voru neikvæðir í garð myndbandanna, eða 150 einstaklingar. Neikvæðu viðbrögðin reyndust því koma frá fámennum en háværum hópi fólks (4% þeirra sem brugðust við efninu voru neikvæðir).

Í maímánuði 2018 hélt skrifstofa ASÍ í fundarherferð um landið þar sem haldnir voru 10 fundir til að undirbúa 43. þing Alþýðusambandsins. Á fundun- um voru þrjú af viðfangsefnum þingsins kynnt með stuttum framsögum auk þess sem forseti ASÍ hélt erindi um áskoranir á vinnumarkaði og valkosti í kjarabaráttu. Þá ávarpaði formaður stéttarfélags á staðnum hvern fund. Eftir- farandi málefni voru til umfjöllunar: *Tekjuskipting og jöfnuður, Tækniþróun og skipulag vinnunnar og Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs.*

Tilgangur fundanna var að auðvelda þátttakendum að tjá sig um það sem á þeim brennur, kynna þeim viðfangsefnin og gera þeim kleift að koma með ábendingar og tillögur að áherslum og aðgerðum af hálfu Alþýðusambands- ins og aðildarfélaganna. Notast var við fundarform sem byggir á sem mestri virkni fundarmanna. Eftir seinni fundaröðina, sem farin var í september 2018 (rætt um húsnæðis-, heilbrigðis- og velferðarmál), voru lögð fyrir miðstjórn drög að stefnuyfirlýsingu og aðgerðaráætlun byggð á niðurstöðum fundanna, sem síðan verður lögð fyrir 43. þing ASÍ til frekari umfjöllunar og afgreiðslu. Þessar fundarherferðir gengu báðar vel og voru fundirnir þrýðilega sóttir.

Þessi skýrsla forseta ASÍ verður sú síðasta í mínu nafni því ég hef tekið þá ákvörðun að stíga til hliðar sem forseti á þinginu okkar nú í október. Þessa ávörðun mína tilkynnti ég í júní með eftirfarandi yfirlýsingu:

„Ég tók við sem forseti ASÍ þremur vikum eftir hrun og það var gríðarleg áskorun sem beið okkar sem vorum í forystu á vinnumarkaðinum á þeim tíma. Nú 10 árum síðar erum við komin fyrir vind og vel það. Kaupmáttar- aukningin á síðustu þremur árum er sú mesta í Íslandssögunni, atvinnu- leysi er lítið, verðbólga lág og vextir í sögulegu lágmarki, þótt enn séu þeir alltof háir. Allir þessir þættir skipta launafólk miklu máli.

Undanfarið hafa deilur innan verkalýðshreyfingarinnar hins vegar hardnað og menn tekist á um leiðir í kjarabaráttunni. Í þeim deilum virð- ist því miður sem persóna mín, í stað skoðana minna, sé orðin aðalatriði og þá á kostnað málefnalegrar umræðu. Alþýðusambandið er meira en 100 ára gamalt og gríðarlega mikilvægt í allri réttinda- og kjarabaráttu launafólks á Íslandi. ASÍ er mun stærra en nokkur einstaklingur, en ég viðurkenni að það er erfitt og lýjandi að eiga í átökum við féлага sína. Ég hef ávallt verið reiðubúinn til að berjast með félögum mínum og fyrir þá, en að berjast við þá gefur mér ekkert og skilar heldur engu fyrir hreyfinguna.

Ég er sannfærður um að sú sýn sem forysta Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna hefur haft að leiðarljósi á síðustu áratugum hafi skilað

miklum árangri og ég vona að áhersla verði áfram lögð á að tryggja stöðugleika og langtímaárangur í kjarabaráttunni. Ef brotthvarf mitt getur orðið til þess að auka líkurnar á að áfram verði haldið á svipuðum nótum ber mér að þluga stöðu mína og hlutverk. Það hef ég nú gert og niðurstaða mín er sú að ég mun ekki gefa kost á mér sem forseti ASÍ á þinginu okkar í haust. Ég tek þessa ákvörðun í þakklæti og auðmýkt fyrir að hafa fengið að starfa fyrir íslenska verkalýðshreyfingu allan minn starfsferil. Ég vona sannarlega að hreyfingin nái vopnum sínum og sameinist í störfum sínum fyrir launafólk á Íslandi í komandi kjarasamningum. Verkalýðshreyfingin er nefnilega svo miklu öflugri þegar allir róa í sömu átt.“

Ég hef verið forseti ASÍ í 10 ár, endurkjörinn fjórum sinnum en þar á undan starfaði ég sem framkvæmdastjóri ASÍ frá 2001 en kom fyrst til starfa hjá verkalýðshreyfingunni árið 1989, þá sem hagfræðingur ASÍ hjá Kjararannsóknarnefnd. Það er því mál að linni.

Gylfi Arnbjörnsson



FORMANNAFUNDUR ASÍ 2017

Formannafundur Alþýðusambands Íslands 2017 var haldinn 25. október í Rafiðnaðar-skólanum, Stórhöfða 27, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 09.30 með skráningu fundarmanna. Formleg dagskrá hófst kl. 10.00.

Fundarstjóri, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Fundarritarar, Marianna Traustadóttir og Halldór Oddsson frá skrifstofu ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ setti fundinn og flutti eftirfarandi ræðu.

Ávarp forseta ASÍ

„Nú þegar við setjumst á þennan formannafund milli þinga eru um margt óvenjulegar aðstæður í okkar samfélagi – það er eins og allir haldi niðri í sér andanum og bíði eftir einhverju sem þó er erfitt að átta sig á hvað er. Augljóst er að í landinu ríkir alvarleg pólitísk kreppa sem leitt hefur til þess að enn og aftur stendur þjóðin frammi fyrir því að kjósa til Alþingis í lok vikunnar. Þrátt fyrir mikinn hagvöxt og uppbyggingu eru þung ský farin að myndast yfir útflutningsstarfseminni – einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum – og vinnumarkaðurinn í algjörrri biðstöðu vegna kosninga og undirliggjandi óánægju.

Velferðarmálin skipta launafólk máli

Enginn vafi er á því að pólitískur óstöðugleiki á vettvangi stjórnmalanna hefur haft mjög neikvæð áhrif á vinnumarkaðinn. Óstöðugleikinn hefur leitt til meiri átaka og hamlað því að við getum þróað hann til betri vegar til að geta mætt nýjum áskorunum.

Við höfum deilt við stjórnvöld um raunverulegt inntak hugtaksins „stöðugleiki“ þar sem Alþýðusambandið hefur gert kröfu til þess að jafnvægi verði á milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika – að þetta séu tvær hliðar á sama peningi sem hlúa verður jafnt að – og reyndar gengið svo langt að setja það sem fyrirvara við frekari umræðu og þróun á nýju samningamódeli að norrænni fyrirmynd hér á landi.

Stjórnmalamaenn verða að gera sér grein fyrir þeirri miklu alvöru sem að baki þessari kröfu okkar liggur, þeir verða einfaldlega að koma velferðarmálanum í þann farveg að þau verði í raun reist á grundvelli norrænu samfélagsgerðarinnar. Í aðdraganda kosninga ákvað miðstjórn ASÍ að setja í gang kynningu á því sem við höfum kallað „samfélagsáttmála um félagslegan stöðugleika“ þar sem við leggjum áherslu á öflugt heilbrigðiskerfi, öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum, að allir búi við örugga afkomu og aðstæður, að vinnumarkaðurinn byggji á ábyrgum stöðum og traustri velferð og að tekjuöflun hins opinbera byggji á réttlátu skattkerfi.

Stjórnmalaflokkarnir sýna vinnumarkaðnum lítinn áhuga

Ég held að okkur hafi tekist ágætlega að skapa umræðu um áhersluatriði okkar gagnvart velferðarkerfinu en það sama verður ekki sagt um sjálfan vinnumarkaðinn. Það hefur enginn flokkur að því að ég best veit tekið upp áherslur okkar um ábyrgan vinnumarkað með innleiðingu kedjuábyrgðar aðalvertaka og aðgerðir til að sporna gegn félagslegum undirbodum og kennitölufлакki. Það fer miklu meira fyrir lofordum um lækkun tryggingagjaldsins heldur en hækkun atvinnuleysisbóta til jafns við kaupgjald og hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi eru ennþá langt undir meðaltekjum. Þetta áhugaleysi um brýn málefni almenns launafólks er okkur mikið áhyggjuefni sem við verðum einfaldlega að bregðast við, bæði með aukinni áherslu á að kynna þau álítaefni og vandamál sem félagsmenn okkar standa frammi fyrir og á endanum með beinni kröfugerð við gerð kjarasamninga.

Samstaða á þingi um að standa vörð um ákvarðanir kjararáðs

Við höfum einnig gagnrýnt stjórnvöld fyrir að grípa ekki inn í ákvarðanir kjararáðs, sem deilt hefur út launahækkunum til ædstu ráðamanna og embættismanna sem eru í engu samhengi við það sem meginþorri landsmanna hefur fengið að njóta svo um munar. Þrátt fyrir að í lögum um kjararáð séu mjög

skýr ákvæði um að ráðið megi ekki verða leiðandi um hvorki launasetningu né launaþróun er það engu að síður staðreynd að svo er. Það er athyglisvert hversu sterk samstaðan er milli flokkanna á Alþingi að halda hlífðarhendi yfir ákvörðunum kjararáðs og segir okkur að ráðið hafði samráð við forystu flokkanna á Alþingi vorið 2016, áður en þessi hækkunarhrina fór í gang, um þessar breytingar.

Fastgengisstefna nýtist launafólki

Ofan í þessa þróun höfum við hjá ASÍ á undanförunum vikum fundað bæði með nefnd stjórnvalda um endurskoðun peningastefnunnar og nokkrum erlendum sérfræðingum sem fengnir hafa verið til þess að gefa álit á heppilegu formi peningastefnunnar. Í þeim samtölum hefur komið fram að eitthvert form fastgengisstefnu sé að mörgu leyti heppilegra en fljóttandi gengi með verðbólgu-markmiði. Slík leið er hins vegar ekki fær nema hér takist víðtækt samkomulag milli vinnumarkaðar, stjórnmalanna og Seðlabankans um bæði markmið og verkaskiptingu milli aðila til þess að tryggja forsendur slíkrar fastgengisstefnu. Það er enginn vafi á því að ábati launafólks og almennings af slíku samkomulagi er gríðarlegur, því þannig gætum við bæði tryggt mun lægri verðbólgu og vaxtastig, í landi þar sem almenningur þarf að ráðstafa fimmtungi sinna ráðstöfunartekna í hærri húsnæðisvexti en annars staðar í Evrópu.

Ég hef sagt það í ávörpum mínum á þingum bæði Starfsgreinasambandsins og verslunarmanna nýlega og í opinberri umfjöllun, að það sé mitt mat að víðtækt samkomulag milli vinnumarkaðarins og stjórnmalanna um trúverðugt samhengi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika sé farsæl leið til þess að koma á meiri festu og trúverðugleika á vettvang stjórnmalanna og vinnumarkaðarins ef vel er á málum haldið. Slík sátt um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika gæti jafnframt lagt grunn að endurskoðun samningalíkansins og þannig rekið traustari stöðir undir fastgengisstefnu og verulega lækkun vaxta.

Ríkisvaldið þurrkar út ábata af hækkun lægstu launa

Ef stjórnmalin hafa einhvern áhuga á að þroska slíkt samkomulag er alveg ljóst að þau verða að byrja á því að axla ábyrgð á kjararáði. Jafnframt verður launafólk að geta treyst því að staðið verði við það sem samið verður um. Í nýlegri skýrslu hagdeildar ASÍ um þróun skatta og fjölskyldubóta kom fram, að þrátt fyrir að verkalýðshreyfingunni hafi tekist að lyfta grettistaki í hækkun lægstu launa – reyndar svo að hlutfall lægstu launa af meðallaunum er hvergi hærri meðal OECD ríkjanna. Nánast á sama tíma hafa stjórnvöld rýrt verðgildi bæði skattleysismarka og barna- og húsnæðisbóta með þeim hætti að þessi sókn okkar um betri lífskjör fyrir þá tekjulægri hefur verið nettuð út með hærri skattbyrði og lægri bótum.

„Leiðrétting“ í næstu kjarasamningum

Ágætu félagar. Við þessar aðstæður munu kjarasamningar aðildarfélaga ASÍ losna á næsta ári, annaðhvort í ársbyrjun vegna forsendubrests gagnvart núgildandi kjarasamningum eða í árslok þegar þeir renna sitt skeið á enda í lok nóvember. Þó það sé í dag ótímabært að segja til um það hvað kann að verða uppi í febrúar nk. varðandi endurskoðun kjarasamninga, er ljóst að aðildarfélögin fara inn í næstu viðræður á óbreyttum forsendum frá síðustu lotu. Það hefur semsagt ekki tekist að endurskoða eða endurnýja íslenska samningamódelið. Það ríkir ekki samstaða um það hvað eigi að liggja til grundvallar skilgreiningum á svigrúmi til launabreytinga og staðreyndin er að ríkið er og hefur verið leiðandi í bæði launasetningu og launapróun undanfarid. Við þessar aðstæður verða aðildarfélög okkar á almennum vinnumarkaði að freista þess að halda í horfinu og sækja á um „leiðréttingu“ sinna félaga á sama tíma og margar greinar atvinnulífsins standa a.m.k. á veikari stöðum en síðast þegar við vorum með opna samninga.

Ólíklegt að ASÍ félögin verði í samfloti í næstu kjaraviðræðum

Þessu tengdu er ljóst að mikil óvissa er um bæði forsendur og vilja til samstarfs innan okkar eigin raða, hvað þá við önnur heildarsamtök. Þó það sé í mínum huga ekki nokkur vafi á því að hreyfingin er sterkari sameinuð en sundruð, er það mín niðurstaða að ekki sé að óbreyttu forsenda fyrir breiðfjlkingu í komandi viðræðum við atvinnurekendur. Ég vil auðvitað ekki útiloka neitt og tel að forysta sambandanna og stóru félaganna verði á næstu vikum og mánuðum að setjast yfir málið, en aðstæðurnar núna eru einhvern veginn þannig að maður sér ekki hvert við ættum að sækja límið í slíkt samflot. Hitt er svo annað mál að hreyfingin þarf að skoða það í mikilli alvöru hvernig stadið verður að samskiptum og sameiginlegum kröfum á stjórnvöld því áhugaleysi stjórnmalanna um viðfangsefni vinnumarkaðarins segja okkur að ef við ekki tökum það upp mun enginn gera það. En þá verðum við einnig að ræða hvernig við ætlum að fylgja þeim kröfum eftir.

Skipulagsmál hreyfingarinnar

Á þessum formannafundi ætlum við að ræða tillögur skipulags- og starfsháttanefndar um félagsaðild og skörun. Ég tel að þessi umræða sé okkur afar mikilvæg og ég ætla ekkert að leynd þvi að ég hef lengi haft verulegar áhyggjur af stöðu þessara mála innan okkar raða. Það er mitt mat að við einfaldlega verðum að taka þessi skipulagsmál fastari tökum ef við ætlum ekki bara að verja það fyrirkomulag sem við höfum byggt upp heldur sækja fram um endurbætur á því. Ástæðan fyrir þessum áhyggjum er einföld og til að útskýra það hef ég leyft mér að nota árangur í bæði kvenna- og karlalands-

liðinu í fótbolta. Það er almennt viðurkennt að stóran hluta þessa árangurs þeirra í undankeppninni á HM megi rekja til annars vegar góðs skipulags á vellinum milli þeirra „eininga“ sem þar starfa – vörnin, miðjan og sóknin – í þaulskipulagðri verkaskiptingu þar sem hver leikmaður og eining veit til hvers sé af honum ætlast. Hins vegar hafa menn bent á viðhorf, samstöðu og þeirrar sameiginlegrar sýnar sem einkennir bæði einstaka leikmenn og liðið sem heild og vegna þess þeirrar miklu leikgleiði sem skín í gegn.

Þegar við ræðum þessi skipulagsmál verðum við að hafa það hugfast að hlutverk og markmið verkalýðshreyfingarinnar um að þróa hér betra samfélag hefur ekkert breyst, þó aðstæður í samfélaginu séu síbreytilegar og nýjar áskoranir birtast okkur í sífellu. Geta okkar til þess að meta þessum áskorunum er hins vegar nátengd því skipulagi og þeirri verkaskiptingu sem við veljum okkur á hverjum tíma. Aðstæður okkar félagsmanna eru og að breytast við þær hröðu breytingar sem eru að verða á bæði innihaldi starfsins sem og hvernig tengsl hins almenna launamanns við vinnustaðinn eru að breytast með vaxandi hlut skammtímaráðninga, verktakavinnu og hvers kyns launamennsku. Við þessar aðstæður megum við ekki festa okkur í skipulagi gærdagsins. Við verðum að þora að horfast í augu við afleiðingar þessarar þróunar gagnvart því verkefni sem okkur er treyst fyrir og finna leiðir til þess að láta skipulagið og leikgleðina vinna með okkur. Þó mikið hafi verið gert að því að sameina félög innan raða Alþýðusambandsins, sem ég held að eigi að halda áfram, hefur í raun lítið nýtt gerst í okkar skipulagsmálum. Ég hef tekið eftir því í umræðunni innan okkar raða að það er mikil tregða við að reyna eitthvað nýtt á sviði samningamála, hvort sem það er nýtt samningamódel eða tilraunir með að sameina ólíka kröfta innan einstakra atvinnugreina með svokölluðum kartelsamningum. Hér verðum við að vera okkur meðvituð um það, að ef hreyfingin þarf að beita sér í átökum, og ég þreystist ekkert á því að undirstrika að þær aðstæður eru að skapast, munu þessi atriði skipta sköpum um árangur.

Kynferðisofbeldi á vinnumarkaði verður ekki liðið

En góðir félagar. Á undanförunum vikum höfum við fylgst með samstöðuvakningu kvenna á samfélagsmiðlum um allan heim undir yfirskriftinni „metoo“ þar sem konur vekja athygli á þeirri kynferðislegu áreitni og misnotkun sem þær verða fyrir á vinnumarkaði og í samfélaginu. Það er ekki hægt annað en dást af þessu framtaki og þeirri einurð og mikla kjarki sem að baki svona átaki liggur samhliða því að lýsa fullum stuðningi við markmið þess – að konur og karlar geti fengið að sinna störfum sínum án þess að verða fyrir misnotkun af hvaða tagi sem er. Það er einlæg von mín og ósk að allir þeir sem eru misrétti beittir á vinnumarkaði eigi sér bæði skjól og stuðning hjá

stéttarfélögunum í landinu því þetta er málefni sem við eigum og verðum að láta okkur varða.

Að lokum vil ég óska okkur velfarnaðar í störfum okkar á fundinum og segi hann settan.“

Gylfi Arnbjörnsson fundarstjóri staðfesti að fundurinn væri boðaður með réttmætum hætti eins og lög sambandsins gera ráð fyrir. Hann sagði að engar ályktanir hefðu borist fyrir fundinn og miðstjórn hafi ákveðið að leggja ekki fyrir neinar ályktanir.

Því næst tóku við fundarstörf í samræmi við boðaða dagskrá.

Félagsaðild að stéttarfélögum – næstu skref

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, talaði fyrir hönd skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ og fjallaði um niðurstöður málþings sem fram fór 22. maí sl. þar sem var til umræðu félagsaðild og samningssvið aðildarfélaga ASÍ.

Áður en Signý gerði grein fyrir niðurstöðum málþingsins fór hún í nokkrum orðum yfir skipulagssögu ASÍ. Sambandið var stofnað árið 1916 af 7 félögum og þá gátu öll verkalýðs- og jafnaðarmannafélög orðið aðilar. Nokkru síðar, eða árið 1924, var samþykkt að félögin gætu myndað fjórðungssambönd. Árið 1930 voru félög sambandsins 36 og þegar skilið var á milli ASÍ og Alþýðuflokksins 10 árum síðar voru félögin 98 talsins.

Frá árinu 1940 hefur skipulag ASÍ í aðalatriðum ekki breyst mikið. Ófáar nefndir hafa verið skipaðar, sagði Signý, til að koma með tillögur að skipulagsbreytingum. Árið 1960 voru 161 félag sem áttu aðild að ASÍ og voru 126 félög með færri en 200 félagsmenn. Árið 1963 var sett fram tillaga um að sambandið samanstæði af 9 landssamböndum og var það tilraun til að sameina þennan mikla fjölda félaga, þar sem það hafði neikvæð áhrif á einstaka vinnustaði að starfsmenn væru í 6 eða jafnvel 8 mismunandi félögum.

Signý sagði að þessar skipulagshugmyndir hefðu ekki fengið góðan hljómgrunn, frekar en hugmyndir forystunnar um að rétt væri að sameina verkakvenna- og karlafélögin. Á þingi sambandsins 1980 var samþykkt ályktun um skipulagsmál þar sem fram kom að þáverandi skipulag væri með öllu óviðunandi. Árið 1983 voru landssamböndin 8 og 43 félög með beina aðild.

30 árum eftir að tillagan var sett fram var samþykkt á þingi sambandsins árið 1992 að ASÍ yrði samband landssambanda. Þessari skipulagsbreytingu hefur aldrei verið lokið og ennþá er ASÍ samband landssambanda og félaga með beina aðild. Í dag eru 5 landssambönd og 6 félög með beina aðild sem mynda ASÍ.

Signý sagði að lokum að hennar reynsla væri sú að stéttarvitund væri á miklu undanhaldi og hugmyndir fólks og ekki síður fyrirtækja um svokallað

„félagafrelsi“ væri á góðri leið með að ganga að skipulagi vinnumarkaðarins dauðu.

Því næst gerði Signý grein fyrir aðdraganda og niðurstöðum málþings um félagsaðild að stéttarfélögum. Í máli hennar kom fram að í ljósi reynslunnar í sambandi við þau vandamál sem komu upp í tengslum við verkfallsboðun og verkföll sem Starfsgreinasambandið stóð frammi fyrir á síðasta ári þá hafi forysta SGS talið mikilvægt að ræða málið á vettvangi ASÍ. Var málinu vísað til skipulags- og starfsháttanefndar sambandsins sem ákvað að boða til málþings 22. maí 2017 þar sem fjallað yrði um eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig getum við minnkað eða komið í veg fyrir að skörun á milli stéttarféлага hafi áhrif á samningsstöðu þeirra og framkvæmd verkfalla?
2. Hvernig tryggjum við betur að atvinnurekendur, innan og utan samtaka atvinnurekenda, virði þá kjarasamninga sem þeir eru bundnir af varðandi rétt skil iðgjalda til þeirra stéttarféлага sem í hlut eiga?
3. Hvernig er best að haga samskiptum féлага, m.a. varðandi skil iðgjalda og færslu réttinda milli félagslegra sjóða (sjúkra-, orlofs- og menntasjóða)?

Signý gerði grein fyrir meginniðurstöðum málþingsins og sagði um leið að vonandi nýttust þær til áframhaldandi umræðna á formannafundinum.

Helstu tillögur voru að efla samstarf og samstarfssamninga á milli féлага og þ.m.t. samstarf við félög á opinbera vinnumarkaðinum. Einnig þyrfti að samræma réttindi og auðvelda tilflutninga réttinda á milli féлага og landssambanda. Í því tilfelli væri spurning um breytingar á lágmarksákvæðum laga ASÍ.

Umræða um nýja nálgun og samvinnu við gerð kjarasamninga var ein af megin-niðurstöðum málþingsins. Þar var rætt um breytt skipulag ASÍ og breytingar á lögum nr. 80/1938 – lög um stéttarfélög og vinnudeildur. Fyrsta skrefið gæti verið til reynslu, einhvers konar samstarfssamningur.

Einnig kom fram á málþinginu að það þyrfti að vera vettvangur til lausnar ágreiningsmála fyrir aðildarfélög ASÍ. Hugmynd að bindandi gerðardómi var rædd og það þýðir breyting á lögum ASÍ.

Að lokum sagði Signý að miðstjórn ASÍ hafi fjallað um málið á fundi sínum 4. október sl. þar sem fram hafi komið að það væri hlutverk og á byrgð miðstjórnar að vinna úr umræðunni sem fram færi á formannafundinum og ákveða hvernig eigi að vinna málið áfram í aðdraganda sambandsþingsins 2018. Það væri mikilvægt að gefa umræðunni þann tíma sem þyrfti og leyfa henni að þroskast þar sem hér væru á ferð mörg viðkvæm álitamál.

Fundarstjóri þakkaði **Signýju Jóhannesdóttur** fyrir og opnaði fyrir umræður.

Félagsaðild að stéttarfélögum - umræður

Sverrir Albertsson, Afli Starfsgreinafélagi, sagði að hreyfingin hefði tilhneigingu til að setja allt í hólf eða skúffur, eftir því sem hentaði best. Að horft væri framhjá því hvað vel væri gert. Í nágrannalöndum, þar sem félagsaðild sé mjög skýr, er stéttarfélagsaðild að dragast saman. Hér á landi er ákveðið kaos eða óreiða en um leið mikil stéttarfélagsaðild og að fólk hafi tengsl og tilfinningar gagnvart sínu félagi. Því efast hann um að það sé rétt leið að fara í mikla miðstýringu á félagsaðildinni. Hjá nágrannalöndunum fer mikill tími og fjármunir í öflun nýrra félaga, sem við hér á landi erum ekki mjög upptekin af. Umræðan hér á landi, þegar fjallað er um stéttarfélagsaðild, einkennist oft af því að félög hafi ekki umboð til að fylgja eftir málum, þ.e. í héraðsdómi eða Hæstarétti. Sverrir benti á að það væri félagsmaðurinn sem færi með málið, stéttarfélagið sé nokkurs konar „neðanmálsgrein“, þ.e. fylgi málinu eftir f.h. félagsmannsins. Reynsla Afls er sú að þó svo að félagsmennirnir séu um land allt þá hafa t.d. innheimtumál sem félagið hefur rekið fyrir sína félagsmenn gengið vel.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagði frá því að ákveðið mál hafi verið stoppað á miðri leið af fulltrúum Samtaka atvinnulífsins, þar sem félagsmaður var ranglega skráður í Eflingu en átti að vera í stéttarfélagi á Vesturlandi. Í framhaldi var haft samband við viðkomandi formann, málið og öll gögn afhent félaginu sem hélt áfram vinnslu þess. Hann benti á að það hafi tekið tæp hundrað ár að sameina karla- og kvennafélag á Reykjavíkursvæðinu, þegar fyrstu félögin sameinuðust þá á stuttum tíma komu önnur þrjú inn í þá sameiningu. Oft kom það fyrir að félagsmenn voru ranglega skráðir í félög og það myndaðist ákveðin togstreita hvernig átti að fara með einstök mál félagsmanna, þannig að sameining félaga var til bóta fyrir félagsmanninn.

Sigurður lýsti yfir áhyggjum sínum á stöðunni í dag þar sem mikið innstreymi verkafólks og iðnaðarmanna væri til landsins, þar er í raun þriðji aðili sem ákvarðar röðun inn í félög án þess að taka tillit til kjarasamninga. Deilur um félagsleg undirboð hafa komið til umræðu og að það sé gert í skjóli stéttarfélaga. Þetta er staða sem er erfið fyrir alla, að starfsmenn séu ekki í þeim stéttarfélögum sem þeir í raun eiga að vera samkvæmt starfi og menntun. Við höfum ekki fundið lausn á þessu, sagði hann, en sagði einnig að hann hafi lagt til við iðnaðarmannafélögin að félögin ættu að sameinast á höfuðborgarsvæðinu, líkt og gert var þegar að verkamanna- og verkakvennafélögin sameinuðust.

Mörg félög á höfuðborgarsvæðinu eru tengd á landsvísi og ættu auðvelt með að sameinast, það er tregða til sameiningar sagði Sigurður. Hvað er að gera með lítil félög þar sem eru 150 félagsmenn eða jafnvel færri? Hann telur að ein leið sé að félög sameinist innan fjórðunga, erum við að þjónusta fólk-

ið okkar nægjanlega vel með svona fámenn félög, spurði hann. Hann sagði einnig að félögin væru með mismunandi reglur varðandi ávinning réttinda í sjóði stéttarféлага og það hafi komið upp vandamál þegar félagsmenn færast á milli féлага í sambandi við tilflutning á réttindum. Hann sagðist ekki vera að gagnrýna ákvarðanir einstakra féлага, en það væru ákveðin vandamál sem mætti leysa með sameiningu féлага.

Sigurður sagði að það væri mikilvægt að taka umræðuna um það sem ekki er verið að gera, þ.e. að ræða málin hvað sé best fyrir félagsmennina. Að lokum sagði hann frá því að ákveðin staða væri komin upp á einum vinnustað á Suðurlandi, þar sem að atvinnurekandi hafi ákveðið við hvaða stéttarfélag hann vill semja, það er ekki atvinnurekandinn sem á að ákveða slíkt, sagði hann. Sveitarfélög hafa verið að sameinast að undanfögnu og mun sú þróun halda áfram á næstu árum, því sé mikilvægt að hreyfingin ræði innan sinna raða um þróun stéttarféлага í einstökum sveitarfélögum, hvort að ekki þurfi að ræða stéttarfélög út frá landsvæðum.

Signý Jóhannsdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, sagði að samkvæmt upplýsingum úr sögu ASÍ þá hafi verið samþykkt árið 1924 að aðildarfélög gætu myndað fjórðungssambönd. Landshlutasamböndin voru skrifuð út úr sögu sambandsins um síðustu aldamót. Hún sagði að þetta væri ákveðið vandamál, þ.e. breytingar þar sem oft kæmu persónulegir þættir inn í myndina, eins og t.d. ákveðnir einstaklingar ekki tilbúnir að vinna með öðrum, það væri mikilvægt að hafa alltaf í huga hlutskipti félagsmannsins.

Hún sagði að samkvæmt sinni reynslu þá væri erfitt að sameina félög, hún hafi unnið að því á Norðurlandi, það hafi tekið tíma og blönduð félög eru þvert á skipulag ASÍ. Signý lagði áherslu á að sameina í stærri einingar, að stærri einingar þjónusti félagsmanninn best, því markmiðið er að gera sem besta kjarasamninga og verja hagsmuni okkar fólks sem best. Að lokum sagði hún að hún hafi eitt sinn lagt til að gera eitt félag fyrir allt landið, félag íslenskra launamanna, og taka einnig inn félagsmenn úr opinbera geiranum og síðan væru þjónustuskrifstofur um land allt.

Finnbjörn Hermannsson, BYGGIÐN, sagði að öll umræða væri góð, en nauðsynlegt væri að hafa markmið með umræðunni, erum við ánægð með skipulagið eins og það er, spurði hann. Erum við ánægð með það að atvinnurekendur velji stéttarfélög fyrir sína starfsmenn eða að einstaklingar séu utan stéttarféлага? Við tölum um mikla stéttarfélagspáttöku hér á landi, sagði hann, en að mikilvægt sé að hafa í huga að stéttarfélagspáttaka á opinbera vinnu- markaðinum hækkar heildartöluna, þannig að þeir sem eru í stéttarfélögum á almenna vinnu- markaðinum, hlutfall þeirra er í raun ekki eins mikið og ætlað er.

Hann vísaði í ummæli Sverris, um mikilvægi nándar félagsmannsins við

sitt félag, hann sagði að það væri rétt, það væri mikilvægt að huga að þeim þætti þegar fjallað væri um sameiningu stéttarféлага. Hann vísaði í orð Sigurðar sem fjallaði um mikilvægi kjarasamninga, hann sagðist taka undir orð hans að það væri mikilvægt að menn á sama vinnustað í sömu störfum ynni eftir sama kjarasamningi. Það sem þarf að taka umræðu um er grunnur stéttarfélagsins, er það kjarasamningurinn, landfræðileg staðsetning eða menntun sem á að stýra skipulaginu, spurði Finnbjörn.

Hann telur að drifkrafturinn í umræðu um skipulagsbreytingar verði þegar að atvinnurekandinn fer að skipuleggja sjálfur í hvaða stéttarfélög hann setur sína starfsmenn, því sé mikilvægt að taka þessa umræðu, á að skoða atvinnugreinar, landfræðilegar staðsetningu, eða hvað?

Guðmundur Ragnarsson, VM, sagði að skipulagsmál væru búin að vera lengi í umræðunni og hann hafi haft ákveðnar skoðanir hvað varðar iðnaðarmannasamfélagið allt frá því að hann hóf störf fyrir hreyfinguna 2008. Hann sagði að VM hefði aldrei orðið til nema að tveir forystumenn hafi verið að hætta og því var tækifærið nýtt og tvö félög sameinuð. Verkefni verkalýðshreyfingarinnar eru ærin, sagði hann, og til þess að ná árangri þá þarf samstöðu og afl og kraftur aflsins er alltaf meiri eftir því sem við erum stærri. Guðmundur sagði að sér þætti stærsta hindrun í umræðunni vera að hún byggi á tilfinningum, það sé í raun akkilesarhæll umræðunnar.

Hann sagði að með aukinni samskiptatækni þá ætti að vera auðveldara að sameina félög þar sem nálægðin skipti ekki eins miklu máli og áður fyrr. Hann benti á að rafiðnaðarmenn hafi borið þá gæfu að verða landsfélag og þannig séu þeir sterkari, en smærri félög sem vilja vera sjálfstæð geti fengið aðstoð frá þeim sem eru stærri.

Þegar litið er á sjómanna verkfallið sem var á liðnum vetri þá telur Guðmundur að það sem hafi verið stærsta vandamálið þar var að alltof margir áttu þar þátt. Að lokum sagði hann að þegar hann hafi komið að verkalýðsmálum þá hafi verið mikið starf að átta sig á skipulaginu, það sé alltof flókið og mikilvægt að endurskoða skipulagið.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afli Starfsgreinafélagi, byrjaði á því að segjast vera ósammála því sem fram hafi komið hjá Guðmundi, að landsfélögin væru til hagsbóta fyrir landsbyggðina, hún sagði að þau væru með ákveðinn yfiringang og kæmu á engan hátt að samfélagsverkefnum, sérstaklega á landsbyggðinni. Hún gerði grein fyrir heimsókn forystu SGS til aðildarféлага sinna og þar hafi umræðan um þau vandamál sem upp hafi komið í verkfalli sambandsins í maí 2015 verið áberandi. Hjördís spyr hvort verkalýðshreyfingin fari of sjaldan í átök eða verkföll, því á fundunum kom fram að í verkfallinu áttuðu aðilar sig á að skipulag hreyfingarinnar og hvernig menn raðast í félög er ekki nægjanlega gott. Hún sagði það sína skoðun að þegar menn eru að

vinna eftir ákveðnum kjarasamningi, hvar sem er á landinu, þá taki vinnudeilur til þeirra sem vinna eftir þeim samningi sem deilan er um.

Á þingi SGS sem fram fór fyrir í mánuðinum var fjallað um félagsaðild og var málinu vísað áfram, sem endurspeglar þá staðreynd að við þurfum tíma til að vinna málið innan félaganna og stjórna. Hvað varðar sameiningu sveitarfélaga þá er það sannarlega rétt að stéttarfélag skal ekki ná yfir minna svæði en sveitarfélögin eru. Stéttarfélög sameinast oft í framhaldi af sameiningu sveitarfélaga eins og gerðist á Austurlandi og er Afl gott dæmi þess. Félög eru einnig deildarskipt, sem Afl er sannarlega, með fjórar deildir, sú deildarskipting passar heldur ekki inn í skipulag Alþýðusambandsins, því er nauðsynlegt að fjalla um skipulagsmálin á opinn hátt.

Georg Páll Skúlason, Grafítu, kvaddi sér hljóðs og sagði stuttlega frá nýlegri heimsókn sinni til Skandinavíu þar sem fjallað hafi verið m.a. um stöðu stéttarfélagsmála, ekki síst málefna sjálfstætt starfandi einyrkja og þá í samhengi við fyrirtæki eins og Uber sem og sambærileg starfatorg sem væru t.d. mjög stór í grafískri hönnun. Georg kvaðst telja að gæta þurfi vel að skipulagi verkalýðshreyfingarinnar og hægt væri að líta á ólíkar leiðir sem farnar hafi verið í Danmörku og Noregi hvað það varðar. Skipulagið verði að taka mið af raunveruleikanum en ekki draumaheimi sem eigi sér ekki veruleikastöð. Ef til vill sé svokölluð fjórða iðnbylting sá utanaðkomandi atburður sem hægt sé að nota til að þjappa hreyfingunni saman. Í öllu falli sé mikilvægt að taka umræðuna og skoða hvernig best sé að bregðast við nýjum veruleika.

Finnbogi Sveinbjörnsson, VerkVest, steig í pontu og kvaðst vilja minnst á sameiningarferlið á Vestfjörðum en út úr því hafi komið blandað félag sem passi ekki vel inn í landssambandaskipulag innan ASÍ. Finnbogi sagðist vera þeirrar skoðunar að þróa þyrfti skipulagsumræðuna enn frekar til að félögin geti virkað betur sem samherjar. Frekari sameiningar þurfi síður en svo að leiða til skertrar þjónustu. Öflugar þjónustuskrifstofur ráði mjög vel við sitt þjónustuhlutverk. Sagðist hann vera reiðubúinn að skoða róttækar hugmyndir um breytingu á skipulagi ef það yki farsæld verkalýðshreyfingarinnar en nú færi of mikil orka í innri samkeppni á milli félaga innan ASÍ.

Sverrir Mar Albertsson kvaðst vilja fara varlega í umræðuna og fordast sérstaklega umræðu um að sameiningar félaga séu lausn á öllum þeim áskorunum sem verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir. Til væru fjölmörg dæmi um það að sameiningar hafi heppnast vel og nefndi hann Eflingu, Afl og VR í því samhengi.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, sagðist vilja fara rólega í skipulagsbreytingar, best væri ef þær eigi sér stað yfir tíma. Kvað hann það vera sína skoðun að fyrst þurfi að greina hinn raunverulega vanda áður en stórar ákvarðanir væru teknar í skipulagsmálum. Kristján sagði í ljósi umræðna að það væri staðreynd að félagslega væri staðan ekki góð á hinum Norðurlöndun-

um. Í samhengi við það væri staðan hjá íslensku verkalýðshreyfingunni ekki slæm. Kjarasamningar nái yfir störfin hér á landi og kvað hann það a.m.k. vilja rafiðnaðarmanna að svo væri áfram. Annað mál sem þyrfti að skoða væri framkvæmd og tíðni verkfalla. Að hans mati væri gott að fara reglulega í verkfall til að skoða stöðu mála og í því samhengi mættu félög vera duglegri í að eiga samstarf og samvinnu í aðgerðum til að hámarka áhrif þeirra. Að lokum sagði Kristján það vera sína skoðun að ASÍ ætti ekki að leiða umræðu um skipulagsmál. Frekar væri það grasrótarinnar að koma með slíkar tillögur og umræðan ætti best heima þar.

Hilmar Harðarson, FIT, kvaddi sér hljóðs og sagði umræðuna nauðsynlega og tók undir það sem fram hafi komið. Nefndi hann að nú væri stór hluti iðnaðarmannafélaga að fara að sameinast í húsnæði og af slíku hlyti að aukast samstarf og samvinna, hann væri jafnframt þeirrar skoðunar að mörg iðnaðarmannafélög geti sameinast. Hilmar vék einnig að þeim breytingum sem nú eru að verða á vinnumarkaði í tengslum við upphaf svokallaðrar fjórðu iðnbýltingar og að þar væru stórar áskoranir fyrir verkalýðshreyfinguna. Jafnframt vék Hilmar að því að skoða þurfi hvernig ASÍ hafi orðið vettvangur fyrir neikvæða umræðu á sama tíma og almenn jákvæðni væri til staðar í garð stéttarfélaganna.

Vilhjálmur Birgisson, Verkalýðsfélagi Akraness, sagðist vera hræddur við þá þróun sem fælist í því að auka völd ASÍ til kjarasamningsgerðar. Stéttarfélagin væru í þeim efnum að vinna gott starf og nálægð þeirra við félagsmenn væri mikilvæg. Hann kvaðst telja að smærri einingar væru alla jafna betri fyrir hagsmuni félagsmanna og eins smærri samningar og nefndi hann stóriðjusamningana sem dæmi um það. Með vísan í það mætti skoða það að brytja t.d. niður almenna SGS samninginn. Hvað varðar verkföll og hugsanleg vandkvæði á beitingu þeirra út af skipulagi hreyfingarinnar þá vakti hann athygli á því að lítið hafi verið um verkföll á undanförunum árum og nefndi höfuðborgarsvæðið sérstaklega í því samhengi.

Jakob Tryggvason, FTR, kvaðst vilja vekja athygli á því að það séu hópar í mörgum félögum, m.a. í því sem hann er í forsvari fyrir, sem passi ekki inn í ramma hefðbundinna kjarasamninga. Finna þurfi leiðir til að þjónusta það fólk betur. Sagði hann að FTR horfi að sumu leyti frekar til Bandaríkjanna og Bretlands þar sem furðulegt nokkuð sé stéttarfélagspátttaka í skapandi greinum mikil. Tók hann undir með fyrri ræðumönnum um áskoranir sem fylgja aukningu á verktöku í samhengi við breytta atvinnuhætti sem fylgja t.d. fyrirbærum eins og Uber og ekki síst þeirri menningu sem því fylgir. Teldi hann nauðsynlegt að reyna að gera rammisamning fyrir fólk sem vinnur í óhefðbundnu ráðningarformi og nefndi hann t.d. að kvikmyndageirinn eins og hann legði sig væri í verktöku, annað þekktist varla.

Finnbjörn Hermannsson tók undir áhyggjur með þá þróun að hefðbundið ráðningarform sé hugsanlega á undanhaldi fyrir verktaforma eða svokallaðri launamannaverktöku. Nefndi hann í því samhengi byggingastaði sem þeir komi nú á þar sem enginn sé starfsmaður byggingafyrirtækisins, heldur ýmist verktakar eða hjá starfsmannaleigum. Í raun sé því um að ræða vandamál sem kannast sé við og hafi verið í deiglunni oft áður. Finnbjörn kvaðst kalla eftir sýn um hvernig við viljum byggja upp stéttarfélögin í ljósi hagsmuna félagsmannsins, of oft sé að hans mati beðið eftir því að formaður láti af störfum áður en hægt sé að sameina félög. Að lokum tiltók hann sérstaklega að það væri slæmt þegar atvinnurekandinn geti ákveðið í hvaða stéttarfélag sé greitt enda misnoti þeir það gjarnan. Finna þurfi lausn á þessu.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði fyrir góðar og málefnalegar umræður og sagði að hann hafi tekið þátt í, á norrænum vettvangi, umræðu um stöðu einyrkja þar sem oft væri verið að þvinga fólk út í lausamennsku. Þó séu til, eins og t.d. í kjarasamningi Samiðnar, ákveðnir þættir í sambandi við launamannaverktökuna sem væru til fyrirmyndar. Gott dæmi er að þegar VR kom inn í ASÍ þá hafi einyrkjar eða verslunareigendur þurft að ganga úr félaginu, nú sé breytt staða og því nauðsynlegt að skoða þennan þátt vel. Hann sagði að það hljóti að vera leiðarljós ASÍ og aðildarfélaga þess í umræðunni um skipulag sambandsins að hafa hagsmuni félaga okkar í fyrirrúmi.

Hann sagði að sú umræða sem hér hafi átt sér stað hafi verið mjög góð og það sé nauðsynlegt að halda henni áfram, viðfangsefnið er hvort að eitthvað megi betur fara í skipulagi ASÍ þannig að skipulagið standi ekki í vegi fyrir þeim breytingum sem eiga sér stað á vinnumarkaðinum. Gylfi benti á að árið 2010 hafi ASÍ hætt að vera samband landssambanda eins og ákveðið var 1992, þó svo að engin umræða hafi átt sér stað um það fyrirkomulag. Þessi breyting, að ekki eingöngu landssambönd ættu aðild að ASÍ, kom frá aðildarfélögum sambandsins. Það eru aðildarfélögin sem ákvarða það hvort þau vilja nota „stöðina“ landssamband eða einhverja aðra. ASÍ hefur ekki skoðun á því hvernig félögin vinna.

Formenn félaga og hverjir teljast formenn deilda skv. skipulagi ASÍ fer eftir þeim ás sem kallast „hver fer með samningsumboðið“. Hver er það sem hefur stöðumboðið, spyr hann. Blönduð félög eru deildarskipt eftir landsamböndum, því þurfa þeir sem hafa umboð fyrir hverja deild að hafa sitt stöðumboð. Gylfi sagði einnig að kartel-umboð felist ekki í því að stofna félag, heldur að skoða aðstæður og þá um leið að horfa á atvinnugreinarnar. Gott dæmi um kartelsamning hér á landi eru stóriðjusamningarnir. Því tókum við ekki það sem vel hefur tekist og höldum áfram að vinna á þeim nótum, sagði hann að lokum.

Því næst þakkaði hann aftur fyrir góðar umræður og sagði að nú væri það

miðstjórnar ASÍ í samvinnu við skipulags- og starfsháttanefnd að ákvarða hvernig eigi að halda áfram umræðunni.

Hádegishlé kl. 12.10

Fundi haldið áfram kl. 13.00

Fimm spurningar um framtíð vinnunnar

Róbert Farestveit hagfræðingur og **Halldór Oddsson**, lögfræðingur á skrifstofu ASÍ, ræddu framtíð vinnumarkaðarins. Framfarir í upplýsingatækni, gervigreind og á fleiri sviðum munu hafa mikil áhrif á umhverfi launafólks og atvinnulíf á næstu árum. Þeir spurðu fundamenn hvort verkalýðshreyfingin væri undirbúin fyrir þessa framtíð og kynntu um leið námskeið sem haldið verður á vegum hreyfingarinnar á næstunni.

Því næst settu þeir fram 5 spurningar um framtíð vinnunnar, sem fundarmenn svöruðu með misgóðum árangri.

Nýjar persónuverndarreglur

Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ, kynnti nýja persónuverndarlöggjöf. Nánar tiltekið helstu nýmæli og áhrif á verkalýðshreyfinguna. Halldór fór um víðan völl í kynningu sinni og lagði áherslu á að um væri að ræða mikilvæga uppfærslu á gildandi reglum í ljósi tækniþróunar undanfarinna áratuga. Fjallaði hann svo sérstaklega um áhrif á persónuvernd launafólks annars vegar en þar er ekki um að ræða neina grundvallarbreytingu; og um stéttarfélög sem vinnsluaðila en þar eru nokkur atriði sem kalli á einhverja skoðun til að gengið sé úr skugga um að starfsemin samræmist hinum nýju reglum. Halldór kvað það sína skoðun að æskilegast væri að aðildarfélög ASÍ myndu eiga mikið samstarf um aðlögunina.

Bjarg íbúðafélag

Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, byrjaði á því að segja frá stofnun og uppbyggingu félagsins. Bjarg var stofnað í september 2016 af ASÍ og BSRB og er húsnæðissjálfs eignarstofnun sem rekin er án hagnaðarmarkmiða. Því er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Bjarg byggir á lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir og á að vera langtímavalkostur á leigumarkaði fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem eru undir ákveðnum tekju- og eignarmörkum og á að stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna. Á sama tíma á leigufjárhæð að vera ákveðin þannig að rekstur íbúðanna sé sjálfbær.

Björn gerði því næst grein fyrir stofnframlögum til Bjargs, en frá 30% til 44% af stofnvirði er fjármagnað með framlagi ríkis og sveitarfélags, það sem

upp á vantar er fjármagnað með útlánum Íbúðalánasjóðs og öðrum lánveitendum. Endurgreiðsla fer þannig fram að leigjandi greiðir leigugreiðslu, það er Íbúðalánasjóður sem annast innheimtu stofnframlaga frá ríki og sveitarfélagi. Gert er ráð fyrir að á 50 árum séu lánin upp greidd og í framhaldi rennur 50% af leigugreiðslum, sem er umfram rekstrarkostnaðar, í Húsnæðismálasjóð, en endurgreiðslur stofnframlaga og 50% leigugreiðslna eru nýttar til veitingar frekari stofnframlaga.

Björn sagði frá því að Bjarg væri með 392 íbúðir í vinnslu og Félagsbústaðir munu kaupa 20% íbúða í þeim verkefnum sem eru í Reykjavík. Þess utan er Bjarg með um 312 íbúðir í umsóknarferli, í Reykjavík, Akranesi, Akureyri og Sandgerði. Hann sagði frá mjög áhugaverðu verkefni sem er undirbúningur smíði raðhúsa sem stefnt er á að byggja víðs vegar um landið. Þetta ætti að vera mjög hagkvæmur byggingakostur, þ.e. raðsmíði og eða magninnkaup ef byggt verður á mörgum stöðum í sama áfanga. Slíkt verkefni er í samræmi við markmið Bjargs sem er að byggja hagkvæmt en um leið að tryggja gæði húsnæðisins. Bjarg vinnur mjög náið með hönnuðum og byggingaverktökum, þar sem að hönnunarferlið er samvinnuverkefni arkitektsins, verkfræðistofunnar, verktaka og eiganda. Markmið samvinnunnar er að ná fram hagkvæmni í byggingu, rekstri og endingu.

Björn gerði grein fyrir stöðu einstakra verkefna sem eru í vinnslu en að lokum sagði hann að stefnt verði að því að opna fyrir umsóknir um íbúðir á fyrsta ársfjórðungi 2018, unnið væri að verklagi um reglur fyrir umsóknir og sú vinna væri unnin í samvinnu við þá sem málið snerta þannig að víðtæk sátt náist um reglur um umsóknir íbúða, en í grunninn er þetta biðlistakerfi fyrir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ og BSRB.

Fundarstjóri þakkaði Birni fyrir sitt erindi og opnaði fyrir umræðu.

Gylfi Arnbjörnsson sagði að hugmyndir hafi verið um að bjóða upp á íbúðir í langtímaleigu á almenna leigumarkaðinum og var búið að undirbúa stofnun félags um þá hugmynd. Því miður þá hafi það ekki gengið eftir, eins og er, því að þegar á reyndi þá má Íbúðalánasjóður ekki lána nema 80% af kostnaðarverði og verkefnið er það viðamikil að erfitt er að leita til aðildarfélaganna um fjármagn þar sem markmiðið er að verkefnið sé ekki hagnaðardrifið. Ennþá er verið að leita leiða hvort þetta sé mögulegt, þ.e. að verkalýðshreyfingin komi sér upp húsnæðiskerfi á almenna leigumarkaðinum, þar sem ekki eru tekjuviðmið gagnvart leigu en tryggt öruggt húsnæði.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, spurði hvernig viðmið við byggingakostnað væri reiknað og hvernig væri hægt að tryggja að það verð sem væri ákveðið héldist. Sagðist Ragnar hafa heyrt að verktakar hafi miklar efasemdir um að það sé hægt.

Björn Traustason svaraði því til að það væri áskorun. Þegar forval verk-taka fór fram voru reglurnar um byggingafélagið sent út. Að sjálfsögðu hafa byggingarkostnaðartölur hækkað frá þeim tíma þegar lögin voru undirbúin, sagði Björn að verið væri að rýna nýjar tölur og á sama tíma endurmeta kostnaðarmarkmið til hækunar. Íbúðalánasjóður er að gefa út nýjar tölur á næstu dögum, en að sama skapi væri kostur við að hafa þetta svona lágt þannig að allir legðust á eitt við að halda kostnaði niðri. Í stóru verkefnum er verið að ná þessum kostnaðarviðmiðum, en það væri sannarlega erfiðara í minni verk-efnum, en þetta væri áskorun sem þyrfti að takast á við, sagði Björn.

Ragnar Þór Ingólfsson spurði einnig hvort gerðar verði einhverjar ráð-
stafanir til að mæta hækkan á fasteignaverði á byggingartímanum?

Björn Traustason sagði að velferðarráðuneytið væri að endurskoða
reglugerðina og sú vinna væri unnin í samvinnu við Bjarg. Það er mikilvægt
að verklag sé skýrt, sagði hann, þegar farið er af stað í þessi stóru og miklu
verkefni sem eru í bígerð. Í nýju reglugerðinni er gert ráð fyrir að tengja
hámarksverðið byggingarvísitölunni en fasteignaverð er ekki endilega tengt
byggingarkostnaði.

Þórarinn G. Sverrisson, Öldunni stéttarfélagi, spurði um hættuna á
félagslegum undirboðum og hvort gert væri ráð fyrir keðjuábyrgð aðalverk-
taka.

Gylfi Arnbjörnsson sagði að strax í forvalinu þá er krafa um keðjuábyrgð.
Hann lagði áherslu á að það verð sem birtist félagsmönnum væri ekki endilega
markaðsverð. Byggingaverktakar vilja eiga samstarf við Bjarg, sagði hann,
þetta er það stórt verkefni að t.d. í „köldum“ árum þá verða alltaf byggðar
félagslegar íbúðir og það vita byggingaverktakar og þeir sjá hag sinn í að
vinna með Bjargi.

Björn Traustason ítrekaði að það hafi verið skilyrði í öllu forvali, krafa
um keðjuábyrgð og þar hafi Bjarg gengið á undan öðrum með þessa kröfu.

Finnbjörn A. Hermannsson, BYGGIÐN, sagði að íbúðaverð og
byggingarkostnaður væri tvennt ólíkt þar sem íbúðaverð færi eftir framboði
og eftirspurn og hefði ekkert með byggingarkostnað að gera, og að bygg-
ingarkostnaður hafi ekki hækkað eins og fasteignaverð hefur gert á undan-
förnum árum. Hann spyr um birgjana, er Bjarg með þá við borðið í öllum
samningum?

Björn Traustason svaraði því til að þeir stóru verktakar sem Bjarg ynni
með, leituðu tilboða beint til sinna birgja erlendis frá. Þeir leita tilboða til
fjölmargra þar sem að þetta eru það stórar pantanir. Mikilvægt atriði er, sagði
hann, að þegar hugað er að tilboðum frá birgjum þá þarf einnig að huga að
viðhaldi og rekstri. Ef tekst samstarf við birgi um mikil magninnkaup, t.d.
1400 íbúðir sem á að byggja, sem þýðir 1400 eldhúsinnréttingar, þá er mikil-

vægt að allir aðilar gangi inn í það tilboð. Það auðveldar viðhald og rekstur að allt sé eins. Þannig að það verði ekki tilboð í eina blokk í einu, heldur heildina.

Ragnar Þór Ingólfsson spurði hvort það hafi ekki verið til umræðu innan ASÍ að skoða lög um lífeyrissjóði og gera breytingar þannig að þeir geti sett pening í húsnæðið. Lífeyrissjóðir eiga meira en 3000 milljarða og eru t.d. að fjárfesta í fyrirtækjum eins og kísilmálmverksmiðjunni Silicon o.fl. Einnig sagði Ragnar að þar sem búíð væri að hækka iðgjöld til lífeyrissjóða hvort ekki væri rétt að láta fara fram könnun meðal sjóðsfélaga um að sjóðirnir setji fjármagn í húsnæði? Það er ekki verið að tala um að gefa peningana, sagði hann, heldur að fá þá til baka aftur.

Gylfi Arnbjörnsson svaraði því að þegar væri búíð að gera viðeigandi lagabreytingar þannig að lífeyrissjóðunum sé heimilt að fjárfesta í fasteignum. En það að lífeyrissjóðirnir leggi fjármagn í eigið félag þar sem ekki má greiða arð er önnur umræða. Það er gerð krafa um 20% eigið fé í húsnæðisleigufélagi, en að sama skapi er ekki gert ráð fyrir arði af því fjármagni og það gangi ekki gagnvart lífeyrissjóðunum. Þar sem húsnæðisleigufélag á vegum verkalýðshreyfingarinnar er ekki félag til hagnaðarmyndunar, þá er erfitt að ná í fjármagn til lífeyrissjóðanna þar sem ekki má borga arð til þeirra. Því er, sagði Gylfi, erfitt að finna lausn á því að finna fjármagn til uppbyggingar almenns leiguhúsnæðis á vegum verkalýðshreyfingarinnar, þar sem engin tekjuviðmið eru gagnvart leigu en öruggt leiguhúsnæði tryggt.

Sverrir Mar Albertsson benti á að þegar væri Stapi lífeyrissjóður að byggja 40 íbúðir á Akureyri. Því ætti hver lífeyrissjóður og þ.m.t. lífeyrissjóður VR að geta farið í slíka framkvæmd.

Gylfi Arnbjörnsson sagði að verkalýðshreyfingin sem rekstraraðili að leigufélagi væri að skoða með hvaða hætti væri hægt að gera þetta miðað við þær reglur sem þegar eru til staðar. Hann sagði að ráðherra hafi verið bent á að breyta þessum lögum þannig að félög sem væru ekki til hagnaðarmyndunar gætu fjármagnað sig á sambærilegan hátt og gerð er krafa um gagnvart Íbúðalánasjóði.

Kaffihlé kl. 14.35

Fundi haldið áfram kl. 14.55

Í aðdraganda alþingiskosninga

Gylfi Arnbjörnsson gerði grein fyrir því, eins og fram kom í ávarpi hans í upphafi fundar, að miðstjórn hafi tekið þá ákvörðun að endurflytja sömu kröfur fyrir alþingiskosningar í ár og lagðar voru fram fyrir alþingiskosningarnar 2016. Ekkert hafi breyst frá þeim tíma og því næst spilaði hann myndband þar sem fram koma kröfur sambandsins, s.s. kröfuna um endurskoðun á vinnulöggjöfinni gagnvart undirboðum á vinnumarkaði og kennitölflakk. Krafan um

endurskoðun á kjörum aldraðra er einnig þar á meðal og uppbygging húsnæðiskerfisins. Þessi myndbönd hafa verið á samfélagsmiðlum. Gylfi sagði að lítið annað væri að segja um aðdraganda alþingiskosninga annað en að áherslur ASÍ væru á vinnumarkaðsmálin.

Hagspá að hausti

Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, gerði grein fyrir helstu atriðum í haustspá hagdeildar ASÍ sem birt verður formlega 26. október, en hún nær yfir tímabilið 2017–2019. Hún sagði að samkvæmt spánni þá væri toppi hagsveiflunnar náð. Hagvísar benda til þess að hægja muni á vexti efnahagslífsins á spátímanum og mun sú þróun einkenna efnahagslífið árin 2018 og 2019. Vöxtur einkaneyslu nær hámarki á þessu ári, en þegar hefur dregið úr fjárfestingaumsvifum og eru það íbúðafjárfestingar sem halda uppi fjármunamynduninni á næstu árum. Húsnæðisverð er í sögulegu hámarki og varaði hagdeild ASÍ, í síðustu spá sinni, við þessari þróun, líklegt er að draga muni úr hækkununum, en aukið svigrúm heimila til skuldsetningar getur enn ýtt undir hækkanir.

Gert er ráð fyrir að útflutningur aukist um allt að 8,3% á spátímabilinu og að draga muni úr fjölgun ferðamanna til landsins. Því fylgir að það hægir á fjölgun starfa og líklegt er að atvinnuleysi aukist á næstu árum. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að meðaltali 2,3% í ár, verði 2,5% á næsta ári og fari upp í 2,9% árið 2019. Hún sagði að verðbólga væri innan vikmarka ef spáin gengur eftir, en sú þróun er verulega háð öðrum þáttum og er þar helst að nefna húsnæðisverð sem getur orðið helsti drifkraftur verðbólgunnar.

Þegar skoðaður er rekstur ríkissjóðs þá er hann í járnnum, einkum vegna tilslakana á tekjuhlið fjárlaganna. Aðhald í ríkisfjármálum hefur fyrst og fremst byggt á því að halda aftur af brýnum velferðarverkefnum og að óbreyttu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld þegar hægir á efnahagslífinu. Því blasir við niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna, sagði Henný.

Fundarslit

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og fyrir þá málefnalegu umræðu sem fram fór yfir daginn og óskaði öllum góðrar heimkomu.

Fundi lauk kl. 15.15



FULLTRÚAR Á FORMANNAFUNDI ASÍ 2017

Framsýn, stéttarfélag

Félag ísl. rafvirkja

Eining – Iðja

Drífandi, stéttarfélag

Flugfreyjufélag Íslands

Aldan, stéttarfélag

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Félag rafeindavirkja

BYGGIÐN – Félag byggingamanna

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

GRAFÍA – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Stéttarfélagið Samstaða

VM – Félag vélstjóra og málmteknimanna

Verkalýðsfélag Suðurlands

Báran, stéttarfélag

Félag iðn- og tæknigreina

AFL – Starfsgreinafélag

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Félag tæknifólks í rafíðnaði

Aðalsteinn Árni Baldursson

Andri Reyur Haraldsson

Anna Júlíusdóttir

Arnar G. Hjaltalín

Berglind Hafsteinsdóttir

Bjarki Elmar Tryggvason

Eiður Stefánsson

Eyjólfur Ólafsson

Finnbjörn A. Hermannsson

Finnbogi Sveinbjörnsson

Georg Páll Skúlason

Guðjón Kristinn Harðarson

Guðmundur Finnbogason

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Guðrún Elín Pálsdóttir

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Hilmar Harðarson

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Hjörtur S. Geirmundsson

Jakob Tryggvason

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
ÞINGIÐN
LEIÐSÖGN – Félag leiðsögumanna
Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur
Verkalýðsfélagið Hlíf
Sjómannaafélag Eyjafjarðar
Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.
Vl. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.
AFL – Starfsgreinafélag
Félag hársnyrtisveina
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vl. og sjóm.fél. Sandgerðis
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
MATVÍS
VR
Stéttarfélag Vesturlands
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Efling, stéttarfélag
AFL – Starfsgreinafélag
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Akraness
Aldan, stéttarfélag

Fulltrúar miðstjórnar:

Gylfi Arnbjörnsson
Ingibjörg Ósk Birgisson
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Sigurrós Kristinsdóttir
Sverrir Mar Albertsson
Valmundur Valmundsson

Jóhann Rúnar Sigurðsson
Jónas Kristjánsson
Kári Jónasson
Kári M. Hlöðversson
Kolbeinn Gunnarsson
Konráð Þorsteinn Alfreðsson
Kristinn G. Þormar
Kristján G. Gunnarsson
Lars Jóhann Andrésson
Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
Magnús Már Jakobsson
Magnús Sigfús Magnússon
Margrét Jóhanna Birkisdóttir
Níels Sigurður Olgeirsson
Ragnar Þór Ingólfsson
Signý Jóhannesdóttir
Sigurður A. Guðmundsson
Sigurður Bessason
Sigurður Hólm Freysson
Sævar Gestsson
Vilhjálmur E. Birgisson
Þórarinn Guðni Sverrisson

Forseti ASÍ
2. varaforseti ASÍ
RSÍ
SGS
SGS
SSÍ



FORMANNAFUNDUR ASÍ 2018

Formannafundur Alþýðusambands Íslands 2018 var haldinn 28. febrúar á Hilton hótél

Fundurinn hófst kl. 10.30 með skráningu fundarmanna. Formleg dagskrá hófst kl. 11.00.

Fundarstjóri, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Fundarritarar, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Halldór Oddsson frá skrifstofu ASÍ.

Ávarp forseta ASÍ

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, setti fundinn og rakti aðdraganda hans sem var eftirfarandi yfirlýsing miðstjórnar ASÍ frá 21. febrúar sl.:

Forsendur kjarasamninga eru brostnar að mati ASÍ en samkvæmt ákvæði í samningunum koma þeir til endurskoðunar fyrir lok þessa mánaðar. Það er mat ASÍ, að óbreyttu, að forsendur um að launastefna kjarasamninganna hafi verið stefnumarkandi hafi ekki gengið eftir. Því er heimild til uppsagnar þeirra fyrir lok febrúar enn í gildi.

Vegna þessarar stöðu hefur miðstjórn ASÍ ákveðið að boða til formannafundar aðildarféлага ASÍ miðvikudaginn 28. febrúar þar sem farið verður yfir málið og ákvörðun tekin um viðbrögð verkalyðshreyfingarinnar.

Auk yfirlýsingar miðstjórnar hafi samninganefnd ASÍ að tillögu hans samþykkt að boða til formannafundar þar sem endurskoðun kjarasamninga yrði bæði rædd og leidd til lykta með atkvæðagreiðslu sem samninganefnd skuldbindi sig til að hlíta. Það hafi verið samþykkt fyrr um morguninn af samninganefndinni og því yrði að loknum umræðum viðhöfð leynileg atkvæðagreiðsla um þá tillögu sem borin væri undir fundinn um að í ljósi forsendubrests yrði kjarasamningum sagt upp. Áréttaði Gylfi að til að tillagan yrði samþykkt þyrfti bæði meirihluta fundarmanna sem fara með atkvæði á fundinum og meirihluta þess atkvæðavægis sem að baki þeim standa sbr. 2. mgr. 39. gr. laga ASÍ.

Því næst fór Gylfi nánar yfir forsenduákvæði kjarasamninganna. Sú fyrri byggði á því að kjarasamningarnir frá 2015 væru stefnumarkandi og forsendunefnd samningsaðila hefði komist að þeirri einróma niðurstöðu í febrúar 2017 með vísan í ákvarðanir kjararáðs að það væri forsendubrestur en eins og þekkt væri hefði verið ákveðið að segja ekki upp þá en nú væri deilt við SA um hvort að heimilt væri að segja nú upp á grundvelli þeirrar forsendu eða ekki. Rakti Gylfi ýmsar staðreyndir um gagnsemi krónutöluhækkana fyrir lágtækjuhópa og setti það allt saman í samhengi við hækkanir annarra samninga á tímabilinu, t.a.m. kennara, hjúkrunarfræðinga og flugvirkja. Ljóst væri að það er enn ósamið við stóra hópa eins og helming BHM og næstum allt Kennarasambandið og sagði hann vera vísbendingar um að kröfurnar væru ekki innan rammasamkomulagsins um 32% kostnaðaraukningu frá árinu 2013 og það væri eðli máls skv. mikilvæg forsenda fyrir aðildarfélög ASÍ. Nefndi Gylfi líka sérstaklega í samhengi við mat á forsendum samspil launahækkana skv. ákvörðunum kjararáðs annars vegar og skv. ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar hins vegar. Þetta hvíldi þungt á verkalýðshreyfingunni. Gylfi sagði óumdeilt að hin forsenda kjarasamninganna um kaupmáttaraukningu hefði staðist og um það væri ekki ágreiningur í forsendunefndinni.

Rakti Gylfi útspil stjórnvalda frá 27. febrúar sl. í tengslum við það að stuðla að friði á vinnumarkaði. Nefndi hann í því samhengi að hann teldi forsendubrestinn að miklu leyti vera á þeirra ábyrgð enda hafi verið klipið af launahækkunum til handa lægstu tekjuhópunum með breytingum á ýmsum bótum og persónuafslætti. Kvaðst Gylfi telja rétt að nefna sérstaklega að fulltrúar ASÍ í viðræðunum hafi hafnað öllum hugmyndum sem komið hafi frá Sjálfstæðisflokknum um styttingu tímabils atvinnuleysisbóta.

Að lokum ítrekaði Gylfi að samninganefnd hafi samþykkt að lúta niðurstöðu formannafundar og fór hann í framhaldinu yfir tæknileg atriði um hverjir hafi atkvæðisrétt og hvað þurfi að gerast til að tillagan teljist samþykkt. Ljóst væri að skoðanir væru skiptar innan hópsins og hann hvatti til málefnalegra umræðna. Hans skoðun væri sú sem hann hefði kynnt á fundum miðstjórnar

og samninganefndar undanfarið, þ.e. að hann telji tímabært að segja upp samningunum núna, misskipting væri að aukast og nauðsynlegt væri að senda sterk og skýr skilaboð út í samfélagið. Ljóst væri að aðgerðir og átök væru óumflýjanleg en hann teldi hreyfinguna vel í stakk búna að takast á við það.

Umræður

Sverrir Albertsson, Afli starfsgreinafélagi, sagði sína skoðun og skoðun Afli starfsgreinafélags vera þá að ef forsendur standast ekki eigi að segja samningunum upp. Því miður virðist fáir hafa trú á því að ASÍ félögin hafi kjark til að segja upp samningunum. Sagði Sverrir að verkalýðshreyfingin hefði verið svo lánsöm hér áður fyrir að hafa foringja sem höfðu kjark og þor til að ryðja brautina með því að taka slaginn um sína framtíðarsýn. Stjórnvöld væru svo að reyna að hafa fólk að fíflum með útspili sínu á sjálfsögðum leiðréttingum á greiðslum úr atvinnuleysistryggingarsjóði og ábyrgðarsjóði launa. Hann teldi að stjórnvöld muni vinna þannig þar til verkalýðshreyfingin velji að standa í lappirnar. Aðalatriðið væri að misskipting væri að aukast og t.a.m. væri verið að svelta unga fólkíð úr landi. Nú væri tímunkturinn til að standa upp og sýna hnefann og skoraði hann á aðra að gera hið sama.

Sigurður Bessason, Eflingu, kvað þróun undanfarinna ára vera afleita þar sem ávinningur af launahækkunum og auknum réttindum launafólks væri svo allur tekinn til baka með einu pennastriki af stjórnvöldum. Óréttlætið í samfélaginu fari að hans mati mjög vaxandi og stjórnvöld beri hvað mesta ábyrgð á því ástandi. Embættismenn telja sig geta skammtað sér kjör sem séu talsvert betri en aðrir í landinu búi við. Staðan sé orðin þannig í dag að nú sé nóg komið. Stuðningur yfirvalda hafi brugðist í öllum þáttum málsins. Svárið sem samninganefnd Eflingar gefur sé að segja kjarasamningunum upp og keyra áfram baráttuna um hækkun laun og bætt réttindi. Stöðunni verði að breyta og það geti verkalýðshreyfingin kosið að gera í dag.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, greindi frá því að það væri afstaða stjórnar og trúnaðarráðs VLFA að segja bæri upp samningum enda væru forsendur brostnar. Vilhjálmur kvaðst vilja bæta nokkrum atriðum inn í umræðuna. Bar hann saman launabreytingar hópa samfélagsins í krónutölum og í ljósi þess væri skýrt að hans mati að rangt væri að tala um að þeir tekjulægstu hafi fengið mestu hækkanirnar. Því til viðbótar væri ástandið á leigumarkaðnum afleitt sem kæmi fyrst og fremst niður á tekjulægsta hópnum og eins væru verðtryggðar skuldir búnar að hækka vegna húsnæðisliðarins í vísitölunni. Sagði hann að hræðsluáróðurinn væri byrjaður um nauðsyn hóflegra krafna til að viðhalda stöðugleika en að hans mati hefði þróun undanfarinna ára og aukin misskipting sýnt að engin innistæða væri fyrir þeim áróðri.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagði mikið af því sem hann vildi sagt hafa

verið komið fram hjá Vilhjálmí en gerði hann þó grein fyrir afstöðu VR og því ferli sem hefði verið þar við ákvörðunina. Kvað Ragnar að mikil breyting hafi orðið þegar forystufólk sem vildi segja upp samningum fór að segja sína skoðun, þá hafi stemningin breyst á fundum og samstaða og hugur komið í fólk fyrir því að segja upp samningum. Ragnar sagði það sína skoðun að verkalýðshreyfingin mætti alls ekki verða meðvirk ástandinu sem fæli í sér mikla misskiptingu. Stórir hópar lágtekjufólks hafi enga kaupmáttaraukningu fengið í ljósi t.d. kerfisbreytinga og slæms ástands á húsnæðismarkaði. Að endingu kvaðst Ragnar vilja ítreka þá afstöðu VR að vilji félagsins standi til þess að segja upp samningum í stað þess að vera meðvirk með því slæma ástandi sem nú sé.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ, kvað hreyfinguna standa á tímamótum þar sem að í samfélaginu væri verið að leggja grunn að aukinni misskiptingu. Sagði hann það vera mat RSÍ að það þurfi að segja upp samningum núna til að spyrna fótum við því að færa samfélagið í átt til aukinnar misskiptingar. Staðan í dag væri þannig að þeir efnamestu skömmtuðu sér það sem þeir vildu á meðan verkalýðshreyfingin sé sökuð um að vera frek og óábyrg í sínum málflutningi. Að lokum kvaðst Kristján vilja varpa fram þeirri spurningu að ef ekki er heppilegur tími nú til að segja upp samningum, hvenær sé hann þá?

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afl starfsgreinafélag, steig í pontu og kvaðst fagna því að fleiri virtust sammála launafólki á Austurlandi sem upplifi sig hlunnfarið í skiptingu auðsins í samfélaginu. Greindi hún frá því að skilaboðin frá launafólki á Austurlandi væru skýr um það að segja ætti upp samningum í ljósi vaxandi ójafnaðar í samfélaginu og auk þess þyrfti að stöðva græðgisvæðingu yfirstéttarinnar í íslensku samfélagi.

Hilmar Harðarson, FIT, kvaddi sér hljóðs og lýsti því ferli sem hefði farið fram hjá FIT. Haldnir hafi verið félagsfundir og þar komið fram skýr vilji um að menn vildu ekki segja upp samningum núna. Meðvitund væri um forsendubrest samningsins en að sama skapi óttuðust menn verðbólguþrauginn og því hafi niðurstaðan félagsins verið sú að klára þennan samning.

Finnbjörn Hermannsson, Byggiðn, kvaðst ánægður með hversu kröftugur fundurinn væri og hann tæki undir það að misskiptinguna og óréttlætið í samfélaginu verði að stöðva. Finnbjörn sagði að félagsmenn Byggiðnar geri sér grein fyrir því að miðað við stöðuna væru átök á vinnumarkaði óumflýjanleg. Hins vegar væri það mat félagsins að rétti tíminn fyrir átök væri ekki núna enda þurfi töluverðan undirbúning og aukna samstöðu ef átök eiga að bera árangur. Afstaða félagsins væri sú að klára samninginn og nota frekar tímann sem eftir er af árinu til undirbúnings að árangursríkum aðgerðum.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagðist

vilja nota tækifærið og þakka samninganefnd fyrir að flytja umboðið til ákvörðunartökunnar til formannafundar. Guðbrandur kvaðst geta tekið undir hvert einasta orð sem fram hafi komið á fundinum. Sjálfur hafi hann sveiflast fram og til baka í sinni afstöðu undanfarið og tónninn í hans félagi hafi verið þannig að vonir stæðu til að hægt væri að bæta samninginn svo hægt væri að halda honum út árið. Það hafi ekki náðst og og því hafi fólk farið á þá skoðun að mælirinn væri fullur. Verið væri að hækka hópa umfram aðra og þeir lægra launuðu sætu eftir og því hafi sú skoðun verið ofan á í hans félagi að nóg sé komið og samningum eigi að segja upp.

Aðalsteinn Baldursson, Framsýn, hóf mál sitt á því að lýsa ánægju sinni með fundinn. Kvaðst fagna þessum góða fundi sem hér væri í gangi. Hann hefði fylgst með umræðunni undanfarið og hún væri að hans mati góð. Umræðan á fundinum væri í samræmi við það sem væri hjá hans baklandi. Misskiptingin og ójöfnuðurinn væri þannig að ekki væri lengur hægt við það að una. Nefndi hann að þegar hann kynnti gildandi samning fyrir sínu fólki hafi hann vísað í forsenduákvæðin þannig að aðrir ættu ekki að geta komið á eftir og fengið meira en það hafi ekki reynst rétt þegar á reyndi. Til viðbótar væri hann þeirrar skoðunar að staðan til aðgerða t.d. að það væri miklu betra að fara í aðgerðir með vorinu frekar en í lok ársins í kringum jól og þann kostnað sem þeim fylgdi. Skoðun Framsýnar væri sú að segja ætti upp samningum ef verkalýðshreyfingin ætli að geta staðið keik m.v. það sem gengið hafi á í samfélaginu undanfarið varðandi tekjuskiptingu og sjálfstöku ákveðinna hópa á ofurlaunum.

Hádegishlé

Guðbjörg Kristmundsdóttir, VSFK, gerði grein fyrir niðurstöðu úr sínu félagi, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur. Þar hafi verið afgerandi afstaða, fólk væri búíð að fá nóg og vilji segja upp. Ósamngjarnt væri að ætlast til þess að efnahagslegur stöðugleiki væri eingöngu á ábyrgð almenns launafólks. Það væri mikil 2007 lykt af ástandi dagsins og að vitað væri hvernig það endaði. Verkalýðshreyfingin þyrfti að standa í lappirnar og að láta þurfi í ljós okkar álit á þessari misskiptingu. Kvaðst hún ánægð með samstöðuna í hópnum og að hún hefði engar áhyggjur af öðru en að fólkíð kæmi með.

Björn Snæbjörnsson, Eining-Íðja, sagðist vera ánægður með það hversu mikil þátttaka væri á fundinum og því að ákvörðunin um uppsögn kjarasamninga væri fært til formannafundar. Björn gerði grein fyrir niðurstöðu síns félags sem væri að segja ekki upp samningum. Hans fólk legði mikla áherslu á að fá það sem búíð væri að semja um og ekki síst að ná 300 þúsund króna tekjutryggingunni. Nota ætti frekar tímann og undirbúa komandi kjarasamninga fram á vorið og undirbúa sig og vera tilbúin í september/október í samninga um nýjan samning. Kvaðst hann jafnframt vona að sama hver niðurstaðan

á fundinum yrði, að mönnum bæri gæfa til að virða þá niðurstöðu án þess að ala á sundurleitni og fara að ásaka hvert annað um hugleysi og slíkt. Það væri lýðræðisleg niðurstaða sem verið sé að fá fram á fundinum.

Guðmundur Ragnarsson, VM, kvaðst verða að hlíta þeirri lýðræðislegu niðurstöðu sem tekin var í VM um að láta ætti samninginn halda áfram og eftir sumarfrí ætti að hefja undirbúning að kröfugerð og slíku. Guðmundur lagði áherslu á það að ef niðurstaða fundarins yrði sú að segja upp samningunum þá muni ekki standa á VM að fara í aðgerðir og beita yrði þá vopninu af fullum krafti. Nefndi hann ímynd verkalýðshreyfingarinnar og í því samhengi að ef farið yrði af stað og náð einhverjum vendipunkti þá yrði að klára þann slag og færa nauðsynlegar fórnir. Ef niðurstaðan yrði að taka slaginn strax þá eigi að klára þann slag af fullum krafti og með einhverri reisn.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands, sagði að haldnar hefðu verið flottar ræður og gott að heyra að hugur sé í fólki á fundinum. Sagði hún stjórn og trúnaðarráð Stéttarfélags Vesturlands hafa haldið opinn fund nýlega til að ræða stöðuna. Þar hafi verið farið yfir stöðuna hreinskilnislega og m.a. nefnt að það liti illa út að segja ekki upp í ljósi forsendubrests. Signý nefndi að hér á fundinum hafi t.d. iðnaðarmenn talað sem vilji fara varlega og kvaðst hún sammála þeim um að vanda eigi það sem vel eigi að standa. Það sé betra að láta timbrið vaxa áður en farið sé að smíða úr því. Signý sagðist hafa áhyggjur af verkalýðshreyfingunni og taldi að ekki væri tímabært að fara í slag á morgun. Ef sækja eigi réttlætið þá þurfi að gera það saman og nauðsynlegt væri að stilla saman strengi með betri hætti áður en lagt verði af stað. Betur færi á ef undirbúningur væri betri. Signý sagði frá því að á fundi Stéttarfélags Vesturlands hafi tillaga um að fella samninga fallið á jöfnu og því muni hún, fyrir hönd félagsins, greiða atkvæði gegn tillögu um að segja upp samningum. Hún tók það sérstaklega fram að hver sem niðurstaða formannafundar yrði þá muni félagar í Stéttarfélagi Vesturlands hlíta niðurstöðunni. Þeir muni taka þátt í baráttunni með þeim hætti sem lagt verður upp með. Að endingu sagðist hún vilja minna á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, þau eru um það m.a. að við sækjum kjarabætur á hendur atvinnurekenda en okkar helsti óvinur í dag er ríkisvaldið og við getum ekki farið í aðgerðir gegn ríkisvaldinu.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, félagi málmíðnaðarmanna á Akureyri, kynnti afstöðu sinna félagsmanna sem sé sú að menn vilja ekki segja upp samningunum. Rétt sé þó það sem fram hefur komið um að iðnaðarmenn hafa setið eftir. Launakjör iðnaðarmanna séu þannig í dag að ungt fólk sækist ekki í iðnnám. Kveðst hann þó ekki sammála því að þeir séu aumingjar sem ekki vilji segja upp samningum. Lýðræðislegar umræður séu góðar og þær þurfi að eiga sér án þess að verið sé að niðast á öðrum. Þess í stað ættum við frekar að tala meira saman en að ala á sundurleitni og sagði hann að nauðsynlegt væri að ræða og

taka afstöðu til, líka mál eins og að finna rétta framfærslu, skilgreina menntun okkar, erfiðleikastig starfanna og verðtryggingu.

Kolbeinn Gunnarsson, Hlíf í Hafnarfirði, sagði frá niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar á fundi samninganefndar hjá Hlíf sem væri sú að ekki ætti að segja upp samningum núna. Samstaðan sé það léleg að það sé ekki vænlegt til árangurs og nær væri að reyna að mynda einhverja heildarniðurstöðu og fara yrði saman til að reyna að ná einhverri leiðréttingu fyrir okkar fólk. Byggja ætti frekar upp samstöðuna í sumar og fara strax í viðræður með okkar kröfur í september.

Georg Páll Skúlason, Grafíu stéttarfélagi í prent- og miðlunargreinum, kvaðst vera ánægður með það hvað menn væru baráttuglaðir. Í hans félagi hafi komið fram sú afdráttarlausu niðurstaða að segja ekki upp samningum og það byggt á því að það sé það stutt eftir af samningunum. Hvatti hann til þess að óháð niðurstöðu fundarins þá væri mikilvægt að sama hver niðurstaðan væri að sýna stillingu og fylkja sér að baki niðurstöðunni. Það skipti máli að verkalýðshreyfingin komi sameinuð til leiks í haust.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagðist ekki hafa áhyggjur af því að uppsögn myndi þýða að 300 þúsund krónurnar eða 3% væru að tapast. Ragnar kvaðst ósammála Signýju um kröfur á hendur stjórnvalda, staðan væri þannig og hefði verið þannig að við sækjum þær kröfur þangað sem við teljum nauðsynlegt hverju sinni og eftir því sem við á. Kjarasamningar hafi oft staðið eða fallið með útspili stjórnvalda. Sagði hann að samstaða væri einskis virði ef forystan nýtur ekki trausts í baklandinu. Kvaðst hann skilja það að ákvörðunin sé erfið fyrir mörg félög. Ragnar sagði að VR yrði ekki lengi að setja saman sína kröfugerð, það taki ekki langan tíma. Ítrekaði hann fyrri afstöðu sína og hvatti formenn til að greiða atkvæði með því að segja upp samningum, bretta upp ermar og byrja þessa vinnu strax.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, þakkaði fyrir fína umræðu, viðfangsefnið væri snúið og skiptar skoðanir á málinu. Gylfi sagði frá sinni afstöðu sem væri sú að það væri ástæða til þess að staldra við. Það sé orðið óþægilegt eftir 10 ár í sínu starfi, að gegna því hlutverki bæði gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Að við geltum alltaf en bítum aldrei. Hans mat væri það að út frá heildarhagsmunum verkalýðshreyfingarinnar væri ástæða til að staldra við og segja upp. Kvaðst hann ekki vilja gagnrýna skoðanir annarra. Ítrekaði hann það sem hann kvaðst áður oft hafa haldið fram að samstaðan sé lykilatriði. Árangurinn byggir alfarið á því hvernig forystunni tekst að vinna saman. Vegna þess hversu skiptar skoðanir eru innan hreyfingarinnar þá væri mikilvægt að færa ákvörðunina um uppsögn samninganna nær félögum því þið eruð einmitt talsmenn þess sem eru með umboðið í höndunum. Sagði hann verk að vinna í því að skapa samstöðu á meðal félaga og sambanda, hvort sem verk-

efnið verður á vormánuðum eða í haust og hvatti alla til að gera það, sama hver niðurstaðan verður í atkvæðagreiðslunni.

Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambandsins, kynnti kosninguna og framkvæmd hennar. Á kosningavef fundarins opnist spurningin: Viltu segja upp samningnum? Og svarmöguleikarnir séu já, nei eða tek ekki afstöðu. Þeir sem ekki taka afstöðu vegi ekki inni í talningu. Þeir sem taki afstöðu eru þau atkvæði sem skipta máli.

Hlé vegna atkvæðagreiðslu

Niðurstaða atkvæðagreiðslu

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kynnti niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Það voru 49 (91%) sem greiddu atkvæði.

Af fjölda formanna sögðu 21 (42,9%) já og 28 (57,1%) sögðu nei.

Að baki þessu liggur það atkvæðavægi að fulltrúar þeirra sem sögðu já eru 52.890 (66,9%) og 26.172 (33,1%) að baki þeirra sem sögðu nei.

Samkvæmt þeirri reglu sem beitt er á formannafundum ASÍ þarf að fara saman meirihluti talsmanna félaganna og meirihluti félagsmanna. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er sú að meirihluti talsmanna félaganna vill ekki segja upp samningi.

Samninganefnd Alþýðusambandsins mun funda strax að loknum þessum fundi. Atvinnurekendum verður gerð grein fyrir þessari niðurstöðu ásamt því að fjölmiðlar verða boðaðir á blaðamannafund að loknum fundi samninganefndarinnar, þar sem þeim verða kynntar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar.

Að lokum sleit Gylfi Arnbjörnsson fundinum með því að hvetja fundarfólk til að hefja undirbúning sem fyrst og minnti menn á að Alþýðusambandið væri hlutfallslega stærsta og best skipulagða verkalýðshreyfing í heimi. En hún nái aðeins árangri með því að vinna saman. Við erum að velja baráttunni tíma-setningu og verðum að fara heim í hérað til að efla samstöðuna svo við getum byggt upp sterka kröfu á atvinnurekendur á hausti komanda.

Fundi slitið kl. 14.05



FULLTRÚAR Á FORMANNAFUNDI ASÍ 2018

Grafía-stéttarfélag

í prent- og miðlunargreinum

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

MATVÍS

Félag hársnyrtisveina

LEIÐSÖGN - Félag leiðsögumanna

Mjólkurfræðingafélag Íslands

VR

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Stéttarfélag Vesturlands

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

AFL-Starfsgreinafélag

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Félag ísl. símamanna

Félag ísl. rafvirkja

Félag rafeindavirkja

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Georg Páll Skúlason

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Indriði Haukur Þorláksson

Kristján Rudolf Larsen

Ragnar Þór Ingólfsson

Guðbrandur Einarsson

María Hrund Guðmundsdóttir

Hjörtur S. Geirmundsson

Eiður Stefánsson

Lars Jóhann Andrésson Imsland

Sigríður Jóhannesdóttir

Guðrún S. Bergþórsdóttir

Borgþór Hjörvarsson

Eyjólfur Ólafsson

Jakob Tryggvason

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
Rafvirkjafélag Norðurlands
Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi
BYGGIÐN - Félag byggingamanna
Félag iðn- og tæknigreina
Stéttarfélag Vesturlands
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
PINGIÐN
AFL-Starfsgreinafélag
Félag járniðnaðarmanna Ísafirði
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Efling, stéttarfélag
Verkalýðsfélagið Hlíf
VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.
Verkalýðsfélag Grindavíkur
VI. og sjóm.fél. Sandgerðis
Verkalýðsfélag Akraness
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Aldan, stéttarfélag
Eining - Iðja
Framsýn, stéttarfélag
AFL-Starfsgreinafélag
Drífandi, stéttarfélag
Verkalýðsfélag Suðurlands
Báran, stéttarfélag
VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur
Alþýðusamband Íslands
Rafiðnaðarsamband Íslands

Aðrir fulltrúar með seturétt:

Flugfreyjufélag Íslands
Aldan stéttarfélag
VR
Stéttarfélag Vesturlands
Sjómannasamband Íslands
VR

Jón Óskar Gunnlaugsson
Helgi Jónsson
Steinar Guðjónsson
Finnbjörn A. Hermannsson
Hilmar Harðarson
Francois Emile Theodorus Claes
Guðjón Kristinn Harðarson
Björgvin J. Sveinsson
Jónas Kristjánsson
Sigurður Hólm Freysson
Ásmundur Ragnar Sveinsson
Jóhann Rúnar Sigurðsson
Sigurður Bessason
Kolbeinn Gunnarsson
Guðbjörg Kristmundsdóttir
Magnús Már Jakobsson
Magnús Sigfús Magnússon
Vilhjálmur E. Birgisson
Signý Jóhannesdóttir
Guðmundur Finnbogason
Sigurður A. Guðmundsson
Bergvin Eypórsson
Pórarinn Guðni Sverrisson
Björn Snæbjörnsson
Aðalsteinn Árni Baldursson
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Arnar G. Hjaltalín
Guðrún Elín Pálsdóttir
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Hrund Karlsdóttir
Gylfi Arnbjörnsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Berglind Hafsteinsdóttir
Bjarki Elmar Tryggvason
Bjarni Þór Sigurðsson
Eiríkur Þór Theodórsson
Hólmgeir Jónsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Efling stéttarfélag
VR
AFL Starfsgreinafélag
Vlf. Vestfirðinga
Sjómannasamband Íslands
Samiðn samband iðnfélaga

Sigurrós Kristinsdóttir
Stefán Sveinbjörnsson
Sverrir Mar Albertsson
Sævar Gestsson
Valmundur Valmundsson
Þorbjörn Guðmundsson



AF VETTvangi Miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga, og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og stofnana á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkafólks og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktar þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjölmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2017 til september 2018. Í byrjun árs 2018 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar rammann um starfsemina og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og notkun þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni. Þá voru reikningar ASÍ og stofnana þess fyrir árið 2017 afgreiddir af hálfu miðstjórnar.

Eðli málsins samkvæmt eru kjaramál í víðum skilningi og samskiptin við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá á öllum fundum hennar á tímabilinu. Því tengt hefur ítrekað verið fjallað um efnahags-, vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. stöðuna á vinnumarkaði almennt og félagsleg undirboð, jafnlaunavottun og kynbundinn launamun, stöðu heimilanna í landinu, húsnæðismálin, heilbrigðis- og velferðarmálin, lífeyrismálin og málefni ungs fólks.

Miðstjórnin afgreiðir allar tilnefningar af hálfu ASÍ í stjórnir og nefndir og ákveður þær áherslur sem fulltrúar Alþýðusambandsins fylgja.

Þá voru eftirtalin málefni kynnt sérstaklega með framsögum sérfræðinga utan ASÍ og umræðum í miðstjórn:

- Starfsemi og verkefni VIRK: Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK.
- Staða heilbrigðiskerfisins: Birgir Jakobsson landlæknir.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins: Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri FA.
- Staðan á húsnæðisleigumarkaði: Una Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Íbúðalánasjóði.
- Mímír, símenntun: Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis.
- Bjarg íbúðafélag: Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs.
- Listasafns ASÍ: Elísabet Gunnarsdóttir, forstöðumaður Listasafns ASÍ.
- Rammi um peningastefnu: Ásgeir Jónsson, formaður nefndar um ramma peningastefnu.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna kjara, skatta- og efnahagsmálin, húsnæðismálin, jafnréttismál, aðgerðir gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, menntamál, lífeyrismál, heilbrigðismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eðli málsins samkvæmt var umfjöllun um efnahags- og kjaramál og helstu hagsmunamál launafólks helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál. Ítarlegar er gerð grein fyrir kjara- og efnahagsmálunum annars staðar í skýrslunni og allar ályktanir miðstjórnar birtar.

Þá hefur það komið í hlut Alþýðusambandsins og starfsmanna þess að fylgja eftir bókunum í kjölfar samninga síðustu ára, þar sem fjölmörg hagsmunamál launafólks eru undir. Ítarlegar er gerð grein fyrir kjara- og efnahagsmálunum annars staðar í skýrslunni.

Formannafundur ASÍ 2017 og 2018

Á fundi miðstjórnar 4. október 2017 var afgreidd dagskrá reglulegs formannafundar ASÍ sem haldinn var 25. október s.á. í samræmi við tillögu skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ. En umfjöllunarefnið var skipulag og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar í nútíð og framtíð og helstu áskoranir sem hún stendur frammi fyrir.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. október var kynnt tillaga um að boða til formannafundar ASÍ til að fjalla um og taka afstöðu til þess hvort segja eigi upp kjarasamningunum, þar sem meirihluti formanna með meirihluta félagsmanna að baki sér geti mælt með því við samninganefnd ASÍ að hún segi upp samningum. Parna væri um „ráðgefandi álit“ að ræða þar sem það kæmi þá formlega í hlut samninganefndar ASÍ að segja upp samningunum. Hugmyndin sem kynnt var er þannig:

Tillaga

Með vísan til 40. gr. laga ASÍ samþykkir samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ að fela miðstjórn að kalla saman sérstakan formannafund ASÍ, þar sem fram fari atkvæðagreiðsla um uppsögn gildandi kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins. Atkvæðagreiðslan fari fram skv. 39. gr. laga ASÍ þar sem m.a. segir:

„Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda sambandanna fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ-UNG.

Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra sem fundinn sækja.

Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.“

Rétt til setu á þessum formannafundi með atkvæðisrétt um uppsögn kjarasamninga, eigi einungis formenn þeirra aðildarfélaga og deilda, eða staðgenglar þeirra, hvers kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins koma til endurskoðunar þann 28.2 2018 auk þeirra meðlima samninganefndar ASÍ sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda. Aðrir formenn, meðlimir miðstjórnar (aðal- og varamenn) og formaður ASÍ-UNG eiga seturétt á fundinum án atkvæðisréttar.

Samþykki formannafundur uppsögn samninga skv. framanskráðu, jafngildir það að samþykki fundarins, afstöðu samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og við þær aðstæður felur samninganefndin forseta ASÍ

að tilkynna Samtökum atvinnulífsins uppsögn þeirra fyrir hönd samninganefndarinnar ASÍ.

Greinargerð

Samkvæmt gildandi forsenduákvæði kjarasamninga frá 28.2 2017 hefur samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ heimild til þess að segja upp kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins, enda sé það gert fyrir kl. 16:00 þann 28.2 2018. Samninganefndin hefur frjálssar hendur um það með hvaða hætti hún framkallar niðurstöðu sína enda sé það hún og einungis hún sem formlega segir upp samningum við fyrrgreind tímamörk. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að við núverandi aðstæður þar sem ólík sjónarmið eru uppi um hvort segja skuli kjarasamningum upp eða ekki, og þar sem einstökum samningaeiningum sé ekki á eigin spýtur heimilt að taka sjálfstæða og skuldbindandi afstöðu til uppsagnar sinna samninga, að best fari á því að sem lýðræðislegast umboð verði framkallað að baki ákvörðun nefndarinnar. Formannafundur ASÍ tryggir öllum aðildarfélögum og deildum landssambanda tækifæri til þess að koma afstöðu sinni og viðhorfum að og niðurstaða hans sú lýðræðislegasta og breiðasta sem hægt er að framkalla við núverandi aðstæður.

Í umræðunum sem á eftir fylgdu komu fram þau afdráttarlausu sjónarmið að forsenda þess að samninganefnd ASÍ ákveði að fara að niðurstöðu atkvæðagreiðslu á formannafundi væri að einhugur væri á meðal samninganefndarmanna um að fara þá leið. Þannig hafi í reynd hver einstakur samninganefndarmaður neitunarvald í þessum efnun. Niðurstaða umræðunnar var að boða formannafund 28. febrúar nk. og að fyrir þann fund yrði að liggja fyrir vilji samnings eininganna að baki samninganefnd ASÍ hvað það varðar að láta formannafundinn greiða atkvæði um uppsögn.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2018

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2018 var til umfjöllunar á fundi miðstjórnar ASÍ í desember 2017 og samþykkt 10. janúar 2018. Í áætluninni segir:

„Á árinu verður sérstök áhersla á að kalla eftir umræðu um þær áskoranir og þau tækifæri sem launafólk stendur frammi fyrir vegna hnattrænna umhverfisáhrifa, einkum loftslagsmálin og vaxandi mengun og hins vegar áhrif tækni- og skipulagsbreytinga á störfin okkar bæði til skemmrri og lengri tíma. Inn í þetta munum við flétta áhrifum þessara áskorana á réttindi og skyldur launafólks, hlutverk stéttarféлага og viðfangsefni kjarasamninga.

Markmiðið er að við verðum búin að við að okkur nægjanlegu efni og breiður hópur innan okkar hreyfingar fengið beina aðkomu að umræðu um

Þessi málefni til að við getum síðan betur nýtt okkur þjóðfundarfyrirkomulagið til að draga saman áhersluatriðin í endurskoðuðum stefnum á þinginu 2018.

- Lögð er rík áhersla á að allar fastanefndir miðstjórnar taki þátt í undirbúningi 43. þings ASÍ. Með því er tryggð sem virkust þátttaka frá öllum fastanefndum til að dýpka sem mest umræðuna innan hreyfingarinnar fyrir þingið. Hlutverk allra nefnda er að koma með framlag í undirbúningi þingsins varðandi þær áskoranir og tækifæri sem ný tækni og þróun á vinnumarkaði hefur fyrir störf, skipulag vinnunnar og samskipti á vinnumarkaði.
- Hvernig getum við sem verkalýðshreyfing brugðist við þeim áskorunum og tækifærum sem framtíðin ber með sér?
- Alþjóðanefnd mun fjalla um möguleika á samstarfi á alþjóðavísu á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og alþjóðasamtaka. Einnig hvaða árangurs megi vænta af slíku samstarfi og hvað íslensk verkalýðshreyfing geti lagt inn í það.
- Unnið verði að útgáfu á riti um íslenskan vinnumarkað og þróun hans.
- Unnið gegn undirboðum á vinnumarkaði, svartri atvinnustarfsemi, kennitölulflakki og að bættu siðferði í viðskiptalífinu.“

43. þing ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. mars 2018 var fjallað um 43. sambandsþing ASÍ, yfirskrift og viðfangsefni þingsins. Ákveðið var að þingið færi fram dagana 24.–26. október 2018 á Hilton Reykjavík Nordica. Jafnframt var samþykkt að yfirskrift þingsins verði STERKARI SAMAN. Í hnotskurn er viðfangsefni þingsins: „Hvert er erindi Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar?“ Fjallað verði um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélögin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig á að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Viðfangsefni þingsins verði römmuð inn undir fimm fyrisögnum:

- Tekjuskipting og jöfnuður.
- Heilbrigðisþjónusta og velferð.
- Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs.
- Húsnæðisöryggi.
- Framtíðin er núna! Tækniþróun og skipulag vinnunnar.

Þá var samþykkt að til undirbúnings þinginu yrðu farnar tvær hringferðir um landið, þar sem viðfangsefni þingsins verða kynnt stjórnnum, trúnaðarráðum og áhugasömum félagsmönnum/væntanlegum þingfulltrúum aðildarfélaganna og leitað eftir viðhorfum og skoðunum þeirra til efnisins.

Viðbótarlífeyrissparnaður – tilgreind séreign

Í lok árs 2017 og byrjun árs 2018 var ítrekað fjallað í miðstjórn ASÍ um það hvernig fara skyldi með viðbótarlífeyrissparnað sem samið var um í kjarasamningum sem „tilgreinda séreign“. Í umræðunum kom fram að skiptar skoðanir voru innan Alþýðusambandsins um það hvernig skuli með fara, en almennt var samstaða um að mikilvægt væri að tryggja að staðið væri þannig að málum að tilgreinda séreignin skilaði sér með öruggum hætti til launafólks.

Á fundi miðstjórnar 4. október 2017 var málið rætt þar sem ólíkar skoðanir voru reifaðar og ákveðið að skoða frekar þá kosti sem voru í stöðunni. 8. nóvember var málið aftur til umræðu. Þar var samþykkt af 9 miðstjórnarmönnum að ASÍ og SA sendu sameiginlega bréf á lífeyrissjóðina um framkvæmdina varðandi tilgreinda séreign og hvert efni bréfsins skyldi vera. 2 miðstjórnarmenn voru andvígir og 4 sátu hjá. Bréfið var aldrei sent.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. desember kom fram að forseti ASÍ og framkvæmdastjóri SA hafi átt fund með fjármála- og efnahagsráðherra. Á fundinum lögðu þeir fram ákveðna tillögu um það hvernig setta mætti ólík sjónarmið sem komið hafa fram án þess að fórn því mikilvæga atriði að innheimtukerfi vegna iðgjaldanna verði tryggt eins og kostur er og þar með hagsmunir launafólks. Tillagan felur í sér að almennu lífeyrissjóðirnir taki að sér innheimtuna gegn gjaldi sem svarar kostnaði við innheimtuna en að einstaklingarnir geti ráðstafað tilgreindu séreigninni í þá sjóði sem þeir kjósa.

Fram kom að fjármálaráðherra hafi litist vel á þessa nálgun. Hann hafi kallað eftir frekari upplýsingum varðandi innheimtukostnaðinn og að reiknað sé með að hann leggi til í ríkisstjórn að lögunum um lífeyrissjóði verði breytt til samræmis. Á meðan mun það fyrirkomulag sem nú viðgengst og byggir á álitum FME haldast óbreytt.

ASÍ-UNG

Á tímabilinu var ítrekað fjallað um starf ASÍ-UNG og hvernig mætti styðja við og efla starf ungliðahreyfingarinnar. Þannig var á miðstjórnarfundi 6. desember gerð grein fyrir stöðu mála og hugmyndum stjórnar ASÍ-UNG um hvernig mætti efla starfsemina og færa hana til betri vegar. Á fundinum var tillaga stjórnar ASÍ-UNG um breytta starfshætti samþykkt. Í framhaldinu stóð ASÍ-UNG í febrúar fyrir fundi fyrir ungt fólk um #METOO.

Málefni ASÍ-UNG voru ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn veturinn 2017–2018 og á fundi miðstjórnar 16. maí sagði starfandi formaður frá starfinu og því sem væri fram undan og umræðu sem farið hefur fram á vettvangi stjórnar ASÍ-UNG. Fram kom að stefnt er að því að þing ASÍ-UNG yrði 14. september nk. Það væri mikill hugur í þeim stjórnarmönnum ASÍ-UNG sem eru virkir og margar hugmyndir hafa komið fram um hvernig efla megi starf-

ið og skilgreina betur hlutverk ASÍ – UNG. Kom fram að stjórn ASÍ–UNG mundi innan skamms eiga fund með framkvæmdastjóra ASÍ og starfsmanni um stöðuna og framhaldið. Þá kom fram að námskeiðið „Ungir leiðtogar“ hafi heppnast mjög vel og eru bundnar vonir til þess að nemendurnir muni skila sér í virku starfi innan verkalýðshreyfingarinnar og þar með ASÍ–UNG.

#METOO

8. nóvember 2017 fjallaði miðstjórn ASÍ um METOO byltinguna. Þar segir í upphafi:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar umræðu að undanfögnu þar sem mikill fjöldi kvenna hefur stigið fram undir yfirskriftinni #metoo og mótmælt kynferðislegu ofbeldi og áreitni í öllum myndum og á öllum sviðum samfélagsins. Þetta er svartur blettur á samfélaginu og enn eitt dæmið um kynbundna mismunun sem uppræta ber með öllum tiltækum ráðum.

Verkalýðshreyfingin hafnar allri mismunun og órétti á vinnumarkaði. Á því byggir sjálf tilvist hennar. Í því felst að verkalýðshreyfingin hafnar hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, þ.m.t. kynbundnum launamun og einelti og kynferðislegu ofbeldi á vinnustað.“

Á fundi miðstjórnar ASÍ 20. desember 2017 var síðan kynnt áskorun kvenna í verkalýðshreyfingunni til forustu samtaka launafólks í tengslum við #metoo byltinguna. Áskorunin lá fyrir fundinum ásamt minnisblaði jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ um sama efni. Í viðbrögðum sem samþykkt voru á miðstjórnarfundinum er í upphafi vísað til ályktunarinnar frá 8. nóvember og síðan fjallað um með hvaða hætti Alþýðusambandið hyggst fylgja málum eftir. Í umræðum var rætt frekar um hlutverk ASÍ í þessu sérstaklega. Þar kom fram að Alþýðusambandið eigi að gegna ákveðnu forystu- og samræmingarhlutverki varðandi fræðslu, leiðbeiningar og ráðgjöf til starfsmanna stéttarfélaganna og við að tengja saman þá aðila sem málið varðar. Einnig að miðla milli aðildarfélaganna hvað þau geta lært hvert af öðru. Var í þessu sambandi nefnt frumkvæði sem miðar að því að útbúa veggblöð og leiðbeiningar sem verið er að vinna og til stendur að setja upp á vinnustöðum. Þá var bent á að stéttarfélagin fái í gegnum þau mál sem koma upp upplýsingar og yfirlit yfir þau mál sem koma inn á þeirra borð. Þannig verði til upplýsingar um einstaklinga sem ítrekað eru sakaðir um áreitni og kynferðislegt ofbeldi sem gagnast í baráttunni. Markmiðið með starfi verkalýðshreyfingarinnar á að vera að skapa viðhorf og skilyrði þar sem einelti, áreitni og kynferðislegt ofbeldi er ekki þolað á vinnustöðum eða í samfélaginu.

Í framhaldi var síðan á fundi miðstjórnar ASÍ 24. janúar sl. samþykkt „Stefna og viðbragðsáætlun Alþýðusambands Íslands vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegar og kynbundinnar áreitni“.

Launastefna og jafnlaunastefna skrifstofu ASÍ

Á fundi miðstjórnar ASÍ 24. janúar var samþykkt launastefna og jafnlaunastefna skrifstofu ASÍ.

Í launastefnunni segir m.a.:

Alþýðusambandið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Alþýðusambandið er ekki launaleiðandi á vinnumarkaði, en telur mikilvægt að laða til sín hæft starfsfólk. Uppbyggingu launa er því ætlað að stuðla að samkeppnisferum launum í samanburði við sambærilega hópa á vinnumarkaði og stefnir því að því að staðsetja launasetningu á milli miðgildis og efri fjórðungs tekna sambærilegra hópa.

Í jafnlaunastefnunni segir m.a.: „Alþýðusambandið skuldbindur sig til að greiða jöfn laun og sömu kjör fyrir jafnverðmæt störf og sambærilega frammistöðu óháð kyni, kynþætti eða öðrum órókstuddum viðmiðum.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi skrifstofu Alþýðusambandsins. Hann ber ábyrgð á jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Framkvæmdastjóri er jafnframt ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfisins í samræmi við staðalinn ÍST 85.“

Yfirskrift 1. maí aðgerða 2018

Á fundi miðstjórnar 7. mars var ákveðið að yfirskrift 1. maí aðgerða 2018 yrði: **Sterkari saman.** Í greinargerð með tillögunni að yfirskrift segir:

„Verkalýðshreyfingin á Íslandi varð til í lok 19. aldar þegar verkafólk hóf að skipuleggja sig í stéttarfélög. Það áttaði sig á aflinu sem bjó í fjöldanum og samtöðunni og gerði hvað það gat til að virkja það afl. Frá þeim tíma hefur sameinuð verkalýðshreyfing barist fyrir réttindum og kjörum launafólks á Íslandi með þeim árangri að óvíða í heiminum er staða fólks á vinnumarkaði sterkari en hér. Þar leikur samstaðan lykilhlutverk.

Nú horfum við hins vegar upp á vaxandi misskiptingu tekna og auðs í samfélaginu. Alþingismenn, embættismenn ríkisins og stjórnendur fyrirtækja taka launahækkunar langt umfram venjulegt launafólk og skattar eru lækkaðir á stóreignafólk. Á sama tíma taka stjórnvöld kaupmáttaraukninguna frá hinum lægst launuðu með skattahækkunum og skerðingu bóta.

Það er verk að vinna fyrir samhenta og samstæða verkalýðshreyfingu. Við erum fámenn þjóð í gjöfulu landi og það verður að skipta gæðunum af sanngírni. Við höfum vopnin og við höfum aflað ef við stöndum saman.

Eftir harðvítugt sex vikna verkfall árið 1955 náðist sigur á ýmsum sviðum verkalýðsbaráttunnar og atvinnuleysistryggingum var komið á. Þá var skrifað stóru letri á forsíðu Vinnunnar, blaðs ASÍ:

Sterk og sameinuð verkalýðssamtök höfðu verið rétt sinn með sæmd ok komu heil hildi frá.“

Endurskoðun kjarasamnings um lífeyrismál

Á fundi miðstjórnar ASÍ 21. mars 2018 var forseta ASÍ veitt heimild til að undirrita samkomulag um breytingar á kafla kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál sem fjallar um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna. Helstu nýmæli samkomulagsins varða skipan og samsetningu stjórnarmanna, uppstillingarnefndir tilnefningaraðila, hámarkssetu í stjórn, hæfisreglur og hagsmunaárekstur.

Nýjar persónuverndarreglur

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. apríl 2018 var gerð grein fyrir vinnu starfshóps á vegum ASÍ um persónuverndarmál og þeim gögnum sem lágu fyrir og hópurinn hefur unnið. Verkefni persónuverndarhópsins eru tvíþætt. Annars vegar að fjalla um stéttarfélögin sem vinnsluaðila persónuupplýsinga og hvernig þeim beri að halda á málum. Hins vegar að útbúa upplýsingar sem félögin geta veitt sínum félagsmönnum um efni laganna og hvað þau þýða fyrir þá sem launafólk. Á fundinum var síðan gerð grein fyrir þeim fyrirmyndarskjólum og upplýsingaefni sem hópurinn hefur unnið og verið send á aðildarfélögin. Þá var fjallað um þá tillögu að aðildarfélögin geti óskað eftir að ASÍ tilnefni persónuverndarfulltrúa fyrir þeirra hönd. Fram kom í umræðum stuðningur við að ASÍ bjóði þeim aðildarfélögum sem þess óska að tilnefna persónuverndarfulltrúa fyrir þeirra hönd.

Velferðarstefna ASÍ

Á fund miðstjórnar ASÍ 2. maí var samþykkt uppfærð og endurskoðuð „velferðarstefna ASÍ“ sem í grunninn er frá árinu 2003, en skjalið var lagt fram á síðasta miðstjórnarfund. Settar hafa verið inn sterkari áherslur varðandi ungt fólk og hagsmuni þess. Þá hefur verið tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa frá 2003 varðandi velferðarkerfið, ekki síst vegna árangurs verkalýðshreyfingarinnar í ýmsum málum. Um leið hafa komið fram ný verkefni og nýjar áskoranir og er m.a. aukin áhersla lögð á mikilvægi opinberrar velferðarþjónustu. Þá hefur orðfærið í stefnunni verið fært til samræmis við orðræðu dagsins í dag. Í umræðum kom fram að ein markverðasta breytingin væri að dreginn er lærdómur af reynslunni af einkaframkvæmd í heilbrigðisþjónunni og þeim mistökum sem þar hafa verið gerð. Var í því sambandi m.a. vísað til gagnrýni fyrrverandi landlæknis á veikingu almennrar heilbrigðisþjónustu vegna einkarekstursins og hvernig heilbrigðiskerfið í heild og þjónusta við landsmenn, ekki síst á landsbyggðinni, hefur liðið fyrir það.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ - Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ, trúnaðarmenn og aðrir félagsmenn séu upplýstir um þau málefni sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, stefnumótun sem þar á sér stað og ákvarðanir sem þar eru teknar er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ www.asi.is um leið og þær liggja fyrir.

1. Fréttamolar - frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánu- dagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum tvisvar í mánuði). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaga ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélögunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
2. Rafrænt Fréttabréf ASÍ kemur út yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni, auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
3. Í skýrslu forseta sem út kemur árlega í október, og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélög á hverju ári sem nemur u.þ.b. 2 milljónum króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa styrkir ASÍ jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um 800 þúsund krónur fyrir jólin. Aðstoðin fer fram um allt land, m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppræða 13–15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Seltjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega og nemur styrkurinn 250 þúsund krónum. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða

starfi sem Jafningjafræðslan innir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarna-
starf, unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmýnd unga
fólksins. Þá styrkir ASÍ starf Lúðrasveitar verkalýðsins um 250 þúsund kr. á
ári en fimm ára styrktarsamningur þess efnis var undirritaður í desember 2015.

ÁLYKTANIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ

Ályktun miðstjórnar ASÍ um einelti og kynferðislegt ofbeldi á vinnustað og upprætingu þess, 8. nóvember 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar umræðu að undanfögnu þar sem mikill fjöldi kvenna hefur stigið fram undir yfirskriftinni #metoo og mótmælt kynferðislegu áreiti og ofbeldi í öllum myndum og á öllum sviðum samfélagsins. Þetta er svartur blettur á samfélaginu og enn eitt dæmið um kynbundna mismunun sem uppræta ber með öllum tiltækum ráðum.

Verkalýðshreyfingin hafnar allri mismunun og órétti á vinnumarkaði. Á því byggir sjálf tilvist hennar. Í því felst að verkalýðshreyfingin hafnar hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, þ.m.t. kynbundnum launamun og einelti og kynferðislegu ofbeldi á vinnustað.

Barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks á fjölmörgum sviðum hefur skilað miklum árangri, m.a. í reglum um vinnuvernd, leiðbeiningum til trúnaðarmanna um meðferð slíkra mála o.fl. Þrátt fyrir það verður að viðurkenna að enn er langt í land. Það gildir um kynbundna mismunun á vinnumarkaði.

Miðstjórn hvetur aðildarsamtök Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfinguna alla til að styðja með öllum ráðum einstaklinga sem stíga fram og hafna hvers konar einelti og ofbeldi á vinnustað. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2018, 20. desember 2017

Alþýðusambandið hefur það að leiðarljósi að hefja samstarf við nýjar ríkisstjórnir á jákvæðum nótum. Þróun þess samstarfs mótist síðan af þeim áherslum og aðgerðum sem komið er í framkvæmd. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um þessa ríkisstjórn. Þannig styður ASÍ áform nýrrar ríkisstjórnar um eflingu menntakerfisins og opinbera heilbrigðiskerfisins, m.a. með auknum fjárveitingum og áherslubreytingum.

Lestur fjárlagafrumvarps nýrrar ríkisstjórnar gefur hins vegar lítið tilefni til bjartsýni og að óbreyttu mun bilið á milli ríkra og fátækra í samfélaginu enn fara vaxandi.

Aukin framlög til heilbrigðiskerfisins eru vissulega til bóta en þau duga með engu móti til að mæta þeirri miklu fjárþörf sem til staðar er. Greiðsluþátttaka sjúklinga er allt of mikil og enn er gert ráð fyrir því að framlög til einkareksturs í heilbrigðiskerfinu aukist umtalsvert meira en til opinberu þjónustunnar. Jafnframt mótmælir ASÍ harðlega viljaleysi ríkisstjórnarinnar til að auka jöfnuð og

endurreisa réttindi launafólks. Þetta birtist m.a. í veikingu á barna- og vaxta-bótakerfinu og virðingarleysi fyrir afkomuþryggingu launafólks í atvinnuleysis-tryggingum, ábyrgðarsjóði launa og fæðingarorlofi. Gríðarlegur húsnæðisvandi þeirra tekjulægstu er ekki tekinn alvarlega og sá hluti menntakerfisins sem þjónar launafólki með litla formlega menntun er vanræktur. Þá sjást engin merki um að efna eigi loforð um eflingu verk- og starfsnáms.

Miðstjórn ASÍ kallar eftir þeim áherslum í fjárlögum sem boðaðar eru í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar um samráð og samstarf við aðila vinnu-markaðarins um efnahagslegan og samfélagslegan stöðugleika. Ljóst má vera að þetta fjárlagafrumvarp dugar ekki til þess að leggja grunn að slíku samstarfi. Miðstjórn lýsir jafnframt vonbrigðum sínum með að ríkisstjórnin ætli ekki að hafa neitt frumkvæði að bættum lífskjörum og auknu afkomuöryggi félagsmanna ASÍ.

Bilið milli ríkra og fátækra eykst

Í rannsókn hagdeildar ASÍ á þróun skattbyrði launafólks síðastliðin 20 ár kemur skýrt fram að skattbyrði launafólks hefur aukist og þeim mun meira eftir því sem tekjurnar eru lægri. Það eru því mikil vonbrigði að ekki sé brugðist við þessari þróun í fjárlagafrumvarpinu heldur þvert á móti haldið áfram á sömu braut með því að lækka útgjöld til barnabóta, vaxtabóta og húsnæðisbóta. Tekjujöfnuður mun halda áfram að aukast þar sem dregið er enn frekar úr jöfnunarhlutverki skattkerfisins.

Afkomuöryggi launafólks ógnað

Afkomuþrygging launafólks í atvinnuleysistryggingum, Ábyrgðarsjóði launa og fæðingarorlofi er veikt enn eitt árið. Atvinnuleysisbætur eru í sögulegu lágmarki sem hlutfall af lágmarkslaunum og mun það hlutfall enn lækka á milli ára. Hámarksgreiðslur úr Ábyrgðarsjóði launa nema nú rétt um 50% af meðaltekjum á vinnumarkaði en voru um 90% á árinu 2009. Ekki á að endurreisa fæðingarorlofskerfið þrátt fyrir tillögur starfshóps stjórnvalda þar um. Kaupmáttur hámarksgreiðslna úr fæðingarorlofssjóði mun því rýrna áfram og verður um 40% lægri en á árinu 2007. Engin áform eru heldur uppi um lengingu fæðingarorlofsins.

Vanefndir í húsnæðismálum

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið 2015 var gert ráð fyrir byggingu 600 íbúða í almenna íbúðakerfinu árlega til ársins 2019. Árleg framlög til að mæta þessu hafa verið 3 milljarðar kr. en byggingarkostnaður hefur hins vegar hækkað á tímabilinu og því dugir framlagið ekki fyrir þeim fjölda íbúða sem lofað var.

ASÍ hefur ítrekað lýst því yfir að fjölga þurfi íbúðum í almenna íbúðakerfinu mun hraðar en áformað er, eða um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðri þörf og slá á þenslu á húsnæðismarkaði. Almennar íbúðir eru fyrir tekjulægsta launafólkið en margir í þeim hópi eru í alvarlegum húsnæðisvanda. Stjórnvöld verða að sjá sóma sinn í því að tryggja öllum húsnæðisöryggi. Núverandi ástand er smánarblettur á samfélaginu.

Framhaldsfræðslan skilin eftir

Framlög til vinnustaðanámssjóðs og framhaldsfræðslu sem þjónar þeim hópum sem hafa hvað minnsta menntun á vinnumarkaði munu að óbreyttu lækka að raungildi. Þá sjást þess ekki merki í frumvarpinu að efna eigi fyrirheit stjórnarsáttmálans um eflingu verk- og starfsnáms. Ekki er gert ráð fyrir neinum frekari fjármunum vegna þróunar fagháskólanáms sem verið hefur í vinnslu undanfarin ár. Undrun vekur að verkefnið eigi að færa í hendur háskóla-anna og að ekkert sé minnst á hlutverk Samráðshóps um fagháskólanám.

Einelti, kynferðislegt ofbeldi og áreiti á vinnustað verður að upp-ræta, 20. desember 2017

Alþýðusambandinu hefur borist áskorun frá lokuðum hópi kvenna í verkalýðshreyfingunni, sem deilt hefur sín í milli reynslu sinni af kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í vinnunni og félagsstörfum innan verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er í takt við þá vakningu sem orðið hefur í tengslum við #metoo byltinguna. Miðstjórn ASÍ ályktaði um #metoo þann 8. nóvember sl. Þar segir:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar umræðu að undanfögnu þar sem mikill fjöldi kvenna hefur stigið fram undir yfirskriftinni #metoo og mótmælt kynferðislegu ofbeldi og áreiti í öllum myndum og á öllum sviðum samfélagsins. Þetta er svartur blettur á samfélaginu og enn eitt dæmið um kynbundna mismunun sem uppræta ber með öllum tiltækum ráðum.

Verkalýðshreyfingin hafnar allri mismunun og órétti á vinnumarkaði. Á því byggir sjálf tilvist hennar. Í því felst að verkalýðshreyfingin hafnar hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, þ.m.t. kynbundnum launamun og einelti og kynferðislegu ofbeldi á vinnustað.

Miðstjórn hvetur aðildarsamtök Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfinguna alla til að styðja með öllum ráðum einstaklinga sem stíga fram og hafna hvers konar einelti og ofbeldi á vinnustað. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra.“

Að gefnu tilefni vill miðstjórn ASÍ árétta stefnu sína í þessum málum. Alþýðusamband Íslands skuldbindur sig til að vinna gegn kynbundnu og kynferðislegri áreiti og ofbeldi á vinnustöðum og standa að eftirfarandi aðgerðum:

- ASÍ hefur unnið stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Eitt af markmiðum vinnunnar er að aðildarfélög sambandsins geti nýtt afraksturinn í sínu starfi.
- ASÍ vinnur, í samvinnu við BSRB, BHM og KÍ og Kvenréttindafélagið, að mótun aðgerðaráætlunar þar sem svara á kalli þeirra þúsunda kvenna sem stigið hafa fram og sagt frá kynferðisofbeldi, áreitni og kynbundinni mismunun sem þær hafa orðið fyrir. Verkefnið er viðamikíð og ætla samtökin sameiginlega að vinna að eftirfarandi:
 - Vinna aðgengilegt upplýsinga- og fræðsluefni á grundvelli bæklingisins sem samtök launafólks gáfu út í mars 2016 um kynbundið og kynferðislegt áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.
 - Vinna leiðbeinandi efni fyrir starfsmenn stéttarféлага.
 - Efla fræðslu um hvernig hægt er að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Með því t.d. að samtökin deila þekkingu og reynslu sín á milli.
 - Kortleggja þekkinguna í málaflokknum, afla upplýsinga hjá mismunandi aðilum og tengja þannig að þekkingin nýtist öllum.
 - Nýta samfélagsmiðla til fræðslu og upplýsinga. Vinna stutt myndbönd þar sem áhersla er á samfélagsleg áhrif kynferðisofbeldisins. M.a. verði skilaboðum beint til gerenda sem í langflestum tilfellum eru karlar og áhersla lögð á valdamisvægi kynja o.s.frv.
 - Ráðstefna 8. mars 2018 þar sem áhersla verður á kynbundið ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði. Þar verða öll verkefni kynnt og lagðar fram tillögur að áframhaldandi aðgerðum.
- Í starfsáætlun ASÍ fyrir árið 2018 er áhersla á aðgerðir gegn einelti, kynbundið og kynferðislegt áreitni og ofbeldi í allri fræðslu, hvort sem er trúnaðarmannafræðslu, fræðslu á opnum námskeiðum Félagsmálaskólans eða á sérstökum ráðstefnum. Jafnframt verða eftirfarandi viðburðir á dagskrá:
 - Tökum brúna! – kvennaráðstefna ASÍ í apríl 2018. Tveggja daga ráðstefna þar sem áhersla er á valdeflingu og tengslamyndun.
 - Karlar í verkalýðshreyfingunni – ráðstefna í apríl 2018 þar sem áhersla verður á stöðu karla og hvernig þeir geta tekið virkan þátt í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.
- ASÍ leggur áherslu á að stéttarfélög hafi frumkvæði að því að kalla eftir nýjum leiðum og styrkja þær sem þegar eru til staðar, til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi.
- ASÍ gerir kröfur um að sett verði vinnuverndarstefna fyrir Ísland og að lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði endurskoðuð

hið fyrsta. Við þá endurskoðun verði m.a. tekið á kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi á vinnumarkaði.

- ASÍ styður fyrirhugaða samþykkt á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og löggjöf á Evrópuvísu gegn kynbundnu ofbeldi á vinnumarkaði, þar sem mikilvægi kjarasamninga er viðurkennt.
- Kynna þarf lagaleg réttindi fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á vinnustað og hvaða skyldur atvinnurekandi ber til að koma í veg fyrir þessa tegund ofbeldis.
- Mikilvægt er að breyta hugsunarhætti og ávarpa atriði eins og ómeðvitaða, stofnanalega og kerfisbundna mismunun kynja í samfélaginu, á vinnustöðum og þar með talið vinnubrögð innan verkalýðshreyfingarinnar.
- Inngróin menning mismununar og ójafnaðar á vinnustað verður ekki skilin frá ríkjandi karlveldi og ójöfnuði kynjanna bæði innan samfélagsins og fjölskyldna.
- Kynjajafnrétti krefst virkrar þátttöku og er á ábyrgð allra. Verkalýðshreyfingin verður að skuldbinda sig til að taka virkan þátt með fræðslu og aðgerðum sem miða að vitundarvakningu.
- Karlar sem eru í forystu verkalýðshreyfingarinnar, samningamenn og karlar almennt eru sérstaklega hvattir til að tileinka sér það viðhorf að kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sé aldrei samþykkt, þar með talið innan verkalýðshreyfingarinnar.
- Verkalýðshreyfingin hvetur til þess að ráðist verði í kerfisbundið og viðvarandi átak til að tryggja að karlar, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur skilji eðli kynbundins ofbeldis.
- Þetta er sérstaklega mikilvægt til að tryggja að kynbundið ofbeldi og áreiti sé hluti af því sem tekið er á í fyrirtækja- og vinnustaðasamningum.

Mikilvægt er að halda á lofti því sem vel hefur verið gert og læra af því.

Yfirlýsing miðstjórnar ASÍ vegna endurskoðunar kjarasamninga, 21. febrúar 2018

Forsendur kjarasamninga eru brostnar að mati ASÍ en samkvæmt ákvæði í samningunum koma þeir til endurskoðunar fyrir lok þessa mánaðar.

Það er mat ASÍ, að óbreyttu, að forsendur um að launastefna kjarasamninganna hafi verið stefnumarkandi hafi ekki gengið eftir. Því er heimild til uppsagnar þeirra fyrir lok febrúar enn í gildi.

Vegna þessarar stöðu hefur miðstjórn ASÍ ákveðið að boða til formannafundar aðildarfélaganna ASÍ miðvikudaginn 28. febrúar þar sem farið verður yfir málið og ákvörðun tekin um viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar.

Öruggt húsnæði á ekki að vera forréttindi, 16. maí 2018

Húsnæðismál launafólks eru í algjörum ólestri. Stöðugt fleiri þurfa að reiða sig á óruggan leigumarkað og nota stóran hluta launa sinna til að borga okurleigu. Þessi staða bitnar verst á þeim sem standa höllum fæti fyrir. Þetta er fátækragildra.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og Alþingi axli nú þegar ábyrgð á að leysa húsnæðisvandann með raunhæfum aðgerðum. Tryggja verður fjármögnun vegna a.m.k. 1000 íbúða á ári til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og setja reglur sem treysta rétt leigjenda. Um leið verður að aðstoða ungt fólk og aðra sem eignast vilja eigin húsnæði með eflingu vaxta- og húsnæðisbótakerfisins og hagkvæmara húsnæðislánakerfi á forsendum heimilanna. Húsnæðisöryggi á að vera sjálfsögð mannréttindi, ekki forréttindi.

Aðildarfélög ASÍ settu húsnæðismálin á oddinn við gerð síðustu kjarasamninga með nokkrum árangri. Nú liggur hins vegar fyrir að stjórnvöld ætla að svíkja þau loforð sem þá voru gefin því það vantar 600 milljónir króna á ári til að hægt verði að byggja það sem lofað var. Ekki stendur til að mæta þessu ef marka má fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjármálaáætlun 2019-2023, 24. apríl 2018

Miðstjórn ASÍ lýsir miklum vonbrigðum með fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára og gagnrýnir harðlega þær áherslur sem þar eru kynntar. Á undanförunum árum hefur ASÍ lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að velferðarkerfið verði endurreist og dregið verði úr skattbyrði þeirra tekjulægstu með því að ráðstafa í það mikilvæga verkefni auknum tekjum ríkisins vegna hagvaxtar. Þannig væri hægt að auka sátt í samfélaginu og tryggja að á næstu fimm árum verði hlutdeild velferðar af landsframléiðslu komin á svipað stig og var fyrir hrun. Með þessari fjármálaáætlun til næstu fimm ára ákveður ríkisstjórnin að veikja tekjustofna við brothættar efnahagshorfur og draga úr stuðningi í formi barnabóta og vaxtabóta. Einnig er of lítið gert í að mæta alvarlegum vanda á húsnæðismarkaði og fyrirséð að ekki verði byggt nægilega mikið til að mæta fyrirbyggjandi þörf.

Þing ASÍ hafa ítrekað ályktað um að forsenda þess að hér verði hægt að þróa og útfæra samningamódel að norrænni fyrirmynd væri að velferðarkerfið verði þróað nær því kerfi sem frændur okkar hafa byggt upp. Miðstjórn ASÍ áréttar að um þessa leið ríkisstjórnarinnar verður ekki nein sátt. ASÍ ákvað að skipa ekki fulltrúa í Þjóðhagsráð vegna þess að of naumt væri skammtað til velferðar- og menntamála. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar mun klárlega torvelda gerð kjarasamninga á komandi misserum.



HRINGFERÐIR ASÍ 2018

Til að undirbúa 43. þing Alþýðusambands Íslands var ákveðið að halda fundi hringinn í kringum landið þar sem þingið og viðfangsefni þess yrðu kynnt og rædd með stjórnnum, trúnaðarráðum og öðrum áhugasömum félögum og/eda væntanlegum þingfulltrúum aðildarfélaganna. Í þessum tveimur hringferðum, vor og haust 2018, stóð ASÍ fyrir 18 fundum með u.þ.b. 600 einstaklingum úr grasrót verkalýðshreyfingarinnar.

Fyrri hringferðin samanstóð af 10 fundum sem haldnir voru frá 3. maí til 6. júní. Fundir fyrri hringferðarinnar voru haldnir á Akureyri, Sauðárkróki, Ísafirði, Selfossi, Borgarnesi, Reykjanesbæ, Reyðarfirði og í Reykjavík.

Seinni hringferðin samanstóð af 8 fundum sem haldnir voru frá 4.–17. september. Fundir seinni hringferðarinnar voru haldnir á Húsavík, Sauðárkróki, Ísafirði, Selfossi, Borgarnesi, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum og í Reykjavík.

Viðfangsefni þingsins eru römmuð inn undir fimm fyrirögnum: Tekju-skipting og jöfnuður, jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs, tækniþróun og skipulag vinnunnar, heilbrigðisþjónusta og velferð og húsnæðisöryggi.

Yfirskrift 43. þings Alþýðusambands Íslands er **Sterkari saman** og viðfangsefnið í hnotskurn: *Hvert er erindi Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar?*


Á þessum 18 fundum hefur verið fjallað um þau verkefni og áskoranir sem Alþýðusambandið, aðildarfélögin og launafólk standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig á að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalýðshreyfingarinnar.

Megintilgangur fundanna var að auðvelda þátttakendum að tjá sig um það sem á þeim brennur, kynna þeim viðfangsefnið og gera þeim kleift að koma með ábendingar og tillögur að áherslum og aðgerðum af hálfu Alþýðusambandsins og aðildarfélaganna. Notast var við fundarform sem byggir á sem mestri virkni fundarmanna.

Hópastarfið á fundunum hefur verið með þeim hætti að hvert borð ræðir saman um viðfangsefnið og kemur sér saman um þrjá til fimm miða með þeim áherslum og ábendingum sem félagar við borðið vilja koma á framfæri og hengja upp á töflu. Að lokum er þeim atriðum sem öll borðin hafa komið á framfæri forgangsraðað af fundarmönnum. Engu að síður hafa allir miðar verið skráðir og þeir birtir á vef þingsins ásamt myndum frá vinnunni: <http://www.asi.is/thing2018/>

Með þessu er reynt að brjóta aðeins upp hópastarfið, í stað þjóðfundafyrirkomulagsins er um að ræða heldur frjálsum hringborðsvinnu.

Unnið hefur verið úr tillögum fundanna og samþykkti miðstjórn að vísa úrvinnslu efnisins til efnislegrar meðferðar í málefnanefndum ASÍ. Mál-efnanefndirnar hafa lagt drög að stefnuyfirlýsingum og aðgerðaráætlunum fyrir miðstjórn sem byggja á niðurstöðum fundanna og vísar miðstjórn efninu til frekari umfjöllunar og afgreiðslu til þingsins.



EFNAHAGSMÁL

Hlutfallsleg breyting	Helstu kennitölur							
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Einkaneysla	-0,3	2,6	2,0	0,8	3,2	4,7	7,1	7,8
Samneysla	-3,7	-0,1	-1,8	1,0	1,7	1,0	2,3	2,6
Fjármunamyndun	-8,6	11,6	5,3	2,2	16,5	18,7	22,5	9,3
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-1,9	23,8	7,9	-2,1	17,9	30,2	26,4	4,3
<i>þar af húsnæði</i>	-18,0	5,4	6,9	10,8	15,4	-3,2	26,4	21,6
<i>þar af hið opinbera</i>	-17,5	-16,0	-6,1	12,1	12,5	-2,6	-0,1	23,4
Þjóðarútgjöld	-2,5	3,4	1,7	0,6	5,5	6,3	9,0	6,8
Útflutningur	1,0	3,4	3,6	6,7	3,2	9,2	10,9	4,8
Innflutningur	4,4	6,8	4,6	0,1	9,8	13,8	14,5	11,9
Landsframleiðsla	-3,6	2,0	1,3	4,3	2,2	4,3	7,5	3,6
Launavísitala	4,8	6,8	7,8	5,7	5,8	7,2	11,4	11,4
Kaupmáttur launa	-0,7	2,6	2,6	1,7	3,7	5,5	9,5	5,0
Verðbólga ¹	5,4	4,0	5,2	3,9	2,0	1,6	1,7	1,8
Atvinnuleysi ²	7,6	7,1	6,0	5,4	4,9	4,0	3,0	3,0
Gengisvísitala ³	216,0	217,0	222,0	219,0	207,0	201,0	180,0	160,0
Vöru- og þjónustu jöfnuður ⁴	10,1	8,4	6,1	7,4	6,4	7,0	6,6	4,1

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Hægir á vexti


Það hægði á vexti efnahagslífsins á síðasta ári eftir mikinn uppgang á árinu 2016. Hagvöxtur var 3,6% árið 2017 en hafði verið 7,5% árið á undan. Mikill vöxtur neyslu heimilanna á síðasta ári studdi við hagvöxt á síðasta ári en einkaneysla jókst um 7,8% eða um 0,7 prósentustigum meira en árið áður. Þetta er mesta aukning einkaneyslu frá hruni og skýrist af betri fjárhags- og skuldastöðu heimila. Hagdeild gaf út tvær hagspár á síðasta ári og hefur prónunin ekki verið ólík þeirri sviðsmynd sem þar er dregin upp. Í bæði vor- og haustspá síðasta árs var gert ráð fyrir að hægja myndi á örum vexti efnahagslífsins m.a. vegna hægari fjölgunar ferðamanna og minnkandi fjárfestinga atvinnuveganna.

Þó dregið hafi úr hagvexti milli ára telst hann mikill á alþjóðlega mælikvarða. Prónunin hefur heldur ekki verið óvænt og skýrist af minna framlagi helstu drifkrafta núverandi uppsveiflu en á síðasta ári fóru að sjást merki um hægari fjölgun erlendra ferðamanna með tilheyrandi áhrifum á fjármunamyndun og útflutning. Ferðamönnum hafði fjölgað um nær 40% árið 2016 en vöxturinn varð minni eftir því sem leið á 2017. Yfir árið í heild fjölgaði ferðamönnum um 24% á síðasta ári en þar af einungis 11% á fjórða ársfjórðungi.

Efnahagslegar aðstæður voru um margt góðar á árinu 2017, verðbólga var undir markmiði Seðlabankans fjórða árið í röð, atvinnuþátttaka mikil og atvinnuleysi lítið. Þjóðarútgjöld jukust um 6,8% á síðasta ári sem telst umtalsverður vöxtur þó hann hafi dregist saman milli ára. Aukin einkaneysla skýrir vöxtinn að miklu leyti en milli ára hægði töluvert á vexti fjármunamyndunar. Fjárfesting atvinnuveganna jókst einungis um 4,3% milli ára en fjárfesting bæði í íbúðum og hjá hinu opinbera jókst hins vegar um yfir fimmting milli ára. Sé rýnt í fjármunamyndun síðasta árs, má sjá að áhrif ferðaþjónustu eru minni en árið 2016 þegar mikil aukning var í fjárfestingu á flugvöllum, í samgöngutækjum.

Hægir á fjölgun ferðamanna


Brottfarir erlendra ferðamanna á mánuði - meðaltal



Frá árinu 2010 hefur fjöldi ferðamanna sem heimsótt hefur Ísland farið úr því að vera 454 þúsund í 2,2 milljónir árið 2017. Fjölgunin hefur haldist í hendur við stækkun og útbenslu íslenskra flugfélaga, Icelandair og WOW air sem hafa stækkað flugflota, lækkað fargjöld, fjölgað áfangastöðum og byggt upp samgönguleið yfir Atlantshafið með stoppi á Keflavíkurflugvelli.

Mikill vöxtur ferðaþjónustunnar undanfarin ár gerir það einnig að verkum að ferðaþjónustan er sem stendur einn stærsti óvissuþátturinn í íslensku efnahagslífi. Styrking gengis krónunnar hefur gert Ísland að dýrari áfangastað en þó hægt hafi á fjölgun ferðamanna hefur fækkun ekki gert vart við sig enn. Þó ekki hafi fækkað í fjölda þá má sjá að ferðamenn hafa stytt dvalarlengd á Íslandi ásamt því að eyða minna hér á landi. Vísbendingar eru einnig um að ferðamenn kunni að vera að ferðast skemur innanlands, sem dregur úr ásókn í gistingu og þjónustu á landsbyggðinni. Þó líklegt sé að greinin færist í átt að jafnvægi er heldur ekki hægt að útiloka að fækkun geti átt sér stað en ljóst er að slík þróun geti haft áhrif víðs vegar um hagkerfið eftir því hvert umfangið verður. Umræða um stöðu íslensku flugfélaganna hefur einnig orðið háværari undanfarin misseri en þrátt fyrir mikla fjölgun farþega og aukna nýtingu eru flugfélögin í mikilli samkeppni sín á milli ásamt því að keppa við erlend flugfélög. Erfitt getur því reynst að hækka fargjöld án þess að tapa nýtingu og hækkan olíuverðs getur því fljótt haft neikvæð áhrif á rekstur flugfélaganna.

Verðbólga, gengi og vextir




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðlag hefur verið stöðugt undanfarin ár og í febrúar 2018 hafði verðbólga verið undir markmiði Seðlabankans samfellt í fjögur ár. Öðru fremur mátti rekja lækkan verðbólgu til styrkingar á gengi krónunnar á undanförunum árum

ásamt hagfeldri þróun olfu- og hrávöruverðs en einnig mætti telja upp afnám tolla og vörugjalda og aukna samkeppni á matvörumarkaði með tilkomu Costco sem dæmi. Á móti hefur þróun húsnæðisverðs haft mikil áhrif á vísitölu neysluverðs sökum mikilla hækkana á húsnæðisverði á síðasta ári. Um mitt síðasta ár var verðbólga 1,8% en væri horft framhjá áhrifum húsnæðis ríkti verðhjöðnun um 3,1%. Ákveðinn viðsnúningur hefur orðið frá þeim tíma en dregið hefur úr hækkunum húsnæðis undanfarin misseri og dregið úr lækkunum á öðru verðlagi. Fyrir vikið sveiflast verðbólga nú í kringum markmið Seðlabankans, mælist um 2,7%, eða 1,4% ef horft er framhjá húsnæðisliðnum.

Ársbreyting verðlags




Heimild: Hæstofa Íslands

Líkt og sést að ofan hafa ekki orðið stórar breytingar á sjálfri verðbólgunni en þróun á undirlíðum, þ.e. drifkröftum verðbólgunnar, hefur tekið þó nokkrum breytingum. Dagvara hefur hækkað lítillega undanfarið ár og áhrif af opnun Costco og styrkingar krónunnar fara nú dvínandi í mælingum. Áhrif húsnæðisverðs hafa einnig minnkað en á síðasta ári hafði húsnæði hækkað um 19% í vísitölunni en ári síðar var hækkunin tæplega 6%. Á móti fara fleiri undirlíðir hækkaði líkt og sést í hækkunum á innlendum og innfluttum vörum. Viðsnúningur á heimsmarkaðsverði olfu hefur einnig komið fram í mælingum VNV en í júlí á síðasta ári hafði bensínverð farið lækkandi um 4% milli ára en árshækkunin nemur um 16% á sama tíma á þessu ári.

Þrátt fyrir hóflega verðbólgu hafa stýrivextir mest megnis verið óbreyttir undanfarin misseri og peningastefnunefnd Seðlabankans séð ástæðu til að halda uppi peningalegu aðhaldi. Þannig kemur fram í yfirlýsingu nefndarinnar í maí síðastliðnum, „*Horfur eru á minnkandi spennu í þjóðarþúskapnum. Eigi að síður er áfram þörf fyrir peningalegt aðhald til að halda aftur af örum vexti innlendarar eftirspurnar. Dregið hefur úr hættu á ósjálfbærum launahækkunum til skamms tíma litið en undirliggjandi spenna á vinnumarkaði er enn til staðar.*“

Húsnæðismarkaður

Þróun húsnæðisverðs



Húsnæðisverð hafði hækkað gríðarlega hratt í lok ársins 2016 og í byrjun árs 2017 voru áhyggjur um að fasteignabóla væri að myndast. Í byrjun árs 2017 hafði fasteignaverð hækkað um yfir fimmtung milli ára og langt umfram þróun annarra hagvísna. Þróunin skýrðist af mörgum þáttum, en bætt fjárhagsstaða heimila, ásókn fjárfesta í leiguhúsnæði, mannfjölgun og hagfelld þróun vaxta ýtti undir aukna eftirspurn á sama tíma og lítið hafði verið byggt af húsnæði um langt skeið. Þróunin hlaut þó nokkra umfjöllun á síðasta ári og tilefni til viðvörunarorða m.a. frá Íbúðalánasjóði. Í spá hagdeildar frá hausti 2017 sagði m.a.: „Í síðustu spá hagdeildar var varað við hættunni ábólumyndun á húsnæðismarkaði en við útgáfu hennar hafði húsnæðisverð hækkað um tæp 23% milli ára. Frá þeim tíma hefur dregið mjög úr hækkunum. Á næstu misserum eru forsendur fyrir því að draga muni úr þenslu á húsnæðismarkaði eftir því sem fjölgun nýbygginga matir mikilli eftirspurn. Fátt bendir hins vegar til þess að lækkun húsnæðisverðs sé í kortunum.“ Sú þróun virtist að mörgu leyti raungerast en verulega dró úr hækkunartakti eftir því sem leið á síðasta ár þegar dró úr veltu og meðalsölutími fór loks að lengjast. Í maí síðastliðnum nam árshækkun húsnæðis 4,6%, eða einungis 2,5% að raunvirði og markaðurinn því óðum að færast í eðlilegra horf.

Mikil umræða hefur átt sér stað um þróun á leigumarkaði undanfarin misseri og margar vísbendingar eru um erfiða stöðu einstaklinga á leigumarkaði. Á leigumarkaði eru 50 þús⁵. einstaklingar búsettir, ekki einungis ungt fólk, heldur líka tekjulágir og aðfluttir. Mikill fjöldi erlends launafólks býr nú og starfar á Íslandi og var sérstaklega fjallað um þá þróun og áskoranir þess hóps í skýrslu Hagdeildar sem kom út fyrr í vor.⁶ Þar var bent á að 70% erlendra félagsmanna Flóabandalagsins séu á leigumarkaði samanborið við 25% íslenskra félagsmanna. Þar var einnig vakin athygli á að pólskir félagsmenn borgi meira fyrir húsnæði en íslenskir.

5 ÍLS <https://www.ils.is/library/1-Forsidumyndir/Stadan-a-husnaedismarkadi/Ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur%20vi%C3%B0horfsk%C3%B6nnunar.pdf>
6 <http://www.asi.is/media/314075/ny-vinumarkadsskyrsla-2018.pdf>

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur hlutfall leigjenda á húsnæðismarkaði vaxið úr 22% árið 2014 en hafði verið 14,7% áratugi áður⁷. Samkvæmt gögnum Íbúðalánasjóðs er hvergi á Norðurlöndum stærri hópur sem býr við þþngjandi húsnæðiskostnað en á Íslandi, eða yfir 50% af ráðstöfunartekjum. Sami hópur nær síður að safna sparifé og hefur því síður tók á að geta keypt húsnæði. Staða húsnæðiseigenda er ekki að öllu sambærileg, en þar ræður miklu hvenær eign var keypt. Stór hluti húsnæðiseigenda hefur notið góðs af bættri eiginfjárstöðu undanfarin ár og með endurfjármögnun getað lækkað greiðslubyrði af lánunum. Leigjendur búa einnig við erfiða stöðu, lítinn fyrirsjáanleika og lítið húsnæðisöryggi og hafa þurft að mæta hækkun leiguverðs sem hækkaði um tæplega 70% frá árinu 2012. Á sama tímabili hafa laun hækkað að meðaltali um 56,9%. Þetta er ein af ástæðum að það sé stór hópur, þ.e. leigjendur, sem hefur ekki upplifað bætt lífskjör undanfarin ár, þrátt fyrir hagfella launaþróun.

Ríkisfjármál

ASÍ gagnrýndi þróun ríkisfjármála í umsögnum sínum á þessu og síðasta ári. Í umsögn um fjármálastefnu frá því í janúar 2018 segir m.a.:

...tvísýnt hvort að sú fjármálastefna sem hér er sett fram muni styðja við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á komandi árum sökum þeirra annmarka sem á henni eru. Samkvæmt stefnunni á fyrst og fremst að auka útgjöld með því að draga úr afgangi af ríkisrekstrinum á sama tíma og dregið er úr tekjuöflunaráformum fyrri ríkisstjórnar. Hætt er við áform um að færa ferðaþjónustutengda starfsemi í efra þrep virðisaukaskatts og fyrirhugaðar eru frekari skattalækkanir. Engin áform virðast hins vegar uppi um að styrkja tekjugrunn ríkisins til frambúðar til að standa undir auknum útgjöldum. Ríkisstjórnin ætlar því að draga úr aðhaldi í opinberum fjármálum og getu þeirra til að standa undir útgjöldum til frambúðar. Hætt er við því að ef hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld og við blasir niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna. Einn helsti veikleiki stefunnar er að í hana vantar greiningu á hagsveifluleiðrétum frumtekjum og frumgjöldum sem veldur því að ekki er hægt að meta aðhaldsstig hennar með fullnægjandi hætti. Þó er ljóst að aðhaldsstigið fer minnkandi og sjálfvirk sveiflujöfnun er veikt. Líkt og fjármálaráð bendir á, vaxa bæði tekjur og gjöld í takt við vöxt í vergri landsframleiðslu.“

Fjármálaáætlun var lögð fram í kjölfar stefunnar að vori. Ljóst er að útlit var fyrir hægari vöxt efnahagslífsins þegar fjármálaáætlun var lögð fram en í fjár-

⁷ Skv. tölum Hagstofunnar.

málaáætlun var að mörgu leyti gengið út frá bjartsýnum forsendum. Í umsögn ASÍ sagði m.a.: „*Sú sviðsmynd er vissulega fyrir hendi að óvænt áföll leiði til neikvæðari þróunar en spár gera ráð fyrir. Í slíkri sviðsmynd yrði einkaneysla mögulega minni og atvinnuleysi meira með tilheyrandi áhrifum á afkomu ríkisins, m.a. tekju- og virðisaukaskatts. Þess ber að geta að engin tilraun er gerð til að meta áhrif af slíku fráviki í fjármálaáætlun né heldur gerð grein fyrir því hvernig stjórnvöld hyggist bregðast við.*“ Í áætluninni voru einnig boðaðar skattalækkunar en gert var ráð fyrir því að samanlögð áhrif þeirra breytinga séu um 7,2 milljarðar kr. til lækkunar á tekjum ríkisins. Heildaráhrif allra breytinga á tekjuhlíð eru áætluð um 25 milljarðar kr. til lækkunar þegar þær hafa allar komið til framkvæmda árið 2023.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og verslunareigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkunar. Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeirri vöru og þjónustu sem vegur hvað þýngst í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru vega því þungt hjá Verðlagseftirlitinu enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Aðrir útgjaldaliðir sem Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að kanna eru bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkostnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir frístundaheimili, skólamat og leikskólagjöld en allt eru þetta liðir sem vega þungt í útgjöldum heimilanna og skiptir máli að fylgjast með.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 31. ágúst 2017 til 1. september 2018, eru eftirfarandi:

6 verðkannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um land allt


- 1 könnun á fiskmeti
- 1 könnun á páskaeggjum
- 1 könnun á umfelgun
- 1 könnun á bílatryggingum
- 1 könnun á sumarnámskeiðum fyrir börn
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar að auki hefur Verðlagseftirlitið gert eftirfarandi úttektir á opinberum gjöldum:

- 1 úttekt á breytingum á fasteignagjöldum 2017-2018
- 1 úttekt á leikskólagjöldum
- 1 úttekt á skóladagvistun og skólamat

Costco áhrifin ekki eins mikil og væntingar stóðu til um

Opnun Costco fékk mikla athygli og væntingar um að koma verslunarkeðjunnar myndi hafa áhrif á samkeppni hér á landi og lækka vöruverð. Ef að þróun á vísitölu neysliverðs er skoðuð sést að verð á mat- og drykkjarvöru tekur dýfu um leið og tilkynnt er um komu Costco í ágúst 2016. Verðið hélt áfram að lækka í aðdraganda opunarinnar og tekur svo meiri dýfu niður á við þegar verslunin er opnuð í maí 2017. Verð heldur áfram að lækka fram á haust 2017 en svo virðist sem jafnvægi hafi komist á markað þegar Costco hafði komið sér fyrir á markaðinum og fyrirtækið hafi aðlagð sig að þeim fákeppnismarkaði sem er hér á landi en verð á matvöru tók aftur að hækka í október 2017. Í dag er verð komið aftur í það sem það var áður en verslunin var opnuð og virðast áhrifin af opnuninni ekki hafa verið jafn mikil á verðlag til lengri tíma og vonast var eftir. Á línuritinu hér að neðan má sjá verðþróun á mat- og drykkjarvöru frá árinu 2016 til dagsins í dag og þar sjást framangreindar dýfur mjög greinilega.



(Heimild: Hagstofan)

Þá geta fleiri þættir hafa haft áhrif á verðlag á sama tíma, eins og gengisbreytingar. Verðstöðugleiki hefur verið meiri síðustu ár en Íslendingar eiga almennt að venjast og ekki urðu miklar breytingar á því á þessu ári þó verðbólga hafi farið aðeins yfir markmið Seðlabankans í byrjun sumars. Ef einstaka liðir eru skoðaðir í vísitölu neysliverðs sést að mat- og drykkjarvörur hafa hækkað um 2,7% í verði þrátt fyrir komu Costco og þá hefur bensín- og olíuverð hækkað um 12,6% á einu ári. Þættir eins og bankakostnaður og önnur fjármálaþjónusta hefur einnig hækkað og sömuleiðis tryggingar en báðir markaðirnir einkennast af fákeppni. Einhverjir þættir hafa þó lækkað í verði og þar ber helst að nefna fatnað sem hefur lækkað um 7,2% á síðasta

ári og töluvert meira ef litið er lengra aftur í tímann. Þar spilar inn í að meiri samkeppni er á markaði en aukning í netverslun og tíðari ferðir til útlanda gera það að verkum að innlend fyrirtæki eru í meiri samkeppni við erlend sem hefur þessi jákvæðu áhrif á verðþróun. Þá hafa símtæki og símaþjónusta lækkað töluvert í verði en farsímaþjónusta hefur lækkað um 37% í verði síðastliðið ár og símtæki um 9,6%. Þrátt fyrir nokkurn verðstöðugleika er mikilvægt að vera á verði gagnvart verðhækkunum og mun Verðlagseftirlitið halda áfram að fylgjast grannt með.

Dæmi um verðlækkunar og verðhækkunar á tímabilinu ágúst 2017- ágúst 2018

01	Matur og drykkjarvörur	2,7%
011	Matur	2,6%
0312	Fatnaður	-7,2%
0722	Bensín og olíur	12,6%
125	Fjármálaþjónusta ó.t.a.	5,5%
12511	Bankakostnaður	4,3%
12512	Greiðslukort	7,1%
0812	Símtæki	-9,6%
081312	Farsímaþjónusta	-37,1

(Heimild: Hagstofan)

Breytingar á Verðlagseftirlitinu

Verðlagseftirlitið er einstakt sinnar tegundar og er gríðarlega mikilvægt aðhaldstæki við fyrirtækin í landi á þeim fákeppnismarkaði sem ríkir í miklum mæli hér á landi. Verðlagseftirlit ASÍ hefur ávallt vakið eftirtekt og þakklæti hjá almenningi og hafa fréttir Verðlagseftirlitsins verið þær mest lesnu af fréttum Alþýðusambandsins. Á því hefur ekki orðið nein breyting en hins vegar hafa orðið miklar breytingar á fjölmiðlun síðustu ár sem hefur breytt því umhverfi sem Verðlagseftirlitið starfar í. Upplýsingamiðlun fer orðið fram á fleiri stöðum en áður fyrr og eru það þá helst samfélagsmiðlar sem hafa skipað sér stóran sess í fjölmiðlalandslaginu og breytt neyslu almennings á fréttum og upplýsingum almennt. Fjölmiðlum hefur fjölgað, almenningur fær fréttir og upplýsingar frá fleiri stöðum en áður, athygli almennings er dreifðari og erfiðara er að ná í gegn í því gríðarlega flóði upplýsinga sem almenningur er berskjaldaður fyrir á degi hverjum. Þá notar fólk fjölmiðla á mismunandi hátt, sumir treysta á samfélagsmiðla til að fá fréttir á meðan aðrir hlusta aðallega á útvarp eða lesa fréttir. Til þess að ná til breiðs hóps og sem flestra er því mikilvægt fyrir Verðlagseftirlitið að vera á sem flestum stöðum. Þannig eru

meiri líkur á að neytendur fái nauðsynlegar upplýsingar um verðlag og aðhald við markaðinn verður meira og sterkara. Hingað til hefur ASÍ deilt fréttum Verðlagseftirlitsins á sinni Fésbókarsíðu en nú verður breyting þar á þar sem opnuð verður sérstök Fésbókarsíða tileinkuð Verðlagseftirlitinu. Markmiðið með þessu er:

- Að styrkja „vörumerki“ Verðlagseftirlitsins þannig að fleiri þekki það og taki eftir þegar kannanir eru birtar
- Að virkja neytendur – neytendur verði þátttakendur í verðlagseftirlitinu
- Að auka verðvitund hjá neytendum og umræðu um verðlag í samfélaginu
- Að þær kannanir sem eru gerðar nái til fleira fólks og hafi lengri líftíma í umræðunni

Mikilvægt er að Verðlagseftirlitið sé sem allra sterkast en þannig hefur það mest áhrif og mikilvægt er að leita allra leiða til þess að auka vægi þess og er þetta stór liður í því.



KJARAMÁL

Endurskoðun kjarasamninga

Þegar líða tók á haustið 2017 var ljóst að skiptar skoðanir voru innan ASÍ um viðbrögð. Við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2017 var ákveðið að fresta viðbrögðum við þeim forsendubresti sem þá varð til loka febrúar 2018, enda samþykkti ríkisstjórnin að auka við fjármagn sem færi til niðurgreiðslu á félagslegu íbúðarhúsnæði og tryggja hlut almenns launafólks í þeim framkvæmdum. Þessi niðurstaða frá febrúar 2017 lagði að mestu grunninn að þeirri endurskoðun kjarasamninga sem hófst formlega þegar líða tók á febrúar 2018, en jafnframt var forsenda um hækkun kaupmáttar sem ljóst var að hafði ekki staðist.

Við endurskoðunina komu því til skoðunar þeir kjarasamningar sem gerðir höfðu verið frá því í febrúar 2017 ásamt því að úrskurðir kjararáðs voru iðulega langt umfram þá launastefnu sem mörkuð var með rammasamkomulaginu. Hins vegar var ljóst að stórir hópar háskólamanna hjá ríkinu höfðu ekki lokið við gerð kjarasamninga og voru með kröfugerð sem tók mið af kjararáði fremur en rammasamkomulaginu. ASÍ var þeirrar skoðunar að ef þessir hópar hefðu ekki lokið kjarasamningi fyrir lok febrúar væri það í sjálfu sér forsendubrestur, því það bæri ekki vott um sátt á vinnumarkaði.

Um áramótin hafði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra frumkvæði að

Því að boða til fundaraðar með fulltrúum heildarsamtaka á vinnumarkaði til þess að hefja undirbúning að kjaraviðræðum, hvort sem það yrði á vor-mánudum 2018, yrði kjarasamningum sagt upp, eða í árslok þegar þeir renna sitt skeið (sjá umfjöllun um það á öðrum stað). Þó það hafi verið eindregin afstaða fulltrúa ASÍ á þessum fundum, að þeir væru ekki liður í endurskoðun kjarasamninga, er því ekki að neita að ákveðinn hluti þeirra samtala tengdust endurskoðuninni, einkum staða Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa ásamt húsnæðismálum.

Ljóst var í janúar að mjög skiptar skoðanir voru í bæði samninganefnd ASÍ og meðal forystumanna í hreyfingunni. Við þessar aðstæður viðraði forseti það sjónarmið sitt, að í ljósi stöðunnar innan Alþýðusambandsins og þeirra átaka og ólíku sjónarmiða sem uppi væru væri skynsamlegt að reyna að koma málum þannig fyrir að ákvörðunin um uppsögn eða ekki uppsögn kjarasamninga verði færð sem næst félögunum sjálfum, annaðhvort með því að færa ákvörðunina í hendur samningseininganna sem sömdu við SA eða beint til aðildarfélaganna sjálfra. Með þeim hætti verði það hvers aðila fyrir sig að meta þá kosti sem eru í stöðunni og taka ákvörðun á þeim grunni. Þá geti þeir sem vilja segja upp gert það og látið reyna á hverju þeir geti náð á meðan þau félög þar sem ekki er vilji til uppsagnar geti haldið sínu striki og tryggt sínum félagsmönnum þær hækkanir sem fram undan voru. Fékk þetta sjónarmið almennt nokkurt fylgi ef það væri framkvæmanlegt. Til að svo gæti orðið þyrfti að ná samkomulagi við SA um að breyta fyrirkomulaginu varðandi uppsögn samninganna, þar sem ákvörðunin var í höndum samninganefndar ASÍ þar sem valið stendur um að segja samningnum upp sem gildir þá fyrir öll aðildarfélögin eða að segja honum ekki upp sem hefur á sama hátt almennt gildi. Til þess að segja upp samningum þarf meirihluta bæði í samninganefndinni og jafnframt þarf samanlagður félagsmannafjöldi þeirra að mynda meirihluta.

Í samtölum við SA var fljótlega ljóst að þeir höfðu ekki áhuga á því að um skipta niðurstöðu yrði að ræða, þ.e. að sum sambönd eða félög gætu sagt upp en önnur ekki. Hins vegar gerðu þau ekki athugasemd um það með hvaða hætti þessi niðurstaða yrði fengin. Í ljósi þessa lagði forseti til í samninganefnd ASÍ að boðaður yrði formlegur formannafundur innan ASÍ og að samninganefndin myndi framkalla bindandi atkvæðagreiðslu meðal formanna aðildarféлага og deilda landssambanda á grundvelli ákvæða laga ASÍ um vegna atkvæðagreiðslu og var það samþykkt. Gerðu samböndin og félögin með beina aðild með sér eftirfarandi samkomulag um málsmeðferð:

**Samkomulag aðildarsamtaka ASÍ um
atkvæðagreiðslu á formannafundi um uppsögn kjarasamninga**

Aðildarsamtök ASÍ, sem aðild eiga að samninganefnd ASÍ vegna kjarasamninga félaganna við Samtök atvinnulífsins frá 2015 og eru til endurskoðunar núna í febrúar 2018, hafa orðið sammála um að kalla eftir skuldbindandi atkvæðagreiðslu um uppsögn kjarasamninga skv. 2.mgr. 39.gr. laga ASÍ á sérstökum fundi formanna aðildarfélaga og deilda landsambanda, sem haldinn verður miðvikudaginn 28. febrúar.

Þetta felur það í sér að ef meirihluti fundarmanna sem fara með atkvæði á fundinum og meirihluti þess atkvæðavægis sem að baki þeim standa samþykkir tillögu um uppsögn kjarasamninga, mun samninganefnd ASÍ gera þá niðurstöðu sem í atkvæðagreiðslunni fæst að sinni.

Í vinnu forsendunefndar kjarasamninganna, en í þeirri nefnd sátu tveir f.h. ASÍ og tveir f.h. SA, náðist ekki samkomulag um túlkun samkomulagsins frá febrúar 2017. Fulltrúar SA töldu að þorri þeirra samninga sem gerðir hafi verið frá þeim tíma hafi verið á forsendum rammasamkomulagsins á meðan fulltrúar ASÍ töldu að ljóst væri að engin sátt væri um að gera rammasamkomulagið að grundvelli kjarasamninga og að einstaka samningar hefðu verið umfram þann ramma.

Niðurstaða
forsendunefndar ASÍ og SA vegna
endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2018

Forsendunefnd ASÍ og SA, sem starfar skv. kjarasamningum aðila sem gerðir voru á tímabilinu maí til september 2015, hefur tekið til skoðunar tvær forsendur samninganna.

1. Mat á því hvort launastefna og launahækkunar kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA á árinu 2015 hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði

Kjarasamningar aðila, sem gerðir voru á tímabilinu frá maí til september 2015 með viðbótum í kjarasamningi 21. janúar 2016 með vísan í ramma-samkomulag aðila, dagsett 27. október 2015, byggðu á skýrum kostnaðar-ramma og launastefnu. Kostnaðarramminn var samningsbundinn hækkun launakostnaðar að hámarki 32% frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Launastefnan fólst m.a. í sérstakri launahækkun fyrir þá lægst launuðu.

Við endurskoðun samninga í febrúar 2017 var það samdóma niðurstaða forsendunefndarinnar að forsendan um að kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ á árinu 2015 yrðu stefnumarkandi hefði brostið, sbr. undirritað skjal nefndarinnar dags. 28. febrúar 2017.

Samkomulag var milli samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA um að fresta viðbrögðum vegna þess forsendubrests þar til í febrúar 2018. Yrðu samningar sem lausir voru á árinu 2017 í samræmi við gildandi launastefnu myndi uppsagnarheimildin falla niður.

Ekki er eining í nefndinni um niðurstöðu hvað þennan lið varðar.

Afstaða ASÍ

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd telja að frá því að nefndin úrskurðaði síðast í febrúar 2017 hafi ekki náðst almenn sátt um ofangreinda launastefnu og því haldi uppsagnarheimildin gildi sínu.

Afstaða SA

Fulltrúar SA í forsendunefnd telja að þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið undanfarna tólf mánuði séu í samræmi við launastefnu ramma-samkomulagsins og því ekki forsendur fyrir uppsögn kjarasamninga.

2. Aukinn kaupmáttur launa á samningstímanum

Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa íársbyrjun 2018 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga árið 2015 telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

Reykjavík 22. febrúar 2018

Þann 27. febrúar gaf ríkisstjórnin út einhliða eftirfarandi yfirlýsingu sem byggð var á þeim samtölum sem átt höfðu sér stað. Forsætisráðherra tók upp þá nýbreytni að skilyrða þessa yfirlýsingu ekki með neinum hætti ákvörðun formannafundarins um uppsögn kjarasamninga, heldur yrði þessum atriðum hrint í framkvæmd óháð þeirri niðurstöðu.

27. febrúar 2018

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þágu félagslegs stöðugleika í tilefni af mati á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði

Öflugur vinnumarkaður er forsenda efnahagslegrar og félagslegrar velferðar. Ríkisstjórn Íslands lýsir yfir vilja sínum til að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að því markmiði að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu og vaxta og stöðugs gengis með félagslega velferð að leiðarljósi.

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis frá 30. nóvember 2017 segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launafólki og samfélaginu raunverulegum ávinningi. Sátt á vinnumarkaði er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi og skapa þannig efnahagsleg skilyrði til lægra vaxtastígs og bættra lífskjara.

Samtal stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hófst í desember sl. Fundir hafa verið haldnir um einstök mál, svo sem félagslegar undirstöður, vinnumarkaðstengda sjóði og fjármögnun þeirra, menntamál, efnahagsmál, kjararáð og undirstöður launatölfraði. Á grunni þessa samtals hefur eftirfarandi vinna verið unnin:

- **Kjararáð.** Nefnd var skipuð um kjararáð og hefur hún lokið störfum. Niðurstaða nefndarinnar var að hverfa ætti frá því að úrskurða í kjararáði um laun þjóðkjörinna fulltrúa, ædstu embættismanna, ráðherra og annarra sem undir ráðið heyra. Laun þjóðkjörinna fulltrúa og dómara skyldu ákveðin í lögum og endurskoðuð árlega með einfaldri viðmiðun. Þá fór nefndin yfir valkosti við að jafna þróunina á tímabili rammisamkomulags á vinnumarkaði á milli þeirra sem standa utan og innan kjararáðs.

- **Þjóðhagsráð.** Forsætisráðherra hefur lagt fram tillögu til aðila vinnumarkaðarins um að útvíkka hlutverk ráðsins til að tryggja samhengi og jafnvægi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika í umræðu um stjórn opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála.

- **Launatölfræði.** Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um nauðsyn þess að gera umbætur á úrvinnslu og nýtingu tölfræðiupplýsinga um laun og undirbúa upptöku launaupplýsinga frá öllum launagreiðendum að norski fyrirmynd. Stofnaðar verða tvær nefndir um bættu launatölfræði.

1. Ábyrgðasjóður launa

Stjórnvöld eru reiðubúin til að hækka hámarksfjárhæð mánaðarlegra greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa án þess að samtímis sé hreyft við því gjaldi sem greitt er til sjóðsins. Hámarksgreiðsla er nú 385 þús. kr. á mánuði vegna launamissis í allt að 3 mánuði, auk tryggingar á greiðslu orlofs allt að 617 þús. kr. Hámarksgreiðsla á mánuði verður 633 þús. kr. og gildir frá 1. júlí 2018.

2. Atvinnuleysistryggingar

Atvinnuleysisbætur verða hækkaðar og stofnað verður til samráðs milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um skilgreiningu á jafnaðargjaldi í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem horft er til sjálfbærni sjóðsins til lengri tíma litið og sveiflujöfnunarhlutverks hans í hagstjórnarlegu tilliti.

Ákvörðun um breytingar á fjárhæðum atvinnuleysistrygginga felur í sér að bætur hækki og verði 90% af dagvinnutekjutryggingu og tekur breytingin gildi frá 1. maí nk..

Sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, velferðarráðuneytis og fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fær það hlutverk að leggja mat á stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera tillögur um þau hlutlægu viðmið sem lögð verði til grundvallar ákvörðun um atvinnuleysistryggingagjald til lengri tíma og yfir hagsveifluna. Sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki til efnahagslegrar sveiflujöfnunar. Í tengslum við þessa vinnu verði hugað að mögulegri styttingu bótatímabilsins í 24 mánuði þannig að það verði sambærilegt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum. Starfshópurinn skal skila af sér í haust.

3. Tekjuskattskerfið

Hafin verður endurskoðun á tekjuskattskerfinu með áherslu á lækkun skattbyrði og mögulegar breytingar á fyrirkomulagi persónuafsláttar og samspili við bótakerfi sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa (lágtekjur og lægri millitekjur). Meðal þess sem skoðað verður er að sett verði á fót heildstætt kerfi er taki jafnt til stuðnings hins opinbera við barnafjölskyldur og stuðnings vegna húsnæðiskostnaðar, hvort heldur er fyrir íbúðareigendur eða leigjendur. Þessi vinna verður undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytis í samstarfi við samtök launþega í því skyni að

sem breiðust samstaða geti náðst um áherslur og endanlegar breytingar. Ætlunin er að ljúka þessari vinnu á haustmánuðum 2018 áður en fjárlög ársins 2019 verða afgreidd.

Stjórnvöld skuldbinda sig til samtals um skattlagningu greiðslna úr sjúkrasjóðum. Kannaðir verði möguleikar á því að tryggja skattleysi slíkra greiðslna til launþega vegna heilbrigðisþjónustu, svo sem sálfræðiþjónustu og tannlækninga, án neikvæðra áhrifa á skattframkvæmd.

4. Fræðslusjóður og Vinnustaðanámssjóður

Gerð verður úttekt á stöðu Fræðslusjóðs og Vinnustaðanámssjóðs með tilliti til skilvirkni og árangurs. Samstaða er um að tryggja verði námsúræði og tækifæri fyrir þá sem litla menntun hafa á vinnumarkaði og að sérstaklega þurfi að tryggja að nám þeirra sem stunda starfs- eða verknám á vinnustað sé í samræmi við skilgreind náms- og færnimarkmið. Ef sýnt er að aukinna fjármuna sé þörf til að tryggja þessi markmið munu stjórnvöld bregðast við því. Þessari vinnu mun ljúka á haustmánuðum 2018 áður en fjárlög ársins 2019 verða afgreidd.

Á fundi formanna aðildarfélaganna og deilda landssambanda innan ASÍ þann 28. febrúar voru kjaramálin rædd ítarlega. Forseti ASÍ fór yfir aðdragandann að fundinum, samskipti við stjórnvöld og þá miklu gremju sem almennt væri í okkar samfélagi og innan okkar raða. Ljóst væri að mjög skiptar skoðanir væru um málið innan okkar raða og því mikilvægt að ræða málin í þaula og freista þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Framhald málsins og staða okkar félagsmanna væri algjörlega háð því að samstaða yrði innan okkar raða um bæði þessa niðurstöðu og næstu skref. Mjög margir kvöddu sér hljóðs á fundinum og gerðu grein fyrir afstöðu sinna stjórna og trúnaðarráða. Engin launung er á því að mikill munur var á nálgun þeirra og engan veginn ljóst hvað yrði ofan á. Í lok umræðunnar sagði forseti sambandsins það sína skoðun að þrátt fyrir að skynsemin segði manni að segja ekki upp kjarasamningum heldur nota tímann til að undirbúa næstu samningalotu væru samskiptin við stjórnvöld með þeim hætti að óhjákvæmilegt væri að segja kjarasamningum upp. Það væri ekki verið að efna þau loforð sem gefin voru og það væri ekki vilji til þess að snúa ákvörðunum kjararáðs við. Að þeim orðum sögðum tók við rafræn atkvæðagreiðsla um hvort segja ætti upp karasamningum eða ekki.

Alls greiddu 49 atkvæði en þeir voru með 79.062 félagsmenn (heilsársstörf) á bak við sig. Niðurstaðan var:

Já, vil segja upp 21 (42,9%)

Nei, vil ekki segja upp 28 (57,1%)

Að baki þessum formönnum voru hins vegar (vægiskosning)

Já 52.890 (66,9%)

Nei 26.172 (33,1%)

Þar með var ljóst að tillaga um að segja samningum upp var ekki samþykkt því til að svo yrði þyrfti meirihluta bæði formanna og fjölda félagsmanna. Var SA gerð grein fyrir þessari stöðu.

Samið um launaþróunartryggingu

Í rammasamkomulaginu frá því í október 2015 var m.a. samið um launaþróunartryggingu milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, en framkvæmd þessarar tryggingar var háð því að lífeyrisréttindin yrðu jöfnuð milli markaða.

Pegar breytingarnar á A-deild LSR tóku gildi sumarið 2017 var ljóst að þessum fyrirvara hafði verið mætt. Því hófust viðræður um útfærslu launaþróunartryggingarinnar og náðist samkomulag um hana í desember 2017. Á þeim grundvelli lá fyrir fyrstu útreikningar á launaþróun milli markaða og lá ljóst fyrir að efna yrði launaþróunartryggingu til starfsmanna ríkis vegna ársins 2017. Var samkomulag undirritað í fjármála- og efnahagsráðuneytinu skömmu fyrir jól. Laun félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkuðu um að meðaltali 1,8% vegna samkomulagsins og laun félaga í BSRB sem starfa hjá ríkinu um 1,3%. Launaþróunartryggingin er afturvirk og gildir frá 1. janúar 2017.

Í rammasamkomulaginu er kveðið á um að launaþróun þeirra sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum verði ekki lakari en á almennum vinnumarkaði. Með því er ætlunin að tryggja að laun opinberra starfsmanna sitji ekki eftir í almennri launaþróun. Samkomulagið er afar mikilvægt gagnvart félagsmönnum ASÍ hjá ríki og sveitarfélögum til að tryggja að launaþróun þeirra verði ekki lakari en á almennum vinnumarkaði.

Horft var til þróunar launa á almenna markaðinum annars vegar og hjá þeim félagsmönnum sem starfa hjá ríkinu hins vegar á tímabilinu nóvember 2013 til nóvember 2016. Laun félagsmanna ASÍ og BSRB, sem starfa hjá sveitarfélögum, höfðu hækkað meira en laun á almenna markaðinum á tímabilinu og kom því ekki til hækunar vegna ársins 2016.

Í mars lágu hins vegar fyrir niðurstöður um launaþróun þessara hópa vegna ársins 2017 og undirritaði forseti ASÍ samkomulag um launaþróunartryggingu til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Laun félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum hækkuðu um að meðaltali 1,4 prósent vegna samkomulagsins og laun félaga ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækkuðu um að meðaltali 0,5 prósent. Launaþróunartryggingin var afturvirk og gildi frá 1. janúar 2018.

Næsta mæling samkvæmt þessu ákvæði verður m.v. nóvember 2018 og

ættu niðurstöður að liggja fyrir snemma á árinu 2019 og ef tilefni er til munu þær breytingar taka gildi m.v. 1. janúar 2019.

Kjararáð lagt niður

Í janúar 2018 skipaði ríkisstjórnin, að höfðu samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði, starfshóp um kjararáð. Hópurinn skyldi bera saman fyrirkomulag um ákvörðun launa hjá kjörnum fulltrúum, dómurum og embættismönnum í nágrannalöndum og leggja fram tillögur að breyttu fyrirkomulagi launaákvæðana kjararáðs, væri annað fyrirkomulag talið líklegra til betri sáttar í þjóðfélaginu til framtíðar um ákvörðun launa þeirra sem stöðu sinnar vegna njóta ekki samningsréttar. Jafnframt skyldi hópurinn taka til skoðunar úrskurði kjararáðs, meta með hliðsjón af launasetningu og launabreytingum þeirra stétta sem samningsfrelsis njóta og þeirri launastefnu sem samið var um við meginþorra launafólks og eftir atvikum leggja fram tillögur um úrbætur. Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, var skipaður í starfshópinn skv. tilnefningu ASÍ. Starfshópurinn hittist á 8 löngum fundum á tímabilinu 23.1 til 14.2 2018 og skilaði þá af sér umfangsmikilli skýrslu að aflokinni mikilli gagnaöflun, bæði í formi skriflegra gagna, útreikninga og heimsókna.

Í niðurstöðum segir m.a. að ákvarðanir kjararáðs hafi ekki verið teknar í tómarúmi og hafi ítrekað valdið uppnámi í samfélaginu þar sem þær hafa ekki samræmst aðstæðum í kjaramálum eða efnahagslífinu almennt. Við þessu hafi verið brugðist með lagabreytingum sem falið hafi í sér bein fyrirmæli til kjararáðs eða almenn ákvæði um að fylgja skuli almennri þróun. Í lögum nr. 47/2006, sem giltu um kjararáð þegar hinar umdeildu ákvarðanir voru teknar árin 2015 og 2016, segði m.a. í 2. mgr. 8. gr. að kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í rammasamkomulagi aðila á vinnumarkaði í október 2015 hafi sú lína verið lögð að kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga yrðu ekki meiri en 32% á bilinu nóvember 2013 til ársloka 2018. Samkomulagið byggist m.a. á því að starfsgreinar eða hópar geti innan þess ramma fengið mismunandi launahækkanir en heildarniðurstaðan skuli vera tryggð. Þá er tekið fram í rammasamkomulaginu að opinberum starfsmönnum verði „tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði“. Með úrskurði kjararáðs, einkum í október 2016, hafi verið teknar ákvarðanir um launabreytingar sem höfðu þá í för með sér hækkanir langt umfram viðmið rammasamkomulagsins. Fyrir lá að þær hækkanir sem um ræðir í úrskurðum kjararáðs væru á bilinu 35–64% á gildistíma rammasamkomulagsins. Aðilar vinnumarkaðarins og ýmsir fleiri telji að þessir úrskurðir kjararáðs hafi farið á svig við sáttina í rammasamkomulaginu og að ríkisvaldið hafi því brugðist þeim skuldbindingum sem það tók á sig með undirritun þess.

Starfshópurinn varð sammála um að leggja kjararáð niður og voru tillögur hennar um hvað í stað þessi skyldi koma eftirfarandi:

1. Horfið verði frá því að úrskurða í kjararáði, eða hjá sambærilegum úrskurðaraðila, um laun þjóðkjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna, ráðherra og annarra sem undir ráðið heyra.
2. Laun þingmanna verði ákvörðuð í lögum um þingfararkaup með fastri krónutölufjárhæð miðað við tiltekið tímamark. Laun ráðherra verði ákveðin með sama hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands. Sama gildi um starfstengdar kostnaðargreiðslur sem jafnframt verði einfaldaðar og gagnsæi þeirra aukið. Laun forseta Íslands verði ákveðin með sambærilegum hætti í lögum um laun forseta Íslands.
3. Kjör dómara verði einnig ákveðin í lögum með fastri fjárhæð. Ríkis-saksóknari nýtur samkvæmt lögum um meðferð sakamála sömu kjara og hæstaréttardómarar.
4. Pau laun sem þannig eru fastsett með lögum verði endurákvörðuð hinn 1. maí ár hvert og gildi óbreytt í eitt ár frá þeim degi.
5. Við endurákvörðun launa samkvæmt lið 4 telur starfshópurinn rökrétt að miða við hlutfallslega breytingu á meðaltali reglulegra launa ríkisstarfsmanna, eins og það birtist í tölum Hagstofu Íslands fyrir næstliðið almanaksár. Hagstofan birti upplýsingar með stuttri greinargerð um breytingu meðaltals reglulegra launa ríkisstarfsmanna eigi síðar en 1. apríl ár hvert.
6. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga um sjálfstæði seðlabanka og fjármálaeftirlits, og hlutverks þeirra í að tryggja fjármálastöðugleika og efnahagslegan stöðugleika er eðlilegt að bankaráð Seðlabankans og stjórn Fjármálaeftirlitsins taki ákvörðun um laun æðstu stjórnenda þeirra.
7. Um aðra sem heyra nú undir kjararáð gildi að meginstefnu samningsréttur um kaup og kjör eða það fyrirkomulag sem ákveðið var í 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hér undir falla einnig biskup Íslands og starfsmenn þjóðkirkjunnar en taka þarf tillit til skuldbindinga ríkisvaldsins gagnvart þjóðkirkjunni í því sambandi.

Starfshópurinn varð hins vegar ekki sammála um hvernig bregðast ætti við útafkeyrslu kjararáðs. Þar kæmu þrír valkostir til greina.

Í fyrsta lagi kæmi til greina ný ákvörðun um lækkun þeirra launa sem kjararáð ákvað til samræmis við rammasamkomulag aðila og endurgreiðsla þeirra launa sem greidd hafa verið á grundvelli þeirra. Starfshópurinn telur að þessi valkostur gangi of langt og feli í sér íþyngjandi afturvirkni sem vart staðist.

Í öðru lagi kæmi til greina ný ákvörðun um lækun þeirra launa sem ráðið ákvað.

Í þriðja lagi kæmi til greina ákvörðun um að laun verði óbreytt í tiltekinn tíma, þ.e. þar til nýtt fyrirkomulag um ákvörðun launa tekur gildi. Um þessa valkosti varð starfshópurinn ekki sammála.

Meirihluti starfshópsins taldi tvo fyrri valkostina ekki koma til greina og taldi að taka bæri þriðja kostinn og leyfa mismuninum þannig að deyjja út. Minnihluti starfshópsins, fulltrúi ASÍ, mælti með því að valkostur tvö, þ.e. um lækun launa, yrði ofan á hvað varðar forseta, ráðherra, þingmenn, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra, eða með öðrum orðum að laun þessara aðila yrðu lækkuð með nýrri ákvörðun. Sá valkostur gengi ekki of langt, væri í samræmi við rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisins frá 27. október 2015, hann stæðist lög og heimildir stjórnvalda samkvæmt stjórnarskrá og þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er bundið af og líklegastur til þess að stuðla að sátt á vinnumarkaði.

Skipan þessa starfshóps og niðurstöður hans urðu ekki í framhaldinu til þess að skapa svigrúm til sáttar við verkalýðshreyfinguna.

Fundir samninganefndar ASÍ

Samninganefnd ASÍ starfar á grundvelli samstarfssamnings aðildarsamtaka ASÍ frá 21.6 2010. Á starfsárinu hittist hún 9 sinnum. Rétt til setu í samninganefnd eiga þeir einstaklingar sem stöðu sinnar vegna skv. 5.gr. laga nr. 80/1938, fara með samningsumboð fyrir þau samtök sem þau eru í forystu fyrir. Nánar er fjallað um efni fundanna undir öðrum köflum skýrslunnar.




ATVINNUMÁL

Mikill uppgangur í efnahagslífinu hefur verið sýnilegur á vinnumarkaði undanfarin ár. Um 241 þúsund manns voru á vinnualdri á síðasta ári (þ.e. 16-74 ára) en af þeim eru um tvö hundruð þúsund einstaklingar virkir á íslenskum vinnumarkaði. Af þeim sem voru á vinnumarkaði voru að jafnaði um 194 þúsund starfandi og um 5.500 atvinnulausir á meðan um 40 þúsund voru utan vinnumarkaðar. Eftir því sem hægir á efnahagslegum umsvifum munu áhrifin sjást á vinnumarkaði og því ekki óeðlilegt að hægt hafi á fjölgun starfandi og atvinnuleysi náð botninum.

Dregið hefur úr mestu spennunni á íslenskum vinnumarkaði og samkvæmt könnun meðal fyrirtækja hefur dregið úr skorti á starfsfólki. Mestur var skortur á starfsfólki frá miðju ári 2016 til 2017 en síðan þá hefur fyrirtækjum sem glíma við skort á vinnuafli fækkað⁸. Í dag telja 72% fyrirtækja að nægt starfsfólk sé að fá í þeirra atvinnugrein en helst eru það fyrirtæki í verslun og byggingariðnaði sem telja meiri þörf á vinnuafli.

8 <https://sa.is/frettatengt/frettir/400-staerstu-skyr-merki-um-hjodnun>


Fjöldi sagt upp í hópuppsögnum



Hópuppsögnum fjölgaði á síðasta ári þegar 632 einstaklingum var sagt upp í hópuppsögnum og hafa þær ekki verið fleiri frá árinu 2011. Flestar voru uppsagnirnar í fiskvinnslu og iðnaði þar sem 366 var sagt upp en þar á eftir í verslun. Meirihluti uppsagnanna var á höfuðborgarsvæðinu en þar á eftir töpuðust störf á Vesturlandi, nánar tiltekið á Akranesi.

Mikill uppgangur í vinnuafsfrekum atvinnugreinum hefur átt stóran þátt í aukinni vinnuafseftirspurn undanfarin ár. Ferðaþjónusta og tengdar greinar hafa þar haft mikil áhrif ásamt mikilli aukningu umsvifa í mannvirkjagerð og byggingariðnaði. Ein birtingarmynd hefur verið mikil fjölgun aðfluttra sem hingað hafa komið til að starfa í m.a. ferðaþjónustu og mannvirkjagerð en einnig í fjölbreyttri annarri þjónustustarfsemi. Á síðasta ári fjölgaði erlendum einstaklingum á vinnumarkaði um 4 þúsund samkvæmt gögnum Vinnuálastofnunar en á sama tíma fækkaði Íslendingum á vinnumarkaði.


Vinnuafli



Fjölgun erlends launafólks hefur haft töluverð áhrif á íslenskan vinnumarkað en sú þróun var sérstakt umfjöllunarefni í skýrslu Hagdeildar, „Íslenskur


vinnumarkaður“, sem gefin var út í mars 2018. Í lok árs 2017 voru erlendir ríkisborgarar 10,9% af íbúum á Íslandi, en til samanburðar voru þeir 6% á hápunkti síðustu uppsveiflu árið 2007. Hlutfallslega fækkaði erlendum ríkisborgurum lítillega í kjölfar efnahagshrunsins en byrjaði smám saman að fjölga aftur um mitt ár 2012 og hefur fjölgað hraðar en nokkru sinni fyrir á síðustu þremur árum; úr 7,5% við byrjun árs 2015 í 10,9% í lok 2017. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara sé nokkuð hærri en Íslendinga, og að erlent launafólk sé a.m.k. 12-13% launafólks á Íslandi. Í skýrslunni var einnig farið yfir niðurstöður spurningakannana aðildarfélagi ASÍ en þær benda til þess að 70% af erlendum félagsmönnum Flóabandalagsins búi í leiguhúsnæði borið saman við 25% íslenskra. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að félagsmenn af erlendum uppruna fái síður húsnæðisstuðning og greiði að jafnaði hærri leigu.

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi Starfandi




Heimild: Hagstofa Íslands

Starfandi einstaklingum fjölgaði þar um rúmlega þrjú þúsund á síðasta ári, eða


um 1,8% milli ára samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar. Er þetta öllu hægari vöxtur en árið 2016 þegar starfandi einstaklingum fjölgaði um tæp 6.900 milli ára, eða um 3,7%. Fjölgunin á síðasta ári var nær eingöngu meðal einstaklinga í fullu starfi en einstaklingum í hlutastarfi fjölgaði einungis um tæplega 300. Tölur frá fyrri hluta þessa árs benda einnig til þess að það sé að draga úr spennu á vinnumarkaði. Tölur Hagstofunnar um fjölda launþega gefa ágætis mynd af því í hvaða greinum störfum hefur fjölgað. Hlutfallslega fjölgaði starfandi mest hjá starfsmannaleigum á síðasta ári þar sem fjöldinn meira en tvöfaldaðist. Fjölgunin var jafnframt mikil í mannvirkjagerð þ.a. um 20% í byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu þar sem starfandi við farþegaflutninga fjölgaði um 20% og um 10% í gistingum og veitingaþjónustu.

Atvinnuleysi



Dregið hefur úr atvinnuleysi á undanförunum árum samhliða fjölgun starfa. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar voru að jafnaði 5.500 einstaklingar án atvinnu á síðasta ári, eða um 300 færri en árið á undan. Atvinnuleysi var hins vegar svipað milli ára, 2,8% á síðasta ári borið saman við 3% árið 2016. Atvinnuleysi samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár, 2,2% á síðasta ári og 2,3% árið. Atvinnuleysi hefur gjarnan verið lægra utan höfuðborgar ef frá eru talin Suðurnes. Atvinnuleysi var þannig 1,1% á Norðurlandi vestra, 1,7% á Vesturlandi og 1,6% á Austurlandi borið saman við 2,2% á höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi atvinnulausra eftir lengd



Heimild: Hagstofa Íslands

Líkt og sést hefur atvinnuleysi haldist nokkuð stöðugt ef litið er á fjölda atvinnulausra eftir lengd. Langtímaatvinnuleysi hefur þannig haldist svipað milli ára en þeim sem hafa verið atvinnulausir lengur en 6 mánuði fjölgaði ekki á síðasta ári. Jafnframt dró úr fjölda þeirra sem hafa verið atvinnulausir í 1-5 mánuði á meðan þeim sem voru án atvinnu skemur en einn mánuð fjölgaði lítillega milli ára.



VELFERÐARMÁL

Ný stefna ASÍ í velferðarmálum

Árið 2003 var mótuð stefna ASÍ í velferðarmálum sem unnin var í nánú samráði við fjöldann allan af fagfólki og hagsmunaaðilum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan stefnan var mótuð og margt í stefnunni hefur breyst. Árið 2003 var mikil áhersla lögð á fjölbreytt rekstrarform og rekstur einkaðila í heilbrigðisþjónustu. Síðustu ár hefur orðið algjör stefnubreyting varðandi t.d. þessa þætti og hefur frekari einkavæðingu heilbrigðiskerfisins verið hafnað. Sumt í stefnunni er þegar orðið að veruleika og nýjar áskoranir hafa tekið við. Mestar breytingar voru gerðar undir liðnum „Áherslur ASÍ“. Þar er áherslunum nú skipt í fjóra flokka; afkomuþryggingu, heilbrigðisþjónustu, barnafjölskyldur og rétturinn til mannsæmandi lífs og að lokum íbúðir fyrir alla.

Mjög margt hefur breyst sl. 15 ár hvað varðar réttindakerfi velferðarkerfisins og breytingarnar á textanum bera þess merki. Margar þessara breytinga má rekja til áralangrar baráttu ASÍ eins og um kostnaðarþak vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja, eflingu heilsugæslu, nýtt greiðsluþátttökakerfi fyrir tannlæknaþjónustu barna, endurskoðun á ellilífeyrirluta almannatrygginga, nýtt atvinnuleysistryggingakerfi, nýtt kerfi starfsendurhæfingar, nýtt kerfi

húsaleigubóta og almenna íbúðakerfið. Ný stefna í velferðarmálum var að lokum samþykkt í miðstjórn í maí 2018. Þar segir m.a.:

Velferðarkerfið skiptir sköpum fyrir lífsgæði launafólks, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild. Velferðarkerfið á að tryggja grundvallarmannréttindi og er forsenda þess að hægt sé að skapa og varðveita félagslega samheldni og þar með frið og samkennd. Velferðarkerfið er óaðskiljanlegur hluti félagslegrar stefnu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, til að varna og vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Velferðarkerfið getur, ef þjóðfélagsleg samstaða næst þar um, dreift félagslegri ábyrgð, aukið mannlega reisn, jafnræði og félagslegt réttlæti. Það er einnig mikilvægt hvað varðar pólitíska þátttöku, valddreifingu og þróun lýðræðisins.

Velferðarkerfi á að hvíla á nokkrum grundvallargildum. Það á að tryggja öllum ákveðin lífsgæði, það á að hvíla á einstaklingsbundnum félagslegum réttindum og þjónustan á að vera góð. Hlutfall hins opinbera í þjónustu á að vera hátt og framkvæmdin á að vera samþætt. Þeir þættir velferðarkerfisins sem líta að réttindum á vinnumarkaði eiga að vera á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins. Velferðarkerfið á að stærstum hluta að fjármagna með skattfé og greiðslum launafólks og atvinnurekenda í samtryggingarsjóði vegna afkomu- og afallatrygginga. Aðilar vinnumarkaðarins eiga að gegna lykilhlutverki við uppbyggingu og skipulag á vinnumarkaði.

Verkalýðshreyfingin lýsir yfir áhyggjum af því að þau grundvallargildi sem velferðarkerfið byggði á, standi í vaxandi mæli höllum fæti og sýnt að sífellt stærri hópar fá ekki þá þjónustu og aðstoð sem nauðsynleg er til að forða þeim frá fátækt og félagslegri einangrun. Auknar tekjutengingar og skilyrðingar útiloka fólk í viðkvæmri stöðu og skapar hjá þeim óvissu um afkomu sína með skelfilegum afleiðingum. Í æ ríkari mæli er aðgangur að þjónustu grundvalladur á tekjum og efnahag. Alþýðusamband Íslands telur að velferðarkerfið eigi að grundvallast á eftirfarandi:

Aðgengi fyrir alla eftir þörfum, en ekki eftir kaupgetu eða efnahag.

Gæðum og góðu eftirliti.

Fjármögnun með réttlátu skattkerfi.

Lýðræði sem tryggir almenningi innsýn og tækifæri til þess að veita stjórnvöldum aðhald.

Til að mæta þessum skyldum velferðarsamfélagsins er mikilvægt að skilgreina hvaða aðilar það eru sem bera beina og óbeina ábyrgð á velferðarkerfinu og hvaða hlutverki þeir eigi að gegna við framkvæmd þess.

Peir aðilar sem koma að málinu eru ríki, sveitarfélög, samtök launafólks, atvinnurekendur, ýmis frjáls félagasamtök og hagsmunahópar notenda.

Áherslur ASÍ:

Félagsmálahluti og heilbrigðishluti velferðarráðuneytisins verði sameinaddir að nýju til að tryggja betur samfellu í stefnumótun á sviði velferðarmála.

Draga verður skörp skil um hvaða eignar- og rekstrarform verði heimilt að nota í velferðarþjónustu.

Þröngir efnahagslegir hagsmunir einkaaðila um að skapa viðskipti og hagnað, mega ekki ógna markmiðum um jafnan aðgang, réttlæti og gæði þjónustunnar.

Komið verði í veg fyrir arðgreiðslur í velferðarþjónustu sem fjármögnuð er með skattfé.

Afkomutryggingar

Afkomuvanda eldri borgara, sem hafa lítinn eða takmarkaðan rétt í lífeyrissjóðum, verði mætt með hækkun ellilífeyris.

Leiðréttta verður vaxandi mun á réttindum lífeyrisþega sem búa einir og þeirra sem búa með öðrum.

Dregið verði úr tekjutengingum almannatrygginga.

Endurskoðun örorkulífeyris almannatrygginga verði flýtt eins og kostur er og réttur öryrkja til almannatrygginga taki mið af því að framfærsluþyrði þeirra er önnur og meiri en t.d. eldri borgara. Komið verði í veg fyrir víxlverkun milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Atvinnuleysisbætur hækki í takt við launabróun.

Tryggja verður atvinnuleitendum starfsendurhæfingu og menntun til þess að treysta stöðu þess á vinnumarkaði.

Fram fari heildarendurskoðun á áfallatryggingum, með það að markmiði að bæta rétt til:

launa vegna langtímaveikinda.

launa vegna veikinda og slysa barna og aðstandenda.

bóta vegna kostnaðar í tengslum við langtímaveikindi.

Tryggt verði í löggjöf að hægt verði að taka upp ný tryggingarsvið á samtryggingargrunni í samningum milli aðila vinnumarkaðarins.

Heilbrigðisþjónusta

Snúið verði af braut einkavæðingar heilbrigðisþjónustunnar.

Sjúkrahúsin verði undir engum kringumstæðum sett undir skilmála markaðskerfisins.

Hlutverk og verkaskipting milli heilsugæslu, sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, umönnunar aldraðra og langveikra og sérfræðipjónustu verði skýrð út frá þeirri grunnhugsun, að heilsugæslan verði fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.

Haldið verði áfram að efla opinbera heilsugæslu.

Verkaskipting milli sjúkrahúsa og sjálfstætt starfandi sérfræðilækna verði endurskoðuð og göngudeildarþjónusta sjúkrahúsa eflað.

Komið verði í veg fyrir að sérfræðilæknar starfi bæði á sjúkrahúsum og einkastofum.

Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri verði falið að sjá íbúum landsbyggðarinnar fyrir þjónustu sérgreinalækna.

Draga verður úr kostnaðarþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja og til lengri tíma skal stefna að gjaldfrjálsri heilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf raunhæfa niðurgreiðslu á ferðakostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Tekið verði upp tilvísanakerfi, þar sem almenningi verði tryggt aðgengi að þjónustu sérfræðinga að undangenginni heimsókn á heilsugæslu og gjöld vegna komu til sérfræðinga verði lækkuð verulega.

Fjölgun sérfræðilækna á samningum verði því aðeins heimilud að hún falli að þörfum og verkaskiptingu í heilbrigðiskerfinu.

Haldið verði áfram að efla geðheilbrigðisþjónustu og sálfræðipjónusta verði í boði innan bæði heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins.

Brýnt er að setja auknið fjármagn í hjúkrunarrými, fjölga þeim og tryggja öruggan rekstur þeirra með því að bæta kjör starfsfólks.

Efla verður almenna öldrunarþjónustu og auka framboð af dagvistar-, endurhæfingar- og hvíldarrýmum.

Efla verður heimaþjónun og almenna heimaþjónustu fyrir aldraða þannig að þeim verði í auknum mæli gert kleift að vera í eigin húsnæði sem lengst, m.a. með því að bæta kjör og menntun starfsmanna í heimaþjónustu og fjölga þeim.

Stórefla verður þjónustu við fólk með fíknivanda og endurreisa þarf opinbera hluta þjónustunnar. Þróa þarf fjölbreyttari þjónustu með samþættingu heilbrigðis- og félagshjónustu fyrir mismunandi aldurshópa og fólk í mismunandi stöðu.

Fjölga verður þjónustuúrræðum fyrir börn og ungt fólk með fjölþættan vanda og tryggja verður að þjónustan sé aðgengileg áður en allt er komið í óefni.

Barnafjölskyldur og rétturinn til mannsæmandi lífs

Greiðslur í almannatryggingakerfinu, fæðingarorlofskerfinu, atvinnuleysisstrygginga-kerfinu og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga fylgi launaþróun.

*Dregið verði úr kostnaði fólks vegna lyfja- og heilbrigðisþjónustu.
Skólamáltíðir verði gjaldfrjálsar.
Dregið verði úr gjaldtöku sveitarfélaga vegna leikskóla og frístundastarfs.
Barnabætur greiðist vegna allra barna til að jafna skattbyrði fólks með
mismikla framfærslubyrði.
Vinnuvikan verði styttil að auka frelsi launafólks til einkalífs og til að
 tryggja því aukna hlutdeild í verðmætasköpun sinni á vinnumarkaði.
Farið verði að tillögum Velferðarvaktarinnar um úrbætur í málefnum
fátæks fólks og ýmissa jaðarhópa.*

Íbúðir fyrir alla

*Brugðist verði við verulegri hækkun á húsnæðiskostnaði og skorti á hús-
næði með mun fleiri íbúðum í almenna íbúðakerfinu og fjölgun félags-
legra íbúða sveitarfélaga.
Við uppbyggingu á húsnæði verði tekið tillit til mismunandi þarfa aldurs-
hópa, fólks með fötlun og fólks með alvarlega geðfötlun.
Húsnæðisbætur hækki til samræmis við húsnæðiskostnað.
Vaxtabótakerfið verði endurreist til að mæta háum vaxtakostnaði launa-
fólks við öflun eigin húsnæðis.
Ósamþykktu húsnæði, t.d. í iðnaðarhúsnæði, verði útrýmt og ströng
viðurlög sett við því að misnota sér húsnæðisneyð fólks.*

Helstu verkefni ASÍ eru að:


*Vera virkur þátttakandi og taka frumkvæði í umræðunni í samfélaginu um
uppbyggingu og nýsköpun velferðarkerfisins.
Vera lifandi vettvangur fyrir skóðanaskipti og stefnumótun verkalýðs-
hreyfingarinnar um velferðarkerfið. Koma fram fyrir hönd aðildarsam-
taka sinna gagnvart stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda í þessum
málaflokki, í samræmi við löggjöf og ákvarðanir aðildarsamtaka sinna
hverju sinni.
Vinna greiningar á mismunandi þáttum velferðarkerfisins, styrkleikum
þess og veikleikum.
Vinna að því að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um réttindi
sín í velferðarkerfinu.
Velferðarnefnd og miðstjórn ASÍ vinni áfram að mótun stefnu ASÍ í vel-
ferðarmálum.
Vinna að því að mynda breiða sátt um stefnuna í velferðarmálum.
Náð samráð verði haft við fulltrúa hagsmunahópa.
Vinna því pólitískt fylgi að hér verði öflugt velferðarkerfi sem tryggir
öllum öryggi.*

ASÍ efni til samstarfs við hagsmunahópa um opinbera kynningu og umræðu um aðgerðir til að treysta stöðir og framtíðaruppbyggingu vel-ferðarkerfisins.


Kaup og kjör

Vísitala launa hafði í júlí hækkað um 6,3% milli ára og um 11,9% frá byrjun árs 2017. Almennar hækkanir launa hafa haft mest áhrif á þróun vísitölunnar bæði á almenna markaðinum og hjá hinu opinbera en þar má nefna almennar hækkanir sem komu til framkvæmda í maí 2017 og svo aftur í maí 2018. Þannig hækkaði vísitala launa um 3,24% milli mánaða í maí 2017 og svo um 2,27% í maí 2018. Hins vegar hefur dregið úr 12 mánaða hækkunartakti vísitölunnar frá byrjun árs 2017 þegar laun höfðu hækkað um 8,7% milli ára en hægt og rólega hefur dregið úr þessum hækkunum undanfarið ár og líkt og fyrr segir er árhækkunin 6,3% í júlí 2018.

Almenn launaþróun



Launaþróun eftir starfsstétt



Laun hafa þróast með svipuðum hætti eftir starfsstéttum ef frá eru talin laun stjórnenda. Undanfarna 12 mánuði hafa laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslu-

fólks hækkað mest um 7,4% á meðan laun stjórnenda hafa hækkað um 4,6%. Þó ber að geta þá mælir launavísitalan þróun reglulegs tímakaups en segir ekki endilega til um þróun heildarlauna, óreglulegar greiðslur og fleira sem gæti haft meiri áhrif á ein störf en önnur.

Þróun launa hefur átt sér stað samhliða jákvæðri þróun verðlags, þ.e. verðlag hefur verið afar stöðugt undanfarin ár og verðbólga verið undir markmiði Seðlabankans. Þetta hefur leitt til þess að kaupmáttur reglulegs tímakaups hefur aukist og nam ársvöxturinn 3,53% í júlí og þar af 5,3% í júlí 2017.

Skuldastaða heimilanna hefur farið batnandi undanfarin ár en það var ekki fyrir en árið 2017 sem skuldir heimilanna tóku að vaxa að nýju og skýrðist þróunin fyrst og fremst af aukinni skuldsetningu vegna íbúðakaupa. Lægra skuldahlutfall heimila skýrist þó líka af stærra hlutfalli heimila sem nú er á leigumarkaði.

Skattbyrði launafólks og jöfnuður

Ójöfnuður hefur farið vaxandi í heiminum og víða hefur launafólk ekki notið hlutdeildar í vaxandi verðmætasköpun þar sem raunlaun þróast ekki í takt við aukna framleiðni. Ísland telst til undantekninga frá þessari þróun. Hér er stéttarfélagspátttaka mikil og öflug stéttarfélag hafa með kjarabaráttu undanfarinna ára aukið hlutdeild launa í verðmætasköpun hér á landi. Það ætti því ekki að koma á óvart að víða hefur verið bent á sterkt samband stéttarfélagspátttöku og mikils jöfnuðar. Hvað ójöfnuð varðar segir launaþróun þó ekki alla söguna. OECD birtir tvær ólíkar gerðir af Gini stuðlinum, annars vegar einfaldan Gini stuðul og hins vegar Gini stuðul að teknu tilliti til skatta og tilfærslna. Samkvæmt báðum stuðlum er ójöfnuður lítill hér á landi í alþjóðlegu samhengi en minni þegar tekið er tillit til skatt- og tilfærslukerfanna. Á síðari árum hefur dregið úr jöfnunaráhrifum tilfærslukerfanna og veldur sú þróun áhyggjum þar sem þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir endanlega tekjudreifingu samfélagsins.

Í kjölfar útgáfu skattaskýrslu ASÍ á síðasta ári hefur umræða um samspil launa, skatta, persónuafsláttar, tilfærslukerfa og kaupmáttar verið hávær. Niðurstöður rannsóknar hagdeildar sýndu að skattbyrði launafólks hefur farið vaxandi frá árinu 1998. Það sem vekur sérstaka athygli er hversu mikið tilfærslukerfin hafa verið veikt yfir tímabilið og hversu fækkar í hópi þeirra sem njóta vaxta- og barnabóta. Niðurstaðan hefur meðal annars verið að þúsundir fjölskyldna hafa verið skert út úr bæði vaxtabóta- og barnabótakerfinu. Í barnabótakerfinu fækkaði fjölskyldum um tæplega 12.000 milli árána 2013 og 2016⁹. Tekjuskerðingarmörk voru óbreytt í barnabótakerfinu á árunum 2013-2016 og árið 2015 var skerðingarhlutfall tekna aukið. Skerðingarmörk

⁹ <https://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/almennar-frettir/theim-sem-fa-barnabaetur-faekkad-um-12-thusund-fra-2013/>

voru hækkuð um 12,5% árið 2017 en frá árinu 2013 hefur launavísitala hækkað um nærri þriðjung. Niðurstaðan hefur verið minni útgjöld til barnabóta að raungildi og ekki annað að sjá en að stefnan sé að draga enn frekar úr stuðningi við barnafjölskyldur. Svipuð þróun hefur komið fram í vaxtabótakerfinu, þar sem viðtakendum vaxtabóta fækkaði um 18 þúsund á árunum 2013-2016. Þar koma einnig fram áhrif af gríðarlega hraðri eignaskerðingu¹⁰ en þar hefur hröð hækkun eignaverðs haft áhrif. Það er ljóst að full eignaskerðing vaxtabóta á einungis á 1-2 árum dregur verulega úr fyrirsjáanleika við fasteignakaup og er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á kaupendur og þeirra aðstæður.


Meginniðurstaða þessarar þróunar er sú að þó kaupmáttur reglulegs tíma-kaups launa hafi vaxið hefur það ekki skilað sér í sama lífskjarabata vegna aukinnar skattbyrði og minni stuðnings hins opinbera. Þessi þróun hefur bitnað illa á hinum verst settu hópum samfélagsins.

Í skýrslu Gylfa Zoëga, sem gefin var út í aðdraganda undirbúnings kjarasamninga, er tekið undir mikið af gagnrýni ASÍ sem birtist í skattskýrslu hagdeildar. Helstu niðurstöður Gylfa Zoëga voru að samkeppnisstaða útflutningsgreina sé takmörkuð um þessar mundir m.a. vegna gengis- og launapróunar. Hann bendir á að raungengi krónunnar hafi hækkað á undanförunum árum og Ísland fyrir vikið orðinn dýr áfangastaður fyrir ferðamenn og íslenskar vörur dýrar í samanburði við erlendar. Í skýrslunni gerir Gylfi ólíkum sjónarmiðum skil og tekur að einhverju leyti undir gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar og deilir þar áhyggjum af starfstengdum heilsubresti, streitu og álagi. Hann tiltekur nokkrar leiðir til að bæta lífskjör almennings án þess að rýra samkeppnishæfni. Í fyrsta lagi að lækka megi vaxtamun og kostnað í bankakerfinu með fækkun banka eða aukinni samkeppni á fjármálamarkaði. Í öðru lagi nefnir hann útreikning húsnæðisliðar vísitölu neysliverðs og hvernig endurskoða megi þann þátt til að auka traust á fjármálakerfinu. Í þriðja lagi að koma þurfi upp ódýru húsnæði fyrir ungt fólk í samráði við sveitarfélög. Í fjórða lagi tekur hann undir gagnrýni ASÍ á tekjuskatt og bótakerfi, að hægt sé að draga úr áhrifum tekna á vaxta- og barnabætur og hvernig kerfið ýtir undir ójöfnuð þar sem efri tekjumörk þróist með launavísitölu og persónuafsláttur með vísitölu neysliverðs.

¹⁰ <http://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafolks-1998-2016.pdf>

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga



Viðtakendum fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga fækkaði árið 2017 þegar alls 5.142 heimili fengu fjárhagsaðstoð. Alls fækkaði heimilum um 716 milli ára og hefur þeim fækkað samfellt undanfarið frá árinu 2013. Einstæðir barnlausir karlar eru stærsti hópur viðtakenda fjárhagsaðstoðar, alls 2.238 einstaklingar, en þar næst koma einstæðar konur með börn og einstæðar barnlausar konur. Flestir sem þiggja fjárhagsaðstoðina eru á aldrinum 25-39 ára, alls 2.315 einstaklingar en um 66% viðtakenda eru því undir 39 ára og langflestir á höfuðborgarsvæðinu.

Almanna- og sjúkratryggingar

Þann 1. janúar 2018 voru gerðar eftirtaldar breytingar:

Fjárhæðir bóta almannatrygginga ellilífeyrisþega hækkuðu um 4,7% og er ellilífeyrir 239.484 á mánuði. Heimilisuppbót ellilífeyrisþega er nú 60.516 kr. á mánuði. Orlofsuppbót er 36.122 kr. og desemberuppbót 54.182 kr.

Fjárhæðir bóta almannatrygginga örorkulífeyrisþega hækkuðu um 4,7%. Lágmarksframfærslutrygging örorkulífeyrisþega hækkar um 4,7%, úr 227.883 í kr. 238.594, fyrir einstakling sem býr með öðrum en um 7,1% hjá þeim sem búa einir, úr kr. 280.000 kr. í 300.000 á mánuði fyrir einstakling í sambúð. Lágmarksframfærslutrygging skerðist 100% vegna tekna.

Frítekjumörk vegna annarra tekna ellilífeyrisþega verða líkt og áður 25.000 kr. á mánuði en frá 1. febrúar 2018 bætist við sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega sem er 100.000 kr. á mánuði. Hjá örorkulífeyrisþegum eru frítekjumörk óbreytt frá fyrra ári. •

Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 4,7%, úr kr. 217.208 í 227.417 kr á mánuði. Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2018 voru

grunnatvinnuleysisbætur hækkaðar frá 1. maí 2018 í 90% af lágmarkstekju-
tyggingu í kr. 270.000 á mánuði.

Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og fæðingastyrkur um 4,7%, úr
164.003 kr. í 171.71 kr.1 á mánuði. Hámarksgreiðsla úr sjóðnum hækkaði á
sama tíma úr 500.000 kr. í 520.000 kr. á mánuði.

Pak á árlegum hámarkskostnaði vegna niðurgreiddra lyfja var óbreytt frá
fyrra ári, kr. 62.000 hjá almennum notendum og 41.000 hjá börnum, líffeyris-
þegum og ungmennum undir 22 ára aldri.

Þann 1. september 2018 tók gildi nýr rammisamningur um tannlækn-
ingar fyrir aldraða og öryrkja sem tryggir samræmda verðlagningu og aukna
greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Áætlað er að greiðsluþátttaka sjúkra-
trygginga í tannlæknakostnaði þessara hópa fari í heildina úr um 27% í rúm
50%.

Greiðslupak fyrir heilbrigðisþjónustu hækkaði um 2% þann 1. mars 2018.
Hámarksgreiðslan verður almennt 71.113 kr. á ári en aldrei hærra en 25.100 á
mánuði. Hún verður þó lægri hjá öldruðum, öryrkjum og börnum, eða 47.313
kr. á ári, og aldrei hærra en 16.700 kr. á mánuði. Börn með sama fjölskyldu-
númer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands teljast sem einn einstakling-
ur í greiðsluþátttökukerfinu.

Einingaverð fyrir þjónustu sérfræðilækna hækkaði úr 401 kr. í 419 kr. þann
1. júlí 2018.

Alþýðusambandið hefur á árinu tekið þátt í vinnu samráðshóps um nýtt
greiðslukerfi almannatrygginga gagnvart örorkulíffeyrisþegum. Sjá nánar
umfjöllun um endurskoðun almannatrygginga í kaflanum um líffeyrismál.

Húsnæðismál

Líkt og fram kemur í kaflanum um efnahagsmál hægði töluvert á hækkingum
á húsnæðisverði árið 2018. Húsnæðisverð hafði hækkað meira en fimmtung
í byrjun árs 2017 en aukin ró færðist yfir markaðinn í kjölfar viðvörunar-
orða opinberra aðila. Húsnæðisverð er hins vegar enn dýrt og aðstæður á
leigumarkaði hafa ekki færst til betri vegar. Um 50 þús.¹¹ einstaklinga eru
á leigumarkaði, ekki einungis ungt fólk, heldur líka tekjulágir og aðfluttir.
Mikill fjöldi erlends launafólks býr nú og starfar á Íslandi og var sérstaklega
fjallað um þá þróun og áskoranir þess hóps í skýrslu hagdeildar sem kom út
fyrir í vor. Þar var bent á að 70% erlendra félagsmanna Flóabandalagsins séu á
leigumarkaði samanborið við 25% íslenskra félagsmanna. Þar var einnig vakin
athygli á að pólskir félagsmenn borgi meira fyrir húsnæði en íslenskir.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur hlutfall leigjenda á húsnæðis-

100 11 ÍLS <https://www.ils.is/library/1-Forsidumyndir/Stadan-a-husnaedismarkadi/Ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0ur%20vi%C3%B0horfsk%C3%B6nnunar.pdf>
12 <http://www.asi.is/media/314075/ny-vinnumarkadsskyrsla-2018.pdf>

markaði vaxið úr 22% árið 2014 en hafði verið 14,7% áratugi áður¹³. Samkvæmt gögnum Íbúðalánasjóðs er hvergi á Norðurlöndum stærri hópur sem býr við íþyngjandi húsnæðiskostnað en á Íslandi, eða yfir 50% af ráðstöfunartekjum. Sami hópur nær síður að safna sparifé og hefur því síður tæk á að geta keypt húsnæði. Sé staða húsnæðiseigenda skoðuð munar miklu um hvenær eign var keypt, en ljóst er að húsnæðiskostnaður eigenda húsnæðis hefur ekki hækkað í takt við húsnæðiskostnað leigjenda þar sem hagfelld þróun á vaxtakjörum hefur komið eigendum til góðs. Þetta er ein af ástæðum þess að það sé stór hópur, þ.e. leigjendur, sem hefur ekki upplifað bætt lífskjör undanfarin ár, þrátt fyrir hagfellda launaþróun.

Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á að hér verði byggður upp betri leigumarkaður og var stofnun Bjarg íbúðafélags risastórt skref í þá átt. Skóflustungur voru teknar að fyrstu framkvæmdum í byrjun árs 2018 þar sem tvö verkefni eru nú í fullum gangi. Í byggingu eru nú á þriðja hundrad íbúðir sem afhendar verða árið 2019 og undirbúningur hafinn að byggingu fjölda leiguíbúða víða um land. Verkefnið mun auka framboð af stöðugu og hagkvæmu leiguhúsnæði sem mun draga úr húsnæðiskostnaði hjá þeim hópum sem verst standa.

ASÍ hefur þó séð ástæðu til að gagnrýna aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu íbúðakerfis líkt og kom fram í ályktun miðstjórnar ASÍ um fjárlagafrumvarpið en þar sagði:

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið 2015 var gert ráð fyrir byggingu 600 íbúða á ári í almenna íbúðakerfinu til ársins 2019. Árleg framlög til að mæta þessu hafa verið 3 milljarðar kr. en byggingarkostnaður hefur hins vegar hækkað á tímabilinu og því dugir framlagið ekki fyrir þeim fjölda íbúða sem lofað var. ASÍ hefur ítrekað lýst því yfir að fjölga þurfi íbúðum í almenna íbúðakerfinu mun hraðar en áformað er, eða um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðri þörf og slá á þenslu á húsnæðismarkaði. Almennar íbúðir eru fyrir tekjulægsta launafólkið en margir í þeim hópi eru í alvarlegum húsnæðisvanda.

Þessi gagnrýni var jafnframt ítrekuð í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun á vor mánuðum 2018.

Komið hefur í ljós að þessi framlög duga ekki til þess að hægt verði að byggja þessar 600 íbúðir. Skýrist þetta af aukinni uppbyggingu íbúða fyrir námsmenn og öryrkja sem rétt eiga á allt að 40% framlagi ríkis og sveitarfélaga og vegna þess að raunkostnaður við byggingu íbúðarhúsnæðis hefur vaxið um ríflega 12%. Ef ríkisstjórnin hefur það að markmiði

13 Skv. tölum Hagstofunnar.

að efna þau loforð, sem gefin voru við gerð kjarasamninganna 2015 er ljóst að auka verður þessi framlög um 600 m.kr. bæði á gildandi fjárlögum og í fjármálaáætluninni ásamt því að gera ráð fyrir eðlilegri hækkun byggingakostnaðar á næstu árum. Í fjármálaáætluninni er síðan gert ráð fyrir að dregið verði verulega úr framlögum til almennra íbúða þrátt fyrir knýjandi þörf fyrir fjölgun íbúða. ASÍ hefur lagt áherslu á að byggja þurfi a.m.k. 1000 íbúðir á ári til þess að hægt verði að mæta þessum þörfum, en til þess þurfa framlögin að hækka um 2.400 mill.kr. á ári. Fleiri almennar íbúðir er besta lausnin við vanda verst setta hópsins á húsnæðismarkaði og ýta undir stöðugari og heilbrigðari húsnæðismarkaði. ASÍ krefst þess að stjórnvöld stígi inn með afgerandi hætti til að leysa þann vanda sem er á húsnæðismarkaði.

Miðstjórn ASÍ fjallaði um ástandið á húsnæðismarkaði á fundi sínum 16. maí 2018 og var eftirfarandi ályktun samþykkt:

*Öruggt húsnæði á ekki að vera forréttindi
Húsnæðismál launafólks eru í algjörum ólestri. Stöðugt fleiri þurfa að reida sig á óöruggan leigumarkað og nota stóran hluta launa sinna til að borga okurleigu. Þessi staða bitnar verst á þeim sem standa höllum fæti fyrir. Þetta er fátækragildra. Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og Alþingi axli nú þegar ábyrgð á að leysa húsnæðisvandann með raunhæfum aðgerðum. Tryggja verður fjármögnun vegna a.m.k. 1000 íbúðum á ári til leigufélaga sem ekki eru rekin í hagnadarskyni og setja reglur sem treysta rétt leigjenda. Um leið verður að aðstoða ungt fólk og aðra sem eignast vilja eigin húsnæði með eflingu vaxta- og húsnæðisbótakerfisins og hagkvæmara húsnæðislánakerfi á forsendum heimilanna. Húsnæðisöryggi á að vera sjálfsögð mannréttindi, ekki forréttindi. Aðildarfélög ASÍ settu húsnæðismálin á oddinn við gerð síðustu kjarasamninga með nokkrum árangri. Nú liggur hins vegar fyrir að stjórnvöld ætla að svíkja þau loforð sem þá voru gefin því það vantar 600 milljónir króna á ári til að hægt verði að byggja það sem lofað var. Ekki stendur til að mæta þessu ef marka má fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til næstu fimm ára.*

Opinn fundur um borgaralaun

Hagdeild ASÍ stóð fyrir opnum fundi um borgaralaun í Norræna húsinu 5. apríl kl. 8.30. Á fundinum töluðu aðalhafraðingur finnska ASÍ, og sagði frá tilraunaverkefni með borgaralaun þar í landi, og ritstjóri Social Europe, sem mun fjalla um hvernig best verði brugðist við áhrifum tæknibreytinga á vinnu-

markaðinn. Formaður velferðarnefndar Alþingis, Halldóra Mogensen, er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um borgaralaun og hún mun kynna bakgrunn tillögunnar á fundinum. Skiptar skoðanir komu fram um borgaralaun við núverandi aðstæður. Í Finnlandi hefur verið gerð tilraun með borgaralaun en hagfræðingur finnska ASÍ lýsti efasemdum með að borgaralaun yrðu tekin upp í Finnlandi. Kom hann þar inn á að borgaralaun rynnu til einstaklinga sem ekki þyrftu á þeim að halda og gætu aukið ójöfnuð með því að draga úr stuðningi til þeirra sem þurfa á honum að halda. Fulltrúi Pírata á fundinum hafði aðrar skoðanir og kallaði eftir dýpri samfélagslegri umræðu um borgaralaun. Hægt er að sjá erindin af þessum fundi á Youtube-rás ASÍ.



LÍFEYRISMÁL


Afkoma lífeyrissjóðanna á árinu 2017 batnaði verulega frá fyrra ári. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda var 5,5% á árinu 2017 samanborið við 0% árið áður. Langtímaárangur lífeyrissjóðanna er góður, hrein raunávöxtun sl. 25 ára samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna nemur 4,1% sem er vel yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði þeirra. Takmörkunum á fjárfestingum lífeyrissjóða erlendis vegna gjaldeyrishafta í kjölfar efnahagshrunsins lauk á fyrri hluta árs 2017 og námu nýfjárfestingar í erlendum eignum um 90 milljörðum á árinu 2017 og nema erlendar eignir nú um fjórðungi af heildareignum sjóðanna. Útlán lífeyrissjóða til sjóðfélaga hafa aukist talsvert undanfarin ár enda vaxtakjör þeirra mun hagstæðari en annarra lánastofnana. Útlán til sjóðfélaga jukust um tæplega 100 milljarða á árinu 2017 og námu heildarútlán 8,4% af heildareignum sjóðanna í árslok 2017.

Þann 1. júlí 2018 tók gildi þriðji og síðasti áfangi hækkunar á mótframlagi atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði til lífeyrissjóða sem samið var um í kjarasamningum í janúar 2016 og er liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Iðgjaldið er því nú samtals 15,5%, 4% framlag launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekenda.

Sem fyrr er mikill munur á stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði en halli opinberu sjóðanna fer enn vaxandi.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ batnaði frá fyrra ári og var jákvæð um tæplega 25 milljarða króna í árslok 2017 sem samsvarar um 0,7% af skuldbindingum sjóðanna sem er viðsnúningur um ríflega 44 milljarða frá árinu áður þegar staðan var neikvæð um ríflega 19 milljarða.

Halli sjóða opinberra starfsmanna sem bera launagreiðendaábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Heildar tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda þessara sjóða var í árslok 2017 neikvæð um tæplega 771 milljarða, eða sem samsvarar um 33% af skuldbindingum sjóðanna. Hallinn óx um 29 milljarða frá árinu áður og hefur frá árinu 2009 vaxið um 275 milljarða króna.



Óvissan um tilgreindu séreignina

Í tengslum við hækkun á mótframlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5%, sem samið var um í kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í janúar 2016, var gert ráð fyrir að sjóðfélagar hefðu val um hvort viðbótariðgjaldinu yrði ráðstafað til að auka rétt í samtryggingu eða til sérstaks bundins séreignarsparnaðar (tilgreind séreign). Í júní 2016 undirrituðu ASÍ og SA sérstakt samkomulag um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð, á grundvelli sammings aðila janúar 2016, sem kveður á um skyldur atvinnurekenda til að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu, nú 15,5%, til skyldutryggingarsjóðs og rétt sjóðfélaga til að ráðstafa allt að 3,5% í tilgreindan séreignarsparnað. Samkomulagið byggði hins vegar á því að gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar á lífeyrissjóðalögunum nr. 129/1997 fyrir

gildistöku heimildarinnar þann 1. júlí 2017. Tafir urðu á framlagningu frumvarps þess efnis m.a. vegna ágreinings við frjálsu lífeyrissjóðina. Þetta skapaði mikla óvissu um stöðu tilgreindrar séreignar innan skyldutryggingakerfisins. Fjármálaeftirlitið setti svo í júlí 2017 fram túlkun sem fer alfarið gegn samningi aðila vinnumarkaðarins og telur sjóðfélögum heimilt að ráðstafa iðgjaldi til bundinnar séreignar til þess sjóðs sem þeir kjósa. Þessu mótmæla ASÍ og SA harðlega í sameiningu í kjölfarið. Benedikt Jóhannesson, þáverandi fjármálaráðherra, tilkynnti svo óvænt í byrjun september 2016 að hann teldi ekki þörf á lagabreytingu til að skýra stöðu tilgreindu séreignarinnar og hann hyggðist ekki leggja fram frumvarp þess efnis. Þetta jók enn á óvissu um meðferð þessa ákvæðis kjarasamnings ASÍ og SA. Skiptar skoðanir voru innan raða ASÍ um hvernig bregðast skyldi við þessari stöðu og lagði forseti ASÍ til að heimildarákvæði kjarasamningsins yrði frestað þar til þessari lagalegu óvissu yrði eytt. Var málið ítrekað rætt á fundum miðstjórnar í september og október, þar sem eftirfarandi drög að erindi til lífeyrissjóðanna um að fresta frekari inngreiðslum í tilgreindu séreignardeildina voru kynnt.

Drög að erindi til lífeyrissjóða á samningsviði ASÍ og SA

Þann 17. maí sl. sendu ASÍ og SA þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningsviði aðila erindi um að þeir gengjust fyrir breytingum á samþykktum sínum þannig að þeir yrðu í stakk búnir til þess að taka við beiðni sjóðfélaga um ráðstöfun á kjarasamningsbundinni hækkun framlags atvinnurekenda til svonefndrar tilgreindrar séreignar. Forsvarsmenn sjóðanna sjö brugðust hratt við og boðuðu til aukaársfundar þar sem samþykktum þeirra var breytt og sjóðfélögum boðið upp á þessa nýju leið frá og með 1. júlí sl.

Eins og fram kom í erindi ASÍ og SA er það mat samtakanna að þessi nýju kjarasamningsbundnu réttindi séu afar mikilvæg fyrir sjóðfélaga. Forsenda innleiðingar væru þó breytingar á lögum nr. 129/1997 til þess að taka af allan vafa um lagalega stöðu þessarar nýju tegundar séreignar innan samningsbundinnar lágmarkstryggingar. Á þeim tíma lá fyrir frumvarp til laga um þetta efni og skýrt loforð fjármála- og efnahagsráðherra um framlagningu þess á haustþingi. Í samkomulagi ASÍ og SA frá því í júní 2016, sem hefur kjarasamningsgildi, var það skilyrði sett fyrir þessum valrétti sjóðfélaga að slíkt samkomulag um lagasetningu lægi fyrir og því töldu aðilar ekkert að vanbúnaði að hefja innleiðingu þessa nýja kerfis þegar í sumar.

Nú liggur fyrir að frumvarpið verður ekki lagt fram á næstunni. Þá tulkar Fjármálaeftirlitið ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998, hvað varðar rétt sjóðfélaga til þess að ráðstafa hækkun iðgjaldsins að eigin vali, með afar þröngum hætti. Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið að ASÍ og SA hafi ekki heimild til þess að skuldbinda fyrirtæki til þess að skila þessum hluta sammingsbundna iðgjaldsins til skyldutrygginga-sjóðs heldur megi sjóðfélagi ráðstafa honum í beinum samskiptum við launagreiðanda sinn. Þessari túlkun Fjármálaeftirlitsins eru ASÍ og SA ósammála.

Sú staða sem upp er komin, bæði óvissa um lagagrundvöll tilgreindrar séreignar og túlkun Fjármálaeftirlitsins, veldur því að forsendur fyrir stofnun deilda lífeyrissjóðanna um tilgreinda séreign hafa brostið. Túlkun FME varðandi skil á hækkuðu iðgjaldi veldur því að óvissa skapast um hver beri ábyrgð á innheimtu þess ef til vanskila kemur. Jafnframt munu lífeyrissjóðirnir eiga erfitt með að ákveða hvort efna eigi til innheimtuágerða gagnvart fyrirtækjum sem skila einungis 12% iðgjaldi því þeir vita ekki hvort viðkomandi sjóðfélagi hafi óskad eftir því að launagreiðandi skili hluta iðgjalds til annars vörsluadila. Af þessum ástæðum er einnig hætta á því að þessi hluti iðgjalda missi stöðu sem forgangskrafa við gjaldþrot launagreiðenda með tilheyrandi tjóni fyrir sjóðfélagi.

Skortur á lagagrundvelli og túlkun Fjármálaeftirlitsins valda því að ekki verður unnt að uppfylla það ákvæði samkomulags ASÍ og SA að umrætt val sé skilyrt því að viðkomandi sjóðfélagi hafi tekið upplýsta ákvörðun um ráðstöfun hluta skyldutryggingariðgjalds til tilgreindrar séreignar, lagt mat á áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna og undirritað upplýst samþykki fyrir ráðstöfuninni. Óvissa mun því ríkja um réttindi og skyldur hjá viðkomandi lífeyrissjóðum. Jafnvel þótt launagreiðandi skiladi skyldutryggingariðgjaldinu beint til skyldutryggingasjóðs, sem myndi eyða umræddri óvissu, væri lífeyrissjóðunum skylt að áframsenda iðgjaldið til þess vörsluadila sem sjóðfélaginn tilgreindi en væri óheimilt að taka eðlilega þóknun fyrir, til að mæta kostnaði vegna innheimtunnar. Aðrir sjóðfélagar munu því bera þann kostnað og takist ekki að innheimta iðgjaldið er óljóst hver beri ábyrgð á því.

Það er sameiginlegt mat ASÍ og SA að ekki sé unnt að búa við þá óvissu sem framangreindur forsendubrestur hefur skapað. Sú staða sem komin er upp var ekki markmið sammingsaðila, þvert á móti. Óvissan veldur því að hagsmunum fjölmargra sjóðfélaga er teft í tvísýnu.

Vegna framangreinds forsendubrests óska ASÍ og SA eftir því að lífeyrissjóðirnir fresti framkvæmd þessa ákvæðis kjarasamnings aðila um lífeyrismál, sbr. samkomulag ASÍ og SA frá 15. júní 2016 og bréf aðila frá 17. maí 2017 til lífeyrissjóðanna. Frestunin gildi í eitt ár, frá 1. nóvember 2017 til 31. október 2018. Á því tímabili gildi ákvæði samkomulags ASÍ og SA frá 15. júní 2015 sem segir að náist ekki samkomulag við stjórnvöld um breytingar á lögum 129/1997 og nauðsynleg lagabreyting í framhaldinu skuli hækkuð iðgjöld renna til samtryggingar. ASÍ og SA munu í október 2018 taka afstöðu til þess hvort taka þarf ákvörðun um áframhaldandi frestun á tilgreindri séreign í ljósi þess hvort samkomulag hafi náðst við stjórnvöld á þeim tíma um nauðsynlega breytingu á lögum 129/1997.

Ljóst var að ekki var einhugur í miðstjórn ASÍ um næstu skref í málinu og kom fram það sjónarmið að rétt væri að bíða átektu því þessu hafi verið lofað þegar samið var um hækkun iðgjaldanna í janúar 2016. Áréttad var þó að þegar samið var um þetta ákvæði var það með skýrum fyrirvara um að það mætti ekki raska samtryggingarkerfinu og innheimtakerfi lífeyrissjóðanna væri veigamikill þáttur í þeirri réttarvernd sem launafólk nýtur.

Á síðari fundi miðstjórnar í október lagði forseti ASÍ til að málið yrði tekið til efnislegrar afgreiðslu á fyrri fundi miðstjórnar í nóvember og óskaði eftir því að miðstjórnarmenn ræddu málið í baklandinu til þess tíma. Enginn ágreiningur var um málið milli ASÍ og SA, en fyrrgreind drög að erindi til lífeyrissjóðanna voru sameiginleg milli samtakanna. Átti forseti ASÍ fundi með samböndunum og fulltrúaráðum einstakra lífeyrissjóða ásamt framkvæmdastjórum stærstu lífeyrissjóðanna og forystu Landssambands lífeyrissjóða til þess að skýra stöðuna.

Á fundi miðstjórnar 8. nóvember 2017 kom málið enn til umfjöllunar og afgreiðslu. Forseti rifjaði upp forsöguna og umræðuna á síðustu miðstjórnarfundum um efnið. Ítrekaði hann að mat sitt væri óbreytt að fresta ætti framkvæmd tilgreindrar séreignar þar til lögum hefur verið breytt í samræmi við efni kjarasamningsins á milli ASÍ og SA. Þannig væri líklegast að þrýsta mætti á um nauðsynlega lagabreytingu. Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, lagði fram eftirfarandi bókun um sína afstöðu:

Bókun vegna erindis til lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA

Við afgreiðslu kjarasamninga 2016 var ákveðið að setja í framkvæmd fyrirheit um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða í 15,5% sem gefið var árið

2011. Jafnframt var gefið fyrirheit um að sjóðfélagar gætu skipt hækkuninni milli samtryggingar og séreignar og var það ein af forsendum þess að hækkunin var samþykkt.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið komin lagastöð sl. vor, eins og gert var ráð fyrir í gildandi kjarasamningi, voru það eindregin tilmæli ASÍ og SA að breyta samþykktum sjóðanna og urðu þeir við því þrátt fyrir mjög stuttan fyrirvara.

Að leggja til að framkvæmdinni verði frestað meðan ekki er starfhæf ríkisstjórn þjónar engum tilgangi og mun koma óorði á lífeyrissjóðina og skapa mikla óánægju meðal sjóðfélaga.

Jafnframt er nauðsynlegt að horfa til 4. gr. laga nr. 129/1997 en þar segir m.a.: „Lífeyrissjóður skal, í samræmi við 24. gr. þessara laga, tilgreina það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem hann veitir. Lífeyrissjóði er heimilt, í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjald sem varið er að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. II kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í sameign skv. III kafla.“

Jafnframt segir: „Sjóðfélagi getur ákveðið að rádstafa til annars aðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans þeim hluta gjalds sem renna skal til séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. og þeim hluta sem renna skal til viðbótartryggingaverndar.“

Samkvæmt lögum er lágmarks iðgjald 12% sem veitir lágmarks-tryggingavernd sem svarar til 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af.

Verði framkvæmdinni um tilgreinda séreign frestað eru miklar líkur á að sjóðfélagar nýti sér heimildir 4. gr. og rádstafi iðgjaldi sem er umfram það sem þarf til að veita lágmarkstryggingavernd í óbundna séreign. Yrði það raunin myndi það skapa enn meiri glundroða og vandræði. Ég legg áherslu á að um leið og ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum verði teknar upp viðræður um ásættanlega lausn og meðan verði beðið með frekari ákvarðanatöku.

Ég lýsi því hér með yfir að ég er andvígur því að fresta núverandi framkvæmd um tilgreinda séreign og mun mæla gegn því þar sem það á við. Frestun mun ekkert leysa en skapa mörg erfið vandamál og mikla óvissu.

Þótt ólík sjónarmið væru sett fram um málið og hvernig best væri að halda á því voru allir aðilar í grunninn sammála um markmiðin, sem eru að fá nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja framkvæmd tilgreindu séreignarinnar í samræmi við samning ASÍ og SA og verja þannig innheimtukerfi lífeyrissjóðanna og það öryggi sem í því felst fyrir sjóðfélagana.

Að lokinni umræðu var gengið til atkvæða og féllu þau þannig að níu miðstjórnarmenn studdu að bréf ASÍ og SA yrði sent til lífeyrissjóðanna í samræmi við það sem kynnt hafði verið. Tveir miðstjórnarmenn voru á móti. Fjórir miðstjórnarmenn sátu hjá. Þá kom fram að formaður VR var á móti því að senda þetta bréf.

Í framhaldi af afgreiðslu miðstjórnar ASÍ spannst mikil umræða innan hreyfingarinnar um þessa ákvörðun og ljóst að meginrök miðstjórnar komust ekki alltaf á framfæri. Af því tilefni sendi ASÍ frá sér eftirfarandi yfirlýsingu þann 10. nóvember 2017 til að skýra afstöðu sína:

Lagaleg óvissa um tilgreinda séreign Afstæða ASÍ og áhrif túlkunar FME

Aðdragandi málsins

Í janúar 2016 sömdu aðildarfélög ASÍ við SA um breytingar á gildandi kjarasamningi. Í þessum samningi var samið um jöfnun lífeyrissréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins með samkomulagi um hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5%. Það varð jafnframt að samkomulagi að dreifa þessari hækkun á þrjú ár, 0,5% 1. júlí 2016, 1,5% 1. júlí 2017 og 1,5% 1. júlí 2018. Samkomulag var um að skoda möguleika á því að gefa félagsmönnum okkar tækifæri til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í bundna séreign (sem síðar var nefnd tilgreind séreign). Sá fyrirvari var þó settur að þetta val mætti ekki raska stöðu sjóðanna að öðru leyti og að ákvörðunin yrði að byggja á upplýstu samþykki gagnvart þeim skyldutryggingasjóði sem viðkomandi félagsmaður greiðir til. Samkvæmt ákvæðinu átti að ljúka frekari umfjöllun og útfærslu fyrir lok maí 2016.

Viðræðunefndir ASÍ og SA unnu síðan að því að útfæra þessa leið og komust að niðurstöðu um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 1969 og 1995, þar sem opnuð var heimild fyrir lífeyrissjóði á samningssviði aðila að gefa sjóðfélögum rétt til þess að ráðstafa allt að 3,5%, í þeim áföngum sem það kæmi til á næstu árum, í tilgreinda séreign. Sá fyrirvari var þó settur að þetta val yrði að koma fram gagnvart viðkomandi lífeyrissjóði – að atvinnurekanda væri áfram skylt að skila öllu iðgjaldinu til skyldutryggingasjóðsins – og byggja á upplýstu samþykki viðkomandi fyrir því að réttindi hans og hans fjölskyldu til ævilangs lífeyris, örorkulífeyris og makalífeyris væri afmarkaður við 12% iðgjald og 56% af meðalævitekjum viðkomandi. Jafnframt var skýr fyrirvari að til þess að þetta væri hægt þyrfti að breyta lögum um starfsemi lífeyris

sjóðanna. Á þessum grunni var ákveðið í samningnum að fyrsta hækkun iðgjaldsins um 0,5% þann 1. júlí 2016 rynni til samtryggingar og heimild til ráðstöfunar frestaðist þar til samkomulag næðist um setningu laga.

Samkomulag um lagasetningu lá fyrir

Vorið 2017 lá fyrir samkomulag við þáverandi fjármálaráðherra um innihald frumvarps til breytinga á lögum um starfsemi lífeyrissjóða þar sem sjóðunum yrði gert kleift að opna slíkar deildir. Ekki reyndist unnt að leggja frumvarpið fram fyrir þinglok en fyrirheit voru gefin um að það yrði lagt fram strax á haustþingi.

Á þeim grundvelli sendu ASÍ og SA þeim sjö lífeyrissjóðum, sem eru á samningssviði þeirra, erindi um miðjan maí um að þeir gengjust fyrir breytingum á samþykktum sínum þannig að þeir gætu tekið við beiðni sjóðfélaga um ráðstöfun á kjarasamningsbundinni hækkun framlags atvinnurekenda til svonefndrar tilgreindrar séreignar. Forsvarsmenn sjóðanna sjö brugðust hratt við og boðuðu til aukaársfundar þar sem samþykktum þeirra var breytt og sjóðfélögum boðið upp á þessa nýju leið frá og með 1. júlí 2017.

Eins og fram kom í erindi ASÍ og SA er það mat samtakanna að þessi nýju kjarasamningsbundnu réttindi séu afar mikilvæg fyrir sjóðfélaga. Eins og fram kom hér að framan lá það alltaf fyrir að forsenda innleiðingar væru breytingar á lögum nr. 129/1997 til þess að taka af allan vafa um lagalega stöðu þessarar nýju tegundar séreignar innan samningsbundinnar lágmarkstryggingar. Var sérstaklega á því tekið í samkomulagi ASÍ og SA frá því í júní 2016, sem hefur kjarasamningsgildi, að það væri skilyrði fyrir þessum valrétti sjóðfélaga að slíkt samkomulag um lagasetningu lægi fyrir og því töldu aðilar ekkert að vanbúnadi að hefja innleiðingu þessa nýja kerfis þegar í sumar.

Nú liggur fyrir að frumvarpið verður ekki lagt fram á næstunni. Jafnframt túlkar Fjármálaeftirlitið ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998, hvað varðar rétt sjóðfélaga til þess að ráðstafa hækkun iðgjaldsins að eigin vali, með afar þröngum hætti. Fjármálaeftirlitið telur að ASÍ og SA hafi ekki heimild til þess að skuldbinda fyrirtæki til þess að skila þessum hluta samningsbundna iðgjaldsins til skyldutrygginga-sjóðs heldur megi sjóðfélagi ráðstafa honum í beinum samskiptum við launagreiðanda sinn. Þessari túlkun Fjármálaeftirlitsins eru ASÍ og SA ósammála.

Óvissa um lagalegan grundvöll

Sú staða sem upp er komin, bæði óvissa um lagagrundvöll tilgreindrar séreignar og túlkun Fjármálaeftirlitsins, veldur því að forsendur fyrir stofnun deilda lífeyrissjóðanna um tilgreinda séreign hafa brostið. Túlkun FME varðandi skil á hækkuðu iðgjaldi veldur því að óvissa hefur skapast um hver beri ábyrgð á innheimtu þess ef til vanskila kemur. Jafnframt munu lífeyrissjóðirnir eiga erfitt með að ákveða hvort efna eigi til innheimtuáðgerða gagnvart fyrirtækjum sem skila einungis 12% iðgjaldi því þeir vita ekki hvort viðkomandi sjóðfélagi hafi óskað eftir því að launagreiðandi skili hluta iðgjalds til annars vörsluaðila. Af þessum ástæðum er einnig hætta á því að þessi hluti iðgjalda missi stöðu sem forgangskrafa við gjaldþrot launagreiðenda með tilheyrandi tjóni fyrir sjóðfélaga. Þessi staða verður enn viðkvæmari í ljósi þess að ekki hafa verið gerðar breytingar á ákvæðum laga um Ábyrgðasjóð launa þannig að hækkad iðgjald fellur ekki undir ábyrgðarsvið hans. Því er aukin hætta á því að iðgjöld glatist við gjaldþrot fyrirtækja.

Skortur á lagagrundvelli og túlkun Fjármálaeftirlitsins valda því að ekki verður unnt að uppfylla það ákvæði samkomulags ASÍ og SA að umrætt val sé skilyrt því að viðkomandi sjóðfélagi hafi tekið upplýsta ákvörðun um ráðstöfun hluta skyldutryggingariðgjalds til tilgreindrar séreignar, lagt mat á áhrif þeirrar ákvörðunar á samsetningu réttinda sinna og undirritað upplýst samþykki fyrir ráðstöfuninni. Óvissa mun því ríkja um réttindi og skyldur hjá viðkomandi lífeyrissjóðum. Jafnvel þótt launagreiðandi skiladi skyldutryggingariðgjaldinu beint til skyldutryggingasjóðs, sem myndi eyða umræddri óvissu, væri lífeyrissjóðunum skylt að áframsenda iðgjaldið til þess vörsluaðila sem sjóðfélaginn tilgreindi en væri óheimilt að taka edlilega þóknun fyrir, til að mæta kostnaði vegna innheimtunnar. Aðrir sjóðfélagar munu því bera þann kostnað og takist ekki að innheimta iðgjaldið er óljóst hver beri ábyrgð á því.

Frestun en ekki afnám

Miðstjórn ASÍ telur að það sé ekki unnt að búa við þá óvissu sem framangreindur forsendubrestur hefur skapað. Sú staða sem komin er upp var ekki markmið samningsaðila, þvert á móti. Óvissan veldur því að hagsmunum fjölmargra sjóðfélaga er teft í tvísýnu.

Það er því skoðun ASÍ að réttast sé að lífeyrissjóðirnir fresti framkvæmd þessa ákvæðis kjarasamnings aðila um lífeyrismál, sbr. samkomulag ASÍ og SA frá 15. júní 2016 og bréf aðila frá 17. maí 2017

til lífeyrissjóðanna. Frestunin gildi til ársloka 2018. Á því tímabili gildi ákvæði samkomulags ASÍ og SA frá 15. júní 2015 sem segir að náist ekki samkomulag við stjórnvöld um breytingar á lögum 129/1997 og nauðsynleg lagabreyting í framhaldinu skuli hækkuð iðgjöld renna til samtryggingar.

ASÍ vill jafnframt árétta að það sé mikilvægt að eiga það samtal við nýkjörið Alþingi að tryggja okkar félagsmönnum þessi réttindi – að geta búið sér og fjölskyldu sinni sveigjanlegri starfslok með samblandi samningabundinna lífeyrisréttinda í samtryggingu og tilgreindri séreign án þess að raska með nokkru móti getu sjóðanna til að tryggja rétta innheimtu iðgjaldanna.

Í kjölfar stjórnarslita haustið 2017 var ákveðið að bíða átekta þar til ný ríkisstjórn tæki við, í von um að hún tæki á málinu með öðrum hætti. Fljótlega eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum áttu forseti ASÍ og framkvæmdastjóri SA fund með nýjum fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssyni, ásamt því að taka málið ítrekað upp við ríkisstjórnina á reglulegum samráðsfundum.

Í byrjun desember 2017 var eftirfarandi minnisblað lagt fyrir fjármálaráðherra, þar sem ASÍ og SA freista þess að leggja fram málamiðlun til þess að höggva á þann hnút sem málið var komið í:

Minnisblað ASÍ og SA um nauðsynlegar breytingar á lögum 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisséttinda

1. Lágmarksiðgjald verði 15,5%.
2. Lágmark réttindaöflunar til mánaðarlegs ævilangs ellilífeyris verði í 1,8% á ári (nú 1,4%) af mánaðarlaunum sem greitt er af, þ.e. 72% m.v. 40 ára inngreiðslutíma (í stað 56%).
3. Heimilt verði að ráðstafa allt að 3,5% í tilgreinda séreign.
4. Heimild til ráðstöfunar í tilgreinda séreign er háð skriflegu, upplýstu vali sjóðfélaga. Þar verði honum gerð ljós áhrif valsins á rétt hans til ævilangs lífeyris, örorku-, maka- og barnalífeyris.
5. Sjóðfélaga verði heimilt að flytja tilgreindan séreignarsparnað frá skyldutryggingarsjóði til annars vörsluaðila sem býður upp á tilgreinda séreignarsparnaðarleið og öfugt.
6. Við flutning tilgreindrar séreignar milli vörsluaðila verði þeim sjóði sem sér um innheimtuna heimilt að taka gjald sem samsvarar kostnaði við innheimtuna og flutninginn.
7. Vörsluaðili haldi tilgreindri séreign aðskilinni frá öðrum séreignarsparnaði innan skyldutryggingar og viðbótarlífeyrissparnaði.

Lagatextinn verði eftirfarandi:

1. Í stað „12%“ kemur 15,5% (1. mgr. 2. gr).
2. Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir skal fela í sér að meðaltal réttindaöflunar til mánaðarlegs ævilangs ellilífeyris nemi 1,8% á ári af mánaðarlaunum sem greitt er af. (1. ml. 1. mgr. 4. gr. a.).
3. Lífeyrissjóði er heimilt að veita sjóðfélögum rétt til þess að ráðstafa allt að 3,5% af iðgjaldsstofni til tilgreindrar séreignar gegn upplýstu samþykki sjóðsfélaga, sem telst hluti lágmarkstryggingaverndar. (5. ml. 1. mgr. 4. gr. a.).
4. Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi:
Lífeyrissjóði er heimilt að veita tilgreind réttindi til séreignar, sbr. 2. mgr. vegna þess hluta lágmarksiðgjalds sem sjóðfélagi hefur ákveðið að ráðstafa í tilgreinda séreign, sbr. 5. málsl. 1. mgr. 4. gr.
Tilgreind séreign veitir réttindi til viðbótar við þá lágmarkstryggingarvernd sem viðkomandi hefur valið skv. 5. málsl. 1. mgr. 4. gr.
Tilgreind réttindi til séreignar eru háð sömu takmörkunum og um getur í 2. mgr. 8. gr. og skulu iðgjöld varðveitt og ávöxtuð í samræmi við þær reglur sem gilda um lágmarkstryggingarverndina.
Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um tilgreinda séreign, svo sem um kröfur um upplýst samþykki, ráðstöfun iðgjalds og tilhögun greiðslna.
5. Sjá 6.
6. Endurskoða þarf 1. og 2. mgr. 5. gr. laga 129/1997 með eftirfarandi hætti: Sjóðfélagi getur ákveðið að ráðstafa til annars vörsluaðila en þess lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi vegna hans inneign sinni í séreign.
Viðkomandi lífeyrissjóði ber að færa inneign eða greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. til annars vörsluaðila, að teknu tilliti til kostnaðar við innheimtuna og/eða greiðslna.
7. Lífeyrissjóður skal tilgreina við útborgun lífeyris þann hluta séreignar sem byggir á lágmarksiðgjaldinu skv. 1. mgr. 2. gr. og þann hluta séreignar sem myndast hefur á grundvelli viðbótariðgjalds. (Nýr málslíður sem bætist við 3. mgr. 4. gr.).
8. Breyta þarf ákvæðum nokkurra vinnumarkaðstengdra laga:

Breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

11. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

lögjald til sjóðsins skal að lágmarki nema 15,5% af iðgjaldstofni, sbr. 2. mgr., sem skiptist þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi að lágmarki 11,5%.

Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

13. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „8%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 11,5%.

Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „12%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 15,5%.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

15. gr.

1. Í stað hlutfallstölunnar „12%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 15,5%.

Við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2018 kom málið enn og aftur til umfjöllunar í samskiptum við stjórnvöld og var aðilum tilkynnt að fjármálaráðherra myndi undirbúa frumvarp þar sem lagalegri óvissu um tilvist tilgreindrar séreignar yrði eytt á grundvelli fyrrgreindrar málamiðlunar. Vegna sveitarstjórnarkosninga tókst ekki að ljúka málinu fyrir lok þings vorið 2018 og er þess að vænta að málið komi til kasta Alþingis á haustþingi 2018.

Endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál – Nýr stjórnkerfiskafli

Í febrúar 2016 hófust samningaviðræður milli Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun á gildandi kjarasamningi um lífeyrismál frá árinu 1995. Í samninganefnd fyrir hönd ASÍ sitja Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ og formaður lífeyrisnefndar, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Sigurður Bessason, formaður Eflingar og 1. varaforseti ASÍ og Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar. Starfsmaður samninganefndar er Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ. Margir þættir lífeyrissamningsins þarfnast endurskoðunar og uppfærslu í samræmi við breytingar á umhverfi sjóðanna og gildandi lögjöf og leggur ASÍ áherslu á að koma lykilþáttum úr stefnumótun sambandsins í lífeyrismálum inn í kjarasamninginn. Fyrsti áfangi viðræðnanna sneri að útfærslu á tilgreindri séreign skv. kjarasamningi aðila frá því í janúar 2016 (sjá nánar kafla að framan). Annar hluti viðræðnanna sneri að breytingu

um á stjórnkerfiskafla kjarasamningsins sem fjallar um ársfundi, skipan og hlutverk fulltrúaráðs og stjórnar lífeyrissjóða. Lagt var upp með að einfalda kaflann og skýra með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóðanna frá árinu 1995 þegar samningurinn var síðast endurskoðaður í heild, auk þess sem breytingarnar ávarpa það ákall sem fyrir liggur um aukið gagnsæi við val á fulltrúum og í starfsemi sjóðanna. Tillögurnar byggja á því að fulltrúaráðin verði áfram sú grundvallareining sem tengir stéttarfélögin og sjóðina og að í gegnum þau sé fulltrúalýðræðið iðkað með virkum hætti. Fyrstu drög að breyttum stjórnkerfiskafla kjarasamningsins voru send landsamböndum ASÍ til umsagnar í nóvember 2016. Umsagnir bárust frá SGS, Samiðn og félögum með beina aðild en almenn samstaða var um tillögurnar. Málið var tekið til umfjöllunar á miðstjórnarfundi ASÍ þann 21. desember 2016 og því vísað til nánari umfjöllunar í lífeyrisnefnd ASÍ og samninganefndar um lífeyrismál sem vinni áfram með málið. Vegna tafa sem urðu á útfærslu tilgreindrar séreignar og breytinga í forystu atvinnurekenda frestuðust frekari umræður um stjórnkerfiskaflann nokkuð en voru teknar upp að nýju í lok árs 2017. Gerðar voru breytingar í samninganefndinni á ákvæðum samningsins í samræmi við þær athugasemdir sem fram komu hjá landssamböndum ASÍ og í baklandi atvinnurekenda. Uppfærð drög voru send landssamböndum ASÍ til umsagnar í mars 2018 og var málið kynnt og rætt í miðstjórn ASÍ þann 7. mars. Miðstjórn afgreiddi málið á fundi sínum þann 21. mars þar sem forseta ASÍ var veitt umboð til að undirrita samkomulagið um breytingar á stjórnkerfiskafla kjarasamningsins um lífeyrismál. Samkomulag um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál frá 12. desember 1995 var undirritað þann 24. apríl 2018.

Samkomulag um breytingar á kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál frá 12. desember 1995

Stjórnkerfi lífeyrissjóðanna

A. Ársfundir lífeyrissjóða

Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í mállefnum lífeyrissjóðsins, sé ekki annað ákveðið í samningi þessum eða samþykktum einstakra sjóða. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundum.

Ársfundur skal boðaður skriflega með tilkynningu til allra aðildarfélaga sjóðsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Jafnframt skal auglýsa fundinn tryggilega.

Á ársfundum skal tekið tillit til:

- Skýrslu stjórnar,
- kynningu og afgreiðslu ársreikninga,
- tryggingarfræðilega úttekt,
- fjárfestingarstefnu sjóðsins,
- hluthafastefnu sjóðsins,
- starfskjarastefnu sjóðsins,
- tilkynningu um kosningu stjórnar og nefndar um laun stjórnarmanna skv. reglum viðkomandi sjóðs,
- kosningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis,
- tillögum um breytingar á samþykktum, þegar þær liggja fyrir,
- tillögum um laun stjórnarmanna,
- önnur mál.

B. Fulltrúaráð tilnefningaraðila

Skipan fulltrúaráðs

Fulltrúaráð lífeyrissjóðs skal að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði og fulltrúum atvinnurekenda. Fulltrúar í fulltrúaráðinu skulu koma úr hópi sjóðfélaga eða stjórnenda fyrirtækja sem eru greiðendur til sjóðsins. Stéttarfélag sem aðild eiga að lífeyrissjóði skulu gera með sér formlegt samkomulag um val og skiptingu fulltrúa sinna í fulltrúaráðið. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir úr hópi stærstu launagreiðenda til sjóðsins eða hagsmunasamtökum atvinnurekenda. Um fjölda fulltrúa í fulltrúaráði skal að öðru leyti kveðna á um í samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs.

Hlutverk fulltrúaráðs

Fulltrúaráð fer með atkvæði á ársfundum lífeyrissjóðs í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við samþykktir þeirra þar um. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum eða samþykktum, en heimilt er þó að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélag greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins, svo samþykkt sé lögmæt. Fulltrúa er heimilt að fara með allt að tvö atkvæði til viðbótar við eigið atkvæði eftir reglum sem framangreindir tilnefningaraðilar setja.

Fulltrúaráð skal starfa á grundvelli ákvæða kjarasamnings þessa. Ráðið staðfestir tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðs og hefur eftirlit og aðhald með störfum hennar, fjallar um og afgreiðir breytingar á samþykktum sjóðsins, staðfestir fjárfestingarstefnu og starfskjarastefnu sjóðsins og hefur eftirlit með framvindu þeirra.



Stjórn lífeyrissjóðs skal kalla saman fulltrúaráð lífeyrissjóðs a.m.k. tvisvegis á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar.

C. Stjórn lífeyrissjóðs

Hlutverk og hæfi stjórnar

Stjórn lífeyrissjóðs fer með æðsta vald hans á milli ársfunda og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún skal hafa eftirlit með daglegum rekstri og stuðla að viðgangi sjóðsins og langtímaárangri.

Stjórn lífeyrissjóðs skal vera af þeirri stærð og þannig samsett að henni sé kleift að sinna málefnum sjóðsins af skilvirkni og heilindum.

Stjórn lífeyrissjóðs skal skipuð fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og skulu þeir tilnefndir til tveggja eða fjögurra ára í senn, í samræmi við ákvæði samþykpta viðkomandi sjóðs. Með sama hætti skal hvor tilnefningaradili að lágmarki tilnefna einn varamann.

Stjórn lífeyrissjóðs skiptir sjálf með sér verkum, þó þannig að fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaganna hafi á hendi formennsku til skiptis.

Stjórnarmaður skal að hámarki sitja 8 ár samfellt sem aðalmaður í stjórn lífeyrissjóðs á samningssviði SA og ASÍ. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í 8 ár má ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður lífeyrissjóðs á samningssviðinu á ný fyrr en að þremur árum liðnum.

Um verkefni stjórnar, hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer að öðru leyti skv. lögum 129/1997. Stjórn lífeyrissjóðs skal jafnframt taka mið af Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.¹

Hagsmunarékstur

Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður, starfsmaður eða af fjárhagslegum toga. Viðkomandi stjórnarmenn skulu vilja af fundi er slík mál koma upp. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Skyld er þeim, sem í hlut eiga, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu. Almennar ákvarðanir um vexti og skilmála á sjóðfélagaáðnum valda ekki vanhæfi stjórnarmanna sem eru með sjóðfélagaáðnum hjá sjóðnum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um hagsmunaskráningu í samræmi við kröfur Fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma. Stjórn og starfsmenn skulu gera regluverði sjóðsins grein fyrir viðskiptum með fjármálagerninga og upplýsa um eignarhald og tengsl hans og venslamanna við einstök félög ef við á. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn, eiga eignarhlut eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning í fyrirtækjum sem lífeyrissjóðurinn á hlut í nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Eigi stjórnarmaður verulegan hlut í fyrirtæki á skráðum verðbréfamarkaði við upphaf stjórnasetu þer honum að selja hlutinn, koma honum í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki eða eiga ekki viðskipti með viðkomandi hlutabréf á meðan hann situr í stjórn sjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðs, framkvæmdastjóri og aðrir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóðs skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins.

¹ Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa, maí 2015. Útgefandi: Viðskiptaráð, Samiök atvinnulífsins og Nasdaq Ísland.



Skipan stjórnarmanna - uppstillingarnefndir tilnefningaraðila

Fulltrúar stéttarféлага sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði og fulltrúar atvinnurekenda skulu hvor um sig starfrækja uppstillingarnefnd sem fjalli um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilar skulu óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga til stjórnarstarfa með auglýsingum og almennri hvatningu. Sóst verði eftir einstaklingum úr hópi sjóðfélaga, stjórnenda fyrirtækja sem eru greiðendur til viðkomandi sjóðs eða forystumanna samtaka atvinnurekenda, með fjölbreytta reynslu og þekkingu t.d. varðandi lífeyrismál, kjarasamninga, stjórnun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi gerir uppstillingarnefnd tillögu um einstaklinga til stjórnarsetu sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Tilnefningaraðilar skulu hafa með sér formlegt samráð við tilnefningar sem tryggja að stjórn lífeyrissjóðs búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Tilnefningar uppstillingarnefnda stéttarféлага í stjórnir lífeyrissjóða verði staðfestar af fulltrúum stéttarféлага í fulltrúaráði viðkomandi lífeyrissjóðs.

Með sama hætti skulu fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráði staðfesta tilnefningar Samtaka atvinnulífsins um stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði.

Nefnd um laun stjórnarmanna

Ársfundur skal skipa sérstaka nefnd sem leggur fram tillögu um laun stjórnar fyrir ársfund. Í tillögum sínum skal nefndin miða við að laun stjórnarmanna endurspegli ábyrgð, sérþekkingu, reynslu og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin skal kynna stjórn tillögur sínar eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund lífeyrissjóðs.

Nefnd um laun stjórnarmanna skal skipuð þremur mönnum hið minnsta, formanni stjórnar og einum aðila frá hvorum tilnefningaraðila sem ekki eru stjórnarmenn í viðkomandi lífeyrissjóði.

Starfskjarastefna

Stjórn skal setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundum og birt í ársskýrslu og á heimasíðu sjóðsins.

D. Samráðshópur um lífeyrismál

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórn lífeyrissjóða, sem falla undir gildissvið þessa samnings auk fulltrúa frá ASÍ og SA, mynda samráðshóp um lífeyrismál. Hópurinn hittist að jafnaði tvisvar á ári til að fjalla um stöðu og þróun lífeyriskerfisins, málefni lífeyrissjóðanna og framvindu á grundvelli kjarasamnings þessa. ASÍ og SA bera til skiptis ábyrgð á undirbúningi og boðun fundanna.

Reykjavík, 24. apríl 2018

f.h. Alþýðusambands Íslands



f.h. Samtaka atvinnulífsins



Næstu skref í viðræðum við SA um kjarasamninginn um lífeyrismál er umfjöllun um kafla samningsins sem fjalla um sjálf lífeyrisréttindin og fjár-
festingar sjóðanna.

Endurskoðun almannatrygginga

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum um ellilífeyri almannatrygginga sem byggja á niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatrygginga sem skilaði niðurstöðum sínum í mars 2016. Með breytingunni er bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum einfaldað verulega og samspil við lífeyrissjóðina bætt til muna, sem skilar mestum kjarabótum til þeirra ellilífeyrisþega sem hafa lágar tekjur úr lífeyrissjóði. Þá er sveigjanleiki til töku lífeyris sömuleiðis aukinn verulega en frá og með 1. janúar 2018 var heimilt að taka hálfan ellilífeyri úr almannatryggingum samhliða hálfum lífeyri frá lífeyrissjóðunum fyrir þá sem vilja draga úr atvinnuþátttöku í skrefum. Við breytinguna var hins vegar ekki gerð nein breyting á ákvæðum almannatryggingalaga er varða örorkulífeyrisþega í samræmi við tillögur nefndarinnar, m.a. vegna deilna við forsvarsmenn öryrkja um starfsgetumatið. Meirihluti nefndarinnar lagði áherslu á að samhliða upptöku á þverfaglegu starfsgetumati í stað núverandi örorkumats yrði gerð breyting á greiðslukerfi almannatrygginga gagnvart þessum hópi þar sem samspilið við lífeyrissjóðina verði bætt og áhersla lögð á möguleika og hvata til endurhæfingar og atvinnuþátttöku. Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði í apríl 2018 samráðshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögur að nýju greiðslukerfi almannatrygginga sem styður við markmið starfsgetumats í samræmi við tillögur faghóps um mótun og innleiðingu starfsgetumats sem einnig er nú að störfum. Nýju kerfi er ætlað að tryggja hvata til atvinnuþátttöku þar sem áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun, þverfaglega nálgun og samfellu í framfærslu, að því er fram kemur í skipunarbréfi hópsins. Í vinnu samráðshópsins er einnig tekið mið af niðurstöðum í þeirri vinnu sem áður hefur farið fram í nefndum um endurskoðun almannatrygginga og stefnt að því að einfalda bótakerfi almannatrygginga sem snýr að örorkulífeyrisþegum þannig að bótaflokkar verði sameinaðir, skerðingarreglur einfaldaðar og framfærsluuppbot, sem í dag veldur sk. krónu á móti krónu skerðingu, verði afnumin. Í hópnum sitja níu fulltrúar, einn frá hverjum stjórnarflokki, einn sameiginlegur fulltrúi stjórnarandstöðunnar, einn sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda, einn fulltrúi frá Þroskahjálp og einn frá Öryrkjabandalagi Íslands. Samtök launafólks skipuðu sameiginlega einn fulltrúa sem er Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, og varamaður er Georg Brynjarsson, hagfræðingur BHM. Formaður hópsins er Guðmundur Páll Jónsson, tilefndur af Framsóknarflokki. Hópnum er ætlað að skila ráðherra tillögum sínum á haustdögum 2018 og stefnt er að framlagningu frumvarps um málið á Alþingi á vorþingi 2019.

Deilur um hálfan lífeyri almannatrygginga

Í upphafi árs 2018 tók gildi ákvæði í lögum um almannatryggingar sem heimilar töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga samhliða töku á hálfum ellilífeyri úr skyldubundnum lífeyrissjóðum. Samkvæmt lögnum er taka á hálfum ellilífeyri almannatrygginga undanþegin öllum tekjuskerðingum og greiðist því óskert óháð öðrum tekjum s.s. lífeyrissjóðstekjum, atvinnutekjum, fjármagnstekjum eða tekjum úr séreignarsjóðum. Þeir sem eiga rétt til ellilífeyris úr skyldutryggingarlífeyrissjóði geta hafið töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga frá 65 ára aldri með þeim skilyrðum að þeir lífeyrissjóðir sem viðkomandi á rétt hjá hafi einnig samþykkt að greiða viðkomandi hálfan lífeyri frá sama tímabili. Heimildin til töku á hálfum ellilífeyri almannatrygginga fyrir 67 ára aldur er sömuleiðis háð þeim skilyrðum að samanlagður áunninn réttur til ellilífeyris frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum, að teknu tilliti til hinnar varanlegu lækkunar vegna flýtingarinnar, verði jafnhár fullum ellilífeyri almannatrygginga sem nú er 239.484 kr. á mánuði. Í reglugerð nr. 1195/2017 sem félags- og jafnréttismálaráðherra gaf út í lok desember 2017 er þetta skilyrði ekki túlkað umfram það sem fram kemur í lögnum. M.v. túlkun Tryggingastofnunar á ákvæðinu er hins vegar ljóst að til þess að eiga rétt á hálfum lífeyri frá TR þarf viðkomandi að eiga að lágmarki full réttindi í lífeyrissjóði sem nema 239.484 krónum á mánuði, sé hálfur lífeyrir tekinn frá 67 ára aldri og um 305.000 krónum ef hálfur lífeyrir er tekinn frá 65 ára aldri. Þessi túlkun útilokar allflest launafólk frá þessum möguleika og þýðir í reynd að einungis tekjuháir einstaklingar hafa tök á að draga úr vinnu og fá óskertan hálfan ellilífeyri almannatrygginga. Sé miðað við lífeyrissjóðstekjur núverandi ellilífeyrisþega hjá TR má áætla að um 25% lífeyrisþega eigi kost á að taka hálfan ellilífeyri frá 67 ára aldri en einungis um 15% frá 65 ára aldri. Þessari túlkun hefur ASÍ mótmælt harðlega og telur að túlka hefði átt ákvæðið þannig að samanlögð full réttindi í almannatryggingum og lífeyrissjóðum, að teknu tilliti til skerðingar vegna flýtingar, þurfi að nema að lágmarki 239.484 kr. á mánuði sem þýðir að viðkomandi þarf að eiga um 35.000 krónur í fullan rétt hjá lífeyrissjóðum til að eiga þess kost á að taka hálfan lífeyri frá 65 ára aldri og öllum ætti þannig frá 67 ára aldri að gefast kostur á hálfum lífeyri frá 67 ára óháð réttindum í lífeyrissjóði. Miðað við þessa túlkun ættu langflestir sem verið hafa á vinnumarkaði og greitt í lífeyrissjóð eiga kost á því að taka hálfan lífeyri frá 65 ára aldri.

Hugmyndin um að auka sveigjanleika til töku lífeyris byggir á því að gefa fólki kost á að draga úr vinnu í áföngum í stað þess að hverfa alfarið af vinnumarkaði og geta án tekjuskerðingar fengið hálfan ellilífeyri. Hálfur lífeyrir vísar því væntanlega til þess að viðkomandi hafi aðrar tekjur til að vege á móti. Túlkun TR gerir í raun ráð fyrir því að tekjur lífeyrisþega af hálfum

lífeyri séu samanlagt aldrei lægri en 239.484 krónur á mánuði (119.742 frá TR og 119.742 frá lífeyrissjóð), til viðbótar koma svo aðrar tekjur. Þetta er sama upphæð og full lágmarksframfærsla ellilífeyrisþega á fullum ellilífeyri. Reglurnar virðast þannig gera ráð fyrir því að þeir sem taki hálfan lífeyri séu ekki endilega með aðrar tekjur og eru því eingöngu möguleiki fyrir þá sem verið hafa fremur tekjuháir á vinnumarkaði til þess að fá óskertar greiðslur úr almannatryggingum. Þessi túlkun ákvæðisins er að mati ASÍ með öllu óásættanleg og endurspeglar á engan hátt upphaflegan tilgang þess. ASÍ hefur frá því málið kom upp ítrekað tekið það upp við velferðarráðuneytið og á fundum með ráðherra málaflokksins. Þau svör hafa fengist að fyrirhugað er að gera breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar er varða hálfan lífeyri á haustþingi 2018 og mun ASÍ fylgja því fast eftir að þær verði með þeim hætti að úrræðið geti nýst almennu launafólki til aukins sveigjanleika.



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og skrifstofu þess. Þetta gildir jafnt um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórn Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, vinna fulltrúar ASÍ einnig að því að hafa áhrif á mótun og framkvæmd stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Íslenskur vinnumarkaður hefur síðustu ár vaxið sem aldrei fyrr og mikil fjölgun starfsmanna hefur verið í greinum eins og ferðaþjónustunni, byggingariðnaði og mannvirkjagerð og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hefur brotastarfsemi og undirboð á vinnumarkaði vaxið hratt.

Mikilvægur þáttur í baráttunni gegn undirboðum á vinnumarkaði er að treysta lagarammann og fylgja eftir af festu í framkvæmd. Í þeim tilgangi hefur verið lögð sérstök áhersla á að styrkja löggjöf um réttindi útsendra starfsmanna hér á landi og starfsmanna starfsmannaleiga. Þá var vorið 2018 gert mikilvægt samkomulag við SA um starfsemi starfsmannaleiga.

Í byrjun árs 2016 var hrundið af stað verkefninu EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! í samstarfi við aðildarsamtök Alþýðusambandsins. Mark-

mið verkefnisins er að vinna gegn brotastarfsemi og undirboðum á vinnu- markaði, einkum gagnvart ungu fólki og erlendum starfsmönnum. Verkefnið hefur þróast og vaxið mikið að umfangi síðan það var sett á laggirnar og hafa aðildarfélög ASÍ lagt stöðugt meira af mörkum í því sambandi.

Eins og áður hefur Alþýðusambandið lagt mikla áherslu á jafnréttismálin og að vera leiðandi á því sviði, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og í samstarfi við aðra aðila. Þar hefur vinnan við jafnlaunastaðalinn og innleiðingu hans haft ákveðinn forgang.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnu- markaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2017 til hausts 2018. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum sem gerðir hafa verið á undangengnum árum og yfirlýsinga ríkisstjórnna í tengslum við þá.

Jafnrétti á vinnu- markaði

Alþýðusamband Íslands hefur frá upphafi barist fyrir bættum lífskjörum allra landsmanna og gerð er sú krafa til velferðarsamfélagsins að allir hafi jafnan rétt, óháð kyni, aldri búsetu og þjóðerni. Jafnvægi atvinnuþátttöku, fjölskyldu- ábyrgðar og einkalífs er nauðsynleg forsenda þess að efla lífsgæði allra, því þarf að leita fjölbreyttra leiða til að vinna að jafnrétti á vinnu- markaði og í íslensku samfélagi. Erfiðlega getur reynst einstaklingum að finna jafnvægið á milli vinnu og fjölskylduábyrgðar. Það eru sameiginlegir hagsmunir launa- fólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls að finna nýjar leiðir til þess að sam- ræma vinnu og fjölskyldulíf.

Umræðan um kynbundið ofbeldi og áreitni á vinnu- markaði og í öllum lögum samfélagsins undir myllumerkinu #metoo hefur verið áberandi allt frá því að konur tóku höndum saman og ákváðu að rjúfa þögnina í nóvember 2017. Íslenskt samfélag hefur ekki farið varhluta af #metoo- eða #églíka byltingunni. Vegna kjarks þúsunda hugrakkra kvenna sem stigið hafa fram og sagt frá því ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir, hafa augu fjöldans opnast og þessi plága viðurkennd sem stórhættuleg andlegri og líkamlegri velferð þeirra sem fyrir henni verða.

Það er á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar að vera leiðandi í fyrirbyggjandi aðgerðum til að vinna bug á því þjóðfélagsmeini sem kynbundið og kynferð- islegt áreitni, áreitni og ofbeldi er.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Auk reglulegra funda nýta nefndarmenn sér tölvutæknina

til samskipta. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og aðra fulltrúa sambandsins sem sitja í nefndum og ráðum þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði.

Kynjabókhald ASÍ

Kynjabókhald ASÍ hefur að geyma kyngreindar tölulegar upplýsingar um hlutfall fulltrúa í stjórnnum og ráðum einstakra félaga, deilda og landssambanda. Einnig eru kyngreindar upplýsingar um málefnanefndir miðstjórnar og fulltrúa í nefndum sem skipaðar eru af sambandinu. Þar er einnig að finna kyngreindar upplýsingar um stjórnir lífeyrissjóða aðildarfélaga ASÍ og þátttöku á námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu. Kynjabókhaldið er sett fram myndrænt og í töflum og því aðgengilegt að skoða.

Kynjabókhaldið á að nýtast sem verkfæri þeirra sem tilnefna í nefndir og ráð á vegum sambandsins. Það er að finna í skýrslu forseta og einnig gefið út á rafrænu formi og er að finna á heimasíðu ASÍ.

Aðgerðahópur um launajafnrétti

Aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti hefur starfað frá því í október 2016. Verkefni aðgerðahópsins er meðal annars að vinna að eftirfylgni framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019, en liður 8 sem fjallar um jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja er leiðarljós hópsins. Eitt af verkefnum aðgerðahópsins var að koma að undirbúningi og framkvæmd Jafnréttisþings í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Jafnréttisþing var haldið dagana 7. og 8. mars undir yfirskriftinni „Útvíkkun jafnréttisstarfs - #metoo og margbreytileiki.“ Þema þess var um jafna meðferð og vernd gegn mismunun í víðum skilningi með hliðsjón af margbreytileika í íslensku samfélagi.

Jafnframt var á þinginu fjallað um stöðu kvenna og karla á opinberum vettvangi og vinnumarkaði, kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð, samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun, kynbundna hatursorðræðu og hótanir sem og áhrif #metoo-byltingarinnar á möguleika kvenna til jafnra valda og áhrifa í íslensku samfélagi. Kynntar voru niðurstöður nýrra rannsóknna á kyngreindu innihaldi fjölmiðla og launamun karla og kvenna. Einnig lauk formlega tilraunaverkefninu um innleiðingu jafnlaunastaðalsins sem staðið hafði frá því í nóvember 2013. Þær stofnanir og fyrirtæki sem þátt tóku í verkefninu fengu afhent jafnlaunamerki.

Jafnlaunavottun

Ný lög um jafnlaunavottun tóku gildi 1. janúar 2018 sem kveða á um að fyrir-

tæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli skuli öðlast jafnlaunavottun. Til að jafnlaunavottun fái starfsmenn jafnlaunakerfi að hafa verið innleitt og framkvæmd þess að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST:85. Meginmarkmið jafnlaunavottunarinnar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Með því að innleiða jafnlaunakerfi sem byggir á kröfum jafnlaunastaðalsins ÍST:85 geta vinnustaðir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamállum byggir á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Jafnlaunastaðallinn er afurð samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, en samþykkt var sérstök jafnréttisbókun í kjarasamningum í febrúar 2008 milli ASÍ og SA þar sem m.a. var tillaga um gerð jafnlaunakerfis. Á sama tíma var gerð breyting á jafnréttislögum þar sem kveðið var á um að unnið yrði að gerð jafnlaunakerfis á svipuðum nótum og fram kom í bókun ASÍ og SA.

Með lögum um jafnlaunavottun (nr. 56/2017) er samtökum aðila vinnumarkaðarins falið að annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir með 25 eða fleiri starfsmenn öðlist jafnlaunavottun og hún sé endurnýjuð á þriggja ára fresti. Vinna er hafin meðal aðila í samvinnu við Jafnréttisstofu við að undirbúa samræmdar leiðir sem teljast nauðsynlegar til að sinna eftirlitinu.

Allt frá upphafi hefur ASÍ tekið virkan þátt í allri þeirri vinnu sem tengist jafnlaunastaðlinum og jafnlaunavottuninni. Eftir fjögurra ára starf við gerð jafnlaunastaðalsins, tók við vinna við tilraunaverkefnið, á sama tíma vinna við gerð reglugerðar um kröfur til þeirra sem votta innleiðingu staðalsins, sértæk viðmið fyrir vottunaraðila jafnlaunastaðalsins voru unnin og reglur um notkun jafnlaunamerkisins. Jafnlaunastaðallinn og ekki síst sú staðreynd að jafnlaunavottun er orðið að lögum hefur gert það að verkum að mikil eftirspurn hefur verið eftir upplýsingum og fræðslu um staðalinn erlendis frá.

Tökum brúna – Kvinnaráðstefna ASÍ

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd í samvinnu við fræðsludeild ASÍ boðaði talskonur aðildarféлага ASÍ á fræðslu- og tengslaráðstefnuna Tökum brúna dagana 5. og 6. apríl undir yfirskriftinni „Sannarlegt lof er ekki um of“. Áhersla var lögð á að virkja kraft kvenna sem birtist m.a. í samstöðunni í kringum #metoo byltinguna og sannar enn einu sinni að samtakamáttur er helsta baráttutæki kvenna til áhrifa.

Líkt og með fyrri kvinnaráðstefnur þá var hún mjög vel sótt og fimm-tíu konur víðs vegar af landinu komu saman til að fræðast, efla tengslanet og skiptast á skoðunum. Þetta er sjötta kvinnaráðstefnan frá árinu 2006 og miðað við undirtektir þá er kvinnaráðstefna ASÍ komin til að vera.

Dagskráin samanstóð af hópefli, fræðsluerindum og hópastarfi og var

afrakstur Tökum brúna 2018 í formi ályktunar sem send var miðstjórn. María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu ASÍ, byrjaði á því að stýra kraftmiklu hópefli og í framhaldi bauð Lilja Sæmundsdóttir, formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar ASÍ, konur velkomnar. Marianna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, flutti erindi, „Í kjölfar #MeToo. Hvað svo? Næstu byltingar?“ og MajBrit Hjördís Briem lögfræðingur fjallaði um Jafnlaunaregluna og tengsl hennar við mannréttindi. Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna 78, spurði hvort væru skápar á vinnustöðum? Hún fjallaði um hinsegin fólk og atvinnulífið. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur og fyrrverandi þingkona, bar konum baráttuanda í brjóst með erindi sem hún nefndi „Stöndum saman – breytum kerfinu!“. Að lokum stýrði Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ, hópastarfi. Afrakstur kvennaráðstefnu ASÍ var eftirfarandi ályktun sem send var miðstjórn ASÍ.

„Skipulag og lög ASÍ endurspeгла ekki þær breytingar og áskoranir sem orðið hafa á vinnumarkaði á liðnum áratugum. Kvennaráðstefna ASÍ skorar á miðstjórn að endurskoða uppbyggingu sambandsins til að auka fjölda kvenna í áhrifastöðum og endurspeгла þannig betur hagsmuni félagsmanna aðildarfélaga ASÍ.

Nýta skal upplýsingar úr Kynjabókhaldi ASÍ sem raunverulegt verkfæri þegar tilnefnt er í nefndir og ráð á vegum sambandsins. Auka þarf vægi ólíkra hópa í áhrifastöðum innan hreyfingarinnar óháð kyni, uppruna, trúar o.s.frv. Sérstaka áherslu skal leggja á að styrkja konur og veita brautargengi verkefnum sem hafa að markmiði að efla konur til starfa þar sem talsmenn hreyfingarinnar eiga að endurspeгла fjölbreytileika félagsmanna.

Haldin skal sérstök karlaráðstefna eða „rakarastofuráðstefna“ þar sem karlar koma saman og ræða jafnréttismál á eigin forsendum. Það er nauðsynlegt allri framþróun í jafnréttismálum að karlar jafnt sem konur taki þátt í baráttunni.

Á 43. þingi ASÍ skal jafnrétti í víðum skilningi vera í forgrunni þar sem m.a. skal leggja áherslu á eftirfarandi:

- Jafnvægi einkalífs og atvinnuþátttöku s.s. að;
 - endurreisa afkomutryggingu foreldra í fæðingarorlofi
 - efla dagvistunarúrræði
 - endurskoða og útvíkka veikindarétt í kjarasamningum
- Efla fræðslu til félagsmanna aðildarfélaga sambandsins um fjölbreytileika samfélagsins með það að markmiði að útrýma hvers konar fordómum.
- Efla og styrkja starf ASÍ-ung sem er góður vettvangur fyrir ungt fólk innan hreyfingarinnar.“

#metoo

Eins og fram kemur í inngangi kaflans um jafnrétti, þá er það hlutverk og á ábyrgð verkalýðshreyfingarinnar að vera leiðandi í fyrirbyggjandi aðgerðum til að vinna bug á því þjóðfélagsmeini sem kynbundið og kynferðislegt áreitni, áreitni og ofbeldi er á vinnumarkaði. Hvarvetna í heiminum er mikil vakning um hvers konar kynbundið ofbeldi og áreitni á öllum sviðum samfélagsins undir myllumerkinu #metoo.

Alþjóðasamtök verkalýðsfélaga (ITUC) hafa látið til sín taka í baráttunni um hvers konar ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði og lagt áherslu á öryggi í vinnunni, jafnt og öryggi heima fyrir. Á kvennaráðstefnu ITUC, sem fram fór dagana 11.-13. október 2017 í Kosta Ríka, Mið-Ameríku, en jafnréttisfulltrúi ASÍ var þátttakandi þar, var lögð megináhersla á að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar um heim allan tækju virkan þátt í undirbúningi og vinnu Alþjóðavinnuáráðs (ILO) að alþjóðasamþykkt um að útrýma kynbundnu ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði.

Hér á landi hófst byltingin í nóvember 2017 á því að konur í stjórnmálum birtu áreitni- og ofbeldissögur. Sögunum fylgdi áskorun sem konur úr öllum stjórnmálaflokkum undirrituðu. Í kjölfarið streymdu inn sambærilegar frásagnir og áskoranir frá a.m.k. 15 mismunandi kvannahópum, hundruð frásagna hafa verið birtar á samfélagsmiðlum og þúsundir kvenna hafa skrifað undir áskoranir þar sem ofbeldinu er mótmælt og breytinga krafist.

Alþýðusambandinu barst í desember 2017 áskorun frá lokuðum hópi kvenna í verkalýðshreyfingunni, sem deilt hefur sín á milli reynslu sinni af kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í vinnunni og félagsstörfum innan hreyfingarinnar. Miðstjórn ASÍ sendi frá sér ályktun 21. desember, með yfirskriftinni „Einelti, kynferðislegt ofbeldi og áreitni á vinnustað verður að uppræta“. Þar er vísað í fyrri ályktun miðstjórnar um sama efni frá 8. nóvember. Báðar ályktanirnar er að finna í skýrslu forseta þar sem allar ályktanir miðstjórnar eru settar fram.

Það er á ábyrgð allra, stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og samfélagsins í heild að grípa tafarlaust til aðgerða til að fyrirbyggja og stöðva slíka hegðun og skorast verkalýðshreyfingin ekki undan þeirri ábyrgð og hefur markvisst unnið, í samvinnu við fjölmarga aðila, að því að finna lausnir. Fyrsta skrefið í þá átt var að heildarsamtök launafólks; ASÍ, BSRB, BHM og KÍ sendu frá sér yfirlýsingu 22. nóvember 2017.

„Rjúfum þögnina

Þúsundir hugrakkra kvenna hafa að undanfögnu stigið fram og sagt frá kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir á vinnustöðum með notkun myllumerkisins #metoo (#églíka) á samfélagsmiðlum.

Það er ábyrgð atvinnurekenda að fyrirbyggja og stöðva slíka hegðun. Sam-

tök launafólks kalla eftir því að atvinnurekendur og stjórnvöld axli ábyrgð og stórefli aðgerðir til að útrýma þessari plágu á vinnustöðum. Við erum reiðu-
búin til að taka þátt í slíkum aðgerðum.

Samtök launafólks standa þétt að baki þolendum. Við hvetjum hverja þá og hvern þann sem þolað hefur ofbeldi og áreitni á vinnustað að leita til stéttar-
félags síns eftir aðstoð. Barátta samtaka stéttarféлага fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks á fjölmörgum sviðum hefur skilað miklum árangri, m.a. í reglum um vinnuvernd og leiðbeiningum til trúnaðarmanna um meðferð slíkra mála. Samt er enn langt í að kynferðislegri áreitni og ofbeldi verði útrýmt á vinnumarkaði.

Því miður er sjaldgæft að þolendur kynferðislegrar áreitni eða ofbeldis á vinnustöðum leiti til stéttarféлага sinna, eftirlitsaðila, úrskurðarnefnda eða dómstóla eftir úrlausn mála. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið benda til að kynferðisleg áreitni sé landlæg og alvarleg á íslenskum vinnumarkaði. Fjöldi þeirra kvenna sem sagði sögur sínar af kynferðislegri áreitni undir myllumerkinu #metoo vakti marga til umhugsunar og ljóst er að brýn þörf er á vitundarvakningu.

Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum frá 2015 leggur ríkar skyldur á herðar atvinnu-
rekenda. Samkvæmt henni skulu atvinnurekendur gera skriflegt mat á áhættu-
þáttum kynferðislegrar áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum, áætlun um forvarnir og aðgerðir til að koma í veg fyrir slíka hegðun og loks þær aðgerðir sem grípa skuli til ef talið er eða vitað að slík hegðun eigi sér stað eða hafi átt sér stað.

Konur ættu ekki að þurfa að berjast fyrir réttindum sínum með #metoo. Það er í höndum atvinnurekenda og stjórnvalda að tryggja öruggt vinnu-
umhverfi á vinnustað. Það á ekki að sópa kynferðislegri áreitni og ofbeldi undir teppið. Það þarf að útrýma því!

Afleiðingar kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni geta verið margvís-
legar. Dæmi þar um er að þeir sem verða fyrir slíkri áreitni verði þunglyndir og kvíðnir. Alvarlegustu afleiðingar slíkrar áreitni valda fjarvistum vegna veikinda, óvissu um starfsöryggi og jafnvel starfsmissi. Þetta er sameiginlegur vandi okkar allra því afleiðingarnar hafa ekki bara áhrif á einstaklinginn, heldur einnig á fjölskyldu hans, vinnustaðinn og samfélagið.

Við þurfum að efla forvarnir verulega, stuðla að vitundarvakningu á vinnu-
markaði og tryggja að á þolendur sé hlustað. Atvinnurekendur eiga að bregðast rétt við og sýna þolendum stuðning. Samtök launafólks skorast ekki undan því að taka þátt í þeim aðgerðum.

Laugardaginn 25. nóvember er alþjóðadagur Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum. Stöndum þétt saman og vinnum að því að upp-
ræta ofbeldi og áreitni á öllum sviðum samfélagsins, líka á vinnustöðum.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB,
Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands,
Þórður Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands og
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Bandalags háskólamanna.“

Hættum að laga konur – Lögum samfélagið!

Í febrúar 2018 hélt ASÍ ásamt öðrum heildarsamtökum launafólks og Kvenréttindafélaginu fund þar sem #metoo konum var boðið til samtals um næstu skref byltingarinnar. Lagt var upp með spurninguna „Hvað getum við gert? Niðurstaða fundarins, sem fór fram með þjóðfundarsniði, var að stéttarfélög, atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa að bregðast við #metoo umræðunni og grípa tafarlaust til fyrirbyggjandi aðgerða.

Unnin var skýrsla upp úr ábendingum fundarkvenna, sem komu frá misnunandi #metoo hópum. „Samtal við #metoo konur – Hvað getum við gert?“ Þar er að finna fjölmargar ábendingar sem verkalýðshreyfingunni og kvennahreyfingunni var falið að fylgja eftir.

Ábendingar fundarkvenna voru jafnt til stéttarféлага, atvinnurekenda sem og stjórnvalda en einnig kom skýrt fram að ábyrgðin er okkar allra. Á fundinum var kröftug samstaða um að við öll, sem einstaklingar og samfélag, berum ábyrgð á því að halda umræðunni lifandi og fylgja eftir aðgerðum til breytinga í kjölfar #metoo. Hættum að laga konur. Lögum samfélagið!

Í framhaldi fundar með fulltrúum #metoo kvenna var bæklingur gefinn út á ensku og pólsku um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Bæklingurinn kom fyrst út í mars 2016, á íslensku, í samstarfi við BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu.

Í kjölfar útkomu skýrslunnar frá fundinum með #metoo konum var haldinn vinnufundur með helstu hagsmunaaðilum er láta sig málið varða. Það var gert með það í huga að sterk krafa kom fram meðal #metoo kvenna að aðilar ættu að vinna saman. Fulltrúar á fundinum komu frá samtökum launafólks, samtökum atvinnurekenda, samtökum sveitarféлага, vinnueftirlitinu, fjármálaráðuneytinu, kvennasamtökum, fagfélögum s.s. sálfræðingafélaginu og félagi mannauðsstjóra. Einhugur var meðal þátttakenda að halda áfram að vinna saman að þessu mikilvæga verkefni.

ASÍ í samvinnu við jafnréttis- og fjölskyldunefnd vann stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Markmiðið með vinnunni er að aðildarfélögin geti nýtt sér vinnuna til að vinna sambærilegar stefnur og viðbragðsáætlanir fyrir sína félagsmenn.

Kynjafing Kvenréttindafélagsins

Kynjafing KRFÍ var haldið í Tækniskólanum á Skólavörðuholtinu 3. mars

2018 og var hugmyndafræðin þar að baki sú sama og Nordisk forum, þ.e. tengslaráðstefna fyrir félagasamtök sem vinna að mannréttindum og jafnrétti, þar sem þátttakendur og gestir kynnast nýjum hugmyndum og nálgunum í jafnréttisfræði. Einnig var þingið hugsað sem upplýsingaráðstefna, til að gefa almenningi tækifæri á að kynnast starfi félagasamtaka sem vinna að málefnum.

ASÍ, BHM, BSRB og KÍ voru saman með kynningu á helstu niðurstöðum #metoo vinnufundarins og aðra sameiginlega kynningu sem bar yfirskriftina #jöfnkjör sem vísar til yfirskriftar Kvannafrís 2016.

Baráttan gegn undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi

Bætt löggjöf um útsenda starfsmenn, starfsmannaleigur o.fl. - keðjuábyrgð

Að frumkvæði Alþýðusambandsins var á fyrri hluta árs 2016 hafin endurskoðun á lögum um útsenda starfsmenn 45/2007, ásamt tengdri löggjöf. Þessi vinna fór fram á vettvangi velferðarráðuneytisins í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Inn í þá vinnu var síðan í ársbyrjun 2017 tekið það samkomulag sem náðist á milli ASÍ og SA um keðjuábyrgð.

Niðurstaða vinnunnar var frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi í apríl 2017 en ekki náðist að afgreiða það fyrir þinglok. Í frumvarpinu var að finna ýmsar lagfæringar á núgildandi lögum sem allar horfa til bóta. Þær varða m.a. sjálfstætt starfandi einstaklinga sem koma hingað til lands og er ætlað að koma í veg fyrir undirboð með gerviverktöku, aukna upplýsingaskyldu erlendra þjónustufyrirtækja og innlendra notendafyrirtækja, auknar heimildi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fá upplýsingar og miðla þeim, hert viðurlög við brotum o.fl. Þá er í frumvarpinu komið inn ákvæði um keðjuábyrgð í byggingariðnaði eða mannvirkjagerð.

Á síðustu stigum vinnunnar við frumvarpið setti fulltrúi ASÍ fram harða gagnrýni á tvennt sem að hans mati væri ekki tekið á með fullnægjandi hætti og í öðru tilfallinu gengið að mati ASÍ þvert gegn þeirri sátt sem náðst hafði á milli ASÍ og SA og ráðuneytið hafði á fyrri stigum undirgengist. Þau mál sem hér um ræðir vörðudu annars vegar möguleika á að láta keðjuábyrgðina ná til fleiri atvinnugreina, ef þörf krefur, og hins vegar að ná betur böndum yfir erlend rútu- og ferðaþjónustufyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi án þess að hún sé skráð.

Þegar ljóst var að frumvarpið yrði ekki afgreitt á Alþingi vorið 2017, m.a. vegna andmæla Persónuverndar, óskaði Alþýðusambandið eftir því að hafin yrði vinna við að fara yfir frumvarpið þannig að leggja mætti það fram endurbætt strax við upphaf þings haustið 2017. Við því varð ekki orðið og hófst vinnan ekki fyrr en í september sama ár. Fyrir þá vinnu lagði ASÍ fram

minnisblað um þau efnisatriði sem fjalla þyrfti og sammælast um í tengslum við breytingar á lögum nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og lögum nr. 139/2005 um starfsmannaleigur:

1. Viðbrögð og mögulegar breytingar vegna athugasemda Persónuverndar við frumvarpið.
2. Taka af allan vafa um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til að starfsmaður teljist vera þátttakandi á íslenskum vinnumarkaði og falli undir íslenskan vinnurétt.
3. Taka af allan vafa um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til að einstaklingur geti talist vera verktaki á íslenskum vinnumarkaði.
4. Endurskoða/útvíkka til hvaða atvinnugreina „keðjuábyrgðin“ skuli ná.
5. Fjalla um og fella inn í lögin hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að stéttarfélag/samband stéttarfélaga eigi viðurkennda aðild að máli sem rís á grunnri laganna.

Mikil vinna var lögð í málið veturinn 2017–2018 sem lauk með því að félags- og jafnréttisráðherra lagði fram á Alþingi frumvarp sem afgreitt var fyrir þinglok vorið 2018 sem lög nr. 75/2018.

Í umsögn ASÍ um frumvarpið var gerð stuttlega grein fyrir meginefni frumvarpsins eins og það horfði við Alþýðusambandinu.

„1. Forsendur og meginmarkmið frumvarpsins

Það er meginregla á íslenskum vinnumarkaði að launafólk skuli njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi óháð þjóðerni starfsmanna eða þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir, þ.m.t. erlendra þjónustufyrirtækja að meðtöldum starfsmannaleigum. Þetta er áréttad í 4. og 5. gr. núgildandi laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007.

Á síðustu misserum og árum hafa undirboð og tengd brotastarfsemi farið vaxandi á íslenskum vinnumarkaði. Þar hafa erlend þjónustufyrirtæki sem koma tímabundið með starfsmenn hingað til lands, þ.m.t. starfsmannaleigur, verið mjög áberandi.

Alengustu brotin eru að laun og önnur starfskjör eru oft langt undir íslenskum kjarasamningum, yfirvinna ekki greidd og réttindi starfsmanna eru ekki virt hvað varðar orlof og veikindi og slys. Hér er vert að hafa í huga að starfsmenn þjónustufyrirtækja eiga að lágmarki að njóta launa skv. kjarasamningum og starfsmenn starfsmannaleiga sömu launa og annarra starfskjara og ef þeir væru í beinu ráðningarsambandi við íslenska notenda-fyrirtækið.

Almennt má segja að þessi fyrirtæki, sem flest koma frá fátækum ríkjum Evrópu, reyni að flytja með sér hingað til lands léleg kjör og takmörkuð réttindi á vinnumarkaði sem gilda í heimalandinu. Þá gildir um mörg þessara fyrirtækja að þau halda starfsmönnum sínum frá upplýsingum um laun og önnur starfskjör sem hér gilda, útvega þeim íbúðarhúsnæði sem er með öllu óásættanlegt og ala á ótta starfsmannanna við að sækja rétt sinn. Í alvarlegustu tilfellunum má fullyrða að þessi fyrirtæki stundi brotastarfsemi sem jafra við mansal, ef ekki er hreinlega um vinnumansal að ræða.

Í framangreindu ljósi er mikilvægt að í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er bætt inn markmiðsgrein þar sem réttindi framangreindra starfsmanna eru áréttuð, en þar segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna sem erlend fyrirtæki senda tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hérlendis séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi.

Enn fremur er það markmið laga þessara að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir edli og umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og eftir atvikum í heimaríki þeirra, hvort sem þeir veita þjónustu hérlendis sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða hafa starfsmenn í vinnu, í því skyni að tryggja að erlendir þjónustuveitendur starfi löglega hér á landi.“

2. Skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleiga, heimildir til eftirlits og viðurlög

Með frumvarpinu er dreginn lærdómur af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði síðustu misseri og ár og treystar betur þær reglur sem gilda um starfsemi þessara fyrirtækja og réttindi starfsmanna þeirra, þannig að tryggja megi að kjarasamningar og lög á íslenskum vinnumarkaði séu virt og koma megi í veg fyrir brotastarfsemi af hálfu framangreindra fyrirtækja. Frumvarpið felur í sér nokkra mikilvæga þætti í þessum efnum:

- Kveðið er á um að Vinnuálastofnun skuli í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins birta með aðgengilegum hætti upplýsingar um lög og reglur sem gilda á vinnumarkaði hér á landi ásamt því hvar megi nálgast gildandi kjarasamninga. Þannig er erlendum þjónustufyrirtækjum ekki stætt á því að skýla sér á bakvið skort á upplýsingum um framangreint efni.
- Frumvarpið felur í sér ríkari skyldur en nú er gagnvart erlendum þjónustufyrirtækjum, þ.m.t. starfsmannaleigum, að þau veiti nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína bæði í heimalandinu og hér á landi til að hægt sé að ganga úr skugga um að þau starfi hér með lögmætum hætti og virði þau lög og reglur sem hér gilda, þ.m.t. réttindi starfsmanna sinna.

- Tekin eru af tvímæli um að þau stjórnvöld hér á landi sem málið varðar geti miðlað upplýsingum um starfsemina sín á milli þegar málefnaleg rök liggja til þess.
- Lagðar eru skyldur á Vinnumálastofnun um að aðstoða stjórnvöld í ríkjum EES þegar um er að ræða gistiríki íslensks fyrirtækis, hvort sem er við öflun upplýsinga um íslenska fyrirtækið eða vegna samskipta við íslenska fyrirtækið, þ.m.t. vegna innheimtu sekta, óski þar til bær stjórnvöld í gistiríkinu eftir slíkri aðstoð. Þessi skylda er lögð á Vinnumálastofnun á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2014/67. Það sem er mikilvægt fyrir íslenskan vinnumarkað er að skyldan er gagnkvæm og því ber stjórnvöldum í öðrum EES ríkjum að aðstoða íslensk stjórnvöld með sama hætti.
- Auk ákvæða í núgildandi lögum um heimild Vinnumálastofnunar til að krefjast þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar eru heimildir til að leggja á starfsemina dagsektir gerðar skýrari. Þá er í frumvarpinu komin heimild sem ekki er í núgildandi lögum til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstakling sem veitir stofnuninni ekki upplýsingar ogleða aðgang að gögnum á tilskildum tíma eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- Markmiðin með framagreindum heimildum og nýmælum er fyrst og fremst að hafa varnaðaráhrif, en jafnframt er mikilvægt að þeim verði beitt ef þörf krefur.

3. Skyldur notendafyrirtækja til að veita upplýsingar og ábyrgð á launabáttum - „keðjuábyrgð“

- Í frumvarpinu er að finna ábyrgð innlendra notendafyrirtækja, aðalverk-taka (verkkaupa), sem semja við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Ábyrgð notendafyrirtækis nær til vangoldinna launa skv. kjarasamningi um viðkomandi starf, annarra vangoldinna launabátta og vangoldinna launa fyrir yfirvinnu. Einnig vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum, sem og vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi. Ábyrgðin nær ekki til vangoldinna orlofslauna og er litið svo á að lengd ábyrgðartímans vegi það upp.

Megintilgangurinn með „keðjuábyrgðinni“ er að notendafyrirtæki vandi betur val sitt þegar kemur að samningum við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Það er einnig reynslan frá Noregi þar sem keðjuábyrgð hefur verið við lýði í nokkurn tíma.

- Með frumvarpinu er með ítarlegum hætti útfært hvernig keðjuábyrgðin er virkjuð og hvernig hún er í framkvæmd. Það sem er mikilvægt að hafa í huga hér er eftirfarandi:

- *Keðjuábyrgðin nær eingöngu til launabátta, og launatengdra gjalda.*
 - *Keðjan er „óslitin“. Þ.e. ekki er hægt að slíta keðjuna með fléttum eða svikafyrirtækjum.*
 - *Reynt að tryggja að framkvæmdin geti verið einföld/möguleiki á að virkja keðjuábyrgðina án þess að einstaklingar setji sig í „skotlínuna“ með því að krafa telst einnig hafa borist ef samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangeiðslur vegna starfsmanns þjónustufyrirtækisins, þ.m.t. starfsmannaleigunnar.*
- *Keðjuábyrgðin nær eingöngu til byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar, sbr. F hálkur atvinnugreinaflokkunar Hagstofunnar.*
- *Alþýðusambandið gagnrýnir þá niðurstöðu sem er í frumvarpinu varðandi afmörkun keðjuábyrgðarinnar og telur hana ekki í samræmi við þá sátt sem náðist í viðræðum ASÍ, SA og velferðarráðuneytisins. Gerð er tillaga um breytingu á þessum þætti síðar í þessari umsögn.*

—

4.Skráningar- og upplýsingaskylda sjálfstætt starfandi einstaklinga af EES svæðinu

- *Í frumvarpinu að finna það nýmæli að nú eiga lögin einnig að gilda um skráningar- og upplýsingaskyldu einstaklingsverktaka sem koma hingað til starfa af EES svæðinu. Með því er verið að bregðast við þeirri þróun sem farið er að gæta hér á landi og hefur farið mjög vaxandi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem verið er að búa störf launafólks í ýmiss konar þjónustu- og verktakastarfsemi og starfsmannaleiga í búning verktöku til að komast undar skyldum fyrirtækja og hafa af launafólki margháttuð réttindi. Einnig tengjast þessu skattaundanskot. Í reynd er þarna um að ræða hreina gerviverktöku sem mikilvægt er að uppræta með öllu.“*

Fyrir Alþýðusambandinu liggur að fylgja eftir efni laganna og hrinda því í framkvæmd, m.a. í samhengi við samkomulag það sem gert var við Samtök atvinnulífsins í apríl sl. um starfsmannaleigur. Þá þarf að fylgja eftir bráðabirgðaákvæði sem fylgir lögnum þar sem kveðið er á um nefnd sem sérstaklega á að fylgjast með framkvæmdinni varðandi þörf fyrir frekari keðjuábyrgð í lögum nr. 45/2007 og gera tillögur þess efnis ef þörf krefur. Þá liggur fyrir að endurskoða þarf lögin innan tveggja ára vegna breytinga á tilskipun Evrópusambandsins um útsenda starfsmenn sem samþykktar voru á vormánuðum 2018.

Samkomulag ASÍ og SA um starfsmannaleigur

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undirrituðu 12. apríl 2018 samkomulag um eftirlit með launum og starfskjörum starfsmanna starfsmannaleiga, ábyrgð notendafyrirtækja og sérstaka viðurkenningu starfsmannaleiga.

Markmiðið er að tryggja sé að starfsmenn starfsmannaleiga njóti þeirra kjara og réttinda sem þeim ber.

Til að tryggja betur framangreind markmið og réttindi starfsmanna starfsmannaleiga eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi aðgerðir:

- Starfsmannaleigum gefist kostur á að undirgangast sérstakt launaeftirlit af hálfu stéttarféлага og samráðsnefndar ASÍ og SA. Það felur í sér að þær leggi fram gögn svo að hægt sé að sannreyna að þær uppfylli skilyrði laga og kjarasamninga varðandi laun og önnur starfskjör starfsmanna sinna.
- Samráðsnefnd ASÍ og SA veiti þeim starfsmannaleigum viðurkenningu sem undirgengist hafa sérstakt launaeftirlit og uppfylla skilyrði samkomulagsins að öðru leyti.
- Lögfest verði ábyrgð notendafyrirtækja á vangoldnum launum starfsmanna starfsmannaleiga sbr. frumvarp félags- og jafnréttisráðherra sem getið er um hér að framan.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum og skyldum sem þar gilda. Samtökin líta á það sem sameiginlegt verkefni samtakanna að treysta í sessi heilbrigðan vinnumarkað þar sem gætt er að umsömdum réttindum launafólks.

ASÍ og SA hafa látið sig málefni starfsmannaleiga varða. Kemur þá tvennt til, annars vegar að starfsmenn þeirra eru nærri undantekningarlaust erlendir og því ríkari þörf fyrir eftirliti með kjörum þeirra og hins vegar að starfsemi starfsmannaleiga felur í sér frávík frá meginreglu íslensks vinnumarkaðar um að starfsmenn séu ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda.

Markmið samkomulagsins er m.a. að tryggja réttindi starfsmanna starfsmannaleiga. Samningsaðilar leggja áherslu á að notendafyrirtæki, þ.e. þau fyrirtæki sem eru með starfsmenn starfsmannaleiga í þjónustu sinni, sýni ábyrgð, taki ekki þátt í brotum gegn starfsmönnum starfsmannaleiga og skipti einungis við starfsmannaleigur sem þau bera traust til.

Einn réttur – ekkert svindl!

Fá árinu 2016 hefur Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess staðið að verkefninu EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!. Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlenda starfsmenn og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mjög á undanförunum misserum og árum og í ársbyrjun 2018 voru þeir að jafnaði um 24.000-25.000 manns, eða um 13% af vinnumarkaðinum hér á landi. Áfram má búast við að útlendingum fjölgi á íslenskum vinnumarkaði næstu 2-3 ár vegna þenslu í byggingariðnaði og fleiri greinum. Verulega virðist vera að hægja á þenslu í ferðaþjónustu og er gert ráð fyrir að eftirspurn eftir erlendu starfsfólki í þeirri grein muni minnka verulega næstu 2 árin. Á hinn bóginn má áfram búast við mikilli eftirspurn eftir starfsfólki í byggingariðnaði. Þá hefur verið vaxandi eftirspurn eftir starfsfólki í ýmsum greinum þjónustu, s.s. við þrif, umönnun og gæslustörf. Einnig í sumum greinum iðnaðar s.s. í matvælaíðnaði. Hins vegar sýnir ný könnun meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins að skortur á starfsfólki fer minnkandi almennt séð, þó hann sé áfram töluverður í ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Fjölgun starfa verður því hægari og er gert ráð fyrir að ný störf á árinu 2018 verði nær 2.500 það ár og nálægt 2.000 á árinu 2019. Því má gera ráð fyrir að hægist á búferlaflutningum útlendinga hingað til lands með minnkandi eftirspurn á vinnumarkaði.

Alþýðusambandið hefur bent á að erlendu starfsmennirnir leggja mikið til samfélagsins og ljóst að sá hagvöxtur sem hér hefur verið síðustu misseri er að stórum hluta drifinn áfram af þeirra framlagi til atvinnulífsins.

Þróun á vinnumarkaði á sér hins vegar skuggahliðar. Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa á undangengnum misserum og árum orðið áskynja um stöðugt vaxandi vanda vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi. Fullyrða má að staðan nú sé alvarlegri en þegar verst lét á árunum fyrir hrunið 2008 og í verstu tilfellunum er um hreint vinnumansal að ræða. Vandinn er stærstur í helstu vaxtargreinunum í íslensku atvinnulífi; í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðaþjónustunni. Þó eru aðrar greinar ekki óhultar, s.s. ýmsar þjónustugreinar aðrar. Brotastarfsemin beinist einkum að þeim sem „eru veikastir fyrir“. Þar eru útlendingar mest áberandi en einnig ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Hér skiptir miklu máli að útlendingar sem hingað koma til starfa koma í miklum mæli frá fátækum ríkjum Austur-Evrópu og Asíu:

- Þar sem kjör, önnur starfsréttindi og aðbúnaður eru allt önnur og lakari en hér þekkest.
- Þar sem vinnumarkaðurinn er illa skipulagður, stéttarfélagin veik og kjarasamningar annaðhvort ekki til staðar eða þeir tryggja lítil og mjög takmörkuð réttindi.

Þá er ljóst að aðferðirnar eru þróaðri og brotastarfsemin ósvífnari en áður og í sumum tilfellum er um skipulagða glæpastarfsemi að ræða. Útlendingunum er kerfisbundið haldið frá samfélaginu og upplýsingum um þau kjör og réttindi

sem hér gilda og þeim hótad atvinnumissi og jafnvel einhverju ennþá verra ef þeir reyna að leita réttar síns. Dæmi eru um að ráðningasamningar, launaseðlar og tímaskrift virðist í lagi við skoðun en síðar komi í ljós að starfsmenn eru látnir stimpla sig út þegar hefðbundnum dagvinnutíma lýkur en gert að halda áfram að vinna langt fram eftir kvöldi eða nóttu án þess að fá sérstaklega greitt fyrir þá vinnu. Þá má einnig nefna að eftirlitsfulltrúar verða varir við að aðbúnaði starfsmanna er mjög áfátt, starfsmenn eru rukkaðir um rándýra húsaleigu og starfsmenn eru oft háðir atvinnurekanda um fæði og húsnæði, margir starfsmenn hafðir saman í herbergi, matar- og kaffitímar ekki virtir né aðstaða til að nærast og svo mætti lengi telja. Í mörgum tilfellum geta starfsmenn ekki gert sig skiljanlega því þeir tala hvorki né skilja ensku né annað tungumál en sitt eigið sem getur verið albanska, rúmenska, rússneska eða annað.

Ljóst er að nútímaþrælahald eða mansal er staðreynd á Íslandi og hafa slík mál komið inn á borð verkefnastjóra ASÍ. Illa hefur gengið að koma þeim málum í farveg m.a. vegna skorts á úrræðum og verkreglum af hendi stjórnýslunnar.

Við þetta bætist síðan hópur ungs fólks sem er að koma hingað til lands í ævintýraleit og til að kynna landi og þjóð. Þjóða sig fram eða er boðið að starfa sem sjálfboðaliðar upp á fæði og húsnæði en er síðan látið vinna störf sem á að launa í samræmi við kjarasamninga og lög.

Sá hópur fer því stækkandi sem er berskjaldaður gagnvart brotum atvinnurekenda á réttindum og stéttarfélög þurfa í auknum mæli að glíma við brotastarfsemi af ólíkum toga, kerfisbundinn launaþjófnað, vinnumansal, undirboð á vinnumarkaði, kennitöluflakk og svarta atvinnustarfsemi. Slík brotastarfsemi grefur undan heilbrigðum vinnumarkaði og grunnstöðum samfélagsins. Hún felur í sér kúgun sem leiðir til fátæktar og aukinnar misskiptingar.

Þörf er á öflugum og markvissum aðgerðum gegn brotastarfseminni. Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Leggja verður áherslu á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Verkefnastjóri sem í upphafi var ráðinn til að stýra verkefninu lét af störfum í júní 2017 og verkefnið var því í biðstöðu í nokkra mánuði. Var það mat og ákvörðun ASÍ að halda þyrfti áfram með verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ og í febrúar 2018 var ráðinn nýr verkefnastjóri.

Frá því að ákvörðunin var tekin á vettvangi ASÍ um að fara af stað með verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ hefur áherslan einkum verið á eftirtalda þætti:

- Upplýst fyrirtæki um skyldur þeirra og ábyrgð: Bæði íslensk notendafyrirtæki og erlend þjónustufyrirtæki.
- Upplýst erlent launafólk um réttindi þess og skyldur og íslenskan vinnumarkað.
- Upplýst Íslendinga um afleiðingar brotastarfseminnar.
- Eftl vinnustaðaheimsóknir stéttarfélaganna og eftirlit á vinnustöðum í samstarfi þeirra aðila sem málið varðar. Markmiðið er að miðla upplýsingum, kanna aðstæður og fylgja málum eftir og koma á framfæri upplýsingum um brot á starfsmönnum.

Í fyrri hringferð ASÍ til undirbúnings fyrir ASÍ þingið í október 2018 var í vinnusmiðjum m.a. fjallað um vinnumarkaðinn almennt og áherslur og óskir félags- og starfsmanna stéttarfélaganna. Þar kom sterklega fram áhersla á að efla vinnustaðaeftirlit til að sporna gegn brotastarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði, að auka heimildir til beittara og öflugra vinnustaðaeftirlits og að skýrar reglur yrðu settar um sjálfboðaliðastörf. Fundirnir voru haldnir á Akureyri, í Borgarnesi, á Ísafirði, í Reykjanesbæ, á Reyðarfirði, þrír fundir í Reykjavík, á Sauðárkróki og á Selfossi.

Ljóst er að mikilvæg forsenda árangurs í baráttunni gegn brotastarfsemi gagnvart útlendingum er samstarf og samvinna við aðra aðila sem skyldum hafa að gegna um upplýsingamiðlun, eftirlit og eftirfylgni, bæði opinbera aðila - Vinnuálastofnun, Vinnueftirlitið, ríkisskattstjóra og lögregluna, auk annarra – og samtök atvinnurekenda. Einnig að efla vinnustaðaeftirlitið og styðja við eftirlitsfulltrúa á vettvangi.

Síðustu mánuði hefur jafnframt verið unnið að því að efla eftirlitsfulltrúa og verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“. Enn fremur að skoða hvað verkefnið skortir til að hægt sé að efla það og þróa áfram.

Það sem m.a. hefur verið gert:

- Unninn gagnagrunnur fyrir eftirlitsfulltrúa sem nú er að finna á innri vef ASÍ undir heitinu „Vinnustaðaeftirlit“.
- Starfs- og verklýsingar eftirlitsfulltrúa hafa verið endurskoðaðar og uppfærðar.
- Haldnir hafa verið þrír fundir með eftirlitsfulltrúum þar sem farið

hefur verið yfir málefnið og skapaður grundvöllur fyrir umræður og samskipti eftirlitsfulltrúa.

- Í september var haldið tveggja daga námskeið fyrir fulltrúa til að styrkja þá í starfi.
- Þá hefur verkefnastjóri ASÍ fyrir EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ farið með eftirlitsfulltrúum í eftirlitsferðir, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni.
- Vefnum www.volunteer.is var hleypt af stokkunum í byrjun árs 2018, er honum ætlað að benda á að sjálfboðaliðastörf í efnahagslegri starfsemi séu ólögleg á Íslandi.
- Nokkur stéttarfélag réðu eftirlitsfulltrúa ýmist í fullt eða hlutastarf til að sinna vinnustaðaeftirlitinu.
- Nokkur stéttarfélag hafa komið sameiginlega að eftirliti og hefur það styrkt vinnustaðaeftirlitið að vinna þvert á svæði og atvinnugreinar.
- Samræður og samvinna hefur átt sér stað við aðra aðila sem koma að eftirlitinu, RSK, VMST, VER, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og fleiri, en mikilvægt er að festa einhvers konar samkomulag um samstarf.

Ætlunin er að styrkja og styðja enn frekar við eftirlitið og eftirlitsfulltrúa með meiri fræðslu og námskeiðum.

Aukin samvinna og samþætting og stuðningur við eftirlitsfulltrúa hefur eflt vinnustaðaeftirlitið. En þrátt fyrir að eftirlit sé í nokkuð föstum farvegi er ljóst að enn er mikið verkefni fyrir höndum, efla og þróa áfram. Mikilvægt er að:

- Opna umræðu og koma af stað vitundarvakningu um brotastarfsemi, glæpastarfsemi, nútímaþrælahald og mansal í samfélaginu öllu. Vekja þarf athygli bæjar- og sveitarfélaga, stjórnarsýslunnar, stjórnámálanna og samfélagsins alls á núverandi ástandi og hvernig þurfi sameiginlegt átak til að taka á vandanum.
- Efla samstarf við stjórnarsýslustofnanir um eftirlit og eftirfylgni.
- Fá samtök atvinnurekenda til samstarfs.
- Efla vinnustaðaeftirlit og gera það markvissara og árangursríkara.
- Fylgja því eftir að þær eftirlits-, viðurлага- og refsíheimildir sem eru/verða til staðar séu nýttar.
- Bæta kynningar og upplýsingamiðlun.
- Beita félagslegum aðgerðum þegar þörf krefur.

Þá sýnir reynsla að veikasti hlekkurinn er eftirfylgni og að brotastarfsemin sé stöðvuð ef ekki vill betur.

Jafnframt er nauðsynlegt að þróa og bæta þann regluramma sem gildir

Þegar kemur að baráttunni við brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar leggur Alþýðusambandið áherslu á eftirfarandi:

- Greina veikleika í löggjöf og vinna að úrbótum. Gera ríkari kröfur á notendafyrirtæki og aðalverktaka m.a. með lögleiðingu keðjuábyrgðar og að gildissvið laga og ýmis hugtök verði skýrð frekar. Einnig að viðurlög verði hert og skýrari stöðvunarheimildir.
- Setja skýrar reglur um hvenær verkefni geta fallið undir sjálfböðastörf.
- Settar verði reglur um allt starfsnám og starfsþjálfun, byggja á for-dæmi löggiltra iðngreina.
- Efla þátttöku í samstarfi á alþjóðavísu m.a. um aðgerðir gegn gervifyr-irtækjum og hvað varðar aðstoð og samstarf um aðgerðir vegna brota á starfsmönnum.
- Efla verði löggjöf og aðgerðir til að stöðva kennitöluflakk.
- Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir nokkrum verkefnum sem unnið er að á grunni greiningarinnar og áherslnanna sem hér hafa verið nefndar.

Klukk

Tímaskráningarappið Klukk var sett í loftið í febrúar 2016 og fékk strax mjög góðar viðtökur. Á fyrstu 9 mánuðunum sóttu 10 þúsund manns appið en nú í lok sumars 2018 hafa um 22 þúsund manns náð sér í Klukk í Appstore og Playstore.

Notkunin er nokkuð sveiflukennnd eftir árstímum og hún sveiflast einnig með kynningarherferðum sem ASÍ stendur fyrir þrisvar á ári (vetur, vor, haust) og er nær eingöngu á netinu. Þegar mest lætur nota um 3.000 manns Klukk en notkunin getur líka farið niður í ca 1.000 manns og er þá miðað við þann fjölda sem notar Klukk eitthvað í hverjum mánuði. Í júní 2018 voru t.d. 2.500 að nota Klukk. Í appheimum telst það mjög ásættanleg niðurstaða.

Í mars 2018 voru ensk og pólsk útgáfa af Klukk settar í loftið sem fengu strax góðar viðtökur. Kynningarherferð innan pólska samfélagsins á Íslandi og meðal annarra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði skilaði mjög góðum árangri. Meirihluti þeirra sem notuðu Klukk í júní 2018 eru að nota erlendu útgáfur appsins.

Í júní 2018 var sett í loftið ný og mun aðgengilegri tímaskýrsla í Klukk sem er mjög til bóta. Stöðugt er verið að vinna í að betrubæta og þróa Klukk, auk þess sem regluleg kynning, í fjölmiðlum, skólablöðum og í skólakynningum, halda vörumerkinu Klukk á lofti.

Kjaradeila FFÍ og Primera Air

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta 2016 er Flugfreyjufélag Íslands í

átökum við flugfélagið Primera Air Nordic SIA í Lettlandi. Þann 12.9 2017 var þingfest í Félagsdómi mál Primera gegn FFÍ til ógildingar á verkfallsboðun FFÍ. Í skýrslu forseta 2017 er ýtarleg grein gerð fyrir málsókninni og málsvörn FFÍ. Í greinargerð fyrir Félagsdómi var gerð gagnkrafta um sjálfstæðan dóm til viðurkenningar á rétti FFÍ. Primera krafðist frávísunar gagnkröfunnar en Félagsdómur hafnaði þeirri kröfu. Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar sem sneri niðurstöðu Félagsdóms við. Í dómi Hæstaréttar nr. 633/2017 kom fram að gagnkraftan félli ekki undir verkefni Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Málflutningur fór að svo búnu fram fyrir Félagsdómi um kröfu Primera og með dómi meirihluta dómenda í málinu nr. 7/2017 var boðun verkfallsins talin ólögmat þar sem ríkissáttasemjari hefði ekki tekið deiluna fyrir. Minnihlutinn var ekki sammála en tók ekki efnislega afstöðu til boðunarinnar. Málinu var að nýju vísað til ríkissáttasemjara sem nú tók málið fyrir. Haldnir voru 7 fundir og mætti Primera á engan þeirra, sá síðasti 13.8 2018. Hinn 14.8 2018 samþykkti stjórn og trúnaðarráð FFÍ nýja verkfallsboðun og skal atkvæðagreiðslu um hana ljúka 30.9 2018 en verkfall mun hefjast 15.11 2018. Gera má ráð fyrir áframhaldandi málaferlum vegna þessa en ASÍ hefur séð um þann þátt málsins skv. samþykkt miðstjórnar.

Kjaradeila FFÍ og WOW

Kjarasamningur FFÍ og WOW air losnaði í september 2016. Í nóvember 2017 lágu fyrir drög að nýjum kjarasamningi sem sérstök viðurðunefnd félagsins, skipuð starfsmönnum WOW air, lagði fyrir stjórn og trúnaðarráð (samninganefnd félagsins). Ákveðnar efasemdir risu um nokkra þætti hans, m.a. varðandi dreifingu launahækkana og að í raun væri verið að semja um lækkun launakostnaðar sem haft gæti áhrif á aðra kjarasamninga félagsins. Af þessum ástæðum m.a. urðu tafir á afgreiðslu samninganefndarinnar. Nokkur órói varð innan félagsins og var boðað til stofnunar nýs stéttarfélags sem einungis tæki inn flugliða í störfum hjá WOW air. Töldu fundarboðendur að einsýnt væri að flugliðar í störfum hjá Icelandair stæðu í vegi kjarasamningsgerðar og í vegi þess að félagsmenn í störfum hjá WOW air fengju að taka afstöðu til hans. Vegna aðkomu stjórnenda að stofnfundi þessa félags o.fl. óskaði forseti ASÍ eftir fundi með stjórn WOW air. Á þeim fundi var farið yfir stöðu mála og stjórnendum gerð grein fyrir því að þó stofna mætti annað stéttarfélag lægi fyrir að FFÍ væri í kjaradeilu við fyrirtækið vegna endurnýjunar kjarasamnings. Þeirri vinnu yrði að ljúka en fyrirtækið virtist álita að ef gerður væri kjarasamningur með forgangsréttarákvæði við hið nýja félag væri því óheimilt að endurnýja kjarasamning sinn við FFÍ. Þessum misskilningi var eytt. Á félagsfundi með flugliðum í starfi hjá WOW air, þar sem m.a. var tekist á um þau ágreiningsmál sem uppi voru og um þann kjarasamning sem fyrir lá, var

ákveðið að samningurinn færi í atkvæðagreiðslu þeirra sem honum var ætlað að taka til. Þá bar svo við að samningurinn var felldur. Sest var að nýjum viðræðum, breytingar gerðar á fyrirliggjandi drögum, kjarasamningurinn að nýju settur í atkvæðagreiðslu og samþykktur. Ekkert varð af stofnun nýs stéttarfélags og vinnur FFÍ að því að tryggja í lögum sínum að þeir hópar sem vinna undir hverjum kjarasamningi fyrir sig komi sem mest og best að gerð þeirra.

Störf fastanefndar vegna stórframkvæmda við Búrfellsvirkjun

Sérfræðingar á skrifstofu ASÍ hafa í samræmi við ákvæði kjarasamnings aðildarféлага ASÍ og SA um stórframkvæmdir, séð um samræmingu og verkstjórn verkefna sem eiga undir sérstaka fastanefnd sem skal starfa í kringum hverja framkvæmd. Svo mannaflsfrekar og landfræðilega einangraðar framkvæmdir kalla á alls konar áskoranir frá bæjardryrum stéttarféлага. Reyndin er sú að verkefnin eru að stórum hluta unnin af fyrirtækjum sem koma hingað til landsins á grundvelli meginreglu EES um frjálsa för þjónustu. Þá eru viðkomandi starfsmenn einungis á íslenskum vinnumarkaði í takmarkaðan tíma en eiga engu að síður að njóta sömu kjara og stéttarsystkin þeirra hér á landi gera. Þetta hefur kallað á ýmsar flækjur, ýmist af völdum þekkingarleysis viðkomandi fyrirtækis og erlendra starfsmanna þess og/eða um er að ræða einbeittan brotavilja, enda er það gömul saga og ný á Íslandi og nágrannalöndum að talsvert sé um undirboð í byggingageiranum. Viðkomandi fastanefnd starfaði talsvert mikið á liðnum misserum og almennt gekk starfið vel og þau vandamál sem upp komu og lögð voru fyrir fastanefndina voru leyst farsællega. Samstarf umræddra stéttarféлага og sérfræðinga ASÍ hefur verið með besta móti og til fyrirmyndar um það hvernig sameinuð og öflug verkalyðshreyfing virkar þegar á reynir.

GRECO gerir athugasemdir við framkvæmd á skipun Félagsdóms

Group of States Against Corruption (GRECO), sem eru samtök á vegum Evrópuráðsins (e. Council of Europe), hefur í árlegum skýrslum sínum árin 2015-2017 gert athugasemdir við íslenska ríkið um framkvæmd á skipun Félagsdóms. Athugasemdirnar, eða nánar tiltekið gagnrýnin, lýtur annars vegar að því að engar sérstakar hæfiskröfur séu gerðar í lögum til þeirra dómaraefna sem Hæstiréttur tilnefnir í dóminn líkt og lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur mæla fyrir um; og hins vegar að því að ekki séu í gildi sérstakar reglur um skipunina, t.a.m. séu stöðurnar ekki auglýstar líkt og ber að gera um stöðu annarra dómara í dómskerfinu. Framangreindar athugasemdir séu að mati GRECO ekki síst alvarlegar í ljósi þess að mál sem höfða á fyrir Félagsdómi skulu ekki flutt fyrir héraðsdómi og að sama skapi séu efnislegar niðurstöður Félagsdóms ekki áfrýjanlegar til Hæstaréttar og því

endanlegar. Í kjölfar athugasemda GRECO setti velferðarráðuneytið í maí sl. á fót vinnuhóp aðila vinnumarkaðarins sem ætlað er að leggja fram til ráðherra tillögu að viðbrögðum við athugasemdum GRECO. Vert er að nefna að GRECO gerir ekki athugasemdir við það verklag að aðilar vinnumarkaðarins tilnefni dómara í dóminn en ASÍ legur áherslu á mikilvægi þess að halda því fyrirkomulagi enda sé það heppilegt í ljósi þess að verkefni Félagsdóms er að túlka kjarasamninga. Sérfræðingar í lögfræðideild ASÍ hafa sinnt þessu verkefni f.h. ASÍ og er áætlað að tillaga um úrlausn vegna athugasemdanna verði afhent ráðherra undir lok ársins.

Vinnuhópur um persónuverndarmál

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélög vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagasáðild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kalli á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarféлага yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Í ljósi framangreinds ákvað miðstjórn strax í kjölfar erindis Halldórs Odds-sonar, lögfræðings hjá ASÍ, á formannafundi í október sl. að skipa vinnuhóp um persónuverndarmál. Samkvæmt bréfi sendu út á formenn aðildarféлага ASÍ þann 9. nóvember sl. var óskað eftir tilnefningu landssambanda, stærstu aðildarféлага og fulltrúa féлага með beina aðild í hóp sem var ætlað það hlutverk að:

- a. *Greina með hvaða hætti nýjar persónuverndarreglur munu hafa áhrif á starfsemi stéttarfélaganna og stofnana þeirra hvað varðar skipulag starfseminnar og söfnun, vörslu og eyðingu persónugreinanlegra upplýsinga. Jafnframt að vinna kynningar- og leiðbeiningarefni fyrir Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess og standa fyrir námskeiðum eftir því sem þörf krefur.*
- b. *Greina með hvaða hætti nýjar persónuverndarreglur munu hafa áhrif á réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna þeirra hvað varðar söfnun, vörslu og eyðingu upplýsinga um viðkomandi starfsmenn, þ.m.t. rafræna vöktun á vinnustað. Jafnframt að vinna kynningar- og*

leiðbeiningarefni fyrir aðildarsamtök ASÍ og starfsmenn þeirra um þetta efni og standa fyrir námskeiðum eftir því sem þörf krefur.

Vinnuhópurinn, sem starfaði undir verkstjórn Halldórs Oddssonar, lögfræðings hjá ASÍ, var skipaður eftirfarandi fulltrúum: Leifi V. Gunnarssyni (Efling/Flóinn), Hafdísí Ásbjarnardóttur (SGS), Ingibjörgu Hrund Þráinsdóttur (VR/LÍV), Valmundi Valmundssyni (SSÍ), Jóhanni Rúnari Sigurðssyni (Samiðn), Ólafi Eyjólfssyni (RSÍ) og Benóný Harðarsyni (VM/bein aðild). Hópurinn fundaði með reglulegu millibili frá janúar sl. og sendi í allt frá sér þrjú leiðbeiningarskjöl til aðildarfélaga. Í kjölfar greiningar var lögð áhersla á það í fyrsta lagi að aðildarfélög fullvissuðu sig um að vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu skv. núverandi verklagi uppfyllti þágildandi regluverk sem voru lög nr. 77/2000 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga enda byggði nýja reglugerðin á öllum sömu meginreglum og þar væri að finna. Samhliða því voru forystumenn aðildarfélaga hvattir til að svara og greina tíu lykilsurningar sem ætlað var að svörin myndu varpa ljósi á stöðu persónuverndarmála hvað varðar vinnslu viðkomandi félags. Í kjölfar þessa sem og fjölmargra fræðsluerinda og fyrirspurna sem meðlimir vinnuhópsins áttu með sínum umbjóðendum var ráðist í næsta skref sem var að útbúa og dreifa fyrirmyndarskjölum að verklagsreglum, persónuverndarstefnu og vinnsluskrá sem reglugerðin gerði kröfu um að yrðu útbúin af ábyrgðaraðilum vinnslu persónuupplýsinga, til notkunar fyrir aðildarfélög ASÍ. Samhliða því var ákveðið að aðildarfélögum ASÍ stæði til boða að gera Halldór Oddsson, lögfræðing hjá ASÍ, að svokölluðum persónuverndarfulltrúa en slíkt embætti er einmitt ein af þeim nýjungum sem reglugerðin mælir fyrir um. Þegar þetta er ritað hafa fjölmörg aðildarfélög ASÍ kosið að fara þá leið en endurskoðað verður þegar fram líða stundir hvort að það fyrirkomulag sé ákjósanlegt þar sem erfitt er að meta umfang verkefnis persónuverndarfulltrúa. Hvorki er ljóst hvort félög muni kjósa að hafa annan en sinn eigin fulltrúa né hve mikill fjöldi af umkvörtunum muni koma frá þeim einstaklingum sem eiga hagsmuna að gæta af vandaðri vinnslu. Ætla má að fyrstu mánuðina og jafnvel árin eftir gildistöku reglugerðarinnar verði verkefni persónuverndarfulltrúa hvað mest við að fullklára innleiðingu og fræða sína umbjóðendur um vandað og gott verklag.

Þrátt fyrir að reglugerðin hafi verið formlega innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 90/2008 sem tóku gildi nú í júlí sl., þá mun vinnuhópurinn starfa eitthvað áfram. Bæði til að eiga samstarf og samráð ef einhver mál koma upp og jafnframt til að leiða hugann frekar að því verkefni að greina hvort og þá hvaða breytingar munu eiga sér stað varðandi vinnuréttarlega hlið persónuverndar en að einhverju leyti verður að koma frekari framkvæmd á lögin áður en hægt er að fullyrða um slíkt.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og álags sem leitt hefur í vaxandi mæli til kulnunar í starfi og samskiptum fólks á vinnustað. Nú síðast með áherslu á aðgerðum gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni á vinnustöðum. Þá hefur vaxandi áhersla verið lögð á að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er að koma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið.

Staða vinnuverndarmála

Staða vinnuverndarmála á Íslandi hefur lítið skánað frá fyrra ári. Þó má telja það til bóta að í vor samþykkti Alþingi reglugerð um röravinnupalla sem er mikil bót fyrir þá sem þurfa að vinna á þeim. Einnig hækkuðu sektargreiðslur sem Vinnueftirlitið getur beitt þannig að hámarkið er nú 1 milljón króna en var áður 100 þúsund.

Vegna aukinna sértekna hefur Vinnueftirlitið getað bætt við starfsmönnum og vonandi nýtist það til að auka eftirlit á þeim fjölmörgu vinnustöðum þar sem hættur eru mestar, svo sem á byggingarvinnustöðum og í fiskvinnslu.

Talsverð fjölgun hefur orðið á fallslysum úr meiri hæð, slys sem hafa í för með sér beinbrot og ýmis mein sem seint gróa. Að ekki sé minnst á dauðsföll af völdum þannig slysa.

Hættur vegna asbest er víða og er allof sjaldan teknar alvarlega. Nýlega var fyrirtæki stöðvað við niðurrif á asbesti þar sem það hafði ekki leyfi til að vinna með það. Þetta kemur alltof oft fyrir og líklega oftast en nokkur veit um. Þekking á hvar það er að finna í byggingum er af mjög skornum skammti. Slíkt er mjög bagalegt þar sem það er krabbameinsvaldandi og hefur notkun þess verið bönnuð hér á landi síðan 1992. Það væri verðugt verkefni að stjórnvöld settu í það fjármuni að greina og skrásetja hvar asbest er í byggingum. Slík skrá verður reyndar aldrei tæmandi og þarf alltaf að vera vakandi fyrir því þegar unnið er við eldri byggingar.

Stéttarfélagin hafa ekki sýnt vinnuvernd mikinn áhuga, sem er ekki gott þegar tillit er tekið til þess að í mörgum tilfellum lendir það á þeim að greiða

styrki til félagsmanna sem hafa orðið fyrir vinnuslysum eða þurfa aðstoð í kjölfar slæmra vinnuáðstæðna. Hér ætti samtakamáttur þeirra að vera nýttur til góðra verka sem myndi skila sér í bættum vinnuáðstæðum og betri líðan félagsmanna.

Mengun á vinnustöðum er mikið til umræðu, sérstaklega í Evrópu, núna. Komið hefur í ljós að alls konar mengun er völd að fjölda veikinda- og dauðsfalla. Þar má nefna mengun frá dísilólú sem dregur þúsundir til dauða á hverju ári.

Hægt gengur að fá samþykkt viðmiðunarmörk um magn hættulegra efna í lofti á vinnustöðum, en almennt er orðin sátt um að stóráttak þurfi að gera til að bæta ástand þessara mála.

Evrópska vinnuverndarvikan mun í ár og 2019 fjalla um þetta málefni.

Komum heil heim úr vinnu! - ráðstefna ASÍ um vinnuvernd

Þann 29. september 2017 stóð ASÍ fyrir málþingi um vinnuvernd undir yfirskriftinni Komum heil heim úr vinnu. Málþingið var ætlað forystufólki í verkafélögum og öðru áhugafólki um vinnuvernd. Meðal fyrirlesara voru fremstu sérfræðingar Norðurlandanna á sviði vinnuverndar. Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu, flutti magnaða framsögu um stöðu vinnuverndarmála á Íslandi í dag. Þar komu fram margar áhugaverðar og um leið ógnvekjandi upplýsingar. Fram kom að á árinu 2016 voru tilkynnt 2.040 vinnuslys. Þau hafa aldrei verið fleiri hér á landi. Sama gildir um alvarleg vinnuslys þar sem beinbrot verða. Þá fer dauðaslysum við vinnu fjölgandi.

Pål Molander, forstjóri norsku Vinnuumhverfisstofnunarinnar, flutti mjög áhugavert erindi um stöðuna í Noregi og það sem þar er á dagskrá í vinnuverndarmálum. M.a. kom fram í máli hans að aðilar vinnuáðstæðna hafa gert með sér samninga um markmið og aðgerðir í vinnuverndarmálum sem skilað hafa miklum árangri. Í ljósi alvarlegrar stöðu mála hér á landi er áhugavert að velja fyrir sér hvort ekki sé rétt að láta reyna á hvort hægt sé að gera hliðstæða samninga hér á landi og í Noregi.

Barbro Kohler Krantz frá sænska vinnueftirlitinu gerði grein fyrir starfsemi vinnueftirlitsins þar í landi.

Loks flutti Björn Ágúst Sigurjónsson, annar fulltrúi ASÍ í stjórn Vinnueftirlitsins, sína sýn á stöðu mála hér á landi og stöðu Vinnueftirlitsins. Í máli hans kom fram hörð gagnrýni á framgöngu stjórnvalda í þessum málaflokkum og framgöngu fulltrúa atvinnurekenda í stjórn Vinnueftirlitsins sem ekki sé hægt að kalla neitt annað en skemmdarstarfsemi.

Erindin sem flutt voru á málþinginu má öll finna á Youtube-rás ASÍ.

Evrópsk vinnuverndarvika 2017

Vinnuverndarvikan árin 2016 og 2017 hafði yfirskriftina „Vinnuvernd alla ævina“. Fram hefur komið að 27% vinnuafis í ESB telja að þau muni ekki geta unnið sama starf fram að sextugu. Verkefnið er að bæta starfsævi allra kynslóða vinnandi fólks og vinna að sjálfbærri vinnu og heilbrigðri öldrun.

Herferð evrópsku vinnuverndarvikkunnar „Vinnuvernd alla ævina“ snerist um sjálfbæra starfsævi í Evrópu þar sem aldur fólks á vinnumarkaði fer hækkandi. Forvarnir á starfsævinni eru lykilskilaboð, þar sem áhættumat er grundvöllur þess að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma á vinnustað, ásamt endurhæfingu, endurkomu til vinnu og símenntun.

Alþýðusambandið kom að vinnuverndarvikunni í gegnum fulltrúa sína í stjórn Vinnueftirlitsins.

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir

Það tímabil sem skýrsla forseta nær til hefur einkennst af mikilli þenslu á vinnumarkaði, bættu atvinnuástandi og litlu atvinnuleysi á alþjóðlegan mælikvarða. Þannig var skráð atvinnuleysi í júlí sl. 2,2% og hafði vaxið lítillega frá árinu á undan. Spár benda til að hægja muni á þenslunni á næstunni og atvinnuleysi aukast.

Í kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ árið 2015 var samið um talsverðar hækkanir á lægstu launum í landinu, en samkomulag var um að lægstu laun myndu hækka í áföngum til ársloka 2018 í kr. 300.000 á mánuði. Í viðræðum við þáverandi ríkisstjórn var það krafa ASÍ að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur myndu haldast í hendur við lágmarkslaun en því var algerlega hafnað. Í árslok 2017 voru atvinnuleysisbætur orðnar lægri sem hlutfall af lágmarkslaunum en nokkru sinni áður, eða 78%, og stefndi í að þær mundu lækka enn frekar hlutfallslega með hækkun launa 1. maí 2018.

Alþýðusambandið hefur undanfarin ár gagnrýnt þessa stefnu stjórnvalda í málefnum atvinnulausra harðlega og krafist úrbóta. Þannig lögðu fulltrúar ASÍ í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fram tillögu í stjórn sjóðsins á árinu 2017 um hækkun atvinnuleysisbóta til jafns við launaþróun og ákvörðun Alþingis um hækkun bóta almannatrygginga. Fram kom að samkvæmt ársreikningi Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir árið 2016 var eiginfjárstaða hans jákvæð um rúma 18 milljarða króna og stefnir í að hækka um a.m.k. þriðjung í ár og verða 25 milljarðar króna! Sjóðurinn væri því vel í stakk búinn til að takast á við þessa hækkun.

Í viðræðum nýrrar ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins í byrjun árs 2018 áréttuðu fulltrúar ASÍ kröfur sambandsins um að atvinnuleysisbætur yrðu hækkaðar umtalsvert og einnig viðmið varðandi tekjutengingu bótanna. Ríkisstjórnin féllst að lokum á þessa kröfu. 1. maí 2018 hækkuðu grunnbætur

úr 227.417 kr. í 270.000 kr. á mánuði sem eru 90% af dagvinnutekjutryggingu. Hámarksfjárhæð tekjutengdra bóta hækkaði úr 358.516 kr. í 425.647 kr. Loks hækkuðu greiðslur vegna barna yngri en 18 ára úr 9.096 á mánuði fyrir hvert barn í 10.800, eða sem nemur 4% af fullum grunnbótum.

Um starfsemi Vinnuálastofnunar vísast til Ársskýrslu Vinnuálastofnunar fyrir árið 2017. Dregin eru fram meginatriðin í starfsemi stofnunarinnar og varðandi fjármál hennar. Þá eru birtar ýtarlegar upplýsingar um vinnumarkaðinn. Fjallað er um áherslur varðandi vinnumarkaðsaðgerðir á árinu, atvinnu- mál útlendinga og erlenda ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Einnig er sérstaklega gerð grein fyrir starfsemi samevrópsku vinnumiðlunarinnar (EURES) og atvinnuálfum fatlaðra, auk annars.

Ábyrgðasjóður launa

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og lífeyrissjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldprota. Heildargreiðslur sjóðsins árið 2017 námu 605 milljónum króna og er um að ræða talsverða aukningu á milli ára en árið 2016 námu greiðslurnar 482 milljónum króna. Reikna má með að umfang reksturs sjóðsins aukist talsvert á árinu 2018, bæði í ljósi þess að búist er við auknum fjölda í kröfum og eins í ljósi þess að hámarksfjárhæðir vegna launakrafna voru í júlí 2018 hækkaðar töluvert með reglugerð útgefinni af ráðherra nr. 645/2018. Nánar tiltekið er hámarksfjárhæð vegna vangreiddra launa nú kr. 633.000 á mánuði og vegna vangreidds orlofs kr. 1.014.000 en áður voru umræddar fjárhæðir kr. 385.200 vegna vangreiddra launa og kr. 617.000 vegna vangreidds orlofs.

Stöðvum kennitölflakk

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitölflakki og svartri atvinnustarfsemi. Fjallað hefur verið um starf Alþýðusambandsins í þessum málum og úrbótatillögum sambandsins í fyrri skýrslum forseta.

Þrátt fyrir það gerðist lítið í málinu fyrr en undir árslok 2016 þegar Samtök atvinnulífsins lýstu sig tilbúin til viðræðna um aðgerðir gegn kennitölflakki. Viðræðurnar leiddu til sameiginlegra tillagna sem kynntar voru fyrir fulltrúum ríkisstjórnarinnar og fjölmíðlum í júní 2017. Í kynningunni sem fylgdi tillögnum segir m.a.:

„Ætla má að tjón samfélagsins vegna kennitölflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári. Kennitölflakk er meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.“

Fram kemur að lagt sé til að hægt verði að banna þeim sem verða uppvísir að kennitöluflakki að eiga og reka hlutafélög og einkahlutafélög í allt að þrjú ár. Lagt er til að Ríkisskattstjóra verði veitt heimild til að úrskurða kennitöluflakkara í svokallað atvinnurekstrarbann að fengnum úrskurði dómstóla. Bannið myndi ekki einungis ná til skráðra stjórnenda heldur einnig til svokallaðra skuggastjórnenda. Skilyrði atvinnurekstrarbanns eru óverjandi viðskiptahættir eða rökstuddur grunur um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.

Tillögur ASÍ og SA eru í sjö liðum alls og eru útfærðar frekar.

Sl. haust setti ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra af stað vinnu vegna lagasetningar sem ætlað er að sporna við kennitöluflakki og var leitað samráðs við ASÍ og SA um þá vinnu.

Ráðherra fór með minnisblað í ríkisstjórn 16. febrúar sl. Í því minnisblaði voru reifaðar þrjár mögulegar leiðir / útfærslur. Í fyrsta lagi sú leið sem ASÍ og SA hafa lagt til, í öðru lagi sú leið sem Danir og Norðmenn hafa farið og í þriðja lagi að skoðað verði í samvinnu atvinnuvegaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins hvort hægt sé að útfæra tillögur ASÍ og SA með öðrum hætti. Á fundi ríkisstjórnarinnar var samþykkt að halda áfram með málið skv. leið 3.

Alþýðusambandið hefur verulegar efasemdir við leið 3 um að fela hér- aðssaksóknara heimild til þess að fara með þessi mál og láta þau fara eftir almennri málsmeðferð í gegnum dómskerfið. Hægur málshraði hjá ákærvaldinu og sá sönnunarvandi sem er til staðar í refsímálum gerir það að verkum að ríkissjóður, launamenn, atvinnurekendur og almenningur allur stendur nær berskjaldaður gegn kennitöluflökkurum. Ef og þegar svo ólíklega vill til að refsidómur fellur hafa þessir einstaklingar valdið stórtjóni sem hefði verið hægt að draga úr að miklu leyti ef við hefðum samsvarandi heimildir og nágrannaþjóðir okkar. Einnig má benda á að í þeim fáu tilvikum sem einstaklingar fá refsidóm sleppa þeir mjög oft við fullnustu sökum langrar biðar í fangelsi landsins. Varnaðaráhrifin eru því lítil sem engin.



FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

MFA fræðsludeild ASÍ

MFA fræðsludeild ASÍ veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, þar sem áhersla er lögð á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Fræðsludeildin rekur Félagsmálaskólann og er deildarstjóri jafnframt skólastjóri hans. Boðið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Form, staðsetning og tímalengd námskeiða er hluti af ráðgjöfinni. Einnig býður MFA upp á ítarlega þarfagreiningu á fræðslustarfi fyrir einstök félög til að móta starf og stefnu félagsins. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Haldnir voru tveir fundir haustið 2017 og einn fundur hefur verið haldinn það sem af er árinu 2018.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu. Auk þess hafa félögin leitað til fræðsludeildar um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga.

Kynningar í framhaldsskólum

Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþýðusambandsins boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga og eftirspurn sífellt að aukast. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrést og launaútreikninga.

Einnig er boðið upp á fræðslu í grunnskólum. Við höfum fundið fyrir brýnni þörf á því að fræða nemendur í efstu bekkjum grunnskóla sem margir hverjir eru farnir að vinna með skóla, en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum. Fræðsludeildin vinnur í nánú samstarfi við stéttarfélögin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð. Farið var í um 50 heimsóknir á vegum MFA á síðasta skólaári og í sumum tilfellum oftast en einu sinni í hvern skóla.

Útbúin hafa verið myndbönd þar sem helstu réttindi eru kynnt í stuttu máli á myndrænan hátt. Þau hafa m.a. verið notuð til kynningar í framhaldsskólum, fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim var komið á framfæri til stéttarfélaganna. Þau má nálgast á heimasíðu ASÍ, www.asi.is. Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir unga fólkið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði, í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnumarkaði.

Fjarfundareriindi

Yfir vetrartímam eru haldin vikulega stutt fjarfundareriindi þar sem tekið er fyrir það sem er efast á baugi hverju sinni. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu, en búnaðurinn býður upp á að sá sem heldur fjarfundarfyrirlestur geti verið á sinni starfsstöð. Fræðslufundareriindin er hægt að nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

Vísinda- og tækniráð

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnu- markaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Helstu áherslur í stefnum Vísinda- og tækniráðs hafa verið að efla samkeppnissjóði í rannsóknum og þróun, auka klasasamstarf og alþjóðlega sókn í rannsóknarfjármagn. Jafnframt hefur ráðið unnið að og hvatt til úttekta á íslenska mennta- og rannsóknarkerfinu.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tækninefnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar, t.d. Tækniþróunarsjóð, Rannsóknarsjóð o.fl. Nefndirnar hafa með sér samráð og hittast reglulega á sameiginlegum fundum vísinda- og tækninefnda. Sjálft ráðið hittist svo á þriggja mánaða fresti þar sem störf nefnda ber á góma og samráð er átt við ráðherra.

Stefna Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2017–2019 var samþykkt og gerð opinber í júní 2017. Í stefnunni eru nú fimm meginmarkmið; Rannsóknir og nýsköpun í heimi örra breytinga, Öflug þátttaka í þekkingarsamfélagi, Góð menntun og lykilhæfni, Framsækin fyrirtæki og nýsköpun og Markviss uppbygging rannsóknarinnviða.

Genfarskólinn

Norræni Lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnu- málaláþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu- málalastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnu- málaláþingsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfé-

lögnum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundir hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Síðð Genfarskólans er www.geneveskolan.org.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Haldnir voru tveir fundir í skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 16,5 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017, að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalið, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans frá ári til árs. Félagsmálaskólinn er viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010, 7. gr. um framhaldsfræðslu, er skólanum því heimilt að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluadilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Meðal atriða sem tekin eru sérstaklega fyrir, þegar veitt er viðurkenning, eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna. Alls voru haldin 61 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, skólaárið 2017–2018. Heildarfjöldi þátttakenda var 791, þar af konur 461 og karlar 330. Starfsmenn skólans eru fjórir en starfshlutfall þeirra mismunandi. Einn er í fullu starfi, einn í hálfu starfi, einn í 40% starfi og einn í 70% starfi. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans, er mótúð heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Þá hefur verið lögð meiri áhersla á rafræna kennsluhætti og upplýsingaöflun á námskeiðum og ríkari áhersla lögð á að nemendur hafi meðferðis fartölvu, iPad eða notist við farsímamann til að minnka pappírnotkun.

Trúnaðarmannanámsskeið

Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámsskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá. Á síðasta skólaári var unnið út frá nýrri og endurbættri námskrá. Námið í heild sinni er 96 kennslustundir. Nýja námskráin samanstendur af 11 námsþáttum. Námskráin hefur hlotið samþykki og viðurkenningu hjá Menntamálastofnun og er á þrepi 2 skv. íslenska hæfniramma. Byrjað var að vinna eftir nýrri námskrá haustið 2017. Trúnaðarmannanámsskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Voru þau allt frá tveimur dögum til fimm.

Alls voru haldin 40 trúnaðarmannanámsskeið síðasta skólaár. Þetta eru aðeins fleiri námskeið en haldin voru á síðasta skólaári, en þá voru haldin 35 trúnaðarmannanámsskeið. Haldin voru 14 námskeið á haustönn 2017 og 26 á vorönn 2018. Alls sóttu 549 námskeiðin, sem er meiri þátttaka en undanfarin ár, en á síðasta ári voru 480 nemendur sem sóttu trúnaðarmannanámsskeið skólans. Þar af voru 348 konur og 201 karl. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælst vel fyrir. Auk þess hefur færst í aukana að trúnaðarmenn einstakra félaga sitji trúnaðarmannanámsskeið hjá öðrum félögum. Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald.

Almenn námskeið

Félagsmálaskólinn býður einnig upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfinganna. Auk þess hafa einstaka stéttarfélög pantað sérstök námskeið fyrir sína talsmenn. Á haustönn 2017 var boðið upp á fimm almenn námskeið, það voru: Réttindi og skyldur útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, Vinnustaðaeftirlit og heimildir eftirlitsfulltrúa, Hvíldartímaákvæði, Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði, Hlutverk stéttarfélagi í breyttum heimi vinnunnar. Á vorönn 2018 var boðið upp á fimm almenn námskeið, en aðeins náðist að halda tvö vegna dræmrar þátttöku. Það voru: Karphúsið og kjarasamningar, Námskeið um áreitni og einelti. Þá voru haldin sjö sérnámskeið fyrir einstaka félög eftir óskum þeirra. Þá var jafnframt boðið upp á námskeiðin í fjarfundi, eftir því sem við átti. Alls sóttu 139 almenn námskeið, þar af 56 konur og 83 karlar.

Þá hafa verið útbúnar nokkrar námslínur þar sem tekin eru fyrir einstaka þemu. Þar má nefna Jafnréttisfræðslu, Umhverfisfræðslu, Einn réttur – ekkert svindl!, Smiðjan og Námsþvatning á vinnustað. Undir hverju þema eru teknir fyrir einstaka efnisþættir sem tengjast málefnum og mynda eina heild.

Ungir leiðtogar

Boðið var upp á nýtt námskeið fyrir ungt fólk (18-35 ára) í verkalýðshreyf-

ingunni. Námskeiðið var sniðið að trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarfé- laga og fólki í trúnaðarráðum. Markmið námskeiðsins var að styrkja ungt fólk í verkalýðshreyfingunni og gera því kleift að koma röddum þess á framfæri, á vinnustaðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gafst þátttakendum færi á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyf- ingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfsstyrk. Þá var nám- skeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta. Þrátt fyrir að ungt fólk (18-35 ára) sé stór hópur á vinnumarkaði er virkni þess lítil innan stéttarfélaga og aðkoma þess að stjórn- um, þingum og ákvörðunartöku innan verkalýðshreyfingarinnar takmörkuð. Ungt launafólk glímir við ótal áskoranir á vinnumarkaði og mikilvægt er að rödd þess heyrist víða. Alls tóku 18 þátttakendur þátt í námskeiðinu, frá 13 stéttarfélögum.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Haldið var eitt námskeið á vorönn 2018 fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafarnefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Náms- keiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997, en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjá og hálfan dag, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafarnefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa um 213 sótt námskeiðið.

Þá voru einnig haldin styttri sí- og endurmenntunarnámskeið fyrir stjórn- armenn í lífeyrissjóðum, starfsfólk á skrifstofum lífeyrissjóðanna og þá sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Um er að ræða símenntunarnámskeið þar sem m.a. þátttakendum fyrri námskeiða gefst kostur á að bæta við sig. Þetta eru stutt þriggja klukkustunda námskeið. Á haustönn 2017 var haldið eitt nám- skeið, það var: Áhættustjórnun lífeyrissjóða. Á vorönn 2018 voru haldin tvö námskeið, Áhættustjórnun lífeyrissjóða og Samfélagsleg ábyrgð í fjárfesting- um lífeyrissjóða. Alls sóttu 110 lífeyrissjóðsnámskeið, þar af 42 konur og 68 karlar.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt boðið upp á námslínu sem kallast Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttar-

félaga. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem það eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar sem gerðar eru til þeirra og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla liðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarféлага þeirra, ásamt því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjás. Á haustönn 2017 voru haldin tvö námskeið, Jafnlaunastaðall og jafnlaunavottun og Karphúsið og kjarasamningar. Á vorönn 2018 voru haldin tvö námskeið, Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi og Persónuvernd launafólks. Alls sóttu 64 námskeið í Forystufræðslu, þar af 41 kona og 23 karlar. Skipting milli félaga var 17 þátttakendur frá ASÍ, 40 frá BSRB og öðrum félögum 7.

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslu- setursins Starfsmenntar er notað. Þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4.536 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Undanfarin misseri hefur staðið yfir vinna við gagngera endurskoðun sem nú er tilbúin og hefur verið gefin út rafrænt. Allt efni hennar er aðgengilegt á heimasíðu Félagsmálaskólans, www.felagsmalaskoli.is.

Fagháskólastigið

Í skýrslum forseta ASÍ hefur ítrekað verið fjallað um stöðuna varðandi fagháskólastigið, tillögur sem kynntar voru í september 2016, samkomulag aðila vinnumarkaðarins og menntamálaráðherra á þeim grunni og eftirleikinn. Í síðustu skýrslu er sagt frá því að haldinn var fundur 14. ágúst 2017 í menntamálaráðuneytinu í framhaldi af ósk forsvarsmanna aðila vinnumarkaðarins til menntamálaráðherra um fund til að fjalla um stöðu mála varðandi undirbúning fagháskólanáms og ákvarðanir menntamálaráðherra sem að þeirra mati ganga í berhogg við þær tillögur og samkomulag sem gert hefur verið. Ráðherra brást skjótt við en valdi jafnframt að boða til fundarins rektora allra háskólanna. Niðurstaða fundarins var að ráðherra lýsti því yfir að hann mundi skoða málin frekar með starfsfólki ráðuneytis og vera í sambandi í framhaldinu. Hins vegar voru ekki gefin nein fyrirheit um hvað sú skoðun mundi leiða til.

22. ágúst svaraði ráðherra fyrirspurn um stöðu málsins með því að áréttta að hann hafi falið ráðuneytinu að leita leiða til að gera að veruleika þau fimm verkefni sem aðilar vildu hleypa af stokkunum. Síðan segir: „Að því er nú unnið og ég vænti tillagna um fjármögnun þeirra innan tíðar.“

Eins og áður hefur komið fram var skipað samstarfsráð um fagháskólanám í byrjun árs 2017 í framhaldi af skýrslu og tillögum verkefnishóps um fagháskólanám. Í lýsingu á verkefnum samstarfsráðsins var vikið nokkuð frá tillögum verkefnishópsins en fullyrt af hálfu ráðuneytisins að ekki væri um efnislega breytingu að ræða. Samstarfsráðið kom saman í nokkur skipti í byrjun árs 2017 til að fjalla um hlutverk sitt en síðan ekki söguna meir.

Það var loks 21. nóvember 2017 sem samstarfsráðið fundaði að nýju. Á fundinum árétttaði formaður ráðsins að hann hafi ekki séð ástæðu til að kalla ráðið saman í ljósi þess að ráðuneytið hefði hundsáð ráðið og farið sínu fram þvert gegn því sem kemur fram í skipunarbréfi samstarfsráðsins. Fulltrúi ráðuneytisins á fundinum fór síðan yfir atburðarásina út frá sjónarhorni ráðuneytisins án þess að skýra ástæðuna fyrir framgöngu þess með neinum hætti. Þá var lagður fram listi yfir þau verkefni sem fengið hafa styrk eða sem reiknað væri með að fengju styrk. Ekki kom fram hvernig ráðuneytið hygðist halda á málum í framhaldinu.

Í umræðum sem á eftir fylgdu var ráðuneytið gagnrýnt harðlega fyrir framgöngu þess og bent á að vinnubrögð þess væru fordæmalaus í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Einnig var bent á að framganga ráðuneytisins væri skemmdaverkastarfsemi og að hætta væri á að hún mundi skemma fyrir málinu til framtíðar. Einnig var spurt hvað ráðuneytið hygðist gera varðandi þróun raunfærnimats á fagháskólastigi. Svör ráðuneytisins voru helst þau að það væri verkefni háskólanna. Þegar spurt var nánar út í þau verkefni sem ráðuneytið er að styrkja var fátt um svör. Í lokin þegar gengið var á ráðuneytið um framhaldið var fátt um svör og á móti spurt hvað samstarfsráðið vildi gera. Fulltrúi ASÍ árétttaði að verkefni ráðsins lægju fyrir í skipunarbréfi þess og það væri ráðuneytisins að virða það. Það eina sem kom fram á fundinum var að ráðherra mundi tryggja viðbótarfjármagn þannig að öll verkefni sem aðilar vinnumarkaðarins lögðu til yrðu fjármögnuð.

18. maí 2018 boðaði nýr mennta- og menningarmálaráðherra til fundar með aðilum vinnumarkaðarins, ráðuneytinu og skólasamfélaginu. Á þeim fundi var upplýst að 12 þróunarverkefni í starfsnámi á háskólastigi hefðu fengið alls 127,9 m.kr. í styrk frá ráðuneytinu. Þá kynnti ráðherra tillögu um næstu skref:

1. **Samstarfsráð um fagháskólanám:** Að starfandi samstarfsráð um fagháskólanám verði lagt niður en jafnframt skipaður nýr hópur þar sem sitja fulltrúar sömu aðila. Í nýju skipunarbréfi verður lögð áhersla

- á að þróunarverkefnið verði nýtt til þess að læra af þeim til að þróa frekara starfsnámi á háskólastigi og þjóna sem samráðsvettvangur fyrir verkefnastjórn. Formaður hópsins verður fulltrúi ráðherra.
2. **Verkefnastjórn:** Að skipuð verði verkefnastjórn (3-5 manna hópur) sem fær það hlutverk að leiða vinnuna áfram en getur og skal með reglubundnum hætti leita til samráðsvettvangs varðandi þróun mála. Formaður samráðsvettvangsins verði verkefnastjóri.
 3. **Þróunarverkefnið:** Að ráðuneyti óski eftir uppfærðri áætlun um þróunarverkefnið og að stefnt verði að því að funda með fulltrúum háskólanna um framvindu í verkefnum í haust.
 4. **Raunfærnimat:** Að veitt verði sérstöku fjármagni til að flýta fyrir samstarfi háskóla um raunfærnimat fyrir háskólastigið.

Þetta virðist meira og minna vera tillagan eins og hún var upphaflega í samkomulaginu sem við gerðum í starfshópnum um fagháskóla (nema það sem lýtur að tilraunaverkefnum og raunfærnimatinu).

Í framhaldi af fundinum með mennta- og menningarmálaráðherra voru fulltrúar aðila vinnuþingaráðsins boðaðir á fund í ráðuneytinu til að ræða framhald málsins. Á fundinum fór fulltrúi ASÍ yfir forsöguna og gagnrýnina á framgöngu ráðuneytisins og háskólanna og hvernig í reynd málið hafi allt verið sett í uppnám. Þá lagði hann áherslu á að það er skylda núverandi ráðherra að taka af skarið og koma með pólitíska leiðsögn gagnvart starfsmönnum ráðuneytisins og háskólunum í samræmi við þá sátt sem fékkst í september 2016. Þar með að setja fram sýn um það hvernig eigi að ráðstafa fjármunum til háskólastigsins og hvaða leiðsögn fylgi þeim af hálfu stjórnvalda og jafnframt að háskólarnir verði ekki einir til að ráðstafa fjármunum. Þá lagði fulltrúi ASÍ áherslu á að samtök launafólks eigi fulltrúa í verkefnastjórninni sem boðuð var 18. maí.

Þegar þetta er skrifað í byrjun september 2018 hefur ekki gerst neitt frekar í málinu og ekkert heyrst frá ráðuneytinu um framhaldið þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir af hálfu Alþýðusambandsins.

Mat á námi til launa

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa og var óskað eftir að fulltrúi ASÍ tæki þátt í þeirri vinnu og hefði með höndum ákveðna verkstjórn. Í síðustu skýrslu forseta er fjallað um vinnuna við bókunina og stöðu málsins.

Ekkert þokaðist í viðræðum aðila seinni hluta árs 2017 þótt áfram væri unnið að ýmsum þáttum er varða efni málsins og þá einkum hvað varðar þróun á raunfærnimati á móti störfum í atvinnulífnum undir leiðsögn Fræðslu-

miðstöðvar atvinnulífsins. 12. desember 2017 funduðu fulltrúar launafólks í viðræðunefndinni til að fara yfir stöðu mála og leggja mat á framhaldið. Þar voru settar fram eftirfarandi tillögur sem sendar voru Samtökum verslunarmanna og verkafólks:

1. „Við þróun á matið á námið til launa á að byggja á aðferðafræði raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífinu. Þegar hefur verið unnið mikið þróunarstarf varðandi raunfærnimatið sem mikilvægt er að leggja til grundvallar um leið og haldið verður áfram á þeirri braut.
2. Fyrir liggur að þeir fjármunir sem nú eru til ráðstöfunar til að þróa og framkvæma raunfærnimat fyrir verslunar- og skrifstofufólk og verkafólk duga hvergi nærri til að setja kraft í þróunarstarfið og til að hægt verða að bjóða þeim mikla fjölda sem fyllir markhópin upp á raunfærnimat og viðeigandi úrræði í framhaldinu.

Hér þarf hvoru tveggja að koma til, umtalsvert auknir fjármunir á næstu misserum og árum um leið og mótuð verði stefna um nýtingu þeirra fjármuna sem fyrir eru og, þróunarstarf sem miðar að því að gera raunfærnimatið hagkvæmara í framkvæmd. Samhliða þarf að efla símenntunarmiðstöðvarnar, þróa nýjar aðferðir við færiuppbyggingu og efla vinnustaðina sem „námsstaði“.

3. Með kjarasamningum þarf að tryggja að hæfni sem er metin og viðurkennd sé metin til launa og að þannig sé skapaður hvati fyrir launafólk til að sækja sér nýja þekkingu og auka hæfni sína í starfi.
4. Fulltrúar launafólks í viðræðunefndinni lýsa sig tilbúna til að vinna áfram á grundvelli bókuarinnar að eftirtöldum verkefnum sem nýta má í áframhaldandi vinnu:
 - a. Standa fyrir málþingi/ráðstefnu í samstarfi við SA um aðferðafræði raunfærnimats á móti störfum í atvinnulífinu fyrir forystufólk í samtökum launafólks og meðal atvinnurekenda.
 - b. Leggja í samstarfi við fulltrúa SA og FA mat á kostnað við áframhaldandi þróun á raunfærnimati á móti störfum í atvinnulífinu og hvernig sé best að standa að því starfi.
 - c. Leggja fram hugmyndir um mögulega verka- og kostnaðarskiptingu þeirra sjóða og aðila annarra sem málið varðar og eiga viðræður um það við fulltrúa SA.
 - d. Setja fram hugmyndir um hvernig byggja megi upp launasetningu á grundvelli raunfærnimats, þar sem íslenski hæfniramminn og hæfniprepin eru lögð til grundvallar.“

Niðurstaða samtakanna var að óska eftir að viðræðunefndin héldi áfram störfum á framangreindum grunni.

Á árinu 2018 hafa fulltrúar samningsaðila haldið áfram sinni vinnu í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á þeim grunni sem lýst er hér að framan. Sú vinna leiddi til þess að ákveðið var að Fræðslusjóður sækti um styrk til menntamálaráðuneytisins vegna þróunarverkefnis sem „hefur það að meginmarkmiði að gera hæfni sýnilega í heildstæðu kerfi um raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins sem tekur til bæði raunfærnimats sem og þjálfunar til að uppfylla þau hæfniviðmið sem á vantar að loknu mati“ en fyrir liggur að fjármagna megi verkefnið með fjármunum úr Fræðslusjóði.

Þegar þetta er skrifað hafa ekki borist svör frá menntamálaráðuneytinu varðandi fjármögnunina, en það er forsenda áframhaldandi vinnu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Árið 2018 er 16. starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og áttunda ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Starfsemin hefur verið með nokkuð reglubundnum hætti á árinu. Unnið hefur verið að styrkingu innra starfs FA með ýmsum hætti, lokið var við grunnstefnumótun í byrjun árs 2018 og endurmenntunaráætlun var mótuð í árslok 2017 fyrir starfsmenn með stuðningi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Unnið var að endurbótum á húsnæði FA á tímabilinu. FA var falin áframhaldandi hýsing og rekstur Hæfniseturs ferðaþjónustunnar, í október 2017, sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið veitir styrk til. Nær styrkur ráðuneytisins til ársloka 2020.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2018 eru fyrir hönd ASÍ: Eyrún Valsdóttir, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson og Fjóla Jónsdóttir; fyrir hönd SA: Kristín Þóra Harðardóttir, María Guðmundsdóttir og Falur Harðarson; fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga: Margrét Sigurðardóttir og fyrir hönd BSRB: Karl Rúnar Þórsson. Varamenn í stjórn eru Selma Kristjánsdóttir fyrir hönd ASÍ, fyrir hönd SA Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Guðmundur H. Guðmundsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og Þórveig Þormóðsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hefur haldið sjö fundi það sem af er árinu 2018 auk aðalfundar í júní. Formaður stjórnar frá aðalfundi 2018 er Eyrún Valsdóttir og varaformaður er Kristín Þóra Harðardóttir.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2018 eru: Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri, Arnar Þorsteinsson, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Gunnhildur Sveinsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur

Harðarson, Hildur Oddsdóttir, Hildur Betty Kristjánsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir (til 1.6.2018), Lilja Rós Óskarsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Steinunn Þórdís Júlíusdóttir og Valdís A. Steingrímsdóttir. Stöðugildi voru 15. Starfsmannafundir eru haldnir á þriggja vikna fresti og verkefnastjórafundir vikulega.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2018

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tók gildi í ársbyrjun 2016 og gildir út árið 2021. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluáðilar, sem jafnframt eru samstarfsáðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, www.frae.is og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir það til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla, sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. ágúst 2018. Vísað er til ársskýrslu FA 2017 á vef FA (www.frae.is) varðandi ítarlega umfjöllun um það ár, en hér á eftir má finna stutta tölfraðilega samantekt um árið 2017 auk umfjöllunar um starfið sem af er árinu 2018.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum fulltrúum: Guðrún Ragnarsdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún formaður stjórnar. Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún varaformaður stjórnar. Tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold, til vara er Hilmar Harðarson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Tilnefnd af SA í stjórn eru Kristín Þóra Harðardóttir og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, til vara er Ólafur Garðar Halldórs-son og Bergþóra Halldórsdóttir. Tilnefnd af BSRB í stjórn eru Garðar Hilmars-son og til vara Birna Ólafsdóttir. Tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneyti er Margrét Sigurðardóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson. Tilnefnd af velferðarráðuneyti er Klara Baldursdóttir Briem og til vara Björg Baldursdóttir. Tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla er Ársæll Guðmundsson og til vara Guðbjörg Aðalbergsdóttir.

Samkvæmt þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við FA er FA falið að sjá um fjárreiður sjóðsins og veita ráðgjöf ef eftir því er óskað. Í því felst m.a. að FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Úthlutað er í upphafi árs nema til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem úthlutað er til á vormánuðum. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluáðilum á haustmánuðum.

FA gerir samninga við fræðsluáðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna, safnar tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur farið fram skoðun og greining á verkþáttum og kostnaði við framkvæmd raunfærnimats. Starfsmenn FA hafa tekið þátt í þessari vinnu og má skipta aðkomu þeirra í eftirfarandi verk:

- Greina verkþætti og kostnað við raunfærnimat í samstarfi og með þátttöku framkvæmdaraðila.
- Útfæra hugmyndir að breytingum í samstarfi við stjórn Fræðslusjóðs og meta áhrif þeirra miðað við umfang viðkomandi leiða í framhaldsfræðslunni (námsleiðir, raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf).
- Afla gagna um framkvæmd framhaldsfræðslu og leggja fram sérfræðiálit á vafaatriðum í framkvæmdum ef upp koma.

Ýtarlegar upplýsingar um úthlutanir og framkvæmd ársins 2017 er að finna í ársskýrslu Fræðslusjóðs 2017 á <http://frae.is/fraedslusjodur/arsskyrslur-um-framkvaemd/>.

Fyrir árið 2018 sóttu samstarfsaðilar sjóðsins um framlög að upphæð tæplega 980 milljónir. Skiptust umsóknirnar þannig að til vottaðra námsleiða var sótt um rúmar 625 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar var sótt um tæplega 183 milljónir og til raunfærnimats tæpar 172 milljónir kr.

Úthlutað var eftirfarandi:

- | | |
|--|-------------|
| • Vottaðar námsleiðir, kr. | 505.460.000 |
| • Raunfærnimat, kr. | 152.841.100 |
| • Náms- og starfsráðgjöf, með ferðakostn., kr. | 136.582.000 |

Samtals úthlutað, kr.794.883.100

Úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna fóru fram í lok maí. Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af Fræðslusjóði fer yfir umsóknir og gerir tillögur til sjóðsins um úthlutanir. Sótt var um styrki til 20 verkefna að upphæð 46.798.500 kr. Úthlutað var til 16 verkefna, samtals 36.179.000 kr.

Tölfræði úr starfinu

Fjármagnsupplýsingar eru birtar í kaflanum um Fræðslusjóð hér að ofan. Einnig er nánari upplýsingar að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og í ársskýrslu Fræðslusjóðs.

Vottaðar námsleiðir


Á árinu 2017 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 13 af samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður fjármagnar, 2.583 talsins á 180 námsleiðum sem kennd voru eftir 33 mismunandi vottuðum námskrám. Um 67% þátttakenda sóttu námið á landsbyggðinni en 33% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi þátttakenda jókst um 315 á milli árana 2016 og 2017.

Fjöldi námsleiða og þátttakenda 2015 - 2017			
(vottað nám fjármagnað af Fræðslusjóði)			
	2015	2016	2017
Fjöldi kenndra námsleiða	215	158	180
Fjöldi þátttakenda	2706	2310	2583


Skipting þátttakenda á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins er ekki í samræmi fjöldatölur markhóps á svæðunum, en hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu er mun lægra en fjöldatölur gefa tilefni til. Þetta hlutfall hefur lítið breyst undanfarin ár.

Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis 2013 - 2017					
(vottað nám fjármagnað af Fræðslusjóði)					
	2013	2014	2015	2016	2017
Höfuðborgarsvæðið	36%	38%	34%	33%	33%
Landsbyggð	64%	62%	66%	67%	67%


Kynjahlutfall þeirra sem sækja vottaðar námsleiðir sem Fræðslusjóður fjármagnar breytist lítið frá ári til árs en konur eru í miklum meirihluta. Hlutfall karla hefur þó aðeins aukist árið 2017 miðað við undangengin ár.



Árið 2017 voru 70% þátttakenda skráðir í félögum innan ASÍ, 9% voru skráðir í félögum innan BSRB og 21% þátttakenda voru skráðir í öðrum félagasamtökum, ófélagsbundin eða þekkja ekki félagsaðild sína.




Þátttakendur innan ASÍ voru heldur fleiri árið 2016 og 2017 en undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi súluriti, en hluti af skýringunni á því getur einnig verið betri skráning á stéttarfélagsaðild.



Náms- og starfsráðgjöf

Alls fóru fram 8.690 ráðgjafaviðtöl hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á árinu 2017 sem greidd voru af Fræðslusjóði, það eru 353 færri viðtöl en árið 2016, eða fækkun um 3,9% . Milli áráanna 2016 og 2015 hafði þeim fjölgað um 8,4% en fækkað um 12% milli 2014 og 2015.



Fjöldi ráðgjafaviðtala árið 2017 hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna voru 6.395 og 2.295 fræðslumiðstöðva iðngreina.


Ráðgjafaviðtöl fræðsluaðila 2016 - 2017				
(Fjármögnuð af Fræðslusjóði)				
	2016	2017	Breyting	Breyting %
Austurbrú	138	262	124	90%
Farskólinn	257	276	19	7%
Framvegis	273	231	- 42	-15%
Viska	181	302	121	67%
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	403	397	- 6	-1%
Fræðslunetið	716	701	- 15	-2%
Starfsmennt	85	39	- 46	-54%
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	370	454	84	23%
IÐAN	2.757	1.841	- 916	-33%
MSS	846	829	- 17	-2%
Mímir	1.322	1.523	201	15%
Símey	929	736	- 193	-21%
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	412	521	109	26%
Þekkingarnet Þingeyinga	354	578	224	63%
	9.043	8.690	- 353	-4%

Af viðtölum ársins flokkast 69% sem hefðbundin ráðgjafaviðtöl, 20% hópráðgjöf og 11% hvatningarviðtöl.


Kynjasamsetning ráðþega helst nokkuð svipuð frá ári til árs þar sem konur eru í meirihluta. Á árunum 2012–2017 hefur hlutfallið verið konur 54%-58% ráðþega og karlar 42%-46%. Árið 2017 voru konur 54% ráðþega og karlar 46%.

Aldurssamsetning ráðþega helst einnig nokkuð svipuð milli ára. Flestir ráðþega eru á aldrinum 26–40 ára, eða 48% árið 2017. Þó hefur aðeins fjölgað í hópi þeirra sem eru 25 ára og yngri, en þeir voru 18% ráðþega árið 2017 í samanburði við 13% árið 2012.


Á árinu 2017 voru 84% af þeim sem sóttu þjónustu ráðgjafa, að falla undir viðmið í gildandi skilmálum Fræðslusjóðs sem lýtur að því að 80% þjónustu náms- og starfsráðgjafar séu við markhóp framhalds-fræðslulaga.




Árið 2008 voru 9% þeirra sem sóttu þjónustu ráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum í atvinnuleit en árið 2009 voru þeir orðnir 47% af heildarfjölda ráðþega. Árið 2010 náði þessi fjöldi hámarki í hópi þeirra sem sóttu þessa þjónustu og voru 59% allra ráðþega. Síðan hefur þetta hlutfall minnkað jafnt og þétt og var 11% árið 2017. Þau 19% sem eru ekki í vinnu eða atvinnuleit (Annað á súluritinu hér fyrir neðan) eru 40% í starfsendurhæfingu, 26% í námi, 21% eru í úrræðum VMST eða öðru óskráðu, 6% í hlutastarfi og á hlutabótum og 7% öryrkjar.



Meirihluti ráðþega eru í stéttarfélögum innan ASÍ eins og sjá má á eftirfarandi skífuriti fyrir árið 2017.



Ráðþegum af erlendum uppruna fer fjölgandi eins og sjá má á eftirfarandi mynd. Meirihluti ráðþega af erlendum uppruna er frá Póllandi.



Raunfærnimat

Einstaklingum sem luku raunfærnimati fækkaði um 15% á milli árána 2017 og 2016, fækkun um 16% í iðngreinum og 40% í raunfærnimati á mótí námskrám. Hins vegar fjölgaði verulega í hópi þeirra sem luku raunfærnimati á mótí viðmiðum atvinnulífsins, eða um rúmlega 150%.

	Fjöldi sem lauk raunfærnimati					
	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Löggildar iðngreinar	241	316	357	192	232	194
Annað raunfærnimat	166	53	213	226	252	152
Almennar greinar				22		12
Viðmið atvinnulífsins	16		18	10	32	81
ALLS	423	369	588	450	516	439

Meðalfjöldi staðinna eininga í raunfærnimati 2017			
	Staðnar einingar	Fjöldi einstaklinga	Meðalfj. staðinna eininga
Löggildar iðngreinar	8.224	194	42
Raunfærnimat utan iðngreina	5.598	152	37
Raunfærnimat án eininga		93	
ALLS	13.822	439	79

Af þeim 194 einstaklingum sem fóru í raunfærnimat í löggildum iðngreinum árið 2017 fóru 154 í raunfærnimat hjá Iðunni, fræðslusetri og 40 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Meðalfjöldi staðinna eininga í raunfærnimati í löggildum iðngreinum voru 42 en 37 í raunfærnimati á móti námskrám.

	Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati					
	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Löggildar iðngreinar	6.539	8.614	11.233	9.755	11.514	8.224
Annað raunfærnimat	3.826	976	5.581	8.560	9.361	5.598
Almennar greinar	Færniþrep í aðalnámskrá framhaldsskóla					
Viðmið atvinnulífsins	Færni viðmið í atvinnulífni					
ALLS						

Á árinu 2017 luku 152 einstaklingar raunfærnimati á móti námskrám, 12 í almennum greinum og 81 í greinum á móti viðmiðum atvinnulífsins. Heildarfjöldi staðinna eininga í raunfærnimati utan iðngreina voru 5.598, eða 37 einingar að meðaltali á hvern einstakling. Raunfærnimat í almennum greinum og á móti viðmiðum atvinnulífsins gefa ekki einingar til mats heldur færni viðmið í tiltekinni grein.

Raunfærnimat utan iðngreina 2017				
	Karl	Kona	Einstakl.alls	Fj.staðinna eininga
Fisktæknir	17	6	23	1885
Fiskvinnsla	15	16	31	2308
Skipstjórn	22		22	289
Skógrækt	6	2	8	238
Skólaliði		2	2	27
Skrifstofugreinar		4	4	67
Stuðningsfulltrúi		1	1	27
Tölvubraut	8		8	338
Verslunarfulltrúi	10	36	46	398
Leikskólaliði		7	7	21
Almenn starfshæfni	34	38	72	Færniþrep í atvinnul.
Hljóðvinnsla	9		9	Færniþrep í atvinnul.
Almennar bóklegar greinar	9	3	12	Færniþrep í atvinnul.
Grand Total	130	115	245	5598

Hæfnigreiningar

Áfram var unnið að þróun á Fræðsluferli FA (greining, hönnun, innleiðing og mat) vegna starfstengds náms. Lögð hefur verið áhersla á greiningarhlutann sem byggir á hæfnigreiningum FA. Hæfnigreiningarnar eru komnar í ákveðinn farveg en unnið hefur verið að endurskoðun gagna í hæfnigrunni FA en 4. útgáfa af spjöldum sem notuð eru við hæfnigreiningar kom út í maí 2018. Einnig var unnið að 3. útgáfu af handbók fyrir umsjónarmenn greininga. Mikil vinna hefur jafnframt verið lögð í að yfirfara fjölmörg önnur gögn sem snúa að hæfnigreiningum.

Framkvæmd hæfnigreininga hefur verið í höndum FA og samstarfsaðila sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðina. Á tímabilinu september 2017 til september 2018 hafa 13 hæfnigreiningar verið framkvæmdar ýmist af FA eða samstarfsaðilum. Vinna við 7 hæfnigreiningar til viðbótar hófust í ágúst 2018. Í júní 2018 gerðu Háskóli Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með sér samning um hæfnigreiningu sex starfa er tengjast skipulagningu fagháskólanáms við skólann. Um er að ræða störf í ferðamennsku, leikskólafræði og heilbrigðisgagnafræði. Niðurstöður úr hæfnigreiningu starfa eru nýttar til að skipuleggja fagháskólanám og við þróun raunfærnimats. Með fagháskólanámi verður til aukið námsframböð fyrir einstaklinga á vinnumarkaði til að þróa sig í starfi og afla sér menntunar við hæfi.

Áfram hefur verið unnið markvisst að því að efla þátttöku atvinnulífsins í hæfnigreiningum og þjálfá umsjónarmenn greininga þannig að fleiri samstarfsaðilar geti nýtt sér aðferðina til að undirbyggja námskrár- og eða raunfærnimatsvinnu.

Nýir starfapróffilar sem verða til við greiningar hafa verið færðir inn í hæfnigrunn FA. Fylgt verður eftir ritun og notkun námskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námskrárritun.

FA hefur átt fulltrúa í norrænu tengslaneti á vegum NVL um sameiginlega sýn á hæfniþarfir í atvinnulífi á Norðurlöndum og eflingu starfsnáms.

Áfram er fylgst með nýjungum á sviði hæfnigreininga og fræðsluhönnunar. Starfsmenn fylgjast með ýmsu efni og vefsíðum sem tengjast málefnum s.s. hjá Dokkuni, Kompás og viðeigandi hópum á Facebook auk erlendra bóka og tímaritsgreina.

FA tekur þátt í samstarfi við aðila atvinnulífsins að eflingu framhaldsfræðslunnar og öflun upplýsinga um markhópin og menntunarþarfir hans með því að vinna með og túlka gögn frá innlendum og erlendum aðilum

Námskrár og námslýsingar

Hjá FA hafa frá upphafi yfir 50 námskrár verið hannaðar og skrifaðar. Unnið var áfram að þróun Fræðsluferlis FA (greining, hönnun, innleiðing og mat) vegna starfstengds náms. Lögð hefur verið áhersla á greiningahlutann sem byggir á hæfnigreiningum FA.

Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að ljúka vinnu við námskrár sem voru með tímabundinn gildistíma frá MMR (nú sér MMS um vottun námskráa) áður en farið er í endurskoðun eldri námskrár sem liggur þó fyrir að þurfi að gera. Samstarfsaðilum hefur verið veitt aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Á tímabilinu vottaði MMS níu námskrár. Það eru: Fræðsla í formi og lit, Menntastöðir, Íslensk menning og samfélag, Skrifstofuskólinn, Sölu-, markaðs- og rekstrarnám, Fagnám starfsþjálfá, Skjalaumsjón, Líf og heilsa og endurskoðuð útgáfa að námskránni Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Af þessum níu námskrám byggja þrjár námskrár á starfapróffílum sem eru niðurstaða hæfnigreininga. Það eru námskrárnar: Fagnám starfsþjálfá, Skjalaumsjón og Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Í allt hafa því fjórar námskrár sem byggja á starfaprófil verið vottaðar af MMS. Námskrárnar eru unnar í samræmi við fræðsluferilinn og við þá nýju nálgun við gerð námskráa og námslýsinga sem verið er að þróa. Þessi nýja nálgun byggir á því að starfaprófill sé útfærður sem námskrá með námslýsingum.

Með þátttöku í NVL tengslaneti um grunnleikni fullorðinna hefur vinna við kortlagningu á stöðu málaflokksins á Íslandi hafist. Á árinu 2018 er lögð áhersla á starfræna færni fullorðinna á vinnumarkaði hjá tengslaneti NVL. Í lok ágúst var haldin málstofu með þátttöku fulltrúa í NVL. Helstu hagsmunaaðilum framhaldfræðslu á Íslandi var boðið að taka þátt í málstofunni. Umfjöllunarefnið var staðan á Íslandi hvað varðar stafræna færni, PIAAC og hvernig Noregur hefur nýtt sér niðurstöður úr rannsókninni.

Kennslufræðimiðstöð

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Vinna við undirbúning á yfirfærslu á Stiklunámskeiðunum Fullorðnir námsmenn og forsendur þeirra og Fjölbreyttar kennsluáferðir yfir á rafrænt form hefur staðið yfir á árinu.

Stiklunámskeiðið Fjölbreyttar kennsluáferðir í fullorðinsfræðslu var haldið hjá Rio Tinto Alcan í upphafi árs og í lok árs 2017 var Stiklunámskeiðið Fullorðnir námsmenn og forsendur þeirra haldið hjá SÍMEY.

Hæfni leiðbeinenda hefur verið til umræðu meðal annars í tengslum við hugmyndir um almenna námskrá fyrir framhaldsfræðslu. Mikilvægt er að viðhalda sveigjanleika kerfisins en á sama tíma að tryggja gæði. Samstarf á milli FA og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hófst 2017 um þróun viðmiða um hæfni leiðbeinenda og stendur sú vinna enn. Viðræður eru jafnframt í gangi vegna þróunar á hugsanlegu fagháskólanámi á sviðinu.

Haldin var málstofa um grunnleikni fullorðinna í ágúst 2018 þar sem helstu hagsmunaaðilum á sviðinu var boðið. Rætt var einkum um stafræna hæfni í atvinnulífinu sem verður ein helsta áhersla nets NVL um grunnleikni fullorðinna.

Raunfærnimat

Eitt af hlutverkum FA er að þróa aðferðir við mat á raunfærni og innleiðingu þess í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimatsverkefna er í höndum samstarfsaðila FA, sem eru símenntunarmiðstöðvar víða um land. Helsta hlutverk FA er að tryggja gæði við framkvæmd raunfærnimats, með því að miðla og veita ráðgjöf um viðurkennda aðferðafræði og aðstoða við innleiðingu í nýjum greinum.

Frá árinu 2004 hafa 4.391 einstaklingur lokið raunfærnimati á móti námskrám framhaldsskólanna og viðmiðum atvinnulífsins.

Sjá má nánari umfjöllun um raunfærnimat í Ársskýrslu FA 2017.

Þróun og samstarf

Á árinu 2018 hefur verið lögð áhersla á að styrka tengsl FA við samstarfsaðila vegna raunfærnimats með heimsóknnum á starfsstöðvar þeirra með það að markmiði að ræða framkvæmd raunfærnimats, miðla upplýsingum og meta tækifæri til frekari þróunar raunfærnimats. Í samræmi við að sífellt fleiri samstarfsaðilar FA stýra raunfærnimatsverkefnum hefur umfang raunfærnimats í starfi fræðsluaðila aukist. Flest samtöl við samstarfsaðila snúa að framkvæmd en einnig er mikið leitað eftir upplýsingum þegar opnað er fyrir umsóknir í Fræðslusjóð. Það sem af er árinu 2018 hefur verið haldið eitt námskeið fyrir matsaðila með samtals 16 þátttakendum.

Innleiddir hafa verið örfundir í fjarfundi í samstarfi við fræðsluaðila sem koma að raunfærnimati, tilgangurinn með þeim er að fara yfir það helsta sem er að gerast í þróun raunfærnimats hverju sinni, úthlutanir og hvaða verkefni eru í gangi hverju sinni.

Í maí var haldinn vinnudagur með fræðsluaðilum sem hafa framkvæmt raunfærnimat í almennri starfshæfni. Fundinn sóttu sjö fulltrúar frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum auk starfsmanna FA. Dagurinn gekk vel og var unnið að því að greina hvað hefur gengið vel og hvað má bæta. Niðurstöður verða svo kynntar í fjarfundi í nóvember 2018.

Árið 2017 var fyrsta heila árið sem framkvæmdaaðilar sáu um að skrá einingar sem staðnar voru með raunfærnimati í INNU. Sú breyting gekk almennt vel og með henni er gr. 14 í reglugerð 1163 um framhaldsfræðslu loks orðin virk. Þar er fjallað um að óformlegt nám hafi sama vægi og formlegt nám sem og mikilvægi á skráningu niðurstöðum raunfærnimats í gagnagrunn.

Á árinu var unnið að endurnýjun gátlista fyrir þjónustugreinar í raunfærnimati. Mímir sá um framkvæmdina í samstarfi við Borgarholtsskóla. Unnið var að endurgerð gátlista fyrir verslunarfulltrúa út frá viðmiðum atvinnulífsins. Jafnframt var unnið að gerð tillögu að breyttu vinnulagi varðandi gerð gát- og skimunarlista sem eru á áttunda tug talsins.

Árið 2017 var upphaf innleiðingar á gæðaviðmiðum fyrir raunfærnimat og ráðgjöf. Á miðju ári 2018 hafa allir samstarfsaðilar FA sem halda utan um framkvæmd raunfærnimats sent inn umsókn um að fara í gæðavottun og þegar hafa þrír fræðsluaðilar sem framkvæma raunfærnimat fengið vottun.

Þriðja útgáfa vefjarins Næsta skref fór í loftið (sjá umfjöllun á öðrum stað) en þar er m.a. að finna upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats, rafræna skimunarlista fyrir einstaklinga og tengingu við ráðgjöf.

Fulltrúi FA átti sæti í vinnuhópi sem fjallaði um möguleika á að koma á raunfærnimati á háskólastigi. Helsta verkefni FA þar var að miðla reynslu og einnig hafa tengingar á Norðurlöndum komið sér vel til að miðla þekkingu erlendis frá til hópsins. Skýrslu vinnuhópsins er að finna hér.

Erlent samstarf

Tveir fulltrúar FA sitja í norrænum sérfræðingahópi NVL um raunfærnimat. Tveir fundir hafa verið haldnir á tímabilinu þar sem unnið var sérstaklega að gæðamálum. Innlendir bakhópur, sem samanstendur af fulltrúum hagsmunaaðila, fundaði tvisvar á tímabilinu um þróun raunfærnimats hér á landi. Þremur fulltrúum FA var boðið á Uppskeruhátíð raunfærnimats í Evrópu í Brussel í júní sl. til að kynna íslenska raunfærnimatskerfið á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

FA hefur haft það hlutverk að lýsa stöðu raunfærnimats á Íslandi í landskýrslu fyrir European Inventory sem CEDEFOP heldur utan um. Hafin var vinna við skýrslu sem kemur út á næsta ári. Jafnframt var gerður samningur við austurríska rannsóknaraðila sem starfa fyrir CEDEFOP að rannsókn á raunfærnimati og tengingu þess við ráðgjöf. Rannsóknin verður unnin í samstarfi við IDUNA fræðslusetur sem var valin sem eitt af fyrirmyndardæmum í Evrópu. Unnið var að undirbúningi fyrir gagnasöfnun á tímabilinu.

Á Íslandi hafa aðilar vinnumarkaðar hafið skoðun á raunfærnimati í atvinnulífínu og hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verið þar til ráðgjafar. FA stóð fyrir ferð til Noregs og Svíþjóðar í apríl 2018 þar sem sérstaklega var horft til þróunar á raunfærnimati fyrir störf og mótunar hæfnistefnu á landsvísu. Ferðin var styrkt af Erasmus+ KA1 mennta- og æskulýðsáætlun Evrópusambandsins. Auk starfsmanna FA tóku sex fulltrúar ASÍ og SA þátt í ferðinni.

Erlendir aðilar leita talsvert til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats hérlendis. Reglulega koma hópar í kynningar hjá FA. Eitt af því sem vekur mikla athygli erliendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir.

Söfnun upplýsinga og nemendabókhald

Söfnun og varðveisla upplýsinga er mikilvægur þáttur í starfsemi FA. Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnunum Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Tölfræði um framkvæmdina hefur verið safnað frá byrjun og er einnig mikilvægur þáttur í því að fylgjast með notkun fjármagns Fræðslusjóðs og árangri starfsins.

Ætlunin er að þróa gagnagrunn FA nánar og fer sú vinna af stað á næstu vikum og mánuðum. Framsetning á gögnum og tölfræðiupplýsingum hefur einnig verið í þróun og er nú birt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is í meira mæli en áður.

Unnið var í samstarfi við Advania að aðlögun og þróun INNU sem nýju kerfi fyrir nemendabókhald framhaldsfræðslunnar og var hún tekin í notkun

hjá FA og samstarfsaðilum upp úr miðju ári 2017. Viðmót vegna skráningar á ráðgjafarviðtölum var sérsmíðað fyrir framhaldsfræðsluna. Aðlögun og lausnir voru unnar vegna skráningar raunfærnimats, gagnasöfnunar og tölfræðiskýrslna. INNA var kynnt fyrir samstarfsaðilum og kennsla og aðstoð veitt. Útbúnar voru leiðbeiningar fyrir notkun á INNU. Einnig fór sérfræðingur FA til samstarfsaðila um landið til að kenna betur á notkun INNU á vormánuðum 2018, þegar nokkur reynsla var komin á notkunina.

Umsjón og þróun náms- og starfsráðgjafar

Markmið FA er að efla sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar. Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna 25-27 ráðgjafar verkefninu um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir eru með kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniadgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, m.a. í gegnum erlend þróunarverkefni.

Í október 2017 var boðið upp á tveggja daga námskeið um náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífínu sem um 50 manns sóttu.

Í febrúar sl. var haldinn fundur í ráðgjafaneti FA í húsnæði ÍDUNNAR fræðsluseturs. Fundinn sóttu 16 fulltrúar frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum auk starfsmanna FA og nokkrir fulltrúar voru í fjarfundi. Farið var yfir þróun mála, tölfræði (sjá nánar í umfjöllun um Fræðslusjóð) og niðurstöður úr starfinu fyrir árið 2017. Farið var yfir ársskýrslur allra símenntunarmiðstöðva um ráðgjöfina. Í auknum mæli er talað um notkun net- og samfélagsmiðla til að ná til ráðþega. Þarfir og áherslur eru mismunandi hjá miðstöðvunum og margar fara meira út í fyrirtækin til að kynna ráðgjöfina og sína starfsemi en aðrar. Það virðist vera auðveldara að ná til fyrirtækjanna á landsbyggðinni þar sem boðleiðirnar eru stuttar en tengsl við hagsmunaaðila skipta verulegu máli varðandi starfsemi framhaldsfræðslunnar. Best virkar að ná til einstaklinga með því að kynna ráðgjöfina í tengslum við önnur verkefni og í gegnum „maður á mann“. Varðandi námsþarfir hópsins þá óskar fólk helst eftir styttra námi sem nýst getur til að fá framgang í starfi eða atvinnuleit. Mikilvægt þykir að geta stundað nám í heimabyggð og nemendur vilja geta sótt meira nám til símenntunarmiðstöðvanna á sínu svæði. Einnig eru svæðisbundnar þarfir til staðar. Aukin þörf er fyrir ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna. Innflytjendur leita eftir að fá mat á námi erlendis frá, fá aðstoð við að afla starfsréttinda, fara í íslenskunám o.fl. (í VISKA verkefninu er unnið meira með ráðgjöf við

innflytjendur). Oft eru ráðþegar að kljást við áskoranir á borð við námserfiðleika, lítið sjálfstraust, erfiðan fjárhag, búsetu og aðra félagslega þætti.

Kynning á markaðsmálum og umræður um INNU

Á fundinum var einnig fjallað um markaðsmál í framhaldsfræðslu og aðferðafræði Hæfniseturs í ferðaþjónustu um hvernig unnið er að þessum málum þar, en leiðin til að ná til einstaklinga á vinnumarkaði er oftast í gegnum fyrirtækin og stjórnendur. Þá var farið yfir tölfraði ársins varðandi ráðgjöfina og reynslu af skráningu viðtala í INNU, nemendabókhaldskerfið sem tekið var í gagnið á síðasta ári. Ráðgjafar eru yfirleitt ánægðir með INNU og telja skráningar ganga vel og kerfið skýrt og notendavænt.

Brotthvarf og gæðamál

Borið hefur á því að stærri hópur nemenda símenntunarmiðstöðvanna eru í meiri brotthvarfshættu nú en áður og eru sumir að fást við margs konar hindranir varðandi námið. Á fundinum var kynnt hvernig unnið hefur verið með nemendum sem eru í brotthvarfshættu hjá Mími og rætt hvernig ráðgjafar geti unnið til að sporna gegn brotthvarfi nemenda. Hópur ráðgjafa hittist í júní til að fara betur yfir málið og verður unnið áfram með hugmyndir til að vinna með brotthvarfshópinn á haustfundi ráðgjafanetsins.

Í maí var send út þjónustukönnun til notenda ráðgjafarþjónustu símenntunarmiðstöðvanna um land allt, frá árunum 2017 og 2018. Þetta er liður í úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfsemi framhaldsfræðslunnar, en slíkar kannanir eru lagðar fyrir notendur annað hvert ár á vegum FA sem liður í þróun og til að bæta gæði ráðgjafarinnar. Úrvinnsla úr könnuninni er í gangi og verða niðurstöður kynntar á haustfundi ráðgjafanetsins. Fylgst hefur verið með vottunarferli EQM um gæði á árinu en þar er náms- og starfsráðgjöfin inni í fyrsta skipti sem hluti af úttekt (sjá nánar í umfjöllun um gæði).

Erlendir gestir hafa sýnt ráðgjöfinni áhuga sem og nemendur í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands vegna MA verkefna. Fulltrúi FA sótti tvo fundi á vegum sérfræðingans NVL um náms- og starfsráðgjöf fullorðinna. Þar hefur verið unnið að því að undirbúa málstofu sem haldin verður í Færeyjum 20. september um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat þar sem vinna og afurðir netsins verða m.a. kynntar. Þar að auki verður sameiginlegur fundur ráðgjafa- og raunfærnimatsneta NVL haldinn í Færeyjum. Ráðgjafanetið hefur einnig unnið að undirbúningi vinnustofu sem netið mun standa fyrir á ráðstefnu alþjóðlegu ráðgjafasamtakanna IAEEV sem haldin verður í Gautaborg í október. Þar verður starfsemi ráðgjafanets NVL kynnt, helstu verkefni og afurðir.

Næstaskref.is

Upplýsinga- og ráðgjafavefurinn Næstaskref.is hefur tekið miklum breytingum 2017 og 2018. Önnur útgáfa vefjarins var opnuð í janúar 2017 og þriðja útgáfa var gerð aðgengileg í ágústlok 2018 þar sem, í samstarfi við vefhönnunarfyrtækið Konsept, búið er að sníða af ýmsa tæknilega vankanta sem hömluðu áframhaldandi uppbyggingu vefjarins. Stefnt er að því að á hverjum tíma séu á vefnum aðgengilegar 300 almennar starfslýsingar, upplýsingar um 150 námsleiðir, skimunarlistar vegna raunfærnimats, í sem flestum greinum, auk áhugakönnunar, rafrænnar ráðgjafar, upplýsinga um þjónustu símenntunarmiðstöðva og margs konar annars efnis um nám og störf líkt og finna má á sambærilegum vefsíðum nágrannalanda. Vefurinn er eins konar andlit framhaldsfræðslunnar í landinu og unninn í samráði við ýmis samtök og hagsmunaaðila á sviðinu.

Gæðamál

Eitt af hlutverkum FA er að efla gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá fræðsluáðilum sem starfa í anda laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. FA gerir kröfu til samstarfsaðila um að þeir framfylgi almennum samningsskilmálum, m.a. um gæði í framkvæmd og kennslu. Markmiðið með gæðaeftirliti er að studla að auknum gæðum á vettvangi framhaldsfræðslunnar í gegnum EQM og EQM+ gæðavottunarkerfið. Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir gæðaviðmiðum European Quality Mark (EQM) í þeim tilgangi að auka gæði fræðslustarfs. Áframhaldandi vinna var við þróun EQM (fræðsla) og EQM+ gæðaviðmiða og vottunarferlis sem nær til þriggja stöða framhaldsfræðslunnar; fræðslustarfsemi, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats (EQM+).

Vinnudagur fyrir EQM og EQM+ gæðavottun var haldinn haustið 2017 og mættu um 20 starfsmenn símenntunarmiðstöðvanna sem koma að gæðamállum. Farið var yfir breytingar og nýjungar á sviði gæðamála. Markmiðið með vinnudeginum var að fara yfir þau sjálfsmatseyðublöð sem nýtt eru, gæðafarlið og úttektina. Eins hafa verið haldnir fundir með fræðsluáðilum í fjarfundi til að veita handleiðslu við ferlið.

Alls hafa 16 fræðsluáðilar skráð sig formlega í nýja gæðavottunarferlið sem hófst haustið 2017. Hafa fjórir fræðsluáðilar farið í gegnum ferlið og fengið vottun, fyrirtækið Vaxandi ráðgjöf ehf. sér um úttektir á gæðum vegna EQM og EQM+ gæðavottunar.

Miðlun upplýsinga um starfið á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtílinn Ársrit um framhaldsfræðslu. Gátt kemur út í fimmtánda skipti í tengslum við ársfund Fræðslumiðstöðvarinnar sem haldinn verður 29. nóvember 2018. Frá árinu

2017 hefur Gátt verið gefin út rafrænt og er aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu. Ritnið er kynnt víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu í þremur háskólum, HÍ, HA og LHÍ.

Unnið hefur verið að undirbúningi ársfundar 2018 með þemað hæfnipróun í atvinnulífinu. Leitað hefur verið til Svíþjóðar og aðalfyrirlesarar verða sérfræðingar þaðan.

Vefur FA fékk nýtt útlit á árinu 2017 og er nú unnið að því að gera hann enn betri. Einnig var ásynd FA aukin á samfélagsmiðlum.

Upplýsingum í gegnumslum við starfið er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra.

Í september nk. fer fram ráðstefna í samstarfi við norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL) sem FA kemur að og fjallar um nám fullorðinna, þróun dreifibýlis og gagnvirka skapandi tækni.

Starfsemi FA var á tímabilinu kynnt fyrir um sex hundruð manns. Þar á meðal hópum frá Norðurlöndunum, Eistlandi og alþjóðlegum ráðstefnum í Brussel. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, hæfniramminn, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Þróunarverkefnið GOAL og VISKA (Evrópuverkefni)

Unnið hefur verið að aðkomu nýrra hópa í leiðir framhaldsfræðslunnar í gegnum Erasmus+ Key Action 3 verkefnið GOAL – Guidance and Orientation for Adult Learners og VISKA – Visible Skills for Adults. Um er að ræða þriggja ára löng verkefni sem hafa það að markmiði að styðja við stefnumótun og eru þau bæði unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefni falla að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og eru fjármögnuð að stórum hluta sérstaklega.

Sjá má umfjöllun um verkefnið í Ársskýrslu FA 2017

GOAL verkefninu lauk formlega í byrjun árs 2018 en það var undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd voru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki var breskur rannsóknaraðili og fulltrúi frá Tyrklandi sem fylgdist með þróuninni. Hér á landi var verkefnið unnið í samstarfi við Mími símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum (rannsóknarhluti).

Í gegnum samstarf landanna var unnið að því að þróa leiðir í átt að heildstæðri þjónustu námsráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróuninni var ætlað að byggja á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Unnið er

að því að skilgreina árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms, þ.á m. úrræði sem má nýta á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflokkinn. FA og fræðslu/símenntunarmiðstöðvar hafa þróað öflugna náms- og starfsráðgjafabjónustu innan framhaldsfræðslunnar fyrir fullorðna, en þörf hefur verið á að færa vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Náið samstarf hefur verið við Félagsbjónustu og Vinnumálaskrifstofur á svæðum framkvæmdaraðila (höfuðborgarsvæðið og Reykjanes) í verkefninu. Rannsóknarhluta verkefnisins lauk 2017, þar sem 98 einstaklingar fóru í gegnum ráðgjöfina hér á landi. Hægt er að kynna sér niðurstöður landanna á vefnum www.adultguidance.eu. Einnig má nálgast upplýsingar um verkefnið á www.projectgoal.eu.

Unnið hefur verið að þróun tengslanets og samstarfi tengdra hagsmunaaðila/stofnana fyrir þróun verkefnisins hérlendis í gegnum fundi með sérstökum samráðshópi þar sem sitja fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, velferðarráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rauða krossinum, Fangelismálastofnun, Leikn, Mími, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og FA.

Unnin var ítarleg lokaskýrsla verkefnisins í upphafi árs. Í byrjun árs voru unnar samantektir af innanlandsráðstefnu verkefnisins og vinnufundur með hagsmunaaðilum (haldinn í desember 2017) þar sem kortlagðir voru áhersluþættir fyrir áframhaldandi vinnu með markhópnum. Þessi gögn voru yfirfarin á fundi með samráðshópi verkefnisins. Þar kom m.a. fram að brýnast þykir að formgera samstarf á milli aðila, t.d. félagsbjónustunnar og náms- og starfsráðgjafa framhaldsfræðslunnar, Vinnumálastofnunar og öðrum aðilum út frá einstaklingsþörfum. Í verkefninu voru þróaðar samstarfs- og verklýsingar sem nýta þarf í þessu samhengi í gegnum tengslanet hagsmunaaðila. Staðsetning aðila getur haft áhrif á samstarf. Það gekk mjög vel hjá MSS þar sem fjölbreyttir bjónustuaðilar eru allir í sama húsnæði og boðleiðir þar með stuttar. Huga þarf að framfærslu til náms fyrir markhópin, miðla betur upplýsingum um störf og nám (t.d. með því að efla upplýsinga- og ráðgjafarvefinn Nastaskref.is) og efla samstarf við fyrirtækin varðandi ráðgjöf og hvatningu til þeirra sem fara síður í nám.

Á næstu mánuðum verður unnið að stuttri skýrslu þar sem næstu skref verða dregin fram af samráðshópi hagsmunaaðila og tengslanet virkjað til að hafa umsjón með þeim.

VISKA verkefnið hófst formlega í febrúar 2017 undir forystu Kompetanse Norge. Verkefnið er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatriði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra á því að fá

störf við hæfi og hlúa þannig að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila, þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri og auka aðgengi þeirra að raunfærnimati. Önnur samstarfslönd eru Belgía, Ísland og Írland (rannsóknaraðili).

Írskur rannsóknaraðili leggur upp rannsóknarhluta verkefnisins sem felst í mælingu út frá stöðumati í málaflöknum í upphafi og niðurstöðum í lok þess sem undirbyggja jafnframt áframhaldandi stefnumótun í málaflöknum. FA og IDAN-fræðslusetur stýra VISKA verkefninu hér á landi í sameiningu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila.

Fundur samstarfsaðila var haldinn í Osló í vor og hefur staðið yfir undirbúningur vegna næsta fundar VISKA sem haldinn verður hér á landi í september. Haldnir hafa verið tveir fundir með samráðshópi verkefnisins (mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Vinnumálastofnun, Leikn, Rauði krossinn, Samband íslenskra sveitarfélaga, fulltrúi Pólverja, IDAN og FA)

FA hefur umsjón með þróun tækja, þjálfun matsaðila og gæðaviðmiðum í heildarverkefninu. Unnið var að lýsingu á yfirfæranlegri hæfni (Transversal Skills) í samhengi VISKA verkefnisins. Skoðuð hafa verið rafræn tæki fyrir einstaklinga til að kortleggja hæfni sína. Horft er sérstaklega til European Skills Profile Tool sem Evrópusambandið hefur umsjón með. Ætlunin er að prófa það í tilraunahluta verkefnisins og taka saman endurgjöf á tækið. Unnið var jafnframt að matsviðmiðum fyrir yfirfæranlega hæfni ásamt aðferðafræði við notkun þeirra í tilraunahluta verkefnisins. Þjálfunarmódel hefur verið þróað fyrir matsaðila með áherslu á menningarnæmi og samstarf við túlka og sett hafa verið upp gæðaviðmið fyrir verkefnið.

Fram undan er undirbúningur fyrir tilraunahluta verkefnisins þar sem upplýsingum verður safnað fyrir rannsóknarhluta þess. IDAN mun hafa umsjón með tilraunahluta heildarverkefnisins og framkvæmd hér á landi sem hefst í haust. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands mun sjá um að safna gögnum fyrir rannsóknarhlutann. Hér á landi verður unnið með fyrirtækjum og Vinnumálastofnun við að afla þátttakenda í verkefnið. Ætlunin er að bjóða 50 innflytjendum upp á færnisráningu og/eða raunfærnimat.

Norrænt samstarf (NVL)

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netið var í flokki verkefna en var fært yfir í flokk áætla- ana til jafns við Nordplus menntaáætlunina árið 2015. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2020 og tók Hildur Hrönn Oddsdóttir við starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd í janúar 2018.

NVL móðurnetið hefur fyrstu 6 mánuði ársins 2018 haldið þrjá sam-

eiginlega fundi, þar af var einn fundur haldinn á Íslandi í ágúst. Fundinn í Stokkhólmi í maí sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for Adult Learning). Sjá umfjöllun um starfsár NVL 2017 í Ársskýrslu FA.

Tengiliður hefur haft umsjón með tengslaneti sem sinnir verkefnum tengdum náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum. Netið hefur haldið tvo fundi á árinu og skipulagt þátttöku í málstofum og ráðstefnum sem haldnar verða í haust.

Innland verkefni fyrstu 6 mánuðina voru eftirfarandi: Fundur allra fulltrúa Íslands í undirnetum NVL og vinnuhópum ásamt framkvæmdastjóra NVL í febrúar. Þar miðluðu fulltrúar upplýsingum sín á milli og greindu helstu áherslur í starfinu. Netið stóð fyrir námskeiði í samvinnu við Félag náms- og starfsráðgjafa í apríl og hafinn er undirbúningur ráðstefnu um menntun í dreifðum byggðum sem haldin verður í september.

Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar

Í janúar 2016 tók til starfa verkefnahópur á vegum Stjórnstöðva ferðamála sem greindi þarfir fyrir heildstæðar úrbætur sem styðja við hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðaðþjónustunnar og vinna að skilvirkum leiðum til úrbóta. Hópurinn skilaði tillögum í júlí sama ár í skýrslunni Hæfni og gæði í ferðaðþjónustu – Fjárfestum í hæfni starfsmanna (Stjórnstöð ferðamála 2016) þar sem gerð er tillaga um stofnun sérstaks Hæfniseturs í greininni.

Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar er samstarfsverkefni ráðuneyta menntamála og ferðamála, aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni í ferðaðþjónustu á Íslandi. Starfsemin snýst um að uppfylla þarfir ferðaðþjónustunnar fyrir aukna hæfni og auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna. Verkefnið er vistað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í janúar 2017 skrifaði ferðamálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, undir samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Stjórnstöð ferðamála, á grundvelli samþykktar Alþingis, um verkefnið Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar og vistun þess hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Með samningnum var starfsemin tryggð út árið 2017. Síðar sama ár undirritaði ráðherra ferðamála þjónustusamning við FA um að hýsa verkefnið Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar (HsF) út árið 2020. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) leggur til fjármagn til HsF næstu þrjú árin. Heildarfjöldi stöðugilda setursins var 3,6 á árinu 2017. Aðkoma ANR að verkefninu sýnir augljóslega mikilvægi fræðslu og þjálfunar í þessari stóru og mikilvægu atvinnugrein og tengingu rekstrarafkomu fyrirtækja og fræðslu.

Stýring verkefnisins

Hlutverk stýrihóps er skilgreint samkvæmt þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og felst í að:

- Móta stefnu verkefnisins á sviði hæfniaukningar og forgangsraða verkefnum til skemmri og lengri tíma.
- Greiða fyrir tengingum við hagaðila t.d. fyrirtæki, stéttarfélög, formlega skólakerfið og ráðuneyti.
- Meta afurðir með reglubundnum og skipulögðum hætti.
- Önnur verkefni sem stýrihópurinn telur þörf á og verða mótuð á fundum hópsins.

Í stýrihópi sitja einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Stjórnstöð ferðamála og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Jafnframt er sérstakt fagråd til aðstoðar við stefnumörkun setursins. Á árinu 2017 hefur starfið snúist um eftirfarandi þætti:

- Ábendingar um þarfir fyrir fræðslu og heppilegar leiðir að framkvæmd fræðslu.
- Tillögur um fræðslu og þjálfun byggð á reynslu og þekkingu aðila ráðsins.
- Mat á afurðum sem Hæfnisetrið þróar í samvinnu við fræðsluaðila.

Í fagræði sitja 14 einstaklingar og það fundar tvisvar til þrisvar á ári. Fagråd samanstendur af fulltrúum frá atvinnulífínu, fræðsluaðilum og ásamt stýrihópi. ASÍ á tvo fulltrúa í fagræði.

Á árinu 2017 var mörkuð stefna fyrir Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Þessi vinna var unnin í stýrihóp og faghóp. Með stefnunni er búið að marka áherslur í starfsemi setursins næstu ár og ekki síður hvernig Hæfnisetur ferðaþjónustunnar vinnur.

Hlutverk HsF

- Að starfa á forsendum ferðaþjónustunnar til að auka hæfni starfsfólks og þar með auka gæði, fagmennsku, starfsánægju og arðsemi greinarinnar.
- Að greina fræðsluþarfir, móta leiðir, auka samvinnu um fræðslu og koma henni á framfæri til fræðsluaðila og fyrirtækja.
- Að fá fræðsluaðila til að standa fyrir mælanlegri og árangursmiðaðri fræðslu í samræmi við þarfir greinarinnar (ROI).

Framtíðarsýn HsF

- Uppbygging hæfni innan ferðaþjónustu er á forsendum og í takt við þarfir og þróun greinarinnar og samfélagsins.

- Ferðapjónustan er eftirsóknarverður starfsvettvangur með miklum möguleikum til að þróast í starfi.
- Ferðapjónustan hefur á að skipa framúrskarandi hæfu starfsfólki.

Staða verkefnis

Rúmt ár er frá því að Hæfnisetur ferðapjónustunnar var sett á stofn og of snemmt er að segja til um árangur. Fyrsta árið hefur einkennst af stefnumörkun, leiðarvali og samtölum við hagsmunaaðila. Mikill áhugi á starfinu, bæði hjá atvinnulífi og fræðsluáðilum, vekur bjartsýni um framhald.

Hvernig einstökum verkefnum innan heildarverkefnisins reiðir af á eftir að koma í ljós, en í heildina séð gengur verkefnið vel og vekur verðskuldaða athygli fyrir nýja nálgun fyrir atvinnugrein sem er í örum vexti.

Mímir

Óhætt er að segja að árið 2017 hafi reynst viðburðaríkt og að mörgu leyti sérstakt í rekstrarsögu Mímis. Þar ber helst að nefna umtalsverðar breytingar á innri starfsemi við eftirfylgni stefnumörkunar félagsins í heild frá fyrra ári en ný stefna og leiðarljós Mímis ásamt nýju skipuriti kallaði á töluverðar breytingar innbyrðis. Áhersla var lögð á straumlínustjórnun en hún felur í sér að einfalda alla starfsemi eftir föngum og auka skilvirkni með því markmiði að auka ánægju viðskiptavina af þjónustu félagsins og virði hennar fyrir þá.

Á réttri leið

Tæplega 2.500 manns sóttu nám hjá Mími árið 2017 og er það um 6% aukning á milli ára. Þá voru ráðþegar fleiri en árið á undan, eða um 14% fleiri. Nemendastundum fjölgaði um 2% og fjölgar vinnustaðanámskeiðum einnig á milli ára.

Þrátt fyrir að hafa verið ár uppbyggingar og styrkingar á stoðum Mímis, þá skilaði félagið hagnaði upp á rúmar 10,1 milljón króna. Hagnaður fyrra árs hjá félaginu nam 240 þúsundum króna en þar áður var reksturinn í járnnum; tap að fjárhæð 9,1 milljón króna árið 2015 og tap á árunum 2011 til 2013 var um 43,5 milljónir. Rekstur Mímis var þröngur fyrstu átta mánuði ársins og verulegt áhyggjuefni. Því var sérlega kærkomið þegar Mímir hlaut viðbótarstyrk frá ráðuneytinu um haustið sem veittur var í fjárlagafrumvarpi 2017, rétt rúmar 34,2 milljónir króna. Þetta viðbótarfjármagn reyndist Mími mjög mikilvægt. Fyrir tilstilli þess tókst að renna stoðum undir rekstur Mímis og hrinda brýnum verkefnum í framkvæmd sem höfðu verið látin sitja á hakanum sökum fjárskorts. Því miður barst viðbótarfjármagnið frá ráðuneytinu svo seint á árinu, á haustmánuðum, að ekki náðist að klára eins mörg mikilvæg verkefni á fjárhagsárinu sem þörf var svo sannarlega fyrir og skýrir það meðal

annars að hagnaður varð á árinu. Vert er að geta þess að árið 2018 er síðasta árið af þremur sem viðbótarfjármagnið nær til, enda er það í samræmi við gildistíma núverandi kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Það er því mikið hagsmunamál fyrir Mími og aðrar símenntunarmiðstöðvar að samið verði um áframhald á viðkomandi fjárveitingu frá ríki í næstu kjarasamningum.

Heildartekjur hækkðu talsvert, eða samtals um 52 milljónir króna. Helstu skýringu á þeim vexti er að finna í námskeiðahaldi, bæði í námsbrautum framhaldsfræðslunnar en ekki síst í íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku óx gríðarlega á árinu og hækkðu tekjur af þeim um 41% á milli ára. Þá hafa verkefni eins og framkvæmd ríkisborgaraþrófa fyrir Útlendingastofnun fest sig í sessi. Vaxtarsproti er í hæfnigreiningu starfa en það verkefni er nú þegar byrjað að gefa tekjur eftir talsverða fjárfestingu í mannaði Mímis.

Verkefni Mímis eru langflest framkvæmd með framlagi frá opinberum aðilum eins og mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fræðslusjóði, Menntamálastofnun og Fjölmennt. Þá eru opinberar stofnanir meðal kaupenda þjónustunnar. Þegar útgjöldin eru skoðuð bera þau einnig vott um vöxtinn sem varð á verkefnum. Þannig er kennslukostnaður og önnur rekstrargjöld hærri en áður. Gert var átak í endurnýjun tækjabúnaðar og annarrar aðstöðu fyrir nemendur. Á árinu ákvað stjórn Mímis að breyta fyrirkomulagi við innkaup á tækjum og búnaði þannig að hætt var að eignfæra innkaup nema um væri að ræða fjárhæð eins hlutar yfir einni milljón króna. Þetta þýðir að tæki og húsbúnaður eru gjaldfærð.

Enda þótt reksturinn virðist vera á réttri leið eftir umfangsmikla stefnumörkun og endurskoðun á innra starfi þá er viðbótarfjármagnið frá ráðuneyti enn gríðarlega mikilvægt til að tryggja grunnrekstur Mímis, enda hafa fjárframlög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímir sinnir. Mímir bindur í þessu sambandi miklar vonir við endurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á útreikningum varðandi skiptingu fjármagns milli fræðsluaðila. Umfang starfseminnar og grunnaðstaða hennar hlýtur að þurfa að taka mið af stærð þess markhóps sem miðstöðin þjónar og þeirri skilyrtu þjónustu sem henni ber að veita honum.

Innleiðing tækni hjá Mími

Eitt lykilatriði í allri starfsemi Mímis er traust, fagleg og skilvirk þjónusta gagnvart nemendum, leiðbeinendum og samstarfsaðilum. Á þeim nóttum gengu starfsmenn til verka árið 2017 og varð vel ágengt. Áfram var unnið að því að undirbúa innleiðingu á tækni í kennslu á vegum Mímis en sú vinna hófst á haustmánuðum 2016. Netþjónar voru styrktir enn frekar til að gera nemendum og kennurum kleift að nýta tæknilegar aðferðir til þekkingaröflunar á fleiri

en einu snjalltæki. Tölvu- og tækjakostur hjá Mími var endurnýjaður að miklu leyti enda rík ástæða til. Þá var vinnurými nemenda endurnýjað með það að leiðarljósi að búa nemendum til heimilislegt en jafnframt þægilegt og hvetjandi námsumhverfi. Innleiðing á nýju nemendaskráningar- og kennslukerfi, INNU, var gríðarlega umfangsmikil en Mímir er fyrsta símenntunarmiðstöðin á Íslandi sem tekur upp kennslukerfi INNU. Þá er Mímir einnig brautryðjandi meðal miðstöðva í að samtengja annars vegar nemendaskráningar- og kennslukerfi INNU, svo og vefsíðu fyrirtækisins og DK-bókhaldskerfið hins vegar en hvort tveggja mun auka hagræði í rekstri og hjálpa til við að takast á við nýja tíma. Nú má sjá fyrir endann á því verkefni þegar lagt er í lokaþreppinn. Vefsvæðið, www.mimir.is, er nú þegar orðin öflug gátt inn í Mími þar sem þjónusta og skilvirkni er sett í öndvegi. Þá hefur hraði og aðgengi verið stórbætt og aðgangur nemenda að námsferli sínum tryggður sem gerir þeim kleift að hafa betri yfirsýn á námið og námsferil sinn. Mímir sækir í sig veðrið hvað tækni í kennslu varðar og bauð upp á fjarnám í fyrsta sinn í sögu Mímis, bæði í hinni sívinsælu námsbraut Menntastoðir, sem og íslensku fyrir útlendinga á stigi fjögur og fimm.

Aukið samstarf við atvinnulífið

Samstarf við atvinnulífið skipar sífellt stærri sess í starfseminni, hvort sem um ræðir faglega ráðgjöf til fyrirtækja, þróun og framkvæmd fræðsluáætla- ana eða aðstoð við að greina fræðsluþarfir starfsfólks í samhengi við stefnu vinnustaðarins. Mímir var meðal fjögurra símenntunarmiðstöðva sem gerðu samstarfssamning við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar vegna fræðslu meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu. Skapar sá samningur tækifæri til að ná til fleiri fyrirtækja á því sviði í samstarfi við stéttarfélög og starfsmenntasjóði. Þá hófst samstarf við ÍSAL um framkvæmd námsbrautarinnar Nám í stóriðju. Mímir hóf á árinu að hæfnigreina störf með viðurkenndri aðferð sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur innleitt hér á landi en afurð greiningarinnar er starfaprófíll sem er síðan notaður til grundvallar við gerð námskrár.

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga aldrei vinsælli

Eftirspurn eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga hefur aldrei verið meiri hjá Mími en einmitt nú en 17% aukning varð á fjölda kenndra námskeiða frá árinu á undan. Ekkert lát virðist ætla að verða á eftirspurninni sem hefur aukist gríðarlega milli ára, hvort sem er frá einstaklingum eða vinnustöðum. Þessi þróun helst í hendur við þá aukningu á hlutfalli erlends vinnuafis á Íslandi sem eykst hratt á milli ára samkvæmt tölum úr vinnumarkaðsrannsókn Alþýðusambands Íslands (mars 2018) en þar segir meðal annars: „Árið 2017 var fjöldi erlendra ríkisborgara sem fluttust til Íslands umfram þá sem fluttust

hédan í sögulegu hámarki og nú er talið að erlent launafólk sé að minnsta kosti 12–13% launafólks á Íslandi.“ Á sama tíma og það er fagnaðarefni hve margir aðfluttra vilja læra móðurmál okkar Íslendinga til að eiga þess betri kost að aðlagast íslensku samfélagi – og að sama skapi hve margir vinnustaðir eru tilbúnir til að styðja erlent vinnuafli sitt til íslenskunáms (oftar en ekki á vinnutíma), er það mikið áhyggjuefni að úthlutað fjármagn frá ríkinu til mála-flokksins haldist ekki í hendur við fjölgun útlendinga á Íslandi.

Fjölbreytt þjónusta við innflytjendur

Með hraðvaxandi fjölgun innflytjenda frá ýmsum heimshornum hefur þörf fyrir þjónustu og stuðning aukist gríðarlega. Tæplega 2.000 innflytjendur heimsækja Mími á ári hverju til að sækja sér nám og ráðgjöf og/eða þreyta próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt. Mímir hefur því sérstöðu hvað þetta varðar enda ekki vitað til þess að annar eins fjöldi innflytjenda sækir sér slíka þjónustu hjá öðru fyrirtæki eða stofnun á Íslandi. Þá á Mímir samstarf við Rauða krossinn um að skapa innflytjendum vettvang til að efla félagslega færni sína í íslensku samfélagi með staðgóðri kunnáttu í íslensku. Hjá Mími er dýrmæt þekking og reynsla af kennslu, ráðgjöf og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum sem varða aðlögun og færni innflytjenda. Innan raða Mímis er vilji til að nýta þessa sérstöðu enn frekar í samstarfi við hið opinbera og vinnumarkaðinn til að innflytjendum bjóðist enn meiri og skilvirkari þjónusta sem miðar að því að styðja þá til virkrar samfélagslegrar þátttöku í íslensku samfélagi.

Gott teymi skilar árangri

Árið var krefjandi og skemmtilegt þótt það reyndi stundum á hina öflugu liðs-heild starfsfólks Mímis. Þessi reynslumikli hópur hefur sýnt sínar bestu hliðar, tekið nýjungum opnum örmum og sýnt í verki að saman hlýst árangur. Ég vil þakka stjórn, starfsfólki, leiðbeinendum og samstarfsaðilum fyrir gott starf í þágu Mímis og nemenda félagsins. Með jákvæðni, samheldni og þrautseigju í farteskinu tókst hópnum að ná mörgum sigrum á árinu og leggja grunn að enn fleiri. Þótt ávallt megi gera betur eru margar vísbendingar um að starfsemin sé á réttri leið. Menntun er hornsteinn framfara, drifkraftur mannauðs, grunnstoð samfélagsinnviða og eflir samkeppnishæfni Íslands. Ábyrgð menntastofnana og miðstöðva er því mikil. Hjá Mími blása ferskir vindar sem færa nemendum fleiri spennandi tækifæri til náms og sjálfseflingar. Mímir heldur áfram að sækja fram og veita góða þjónustu.

Mannauður

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnarmenn koma frá Eflingu, VR, Rafiðnaðarskólanum, ASÍ, Verkalýðsfélaginu Hlíf og Samiðn.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 20 árið 2017 sem er sambærilegt árinu á undan.

Mímir er með öflugt tengslanet við kennara og aðra sérfræðinga á vinnu- markaði og voru tæplega 140 manns í verktöku hjá fyrirtækinu árið 2017 en verktakar eiga stóran þátt í því góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stór hluti kennara hjá Mími hefur mikla reynslu af kennslu á öllum skólastigum. Þá eru einnig leiðbeinendur við kennslu sem hafa sterk tengsl við atvinnulíf, til að mynda þeir sem kenna í starfstengdum námsbrautum.

Fræðsla

Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis um að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslu- umiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku fyrir útlendinga í samstarfi við ráðuneytið, sem og á tungumálanámskeiðum. Sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni. Áhersla var lögð á að efla færni fólks og styrkja, sem og að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og til náms. Þá var grunnur lagður að auknu samstarfi við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða. Unnið var að því að bæta námsumhverfi hjá Mími, með endurnýjun nemendarymis og bættum tækjakosti. Heildarfjöldi nemendastunda jókst á milli ára um 2% eins og mynd hér að neðan sýnir. Fjöldi nemenda- stunda í almennum og starfstengdum námskeiðum, sem og námskeiðum Fjöl- menntar, dróst hins vegar saman. Þá jókst fjöldi nemendastunda í erlendum tungumálum. Nemendastundum í námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga fjölgaði til muna á milli ára og var ásókn í námskeiðin það mikil að fjármagn frá ráðuneyti til framkvæmdar námskeiðanna dugði ekki til. Fjöldi viðtala í náms- og starfsráðgjöf jókst milli ára.

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga

Almenn námskeið í íslensku fyrir útlendinga

Umsvif námskeiða í íslensku fyrir útlendinga jukust til muna milli ára. Námskeiðum fjölgaði mikið, eða um 21,5%. Mennta- og menningarmála- ráðuneytið niðurgreiðir íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum eins og Mími. Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og fylgja úthlutanir og greiðslur reglum ráðuneytisins um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Eins og áður voru námskeiðin á sex stigum auk sérstakra ritunar-

og talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Einnig voru haldin fjarnámskeið á stigum fjögur og fimm. Fjarnám á stigi fimm í íslensku sem öðru máli var nýjung á árinu hjá Mími og voru námskeiðin þróuð í framhaldi af þróunarverkefni um fjarnám sem Mímir vann árið áður. Í fjarnáminu unnu nemendur bæði sjálfstætt og í nánú samstarfi við kennarann og samnemendur gegnum gagnvirk verkefni, hópaspjall, skilaverkefni og Skype spjall við kennarann. Boðið var upp á kennslu á sjö mismunandi tungumálum fyrir byrjendur í íslensku þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda og meðal nýjunga þar má nefna námskeið fyrir Kúrda. Kennsla fór fram á þremur stöðum, það er í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og í Gerðubergi í Breiðholti. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningslega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál.

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga á vinnustöðum

Starfstengdum íslenskunámskeiðum fjölgaði um 83% milli ára en alls voru haldin 22 námskeið hjá nýu fyrirtækjum á árinu. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Sérfræðingur frá Mími greinir þarfir vinnustaðarins fyrir fræðslu og skilgreinir markmið og áherslur í náminu í samvinnu við vinnustaðinn. Á árinu var gerður samningur við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun auk fagmenntaðs fólks, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri stétta. Þá voru gerðir samningar við fleiri vinnustaði um námskeið svo sem Marel, Mjólkursamsöluna, Reykjavíkurborg og fleiri.

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga í samstarfi við Vinnumálastofnun


Fimm íslenskunámskeið voru haldin fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna í samstarfi við Vinnumálastofnun og er það aukning um þrjú námskeið frá árinu áður. Í náminu var fléttað saman íslenskunámi og öðrum þáttum sem styrkja fólk í atvinnuleit eins og sjálfsstyrkingu, gerð ferilskráa og ráðgjöf. Þrjú hópar luku námsbrautum sem Menntamálastofnun hefur vottað þar sem 60 stunda íslenskunámi var bætt við námið auk starfsþjálfunar á vinnustað. Námsbrautirnar eru Meðferð matvæla, Þjónustuliðar og Grunnám fyrir skólaliða.

Alls fóru fram 130 námskeið hjá Mími í íslensku fyrir útlendinga sem er 17% aukning frá í fyrra og luku 1.408 nemendur námi.

Námsbrautir

Eins og áður sneri stór hluti starfseminnar á árinu að því að skapa tækifæri til

náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Árið 2017 bauð Mímir upp á nám við 21 námsbraut með stuðningi frá Fræðslusjóði. Námskrárnar, sem námsbrautirnar byggja á, eru skráðar í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vottaðar á þrep samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun og til eininga á framhaldsskólastigi af Menntamálastofnun. Vottaðar námskrár skiptast í starfstengdar námskrár og almennar námskrár. Nýjungar á árinu felast í að Grunnám í stóriðju hófst í samstarfi við ÍSAL, námskráin Landnemaskólinn II var tilraunakennd og Skref til sjálfshálp var kennd í fyrsta sinn. Þá var einnig boðið upp á fjórar námsbrautir í samvinnu við Eflingu stéttarfélag.



Almennar námsbrautir

Grunnmenntaskóli - 300 kennslustundir

Í Grunnmenntaskólanum er unnið að því að byggja upp almenna þekkingu og sjálfstraust nemenda, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þau fög sem nemendur læra eru meðal annars námstækni, íslenska, framsögn, stærðfræði, enska, að nýta sér tölvur og að gera færni-möppu. Einn Grunnmenntaskóli var kenndur á árinu.

Menntastöðir - 660 kennslustundir

Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastöðum á einni önn, í dreifnámi, á tveimur

önnum eða í fjarnámi sem nær yfir tvær annir en það er nýjung á árinu. Níu hópar hófu nám á árinu og luku átta þeirra innan ársins.

Landnemaskólinn – Íslenska og samfélagið - 120 kennslustundir

Í Landnemaskólanum er leitast við að flétta saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu með fjölbreyttum hætti. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna saman verkefni með myndum og textum úr ferðum og íslenskunáminu. Ferilskrágerð, sjálfsstyrking og tölvupjálfun eru einnig hluti af náminu. Einn hópur lauk námi á árinu.

Landnemaskólinn II – Tilraunakennsla - 120 kennslustundir

Landnemaskóli II gerir ráð fyrir því að nemendur hafi þegar lokið námskránni Landnemaskóli. Í náminu er megináhersla á að auka þekkingu nemenda á íslensku samfélagi, menningu og atvinnulífi. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi grunnkunnáttu í íslensku, það er tali og skilji einfalt mál, en kennsla fer að öllu jöfnu fram á íslensku. Tveir hópar luku námi á árinu.

Að lesa og skrifa á íslensku 120 kennslustundir

Námið er hugsað fyrir fólk af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímir við ólæsi eða hefur ekki náð tókum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvupjálfun og sjálfsstyrking. Einn hópur lauk námi á árinu.

Skref til sjálfshjálpar - 60 kennslustundir

Námið er ætlað einstaklingum með lesblindu og/ eða aðra lestrar- og skriftarörðugleika. Markmið er að auka færni þeirra í lestri og ritun auk þess að þeir upplifi öryggi og sjálfsstyrk í lestri, stafsetningu, ritun og tjáningu og geti nýtt sér upplýsingatæknina sér til aðstoðar. Áhersla er lögð á að námsmenn kynnist mismunandi aðferðum til að bæta sig í lestri og ritun meðan á námskeiði stendur og eftir að því lýkur. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Starfstengdar námsbrautir

Færni í ferðaþjónustu II - 100 kennslustundir

Námskeiðinu er ætlað að efla færni og þekkingu þátttakenda til að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á ýmsum sviðum ferðaþjónustu. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálpar auk þess sem nemendur vinna lokaverkefni sem þeir kynna við námskeiðslok. Námskeið voru kennd bæði á íslensku og á ensku en eitt námskeið var haldið í samvinnu við Vinnumálastofnun. Fjögur námskeið voru haldin á árinu.

Nám í stóriðju – Grunnám - 360 kennslustundir

Kennt í fyrsta skipti hjá Mími. Námið er ætlað þeim sem sinna starfi í stóriðju þar sem bræðsluofnar eða rafgreiningarker eru burðarásar í framleiðslunni. Tilgangur námsins er að auka hæfni starfsfólks til að sinna fjölbreyttum störfum í stóriðju, auka öryggi við vinnu, styrkja starfs- og samskiptahæfni og auka starfsánægju. Námskeiðið er kennt hjá ÍSAL og heildarnámstíma skipt niður á 3 annir. Einn hópur hóf nám á árinu.

Skrifstofuskólinn - 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá. Sjö hópar hófu nám á árinu og luku sex þeirra námi innan ársins.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám - 410 kennslustundir

Námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Fjórir hópar luku námi á árinu.

Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk - 72 kennslustundir

Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu nemenda á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum að borði neytandans. Allt þetta ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Tvö námskeið voru haldin á árinu.

Stökkpallur - 270 kennslustundir

Námsbrautin var kennd í fyrsta skipti hjá Mími á árinu. Markmið námsins er að auka starfshæfni nemenda og gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika. Áhersla er lögð á að virkja þá til þátttöku í atvinnulífi eða til áframhaldandi náms, auðvelda þeim að takast á við verkefni á vinnustað, eða hjá fræðsluaðila, og stuðla þannig að jákvæðu viðhorfi til vinnumarkaðar og áframhaldandi náms. Eitt námskeið var haldið á árinu í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla - samtals 200 kennslustundir

Fagnámskeið I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leik-

skóla. Að námi loknu sækja margir um áframhald í leikskólabró. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Fagnámskeið I og II í aðhlyningu og umönnun - samtals 198 kennslustundir
Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabró. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Leikskólabró - fjórar annir

Leikskólabró er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði. Tveir hópar luku námi á árinu.

Félagsliðabró - fjórar annir

Félagsliðabró er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið félagsliði. Fjórir hópar stunduðu nám á félagsliðabró á vor- og haustönn. Tveir hópar luku námi á árinu.

Grunnnám fyrir skólaliða - 70 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun

Þessi námsbraut er ætluð þeim sem hafa hug á að starfa sem skólaliðar í grunnskólum eða sem starfsmenn á leikskólum. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfa nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Þjónustuliðar - 60 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun

Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa í ræstingum, í býtibúrum og þvottahúsum. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfa nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Tvö námskeið voru haldin á árinu.

Meðferð matvæla - 60 kennslustundir, 60 kennslustundir íslenska og 40 kennslustundir í starfsþjálfun

Námið er ætlað þeim sem starfa við eldi eða ræktun dýra eða korns, úrvinnslu, geymslu eða sölu afurða og sölu matvæla. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við vottaða námsbraut og nemendurnir ljúka námskeiðinu með starfsþjálfun. Í íslenskuhluta námsins þjálfar nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Eitt námskeið var haldið á árinu.

Önnur námskeið

Fjölmennt

Mímír og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fullorðnu fólki með fötlun tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og stuðla þar með að því að fólk með fötlun njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir. Á árinu voru haldin 21 námskeið af ýmsum toga og voru nemendur 111 talsins.

Tungumálanámskeið

Haldin voru 27 tungumálanámskeið í 10 tungumálum og nokkuð var um einkatíma í ýmsum tungumálum. Er það um 37% fækkun á námskeiðum frá árinu áður. Námskeið í ensku skipuðu efsta sætið yfir vinsælustu erlendu tungumálanámskeiðin á árinu en þar á eftir fylgdu námskeið í spænsku. Nemendur eru jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, meðal annars hælisleitendur sem sækja þau í auknum mæli. Nýjung er varðar tungumálanámskeið er enskunámskeið fyrir pólskumælandi en það hefur notið töluverðra vinsælda. Nemendur á tungumálanámskeiðum voru alls 236, eða 27% færri en árið áður.

Starfslokanámskeið - 16 kennslustundir

Starfslokanámskeið eru haldin fyrir félagsmenn Eflingar stéttarfélags. Á námskeiðinu er fjallað um lífeyrstryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok. Haldin voru fimm starfslokanámskeið á árinu, þar af var eitt kennt á ensku.

Þernur - 60 kennslustundir

Námskeiðið er ætlað starfandi þernum á hótelum og gistihúsum. Markmið þess

er að efla þernur í starfi, gera þær sjálfstæðari í daglegum störfum auk þess sem grunnatriði ferðaþjónustu á Íslandi eru kynnt. Á árinu var eitt námskeið haldið fyrir þernur og var það framkvæmt í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.


Fagnámskeið III umönnun – tilraunakennsla - 64 kennslustundir

Meginmarkmið námsins eru að styrkja almennt starfsfólk sem starfar við umönnun og gera það sjálfstæðara í sínum daglegu störfum. Einnig að auka við þekkingu og færni þeirra á ólíkum þörfum skjólstæðinga sinna og hvernig best megi bregðast við þeim. Mikilvægur þáttur er auk þess að hvetja starfsfólk til að huga að vinnustellingum og nýta sér hjálpartæki. Einnig að það þekki vel til vinnureglna sem eru í gildi á vinnustaðnum. Námið miðar sérstaklega að því að það nýtist sem best í daglegum störfum innan hjúkrunarheimila og við heimaþjónustu. Eitt námskeið var haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag.

Framhaldsnám félagsliða um fötlun og geðraskanir - 56 kennslustundir

Eitt námskeið var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða.

Nemendastundir árið 2017



Ráðgjöf og stöðumat


Eins og undanfarin ár veitti Mímir fullorðnum sem hafa stutta formlega menntun náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat, þeim að kostnaðarlausu, með stuðningi frá Fræðslusjóði. Þá framkvæmdi Mímir próf fyrir íslenskan ríkisborgararétt í samstarfi við Menntamálastofnun. Sífellt fleiri fara í gegnum stöðumat í íslensku hjá Mími sem er meðal annars undanfari þess að sækja námskeið í íslensku fyrir útlendinga hjá Mími.

Náms- og starfsráðgjöf

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafar voru tæplega þrjú allt árið. Nokkrar manna-breytingar voru þar sem tveir ráðgjafar létu af störfum og nýir starfsmenn tóku við. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru svipuð og fyrri ára; ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og raunfærnimat. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki sem þess þarf í ráðgjöf ásamt því að leita ráða sjálfir um hin ýmsu málefni. Fjöldi viðtala var 1.532. Ráðgjafarnir komu í auknum mæli að kennslu í hinum ýmsu námsleiðum Mímis og buðu m.a. upp á hópráðgjöf fyrir nemendur í brottfallshættu í Menntastöðum. Áframhaldandi áhersla var lögð á þjónustu við nemendur Mímis í námsleiðum sem framkvæmdar eru í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og kennsla, hópráðgjöf, einstaklingsráðgjöf og boð um raunfærnimat voru helstu atriðin í því samstarfi. Þróunarverkefni FAST TRACK og GOAL, sem ráðgjafar unnu að, héldu áfram frá fyrra ári en vinnu við þau lauk að mestu á árinu. Aukið samstarf var við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og þeirra fólki boðið á kynningar, í hópráðgjöf og einstaklingsráðgjöf á staðnum ásamt því að taka þátt í raunfærnimati.

Nýtt skráningarkerfi fyrir viðtöl var tekið í gagnid en það er hluti af nemendabókhaldskerfinu Innu sem tók yfir sem kennslukerfi og skráningarkerfi fyrir ráðgjöf og raunfærnimat hjá Mími. Hluti af vinnu ráðgjafa var vinna við innleiðingu Innu hjá Mími. Náms- og starfsráðgjafar koma að alls kyns ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem veltu fyrir sér námi eða störfum. Sem dæmi um ráðgjöf má nefna:

- náms- og starfsferilsþróun
- námstækni og vinnubrögð
- aðstoð við val á námi og námskeiðum
- áhugasviðsgreining
- starfsleit, ferilskrárgerð, starfsumsóknir, kynningar- og umsóknarbréf
- sjálfsskoðun og sjálfsefning
- raunfærnimat
- kvíði og hindranir í námi og starfsleit



Raunfærnimat

Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Á heildina litið gekk framkvæmd raunfærnimats vel árið 2017 líkt og árið áður en fyrir Mími starfa mjög hæfir og reyndir matsaðilar. Hins vegar eru vísbendingar um samdrátt á milli ára í tengslum við öflun þátttakenda og hefur meiri vinna farið í kynningarstarf því tengdu. Viðskiptavinum Mímis stóðu fimm leiðir í raunfærnimati til boða:

Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni þar sem metið er á móti viðmiðum atvinnulífsins. Metið er á hæfniprepum 1a, 1b, 2 og 3.

Raunfærnimat verslunarfulltrúa þar sem metið er á móti viðmiðum námskrár fyrir verslunarfulltrúa sem gefin var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Raunfærnimat á móti viðmiðum áfanga á leikskólalíðabraut, félagslíðabraut, félags- og tómstundabraut og stuðningsfulltrúa í skóla.

Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepum 1 og 2.

Að auki var samstarf við Visku fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn, þar sem ráðgjafar voru þátttakendum innan handar í Skype matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2018 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð frá árinu 2017 sem ekki tókst að ljúka á árinu.

Próf í íslensku sem öðru máli

Próf í íslensku fyrir íslenskan ríkisborgararétt

Árið 2017 gerði Mímir þriggja ára samstarfssamning við Menntamálastofnun um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt. Tvær prófalotur fóru fram á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Alls þreyttu 428 manns slíkt íslenskupróf á síðasta ári hjá Mími en 463 árið 2016.

Önnur próf í íslensku

Mímir býður væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum hjá Mími upp á þann kost að fara í stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Prófið er bæði skriflegt og munnlegt. Stöðumat er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur tekið stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Hjá Mími er einnig hægt að taka próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í íslensku áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlækniseimbættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi. Á árinu voru 66 skráðir í þessi próf hjá Mími samanborið við 65 árið áður.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Þróunar- og samstarfsverkefni eru mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Alls var unnið að 15 verkefnum á árinu. Lokið var vinnu við sex verkefni en sjö ný verkefni hófust. Í flestum tilvikum eru þróunar- og tilraunaverkefni samstarfsverkefni. Þau eru styrkt af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ eða Nordplus áætlunum. Markmið með þróunar- og samstarfsverkefnum hjá Mími er fyrst og fremst:

- að þróa námsefni, námsleiðir og kennsluáferðir
- að miðla nýjungum og þekkingu
- að koma á tengslum og rækta tengslanet
- að efla starfsmenn Erasmus+, Nordplus og önnur þróunar- og samstarfsverkefni

Hæfnigreining starfs reyndra hópferðabílstjóra (unnið á vorönn 2017)

Niðurstöður greiningarinnar verða notaðar við ritun námslýsingar og námskrár fyrir reynda hópferðabílstjóra í ferðaþjónustu. Verkefnið var unnið í samstarfi við aðila úr starfsgreininni; Eflingu stéttarfélag og Starfsafl. Styrkt af Starfsafl.

Ritun námskrár fyrir reynda hópferðabilstjóra í ferðaþjónustu (hófst 2017, lýkur 2018)

Byggt er á hæfnigreiningu starfs reyndra hópferðabilstjóra í ferðaþjónustu. Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu.

Samfélagstúlkar, hæfnigreining og ritun námskrár (hófst 2017, lýkur 2018)

Hæfnigreining á starfi samfélagstúlka í samvinnu við sérfræðinga. Námskrá verður skrifuð með tilliti til hæfnigreiningar, efnis sem fyrir liggur hjá Mími og reynslu af fyrri námskeiðum hjá Mími. Styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála og Starfsafli.

Endurskoðun á gát- og skimunarlistum (hófst 2017, lauk 2017)

Endurskoðun á gát- og skimunarlistum fyrir raunfærnimat í þjónustugreinum á móti námskrám Borgarholtsskóla. Kostað af Fræðslusjóði.

TASK – Technology, Activities, Skills and Know ledge (hófst 2017, lýkur 2019)

Námskeið fyrir átta starfsmenn Mímis í nýtingu upplýsingatækni við kennslu og nám, í kennslufræðum og fjölmenningsfræðum hjá viðurkenndum fræðsluaðila erlendis. Styrkt af Erasmus+ áætluninni.

Rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli (hófst 2016, lýkur 2018)

Markmið með verkefninu er að hanna og búa til rafrænt stöðumat í íslensku sem öðru máli sem nýtist fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu og framhaldsskólum. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ. Verkefnastjórn er hjá Mími símenntun. Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Þróun fjarnáms í íslensku sem öðru máli (hófst 2016, lauk 2017)

Verkefnið laut að þróun og tilraunakennslu fjarnámsnámskeiðs í íslensku sem öðru máli á stigi fjögur. Unnið var efni, gagnvirkar æfingar og leiðbeiningar til að setja á síðu námskeiðsins. Fjarnáminu er ætlað að koma til móts við þarfir innflytjenda um allt land fyrir íslenskunám sem hentar þeirra getu og sem hægt er að stunda hvar sem er. Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Raunfærnimat á móti störfum í ferðaþjónustu (hófst 2016, lýkur 2018)

Gerð sjálfsmats- og skimunarlista fyrir raunfærnimat í fjórum greinum ferðaþjónustu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Vakann og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF). Styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

NEWS (New Experience with New Skills) (2017)

Þrjú starfsmenn Mímis fóru í starfsmannaheimsókn til Skotlands og kynntu sér starfsemi The Bridges Programmes en þar er unnið við kennslu og samfélagsaðlögun innflytjenda. Heimasíða verkefnisins er: www.bridgesprogrammes.org.uk/ Styrkt af Erasmus+ áætluninni.

ISLAND (hófst 2016, lýkur 2019)

Markmið með verkefninu er að afla þekkingar á fjölmenningu og miðla til kennara, annars starfsfólks og sjálfboðaliða. Betri skilningur á mismunandi menningu og þörfum fólks bætir kennslu, auðveldar kennurum að takast á við mismunandi aðstæður í kennslustofunni og taka upp nýja kennsluhætti. Einnig að styrkja tengsl á milli stofnana, bæta hæfni til að starfa á fjölbýðlegum vettvangi og miðla gæða vinnuaðferðum við kennslu fullorðinna innflytjenda og flóttafólks. Heimasíða verkefnisins er: <https://eu-island.weebly.com/contact.html> Styrkt af Erasmus+ áætluninni.

KEY (Knowledge, Experience and Your best practices) (2017)

Verkefnið snýst um nemendaheimsóknir. Þátttakendur voru 18 nemendur úr félagssliðanámi hjá Mími og 18 nemendur frá Axxell - Verkmenntaskólanum í Raseborg, Finnlandi. Nemendur Mímis heimsóttu skólann í Raseborg, deildu reynslu sinni og fræddust um menntakerfi og starfsþróun í umönnunargeiranum í Finnlandi. Styrkt af Nordplus, Menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Bridging L2 and Working Life (BLAWL) (hófst 2016, lýkur 2018)

Markmið verkefnisins er að styrkja tengslin milli fullorðinsfræðslu og vinnu- markaðar. Verkefnið er framhald af Coach Lang þar sem fram kom að vinnuveitendur þyrftu stuðning og tæki í samskiptum sínum við innflytjendur með takmarkaða færni í tungumáli viðkomandi lands. Vörur sem verkefnið skilar:

- Rafrænar leiðbeiningar til útprentunar fyrir kennara
- Rafrænar leiðbeiningar til útprentunar fyrir vinnuveitendur
- Sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir kennara
- Sýnikennsla á 10 myndböndum fyrir vinnuveitendur

Heimasíða verkefnisins er: <https://axxell.sharepoint.com/sites/BridgingL2/SitePages/Home.aspx> Styrkt af Nordplus, Menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

Raunfærnimat í öryggisfræðum í affreyningarþjónustu (hófst 2015, lýkur 2018)

Verkefnið snýr að gerð gátlista, skimunarlista og verkfæra til raunfærnimats á

Björgunarmaður I sem kennt er af Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Fast Track (hófst 2015, lauk 2017)

Verkefnið var þróun vefrænna kannana til að meta mætti starfsþekkingu og starfsfærni innflytjenda í þremur starfsgreinum og aðlaga íslenskum aðstæðum. Á Íslandi var gerð vefkönnun vegna umönnunar og þjónustu við aldraða. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ áætluninni.

GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) (hófst 2015, lýkur 2018)

Fimm lönd koma að verkefninu sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir. Markmiðið er að þróa leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að þeim hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Styrkt af Erasmus Key Action 3.

Gæðamál


Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og var árið 2017 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlotið vottun á fræðslustarfsmíni og einnig verið veitt Evrópska gæðamerkið EQM (European Quality Mark) frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og BSI á Íslandi. Vinna hófst við endurnýjun gæðavottunarinnar en úttekt fer fram árið 2018. Gæðateymi vann að fleiri vinnureglum og lagði áherslu á að kynna þær fyrir starfsfólki. Að öðru leyti var vinna við gæðamál hliðstæð árinu á undan.

Kynningar- og markaðsmál

Nýr og gjörbreyttur vefur Mímis var opnaður 1. desember á léninu mimir.is en vefsvæðið er öflug gátt inn í Mími þar sem þjónusta og skilvirkni er sett í öndvegi. Hraði og aðgengi hefur verið stórbætt og aðgangur nemenda að námsferli sínum tryggður. Einfalt er að nálgast allar upplýsingar um Mími og þá fjölbreyttu þjónustu og nám sem þar er í boði, bæði fyrir einstaklinga og vinnustaði. Nemendur hafa beint aðgengi að nemendaskráningar- og kennslukerfi INNU í gegnum vefinn sem gerir þeim kleift að hafa betri yfirsýn á námið og námsferil sinn. Mímir er fyrsta símenntunarmiðstöðin á Íslandi sem tekur upp INNU með þessum hætti. Vefurinn hentar jafnvel til skoðunar á tölbum, spjaldtölvum og í snjallsímum auk þess sem hann byggir nú á nýjum grunni sem gerir okkur kleift að þróa vefinn hratt áfram næstu misserin. Vefurinn er afrakstur mikillar vinnu sem staðið hefur yfir í rúmt ár. Hún hófst með þarfagreiningu þar sem metin var sýn allra notendahópa á þau gögn sem vefurinn átti að innihalda og í framhaldi af því hófst hönnun og forritun sem lauk með sérhæfðum prófunum. Vefurinn er knúinn áfram með vefumsjónar-

kerfinu Moya og sá Stefna um bæði hönnun hans og forritun viðmóts. Fúnksjón vefráðgjöf stýrði þarfagreiningu vefsins og prófunum. Advania þróaði tengingar vefsins við INNU í samvinnu við Stefnu en Mímir notar skólakerfið INNU frá Advania til að annast umsóknarferla og nemendabókhald.

Gefnir voru út bæklingar um tungumálanám og nám í íslensku fyrir útlendinga. Bæklingunum var meðal annars dreift í þjónustumiðstöðvar, sundlaugar og á kaffihús. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsleiðir. Samfélagsmiðlar gegna sífellt stærra hlutverki við kynningar á starfi Mímis. Auk þess að nota Facebook í auknum mæli var stofnaður aðgangur að Instagram til að ná til fleiri notenda. Send voru veffréttabréf til markhópa með vísan í vefsíðu Mímis. Birtar voru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar, Breiðholtsblaðinu, í Fréttablaðinu og á strætóskýlum auk þess sem haldin voru opin hús hjá Mími til að kynna námsframboð. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni.



Hæfnistefna

Umræða um nauðsyn hæfnistefnu fyrir Ísland hefur farið vaxandi undanfarin misseri og flestum ber saman um að móta þurfi framtíðarsýn þegar kemur

að mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsmálum. Markmið íslenskrar hæfnistefnu væri að tryggja einstaklingum og atvinnulífi þá hæfni sem þarf fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og koma Íslandi í fremstu röð varðandi menntun, verðmætasköpun og velferð.

Víða í nágrannalöndum okkar hafa verið mótaðar hæfnistefnur með það að markmiði að tryggja að framboð af námi og fræðslu sé í samræmi við þarfir samfélagsins hverju sinni. Lögð er áhersla á að atvinnulífið taki virkan þátt í mótun hæfnistefnu og þannig sé stuðlað að aukinni framleiðni, samkeppnishæfni og nýsköpun. Að auka hæfni á vinnumarkaði og gera hana sýnilega er megininntak hæfnistefnu, en mikilvægt er að hæfnin sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins og vænta þróun í efnahagslífinu á komandi árum. Markmiðið með mótun hæfnistefnu og aðgerðaráætlunar ætti að vera að koma Íslandi í fremstu röð varðandi menntun, verðmætasköpun og velferð. Mikilvægt er að sett verði markmið, hvert skuli stefna og hvaða aðferðum eigi að beita til að ná þeim.

Huga þarf sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

- Að standa vörð um öflugan vinnumarkað og skapa tækifæri fyrir einstaklinga til aukinnar menntunar og hæfni sem eykur framleiðni og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þannig þarf að tryggja aðgengi fólks til framtíðar að þekkingardrífnum vinnumarkaði og þeim störfum sem þar verða til.
- Með sameiginlegu átaki þarf að gera einstaklingum kleift að auka hæfni sína, bæði innan óformlega og formlega menntakerfisins, meðal annars með því að leggja áherslu á menntun alla starfsævina sem farið geti fram jöfnum höndum innan símenntunarstöðva, á vinnustöðum eða í skólum.
- Nýta þarf raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins og námskráa til að hægt sé að meta hæfni einstaklinga, óháð því hvar hennar er aflað og festa íslenska hæfnirammann í sessi.
- Tryggja þarf að einstaklingar með litla formlega menntun hafi tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.
- Aðstæður á vinnumarkaði og í atvinnulífi eru afar mismunandi eftir einstökum byggðarlögum og svæðum sem taka þarf tillit til og mæta.
- Taka þarf mið af færnisþám, en þær eru grundvöllur þess að mögulegt sé að móta hæfnistefnu sem tekur mið af þörfum atvinnulífs og einstaklinga til framtíðar.
- Leggja þarf áherslu á markvissa þjálfun og menntun fyrir innflytjendur með það að markmiði að gera þeim kleift að aðlaga sig íslensku samfélagi og vinnumarkaði.
- Þá þarf að auðvelda erlendu starfsfólki að fá menntun sína og hæfni

metna. Til þess að þetta sé mögulegt er nauðsynlegt að gögn liggi fyrir um menntun og hæfni innflytjenda.

- Ráðgjöf um náms- og starfsval er mjög mikilvæg til að einstaklingar geti tekið upplýsta ákvörðun um nám og störf, endur- eða símenntun.

Breytingar eru að verða á atvinnulífi og vinnumarkaði sem færa okkur í senn nýjar áskoranir og tækifæri, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Tækniþróun, aukinn fjöldi innflytjenda á vinnumarkaði, breytt aldurssamsetning og loftslagsbreytingar eru meðal þeirra þátta sem horfa þarf til við mótnun hæfnistefnu.

ASÍ hafði frumkvæði að því, í samstarfi við SA, að óska eftir samstarfi við forsætisráðuneytið um vinnu við að móta hæfnistefnu fyrir Ísland. Lagt var til að ábyrgðaraðilar að stefnunni verði: forsætisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, BSRB, BHM, KÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefnd háskólastigsins. Þá var einnig lagt til að forsætisráðherra myndi skipa, með aðild ASÍ, SA og ráðuneytisins, sérstaka verkefnastjórn sem stýri verkefninu með virkum hætti og hafi heimild til að ráða verkefnastjóra, einn eða fleiri. Jafnframt yrði skipaður sérstakur stýrihópur verkefnastjórninni til ráðgjafar með breiðri aðild hagsmunaaðila. Þar yrðu fulltrúar annarra ráðuneyta, opinberra stofnana, sveitarfélaga, fræðsluaðila og hagsmunaaðila. Ekki hefur verið brugðist við þessari beiðni með afgerandi hætti.

Færniþörf á vinnumarkaði

Mótnun hæfnistefnu kallar á umfangsmikla greiningu á vinnumarkaði þar sem færniþörf til framtíðar er metin. ASÍ hefur um árabíl lagt áherslu á það í samtali við stjórnvöld að slík greining sé unnin fyrir íslenskan vinnumarkað. Ástæðan er margþætt en fyrst og fremst verða til mikilvægar upplýsingar í færnisþám sem nýtast við stefnumótun og til ákvarðanatöku hjá stofnunum, stjórnvöldum og einstaklingum. Síðasta vor skilaði sérfræðingahópur frá sér skýrslu um hvernig taka megi upp færnisþáferli hér á landi. Í sérfræðingahópnum sat fulltrúi ASÍ ásamt fulltrúum frá SA, Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður hópsins voru að skoða þyrfti kosti þess að Hagstofa Íslands fengi formlegt hlutverk við tölfraðilega spágerð til lengri tíma. Jafnframt lagði sérfræðingahópurinn áherslu á að skemmri tíma greiningar á færniþörf verði efldar innan Vinnumálastofnunar og að hér á landi verði sett á fót landsfærniráð að írskri og finnskri fyrirmynd auk sérfræðingahóps um færnisþár. Í skýrslunni er jafnframt farið yfir reynslu Svía, Finna og Íra við færnisþáferli og samtal um færni á vinnumarkaði. Skýrslunni hefur verið vel tekið og er í frekari vinnslu innan velferðarráðuneytisins. Haldin var ráðstefna í nóvember 2017 um færni-

þörf á vinnumarkaði. Um 200 manns sóttu ráðstefnuna og hlustuðu á erindi erlendra sérfræðinga sem hafa veitt sérfræðingahópnum ráðgjöf. Þar fóru Rob Wilson, prófessor við Warwick háskóla, John McGrath frá Írlandi og Karin Zetterberg frá Svíþjóð yfir ólíka reynslu af spáferlum þeirra landa og á Evrópuvísu.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Auglýst var eftir umsóknum um fræðimannastyrki úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna ársins 2018 og bárust 6 umsóknir. Eftir að hafa fjallað um þær umsóknir sem bárust var það niðurstaða stjórnar sjóðsins að styrkja þrjár umsóknir. Ein fékk fullan styrk en tvær til viðbótar skiptu með sér einum fullum styrk:

Ákveðið var að veita Skafta Ingimarssyni styrk að fjárhæð kr. 750.000 vegna verkefnisins: „Íslenskir kommúnistar og sósíalistar: Flokksstarf, félagsgerð og stjórn málabaráttá 1918-1968“. Um er að ræða styrk til útgáfu á bók sem byggir á doktorsverkefni höfundar. Doktorsverkefnið fjallar um upphaf og þróun kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi á tímabilinu 1918–1968. Saga hreyfingarinnar er skoðuð í ljósi íslenskrar þjóðfélagsþróunar og alþjóðlegra hugmyndastrauma. Kannað er úr hvaða jarðvegi hreyfingin var sprottin, skoðað hverjir studdu hana og hvers vegna og sýnt hvernig fámennum hópi íslenskra kommúnista tókst að gera flokk sinn að fjöldahreyfingu, ólíkt því sem gerðist í flestum nágrannalöndum. Verkefnið er hluti af verkalýðs- og stjórn málasögu Evrópu, sem hefur útbreiðslu jafnaðarstefnu og kommúnisma á 19. og 20. öld að viðfangsefni, og er ætlað að auka þekkingu á sviði stjórn mála- og félagssögu á Íslandi á 20. öld.

Þá var ákveðið að veita tveimur verkefnum hálfan styrk hvoru.

Íris H. Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir fengu styrk að fjárhæð 375.000 vegna rannsóknarverkefnis: „Kjör og aðstæður erlends stafsólks í ferðapjónustu“.

Rannsókninni er ætlað að fá dýpri innsýn í kjör og aðstæður erlends stafsólks í greinum tengdum ferðapjónustu á Íslandi en hægt er að fá í aðgengilegum talnagögnum. Það verður gert með viðtölum við erlent starfsfólk í ferðapjónustu og starfsmenn félaga og stofnana, sem eru í samskiptum við erlenda starfsmenn. Nánar tiltekið er sjónum beint að staðbundnum verkalýðsfélögum og stofnunum sem veita upplýsingar til innflytjenda um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Markmiðið er annars vegar að fá yfirsýn yfir hvað má betur fara í starfs- umhverfi erlends starfsfólks í ferðaþjónustu með viðtölum við fulltrúa félaga og stofnana, og hins vegar að fá dýpri skilning á reynslu fólks sem kemur til starfa hér á landi, í mislangan tíma.

Styrkurinn er veittur vegna þess hluta rannsóknarinnar sem snýr að vinnu við viðtöl og úrvinnslu þeirra.

Rannveig Gústafsdóttir fékk styrk að fjárhæð 375.000 vegna verkefnis: „Brot á íslenskum vinnumarkaði“.

Verkefnið byggir á MA ritgerð þar sem fjallað er um brot á íslenskum vinnumarkaði, hvaða áhrif þau hafa á þólandur og íslenskt samfélag í heild sinni. Jafnframt er farið yfir hvernig íslenska ríkisstjórnin getur betur spornað gegn þessum brotum, hvort sem er í eigin aðgerðum eða með lagabreytingum, til að mynda er sérstaklega bent á mikilvægi þess að gera viðeigandi breytingar þannig að atvinnurekendur geti ekki stundað kennitölulakk. Auk þess er fjallað um mikilvægi stéttarfélaga á vinnumarkaðnum og bent á þörf þess að íslenska ríkisstjórnin styðji við störf þeirra, vitnað er í heimildir þessu til stuðnings. Brotin geta verið mismunandi, í ritgerðinni er horft á kjarasamningsbrot, nauðungarvinnu og vinnumansal.

Alþýðusambandið telur það mikilvægt að færnisþáferli verði sett af stað til að geta stutt við stefnumótun í mennta-, atvinnu og vinnumarkaðsmálum. Reynsla erlendra ríkja sýnir að fjölbreytt gögn og þekking verða við slíkt spáferli og gefa þar með betri mynd af þróun á vinnumarkaði og samspili við menntakerfið. Þannig hefur löndum tekist betur að draga úr misræmi, draga úr brottfalli og fleira með þeim gögnum sem verða til úr spáferlinu.



ERLEND SAMSKIPTI

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verka-lýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunar- ríkjunum.

Á vettvangi alþjóðanefndar ASÍ hefur verið fjallað um allt það helsta er varðar aðkomu ASÍ að alþjóðamállum og stefna sambandsins rædd og mótuð að svo miklu leyti sem hún hefur ekki þegar legið fyrir. Þá hóf Alþýðusambandið á fyrri hluta árs 2018 að gefa út upplýsingarit, „Heimskringlan“, með

fréttum af Evrópu- og öðrum alþjóðamálum sem varða félagsmenn aðildar-samtaka ASÍ og vinnumarkaðinn. Áhersla verður sérstaklega lögð á fréttir af Evrópuvettvangi enda ljóst að flest sem þar gerist hefur með beinum og óbeinum hætti áhrif hér á landi. Ekki verður um reglubundna útgáfu að ræða, a.m.k. til að byrja með, heldur mun útgáfutíðnin ákvarðast af því sem er í deiglu á hverjum tíma.

Norræna verkalýðssambandið – NFS

Starfið á vettvangi norrænu hreyfingarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti á árinu, en NFS hefur á undanförunum árum beitt sér í umræðu á norrænum vettvangi um bæði norræna samningamódelið og samfélagsgerðina. Hefur þetta m.a. leitt til aukinna samskipta við Norræna ráðherraráðið og Norðurlandþingið sem og embættismannanefndirnar. Á þessu ári hefur framtíð vinnunnar og framtíð starfa verið áleitin, en ráðherrar Norðurlandanna í vinnumarkaðsmálum funduðu sérstaklega um þau mál um miðjan maí sl. Af því tilefni birtu forystumenn heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum eftirfarandi grein í dagblöðum, m.a. í Fréttablaðinu:

Future of Work - tækni og trú manneskjunnar á framtíðina

Heitar umræður eru um vinnuna í samtímanum og framtíðinni, bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Umræðan fjallar ekki síst um áhrif stafrænnar tækni á vinnumarkaðinn og kjör launafólks. En við í norrænu verkalýðshreyfingunni höfum fyrir þurft að takast á við breytingar og umskipti og erum vel undir það búin. Mikilvægustu skilaboðin frá okkur eru því eftirfarandi: Við þurfum að líta um öxl og læra af sögunni þegar við stígum inn í stafræna framtíð! Þessu munum við halda á lofti þegar sænski vinnumarkaðsráðherrann, Ylfa Johansson, býður nú í vikunni til norrænnar ráðstefnu um framtíð vinnunnar í tilefni af 100 ára afmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, ILO.

Í norrænu verkalýðshreyfingunni erum við í grundvallaratriðum jákvæð gagnvart tækninýjungum, innleiðingu stafrænnar tækni og afleiðingum hennar. Ný tækni hefur gert kleift að bæta starfsumhverfi, hækka laun og auka velferð. En á grunni reynslunnar af fyrri breytingar- og umskiptaferlum höfum við einnig ýmis uppbyggileg ráð um það sem þarf til þess að innleiðing stafrænnar tækni verði eins velheppnuð og hægt er fyrir samfélagið í heild. Lykilatriðið er norræna módelið.

Í fyrsta lagi. Launafólk verður að vera hluti af þróuninni. Skipting ávinnings af nýrri tækni á að hafa réttlæti og jöfnuð að leidarljósi, tæknin á að þjóna fólkinu. Það gerist með faglegum áhrifum stéttarfélaganna og samstarfi aðila vinnumarkaðarins. Fyrir því eru einnig sterk þjóð-

hagsleg rök. Sannfærandi rannsóknarniðurstöður frá OECD, AGS og Alþjóðabankanum benda til þess að hagkerfi eins og þau norrænu, þar sem stéttarfélagsaðild er almenn og kjarasamningar víðtækir, einkennast einnig af mikilli framleiðni, mikilli samkeppnishæfni og getu til að draga úr sveiflum á óvissutímum í efnahagsmálum.

Í öðru lagi. Við þurfum að fjárfesta í menntun og færniþróun. Skýr stefna um að fjárfesta í menntun og umskiptum er lyftistöng fyrir samfélagið í heild. Nýjar rannsóknir OECD sýna fram á að einkum á Norðurlöndum geti einungis lítill hluti starfa vikið að fullu fyrir sjálfvirkni. Langoftast er fremur um það að ræða að starfssviðið breytist að nokkru leyti og krefst meiri færni. Ef Norðurlönd eiga að vera samkeppnishæf í framtíðinni er því nauðsynlegt að ræða um umskipti, menntun og símenntun og fjárfesta á þessum sviðum. Færniþróun er viðfangsefni sem þarf að leysa í hverju landi fyrir sig í þríhliða samtali milli stéttarfélaga, atvinnurekenda og ríkisstjórna, á vettvangi fagsviða, starfsgreina og fyrirtækja milli aðila vinnumarkaðarins, en einnig á sjálfum vinnustaðnum milli hvers starfsmanns fyrir sig og atvinnurekanda hans.

Í þriðja lagi er skýr umræða um fjárfestingar nauðsynleg. Með nýrri tækni er hægt að auka framleiðni um leið og hún skapar tækifæri til betra vinnulífs. Hún eykur samkeppnishæfni, fyllir pöntunarbækurnar, og verður til þess að ný fyrirtæki verða til um leið og starfandi fyrirtækjum gefst kostur á að þróast áfram. Opinberi geirinn þarf einnig að fjárfesta í nýrri tækni og nýjum lausnum sem stuðla að því að norræn velferðarsamfélög haldi áfram að vera sjálfbær og fyrir alla.

Í fjórða lagi teljum við að norrænar ríkisstjórnir eigi að leggja áherslu á atvinnu fyrir alla, samstarf og skoðanaskipti aðila vinnumarkaðarins í umræðu um vinnuna í dag og til framtíðar - einnig utan Norðurlanda. Reynslan á Norðurlöndum bendir til þess. Við leggjum því til að innan ramma næstu langtíma fjárhagsáætlunar ESB (frá 2021) eigi Norðurlönd frumkvæði að nýjum sjóði á vegum ESB til að styrkja samstarf aðila vinnumarkaðarins í því skyni að efla uppbyggingu, hæfniþróun og þróun öflugra, sjálfstæðra og skilvirkra ramma fyrir skoðanaskipti um samfélagsþróun í þeim löndum ESB þar sem þörf er á því.

Samstarf og skoðanaskipti aðila vinnumarkaðarins, samræður og samningar milli stéttarfélaga, atvinnurekenda og stjórnmalanna eru leiðin til að ræða og leita lausna á því hvernig skipta skuli ávinningi af aukinni framleiðni. Þegar atvinnulífið verður fyrir áhrifum og skipulag þess breytist að einhverju leyti af völdum stafrænnar tækni og aukinnar sjálfvirkni, þarf að ræða fyrirbæri eins og verktöku sem ekki er af fúsun og frjálsum vilja, svonefnda falska verktöku. Það er ótækt að starfsfólk

í nethagkerfinu starfi í vinnuréttarlegu einskismannslandi. Við þurfum einnig að ræða skattareglur, bæði í löndunum og á alþjóðavettvangi, til að sporna gegn skattaundanskotum. Alþjóðlegum fyrirtækjum ber einnig að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Ekki er síður mikilvægt að ræða tölvuvarnir og gagnaöryggi fyrir hvern og einn starfsmann og almenning.

Þetta er það sem einkennir norrænu löndin og norræna módelið. Að við komum auga á áskoranirnar og snúum þeim upp í tækifæri. En þá er samtal milli stéttarféлага, atvinnurekenda og ríkisstjórna bráðnaðsýnlegt svo ávinningur af nýrri tækni komi starfsfólki, manneskjum og samfélaginu til góða. Við fögnum því að Norræna ráðherranefndin hefur vakið máls á þessu málefni í tilefni af 100 ára afmæli ILO og ætlar að leggja sitt af mörkum í þróun vinnunnar í framtíðinni. En það er ekki nóg að horfa og flytja hátíðarræður. Það er naðsýnlegt að standa vörð um norræna módelið og alla þætti þess, nota það og þróa á hverjum degi. Það hefur sagan kennt okkur.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Norrænu alþýðusamböndin hittast einu sinni á ári til þess að bera saman bækur sínar um samningamál, þróun kjaramála og helstu sameiginlegu verkefni og áskoranir. Fundurinn var að þessu sinni haldinn hér á landi í lok ágúst og sóttu Gylfi Arnbjörnsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Magnús M. Norðdal fundinn. Á fundinum fór ASÍ yfir stöðuna innan sambandsins, og væntanlegt þing og fyrirsjáanlegar breytingar í forystu sambandsins og þá umræðu sem átt hefur sér stað um hvort og hvernig áherslur sambandsins kunni að breytast. Blikur væru nú sem fyrr á lofti í efnahagsmálum og framundan flóknar og erfiðar samningaviðræður þar sem nánast allir okkar kjarasamningar renna út um eða upp úr áramótum. LO Danmörk gerði grein fyrir niðurstöðum og aðkomu sinni að nýrri tilskipun um útsenda starfsmenn. Í heild hefði tekist að skerpa reglurnar okkur til hagsbóta m.a. hvað varðar launahugtakið og horfið frá því að einskorða lágmarksreglurnar við lágmarkslaun. Jafnframt var gerð almenn grein fyrir stöðu stjórnmalanna. SAK í Finnlandi gerði ítarlega grein fyrir stöðu stjórnmalanna í Finnlandi en samtökin telja að núverandi stjórnarmeirihluti vinni að mörgu leyti skipulega gegn verkalýðshreyfingunni. Miklar sveiflur séu í þróun kaup- og verðlags, líkt og á Íslandi. Sumt sé þó jákvætt og t.d. hafi tekist að hækka atvinnuþátttöku. LO Noregur gerði ítarlega grein fyrir síðasta „uppjöri“ og heildarferlinu í kringum það. Því hafi lokið með hækkun launa þeirra sem eru undir 90% af launum í iðnaði um NKR 2,50 og 30 aurar fengust pr. tíma til þess að mæta sérkröfum auk þess sem samið var um ákveðið ferli í lífeyrismálum sem ljúka eigi 2019. Þátttaka í atkvæðagreiðslu var 57% og samþykktu 74%. Þeir lýstu einnig áhyggjum sínum af því

að ekki takist að vinna á atvinnuleysi og jafnframt að atvinnuþátttaka minnki ólíkt því sem gerist á öðrum NL. Sama eigi við um þátttöku í stéttarfélögum sem á öllum NL fer minnkandi nema á Íslandi. Í Svíþjóð renni kjarasamningar út 2020. Samið hafi verð 2017 til þriggja ára um 6,5% launahækkunar með sérstakri áherslu á lægstu laun. Samið var einnig sérstaklega um átak til þess að auka atvinnuþátttöku innflytjenda og ungs fólks með samþættingu vinnu og menntunar. Samið hafi verið um ákveðin frávik frá almennum reglum hvað varðar bæði tímabundin störf og hlutastörf án þess að víkja frá meginreglum um full störf og ótímabundnar ráðningar. Árangur af þessu, enn sem komið er, er ásættanlegur. Einnig var gerð grein fyrir endurskoðun reglna varðandi verkföll. Skerpt er á reglum um friðarskyldu, almennt bann sett við verkföllum sem spretta vegna réttarágreinings og heimilað að grípa til verkfallsaðgerða að tilteknum skilyrðum uppfylltum, gegn atvinnurekanda þó svo að hann sé bundinn kjarasamningi við annað stéttarfélag.

Samstarf jafnréttisfulltrúa alþýðusambandanna

Jafnréttisfulltrúar alþýðusambandanna í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Norgegi og Svíþjóð hittast árlega á skipulögðum fræðslufundi og skiptast löndin á að bjóða heim. Fulltrúarnir hafa einnig nýtt tækifærið og hist þegar fundir eru hjá Kvennanefnd ETUC. Samstarfið er mikilvægur upplýsingabrunnur fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ, bæði til að miðla því sem unnið er að á Íslandi í málaafloknum og fræðast um stefnur og strauma norrænu verkalýðshreyfingarinnar.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi – VN

Dregið hefur verulega úr samstarfi heildarsamtakanna á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi á vettvangi VN. Árlegur fundur VN átti að vera í Færeyjum í sumar en vegna þoku gátu Grænlendingar ekki sótt fundinn og var því ákveðið að fresta honum til næsta árs. Eftir hrunið í október 2008 og samdráttar í tekjum ASÍ var lagt til að leggja af iðgjöld til sambandsins, en VN hafði þá safnað verulegum fjárhæðum í sjóð vegna þess að um litla sem enga starfsemi var að ræða. Fulltrúar ASÍ gerðu grein fyrir þeirri afstöðu sinni, að ekki væri hægt að forsvara svo háar greiðslur til samtaka sem í raun hefðu ekki þörf fyrir þessa fjármuni. Var það samþykkt en ákveðið að taka málið upp aftur síðar. Á árinu 2017 voru sjóðir VN nánast uppunir og var forseta ASÍ falið að koma með tillögu að nýju fyrirkomulagi sem til stóð að ræða á ársfundinum í sumar. Tillaga forseta er að stefna að hóflegu iðgjaldi sem staðið gæti undir lágmarks starfsemi, en að hver samtök fyrir sig myndu kosta ferðir og gistingu sinna fulltrúa á ársfundinn. Málið verður tekið upp formlega á næsta fundi.

Ársfundur SAMAK

Ársfundur SAMAK var haldinn í Stokkhólmi 5. og 6. febrúar sl. frá hádegi til hádegis. SAMAK er samstarfsvettvangur alþýðusambandanna og jafnað-armannaflokkanna á Norðurlöndum. Alþýðusambandið hefur að mestu leyti afmarkað þátttöku sína við ársfundina þar sem fjallað er um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Ársfundarfulltrúar voru um 80 talsins og þar af voru fjórir fulltrúar frá Íslandi, Gylfi Arnbjörnsson, forseti og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fyrir hönd ASÍ og tveir fulltrúar fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Ársfundir SAMAK eru byggðir upp með pólitískum ræðum og fræðilegum kynningum sem síðan eru rædd í pallborði sem samanstendur af norrænu forystufólki úr verkalýðshreyfingunni og pólitíkinni.

Ræðurnar sem fluttar eru, eru fluttar af pólitískum fulltrúum frá Norðurlöndunum og flytja formenn Jafnaðarmanna í Danmörku, Svíþjóð og Noregi alltaf ræður sem mynda ákveðinn þunga í umræðunni ásamt því sem flutt er kynning á þeim skýrslum sem lagðar eru fram fyrir ársfundinn.

Upphafserindi ársfundarins að þessu sinni flutti Jonas Gahr Støre, formaður SAMAKs og formaður Arbeiderpartiet í Noregi.

Ársfundurinn skiptist í þrjá megin hluta

Fyrsti hlutinn fjallaði um skipulag vinnumarkaðarins og þróun norræna móðelsins. Upphafserindi þessa hluta voru flutt af Jesper Bengtsson frá Tankesmedjan Tiden Sverige og Lenu Rådström Baastad ritara Socialdemokraterne í Svíþjóð. Í kjölfarið voru tvö pallborð. Fyrst pallborðsumræður með þátttöku pólitískra leiðtoga krataflokka frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Viðfangsefni pallborðsins var að fjalla um samkeppnishæfni, öryggi og jafnrétti á vinnumarkaði – þegar tæknibreytingar eiga sér stað. Seinna pallborð þessa hluta var með þátttöku forystufólks alþýðusambanda Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem ræddu um æskilegt skipulag vinnumarkaðarins.

Annar hluti ársfundarins fjallaði um hlutverk sósíaldemókrata í Evrópu. Undir þessum lið tóku ungliðar þátt, bæði frá pólitískum flokkum og verkalýðshreyfingunni.

Þriðji og síðasti hluti þingsins samanstóð af fjórum örmálþingum þar sem fjallað var um ólík viðfangsefni sem öll tengjast því að virkja fólk til þátttöku.

- A. Fjölmíðlaþróunina – hvaða þýðingu hefur hún fyrir kjörna fulltrúa og félaga?
- B. Hvernig fáum við fleiri félaga?
- C. Hvernig sigrum við kosningar?
- D. Hvernig endurnýjum við okkur?

Fyrir lok fundarins var samþykkt ályktun sem leggur ríka áherslu á að leggja verði áherslu á að þróa norræna líkanið áfram til að mæta hnattvæðingu og áskorunum framtíðarinnar.

Að lokum flutti Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar og formaður Socialdemokraterne í Svíþjóð, ræðu þar sem hann gerði að umtalsefni mikilvægi þess að norræna módelið yrði þróað áfram.

Útgáfa í tengslum við ársfundinn

Skýrslunni Norræna módelið - Hvers er krafist? Aðgerðir sem geta tekist á við áskoranirnar sem gefin er út í tilefni af ársfundinum var dreift með gögnum fundarins og er hægt að sækja skýrsluna á www.tankesmedjantiden.se og www.samak.info. Skýrslan er unnin að frumkvæði og fjármögnuð af SAMAK. Félagar í vinnuhópi norræna módelisins héldu utan um vinnu skýrslunnar og er fulltrúi Alþýðusambandsins í þeim hópi Henny Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ.

Ritstjóri skýrslunnar, Jesper Bengtsson frá Tankesmedjan Tiden Sverige, kynnti efni skýrslunnar í öðru af inngangserindum fyrsta hluta ársfundarins sem fjallaði um skipulag vinnumarkaðarins og þróun norræna módelisins.

Greinaskrif

Hefð er fyrir því að á sama tíma og ársfundur SAMAK fer fram er birt sam-eiginleg grein forystufólks bæði stjórnmalaflokkanna og Alþýðusambanda landanna í fjölmiðlum í þeim löndum sem tilheyra SAMAK og var engin breyting þar á að þessu sinni. Textinn kallast á við ályktunina sem samþykkt var á ársfundinum. Greinin að þessu sinni bar yfirskriftina „Þróum norræna líkanið, afnefum það ekki“. Í þeirri grein er ekki síst lögð áhersla á mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum í því að lögfesta lýðræði og metnaðarfullt velferðarríki með öflugum atvinnulífi. Jafnframt er rætt um þróun norræna líkansins með þrennum hætti til að mæta hnattvæðingunni og áskorunum framtíðarinnar með gagnsæi og stefnu samstöðu og réttlætis að leiðarljósi:

- Hæfniþróun á vinnumarkaði
- Aðgerðaráætlanir gegn félagslegum undirboðum og ófullnægjandi aðstæðum á vinnustöðum
- Átak fyrir verkalýðshreyfinguna

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur full-

trúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittist að jafnaði tvisvar á ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ekki voru sóttir fundir af hálfu ASÍ á vegum nefndarinnar á tímabilinu.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd í áheyrnarfulltrúa í stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu.

[Björn Ágúst Sigurjónsson]

ETUC 2018

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 ásamt viðaukum var lögð fram og samþykkt á stjórnarfundum í Brussel í mars. Jafnframt var farið yfir tímalínu ETUC fram að þinginu 2019 og samþykkt að flytja þing ETUC til 21.–24. maí 2019 í Vín.

Pólitískt ástand í Evrópu var mikið til umræðu og ljóst að nokkur hræðsla er við bæði niðurstöður kosninga í hverju landi og ekki síður niðurstöður kosninga til Evrópuþingsins. Gera menn ráð fyrir því að allt að 1/3 Evrópuþingmanna eftir næstu kosningar gætu verið andstæðingar Evrópusambandsins, 1/3 þingmanna verði fylgjandi óbreyttu fyrirkomulagi og ekki eigi að fara í frekari þróun sambandsins. Með slíkri niðurstöðu verði öll samskipti erfiðari fyrir samtök eins og ETUC að vinna sínum evrópsku mállefnum fylgis.

Jafnframt var þó nokkur umræða um tregðu samtaka atvinnurekenda, ekki síst á Norðurlöndunum, í því að taka þátt í þríhliða viðræðum og samningum. Finnland nefnt sem dæmi og jafnframt tregða atvinnurekenda í Danmörku síðustu misserin.

Rætt hefur verið um „Evrópskan grundvöll félagslegra réttinda“ (The Social Pillar) og hvernig hægt verði að tryggja að þau 20 atriði sem áhersla er á í sáttmálanum nái fram að ganga. Meðal þess sem fellur undir sáttmálann er „Jafnvægi starfsævinnar“ (Worklife balance), en sá hluti sáttmálans mætir andstöðu nánast frá öllum löndum svo það verður erfitt að vinna þeirri stefnu fylgi. Óskað er eftir aðstoð verkalýðshreyfingarinnar til að ýta á stjórnvöld í sínu landi og að standa með þessum tillögum.

Herferð „Launahækkun fyrir Evrópu“ hefur staðið um nokkurn tíma og er nú komið að næsta og jafnframt síðasta hluta átaksins. Sérstök áhersla hefur verið lögð á aðstæður launafólks í Austur-Evrópu. Í tengslum við síðasta hluta herferðarinnar var skipulögð stór ráðstefna í lok maí.

Áherslur í námi og þjálfun eftir 2020. Kynnt hafa verið drög að áherslum í námi og þjálfun eftir 2020 þar sem megináherslan er á fullorðinsfræðslu og símenntun þeirra sem ekki eru með mikla menntun og þá sérstaklega til að

aðstoða fólk til að bregðast við tæknibreytingum á vinnumarkaði. Ábendingar voru allnokkrar um það að það þurfi líka að gera ráð fyrir slíkri endurmenntun fyrir háskólamenntaða einstaklinga. Og Noregur lagði áherslu á að horft væri til þess að þeir sem framkvæmi þessa fræðslu verði fólk með formlega kennaramenntun og starfsheiður þeirra verði þannig varinn. Í þeim drögum sem nú er unnið eftir er m.a. lagt til að fjármagn til Erasmus+ verði tvöfaldað.

ETUC STAND verkefnið. ETUC kallar eftir sérfræðiaðstoð frá aðildarfélögnum til að vinna betur að þessu verkefni en vilji er til þess að koma á einhvers konar staðli eða stöðlum sem fyrirtæki geta þá skreytt sig með að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Vísað er til „Fairtrade“ merkisins sem ákveðinni fyrirmynd en það hefur náð mikilli útbreiðslu. Dæmi um þetta er að sjálfsgöðu Jafnlaunastaðallinn hér á Íslandi.

Rökin fyrir því að ETUC ætti að vinna að slíkum stöðlum eða vottunum er að fyrirtækin og iðnaðarumhverfið sjálft er alltaf að setja sér einhver svona viðmið sem verkalýðsfélögin hafa enga aðkomu að og geta því ekki haft nein áhrif á. Þetta sé því leið fyrir verkalýðshreyfinguna til að geta haft mótandi og skoðanamyndandi áhrif.

Jafnframt eru uppi hugmyndir um að móta eigi stefnu til að auka lýðræði á vinnustað með því að stofna embætti umboðsmanns verkafólks í Evrópu. Eftir á að útfæra þessa tillögu betur.

BHM í ETUC. Aðildarumsókn BHM að ETUC var formlega samþykkt á stjórnarfundum ETUC sem haldinn var í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu, 25.–26. júní. Bæði ASÍ og BSRB skrifuðu bréf til stjórnar ETUC til að lýsa yfir fullum stuðningi og mæltu með því að umsókn BHM yrði samþykkt.

Stjórn ETUC

Eins og fram kom í skýrslu forseta á síðasta ári hefur starfið á vettvangi stjórnar ETUC einkennst af talsverðri innri tilvistarkreppu og ágreiningi milli aðildarsamtakanna. Í aðdraganda síðasta þings sambandsins haustið 2015 var gerð tilraun til þess að sætta sjónarmið og lægja öldur um einstaka málefni, m.a. við val á nýrri forystu.

EFTA - EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA ríkjanna og Pingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi

hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildar-samtökunum í einstaka málum.

Eins og áður fjallaði ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Rekstur EES samningsins og þau fjölmörgu álitæfni sem þar koma upp er reglulega á dagskrá Ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um væntanlega útgöngu Breta úr ESB og EES (Brexit), stöðuna og möguleg áhrif og stöðu viðræðna EFTA um fríverslunarsamninga. Einnig voru til umfjöllunar staða og þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu, samskipti og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og samskipti EFTA og ESB ríkjanna. Hér á eftir er fjallað stuttlega um sumt af því sem kom fram á fundum ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu og námsstefnu sem ráðgjafarnefndin stóð fyrir í mars sl.

Brexit – staðan

Það hefur komið á óvart eftir að ferlið varðandi útgöngu Bretlands hófst að ESB ríkin hafa staðið saman á meðan Bretland hefur átt í vandræðum með að skilgreina samningsmarkmið sín og skipuleggja útgönguna.

Varðandi framhaldið er spurning um hvernig málin þróast eftir Brexit (í lok mars 2019). Náist samningar er reiknað með að fyrst verði yfirfærslutímabil þar sem Bretland yfirgefur stjórnkerfi ESB en verður áfram hluti af innri markaðnum og tollabandalagi (í tvö ár?). Þá mun fylgja tímabil þar sem Bretland verður hluti af fríverslunarsamningi, þar sem Bretland verður fullgildur aðili að WTO. Síðan er spurning hvað gerist eftir að aðskilnaðurinn er að fullu kominn til framkvæmda?

Á fundum með EFTA-EES ráðherrunum var fjallað um stöðuna í Brexit viðræðunum. Þar kom í sjálfu sér ekkert nýtt fram. Það var þó áhugavert að heyra að ráðherrarnir töluðu annars vegar um náðið og gott samstarf EFTA-EES ríkjanna en hins vegar mátti greina að hvert ríki fyrir sig væri jafnframt að reyna að tryggja stöðu sína gagnvart Bretlandi.

Hvað varðar Brexit hafa EFTA-EES ríkin sameiginlega átt viðræður við Breta um þá þætti sem þegar er búið að afgreiða í viðræðum Breta og ESB, þ.e. varðandi gagnkvæm réttindi EFTA-EES borgara og Breta. Þá er náðið fylgst með viðræðum ESB og Breta um næstu skref og væntanlegt yfiringstímabil sem taka mun við í mars á næsta ári þegar Bretar verða gengnir formlega úr ESB. Stefnt er að því að spegla niðurstöðuna sem verður milli Breta á ESB

þannig að hún nái til alls innri markaðarins og þar með EFTA-EES ríkjanna. Hvað síðan tekur við er óljóst á þessu stigi. Fram kom meðal sendiherranna ólík sjónarmið í þeim efnum og einn hélt þeirri skoðun fram að úrsögn Breta verði dregin til baka áður en til endanlegrar útgöngu kemur.

„Jafnvægi starfsævinnar“ (Work-Life Balance)

Á fundum ráðgjafarnefndarinnar var kynntur bakgrunnur tillagnanna. Þrjá af 20 tillögnum í „Evrópskur grundvöllur félagslegra réttinda“ (European Pillar of Social Rights) eru beint tengdar „Jafnvægi starfsævinnar“.

Tillögurnar í „Work-Life Balance“ eru í stuttu máli eftirfarandi:

- Öllum feðrum á vinnumarkaði verður gert mögulegt að taka leyfi í a.m.k. 10 vinnudaga í fæðingarorlof í tengslum við fæðingu barns, á greiðslum sem samsvara a.m.k. veikindalaunum.
- Foreldraorlof verður a.m.k. fjórir mánuðir fyrir hvort foreldri og verður ekki framseljanlegt. Hægt verður að taka foreldraorlofið með sveigjanlegum hætti þar til barnið er 12 ára, á greiðslum sem samsvara a.m.k. veikindalaunum.
- Allt launafólk fær rétt til fimm daga umönnunarleyfis á ári til að annast alvarlega veik eða háð skyldmenni, á greiðslum sem samsvara a.m.k. veikindalaunum.
- Allir vinnandi foreldrar barna að 12 ára aldri og þeir sem annast háð skyldmenni skulu hafa rétt til að óska eftir sveigjanlegum vinnuskilyrðum hvað varðar:
 1. Stytttri vinnutíma
 2. Sveigjanlegan vinnutíma
 3. Sveigjanleg starfsskilyrði

Þá er kveðið á um í tillögunum að sérstaklega skuli gætt að því að starfsmönnum verði ekki refsað fyrir að sækjast eftir/nýta sér framangreind réttindi.

Stefnt er að því að klára málið fyrir sumarið 2018. Takist það koma tillögurnar, eins og þær verða í endanlegum búningi, árið 2020. Vonir standa til að það náist að afgreiða málið á vettvangi ESB fyrir árslok. Það er ljóst að verði „pakkinn“ að veruleika kallar hann á verulega endurskoðun/uppfærslu á lögunum um fæðingar- og foreldraorlof. Þá þarf annaðhvort með löggjöf eða í kjarasamningum að fella inn ákvæði um heimild launafólks til að taka „umönnunarleyfi“ á launum (eða með annars konar greiðslum). Loks þarf að lögbinda eða setja í samninga ákvæði er varða möguleika launafólks til sveigjanlegra fyrirkomulags varðandi vinnuskipulag og vinnutíma.

Önnur viðfangsefni Evrópusamvinnunnar á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála

Hvað varðar tilskipunina um „Útsenda starfsmenn“ er enn ýmislegt óljóst varðandi túlkun á efni tilskipunarinnar í nokkrum mikilvægum atriðum.

Varðandi tillöguna að tilskipun um „Gagnsæi og fyrirsjáanleika varðandi starfskjör“ er stefnt að lokafrágangi á árinu 2019. Ljóst er að verði hún að veruleika mun það kalla á löggjöf (eða nýjan samning) um skriflega staðfestingu ráðningar. Efnislega mun það þýða verulegar breytingar.

Hugmyndin að stofnun „Evrópsku vinnumarkaðsstofnunarinnar“ (European Labour Authority) var kynnt. Stefnt er að því að stofnunin taki til starfa strax á árinu 2019. Rökin fyrir því að setja upp „Evrópsku vinnumarkaðsstofnunarinnar“ eru einkum þrjú:

- Bæta aðgengi einstaklinga og fyrirtækja að upplýsingum um réttindi og skyldur og videigandi þjónustu
- Stuðla að og styðja samstarf aðildarríkja ESB við að fylgja eftir löggjöf sambandsins á sviði vinnumarkaðsmála og stuðla að sameiginlegu eftirliti með framkvæmdinni
- Miðla málum og stuðla að lausnum ef upp kemur ágreiningur yfir landamæri milli yfirvalda í aðildarríkjunum eða átök á vinnumarkaði.

„Flutningapakinn“ (Mobility Package)

Fram kom að pakkanum er ætlað að ná þremur markmiðum:

- Draga úr umhverfisáhrifum flutninga á vegum í Evrópu
- Bæta aðstæður og réttindi starfsmanna sem vinna við akstur í Evrópu
- Skapa jafnari samkeppnisaðstæður fyrir fyrirtæki í greininni

Fram kom í upphafi að stefnt er að því að reyna að klára málið á árinu 2018. Takist það taka tillögurnar, eins og þær verða í endanlegum búningi, gildi árið 2020.

Í kynningunni var einkum dvalið við tvo þætti: Jafnari samkeppnisaðstæður með aðgerðum gegn „póstkassafyrirtækjum“ og réttindi ökumanna.

Fríverslunarsamningar við 3ju ríkin

Fulltrúar launafólks í ráðgjafarnefndinni hafa gengið fast á ráðherra EFTA ríkjanna að gert verði meira með þann þátt fríverslunarsamninganna sem lýtur að félagslegum réttindum og sjálfbærni. Óskað var eftir því að EFTA láti fara fram með reglubundnum hætti mat á þróun þeirra þátta sem að framan getur í þeim ríkjum sem fríverslunarsamningar eru gerðir við. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessi mál eru tekin upp án þess að nokkuð hafi verið gert með það af hálfu skrifstofu EFTA eða ráðherranna.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES samningsins. Ráðgjafarnefndin hittist einu sinni á ári.

Fundur var haldinn í Ráðgjafarnefnd EES í Reykjavík 3. og 4. maí sl. Meginefni fundarins var umfjöllun og afgreiðsla á tveimur ályktunum og skýrslum nefndarinnar. Annars vegar um félagslega þætti „Flutningapakkans“ (On social aspects of the Mobility Package) og um „Jafnvægi starfsævinnar“ (On Work-Life Balance). Þá var fjallað um stöðu ferðaþjónustunnar og jafnréttismála á Íslandi, einkum hvað varðar jafnlaunastaðalinn, upptöku og möguleg áhrif hans.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 4 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er ennþá fullgilding á ILO-189 um starfsmenn á heimilum, 185 um persónuskilríki sjómanna, 188 um fiskimenn og 186 um farmenn. Samþykkt 187 um aðbúnað og hollustuhætti var hins vegar formlega staðfest, þrátt fyrir afstöðuleysi SA og athugasemdir þeirra sem ekki áttu við rök að styðjast. Að öðru leyti var nefndarstarfið tíðindalaust.

Norræna ILO samstarfið

Fundir voru 4 á árinu en þeir eru ætlaðir til samráðs og stuðnings við fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO, sem nú er Jens Erik Ohrt og situr hann til 2020. Samstarfið var í öllum grundvallaratriðum gott. Á síðustu árum hefur verið leitast við að tengja Norðurlöndin betur við Eystrasaltsríkin hvað mál-efni ILO varðar og hafa ILO fulltrúar þeirra m.a. tekið þátt í fundum Norðurlandanna meðan á þingum ILO hefur staðið. Einn samráðsfundanna, sá er átti að vera á Íslandi, var af þessu tilefni haldinn í Riga. Gera má ráð fyrir því að eftir að BHM fékk aðild að NFS muni fulltrúi þeirra samtaka einnig leitast eftir þátttöku í norræna ILO samstarfinu.

107. Alþjóðavinnuálagningið í Genf 2018

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu: Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytissjóri, Arnar Þór Sævarson, aðstoðarmaður ráðherra, Eva Margrét Kristinsdóttir lögfræðingur og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald Aspelund, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf, Andri Júlíusson sendiráðunautur, Nína Björg Jónsdóttir sendifulltrúi og Edda Björk Ragnarsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúi íslenskra atvinnurekenda: Kristín Þóra Harðardóttir, lögfræðingur

Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi íslensks launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans var Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina. Hún sat jafnframt Genfarskólann ásamt Rut Ragnarsdóttur bókaverði frá BSRB. Meginmálefnið eftirfarandi:

Félagsleg samræða og þríhliðasamstarf. Alþjóðavinnuálagið fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Að þessu sinni var fjallað um félagslegu samræðuna (Social Dialog) og þríhliðasamstarf (Tripartism). Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd og var valinn til setu í samninganefnd hennar (drafting committee) en Plamen Dimitrov stýrði henni fyrir hönd launafólks. Nefndarstörfín voru einkar erfið í fyrstu. Helgaðist það fyrst og fremst af mjög stuttum og veikum upphafsdrögum. Þau drög eru unnin af starfsmönnum ILO og eiga að endurspegla frumræður talsmanna um hvern efnisþátt. Það gerðu þau ekki og þurftum við að semja nánast öll okkar helstu sjónarmið inn. Allir fundir samninganefndar urðu langir og erfiðir og stóðu frá því snemma dags og fram yfir miðnætti. Að lokum urðu niðurstöður ásættanlegar.

Ofbeldi og einelti gegn konum og körlum í heimi vinnunnar (fyrri umræða). Ákveðið var árið 2016 að gera þetta að umræðuefni í ár þar sem mögulega yrði gerð ný samþykkt eða tilmæli um þetta mál. Um haustið 2017 var öllum aðildarþjóðum sendur spurningalisti. Sem svo var tekinn saman í skýrslu með svörum allra. Þegar sú skýrsla er lesin má sjá að skiptingin milli þess að vilja Samþykkt eða eingöngu Tilmæli var til helminga, en fljótlega varð ljóst að flestir kölluðu eftir hvoru tveggja, samþykkt með tilmælum til viðbótar. Heimur vinnunnar (e. world of work) er mjög breiður eins og gefur að skilja, það var því mikilvægt að hafa breitt umfang til að Samþykktin nái yfir alla þá er sátt tekst um hana. Allir séu lausir undan ofbeldi og áreiti á vinnustað og alls staðar þar sem það getur haft áhrif á vinnuna. Í þessu er líka átt við heimilisofbeldi þar sem það getur líka haft áhrif á vinnustaðinn þrátt fyrir að ofbeldið gerist heima en ekki í vinnunni. Í nefndarstörfum var ljóst að atvinnurekendur vildu reyna að þrengja umfangið til að reyna að minnka þá ábyrgð sem gæti falist í tilvonandi Samþykkt. Kannski má tala um að atvinnurekendur hafi verið að reyna að tefja nefndarstörf vegna þess að hlutirnir gengu ekki nógu vel hjá þeim. Í upphafi var áætlun launafólks að setja ekki inn margar breytingatillögur á textann, enda þóttu drögin bara nokkuð góð. Í hópnum ríkti mikil samstaða, ekki hvað síst vegna framgöngu og stjórnunar talskonu hans, Marie Clarke Walker frá Kanadísku Alþýðusambandinu. Í heildina vann launafólk marga litla sigra með því að fá í gegn texta sem víkkar umfangið. Sem dæmi má nefna að í textanum er talað um heim vinnunnar (e. world of work) en ekki vinnustað (e. workplace) sem er þrengra hugtak. Á

einum stað í textanum (proposed conclusion) var tekinn saman listi með öllum þeim minnihlutahópum sem mest eiga í hættu að verða fyrir ofbeldi og áreiti og það má segja að sá listi hafi verið mesta hitamálið í þessum nefndarstörfum. Á þessum lista var meðal annarra hópa talað um LGBTI fólk. En mörg lönd í Afríku og víðar hafa lög sem banna slíkt. Þegar átti að ræða þetta í nefndinni fór að lokum svo að mörg lönd yfirgáfu salinn og sögðust ekki geta staðið að baki neinni samþykkt sem innihéldi tilvísun sem þessa. Reynt var að taka út listann og hafa bara tilvísun í alla minnihlutahópa. Ekki tókst m.a. af þessum ástæðum að klára að fara yfir allan textann í ár. Mikil vinna er því fyrir höndum á næsta ári. Rut Ragnarsdóttir fylgdist með störfum þessarar nefndar.

Virk þróunaraðstoð ILO til styrktar sjálfbærri þróun (almenn umræða). Umfangsmikill þáttur í starfi ILO er aðstoð við þróunarríki. Með nokkurra ára millibili er stofnað til umræðna um þennan þátt starfseminnar; hann veginn og metinn og skipst á skoðunum um það hvað megi fara betur. Í umræðum kom fram að markmiðið er að aðstoða aðildarríkin við að hrinda í framkvæmd áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði fyrir alla og vinna að framkvæmd þeirra þátta í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem heyrir til verksviðs ILO. Fulltrúar sem tóku þátt í starfi þingnefndar um þetta málefni voru sammála um að mikilvæg viðfangsefni og tækifæri felast í breytingum sem nú eiga sér stað í félags-, efnahags- og umhverfismálum í heiminum að því er varðar framvindu vinnumála.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Nefndarstarfið hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni byggðu á skýrslu um framkvæmd Samþykktar og Tilmæla um lengd vinnutíma. Þess má geta að Ísland hefur ekki fullgilt neina af þeim samþykktum sem til umræðu voru en segja verður þó að meginefni þeirra og um margt strangari reglur gilda hér á landi, að hluta byggt á evrópsku og norrænu samstarfi. Sérstakar hindranir standa því ekki í vegi að Samþykktirnar verði fullgiltar. Í framhaldi almennrar umræðu var fjallað um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Að þessu sinni tókst sátt milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks um hvaða lönd og hvaða Samþykktir skyldu teknar fyrir. Fulltrúar launafólks hefðu kosið að fleiri mál er lúta að félagafrelsi hefðu verið tekin fyrir en sáttin gerði annars vegar ráð fyrir jafnvægi milli heimshluta og hins vegar milli grundvallarsamþykktar. Fjallað var um 24 alvarleg brot.

Genfarskólinn. Genfarskólinn er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og starfaði að venju með miklum krafti. Íslensku þátttakendurnir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdu með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu

fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir meðan á þinginu stóð.

Mat o.fl. Sú sátt sem tókst í fyrra eftir átök undanfarinna ára um störf nefndar um framkvæmd samþykkt (CAS) hélt að mestu. Launafólk hefur haldið fast við að engin stefnubreyting verði hvað varðar þau grundvallar-réttindi sem fylgt er eftir, þ.m.t. hvað varðar verkfallsréttinn. Átök um hann halda hins vegar áfram á vettvangi félagafrelsis nefndarinnar (CFA) en vonir standa til þess að meiri friður geti skapast um störf hennar. Þau ánægjulegu tíðindi urðu á þinginu að Ásmundur Einar Daðason afhenti fullgildingarskjöl Íslands á Samþykkt 187. Vonandi er þetta merki um betri tíma en þetta er annað árið í röð sem Ísland afhendir fullgildingarskjöl.

Global Deal

Í nóvember 2017 var haldinn fundur í húsnæði Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar þar sem öllum þátttakendum í Global Deal var boðið að koma. 60 manns alls staðar að úr heiminum mættu til fundarins. Á fundinum voru fulltrúar frá ríkisstjórnnum, verkalyðsfélögum, alþjóðlegum stórfyrirtækjum og alþjóðlegum félagasamtökum sem þegar hafa skráð sig til þátttöku í verkefninu. ILO, OECD og starfsfólk innan sænska utanríkisráðuneytisins unnu sameiginlega að undirbúningi fundarins.

Global Deal virkar í gegnum þá sem eru þátttakendur í verkefninu bæði með þekkingaröflun og ekki síður með því að skiptast á reynslu og skoðunum. Rætt hefur verið um fjórar mögulegar leiðir til að þróa Global Deal áfram: Halda áfram að finna leiðir til að styrkja félagslegt samráð og samtal á öllum sviðum, segja frá jákvæðum sögum af raunverulegri reynslu, veita tæknilega aðstoð, t.d. onlinedatabase hjá ILO, og síðast en ekki síst að standa að gagnlegum rannsóknum.

Áhersla er á að horft sé á heiminn í heild og hætta að afmarka okkur eins mikið og áður innan landamæra einstakra landa. Það kalli á að horft sé á réttindi starfsfólks í alheimssýn, ekki innan landamæra, og nauðsynlegt að alþjóðastofnanir vinni betur saman.

Fram til þessa hefur ekki verið sérstakur kostnaður vegna Global Deal. Sænska ríkisstjórnin hefur borið þann kostnað vegna skrifstofu verkefnisins í utanríkisráðuneyti þeirra og ILO og WTO hafa lagt til mannafla m.a. til að skrifa þau drög að skýrslum sem lágu fyrir fundinum. Fjármögnun er alltaf viðkvæm og náðist lítil sem engin umræða um það á þessum fundi.

Það er ljóst að við sem erum þátttakendur í Global Deal erum á mjög ólíkum stað og því mikilvægt að við mörkum okkur einhverja stefnu um það hvert við viljum halda með verkefnið. Við getum bara einbeitt okkur að okkar flötu

verkefnum og þau falla vel að Global Deal – en það er líka örugglega eftirspurn eftir því að við komum og tökum þátt í fundum og ráðstefnum til að deila reynslu okkar af því sem við erum að gera og skilgreinum undir Global Deal.

Þau verkefni sem við erum skráð með innan Global Deal eru annars vegar Einn réttur – Ekkert svindl og síðan það verkefni að fjölga þátttakendum í verkefninu frá Íslandi og höfum við skilgreint sérstaklega íslensk stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins.

Haldinn var fræðslufundur um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í maí í Kaupmannahöfn með þátttöku fulltrúa frá heildarsamtökum frá Íslandi, Norgei, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi ásamt starfsfólki frá Norræna ráðherraráðinu og Paola Simonetti frá Alþjóðasamtökum verkalýðshreyfinga (ITUC).

Samráð við íslensk stjórnvöld um utanríkismál

Hagsmunagæsla vegna EES

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í „Samráðshópi hagsmunaaðila um EES-regluverk“ á vegum utanríkisráðuneytisins. Markmiðið með samráðshópnum er að tryggja aðkomu hagsmunaaðila að starfi og forgangsroðun stjórnvalda þegar kemur að EES samningnum og framkvæmd hans. Hugsunin er sú að aðilar hafi möguleika á að koma að málum þegar á undirbúningsstigi og hafa þannig áhrif á EES regluverkið, ekki aðeins þegar kemur að innleiðingunni hér á landi, heldur ekki síður að því að móta regluverkið sjálft, eðli þess og inntak. Samráðshópurinn hittist reglulega þar sem fjallað er um verkefni og EES gerðir á undirbúningsstigi eða sem nýlega hafa verið samþykktar og varða vinnumarkaðinn og samfélagið allt miklu. Þannig hefur hópurinn fjallað um stefnumótun ESB á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála, persónuverndarreglur, umhverfis- og loftslagsmál og regluverk varðandi fjármálastofnanir svo eitthvað sé nefnt.

Á grundvelli þessa samstarfs náði ASÍ m.a. að koma að áherslum sínum varðandi bætt réttindi útsendra starfsmanna, Vinnumarkaðsstofnun Evrópu og Jafnvægi starfsævinnar þegar ríkisstjórn Íslands samþykkti í byrjun árs 2018 helstu forgangsmál 2018 vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB.

Hagsmunagæsla vegna BREXIT

Fulltrúar ASÍ hafa tekið þátt í upplýsingamiðlun og samræðum um væntanlega útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og EES á vettvangi utanríkisráðuneytisins og EFTA. Ljóst er að utanríkisráðherra (og ríkisstjórn) Íslands lítur málið um margt öðrum augum en önnur aðildarríki EFTA og EES og skín þar í gegn andúð ráðherrans á Evrópusambandinu.

Um málið vísast að öðru leyti til umfjöllunar hér á undan um ráðgjafarnefnd EFTA.

Þróunarsamvinna

Þróunarsamvinnunefnd er skipuð samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008, breytt með l. 122/2015 sem tóku gildi 24. desember 2015. Ráðherra skipar fulltrúa í þróunarsamvinnunefnd og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn og sitja í nefndinni níu fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningum frá borgarasamtökum, háskólastiginu og aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. ASÍ og SA. Að auki tilnefnir Alþingi einn þingmann úr hverjum þingflokki. Formaður er skipaður af utanríkisráðherra án tilnefningar.

Lögin kveða á um að ráðið skuli sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. Nefndin skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu.

Núverandi þróunarsamvinnunefnd var skipuð í byrjun árs 2016 til fjögurra ára. Að gefnu tilefni hafa tíðar breytingar verið á fulltrúum þeirra þingflokka sem sitja á Alþingi hverju sinni, þar sem þingkosningar fóru fram síðla árs 2016 og svo aftur ári síðar. Tíðar breytingar fulltrúa stjórn málaflokka hafa óhjákvæmilega haft áhrif starf nefndarinnar. Núverandi þróunarsamvinnunefndar hefur fundað reglulega árið 2018 og vinnur samkvæmt þeim tilmælum sem fram koma í lögunum.

Fulltrúi ASÍ í nefndinni gætir þess meðal annars að í öllum tillögum og ákvarðanatöku sé tekið tillit til meginreglna um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi um vinnu og í áréttingu hennar sem Alþjóðavinnuárástofningið (ILC) samþykkti árið 1998 og yfirlýsing ILO um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnar alþjóðavæðingar frá árinu 2000.



LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

Laganefnd

Haldnir voru 5 fundir í laganefnd á tímabilinu og á þeim voru afgreiddar án athugasemda 9 lagabreytingar. Á 5. fundi nefndarinnar 20.12 2017 var fjallað um breytingar á lögum Þingiðnar þar sem starfssvæði félagsins var breytt og það látið taka til landsins alls. Breytingarnar voru sendar til umsagnar landsambandanna og félögum með beina aðild. Við vinnslu málsins kom í ljós að félagið hygðist ekki í raun ætla sér að gera landsdekkandi kjarasamninga heldur einbeita sér áfram að sínu gamla félagssvæði í Þingeyjarsýslum. Í fundargerð laganefndar var bókað: „Þar sem lagabreytingar af þessum toga hafa hins vegar ekki áður komið til kasta laganefndar vill nefndin ekki skapa með afgreiðslu sinni fordæmi og er málinu því, að svo stöddu, vísað án formlegrar tillögu til miðstjórnar ASÍ til frekari umfjöllunar.“ Miðstjórn tók síðan málið fyrir á fundi sínum og hafnaði breytingunni. Breytingin kom því ekki aftur til kasta laganefndar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 5 fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu 7 breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða án athugasemda. Athugasemdir voru gerðar við 2. Annars vegar reglugerð sjúkrasjóðs Verkalýðsfélags Grindavíkur þar sem bótatími var ákveðinn 90 dagar í stað 120. Þessum hluta reglugerðarinnar var hafnað og nefndinni falið að fylgja lagfæringum eftir. Félagið hefur ekki brugðist við ítrekuðum tilmælum nefndarinnar. Hins vegar reglugerð Stéttarfélags Vesturlands varðandi skyldu til að leita þjónustu VIRK. Um var að ræða óskýrt orðalag sem úr var bætt á aðalfundi 2018. Nefndin fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í aðdraganda sambandsþings og tryggingafræðilegu mati á sjúkrasjóðum.

Niðurstöður málþings um félagsaðild

Skipulags- og starfsháttanefnd fékk það hlutverk að vinna áfram með niðurstöður málþings um félagsaðild sem fram fór þann 22.5 2017 og gerði grein fyrir störfum sínum á formannafundi haustið 2017 með eftirfarandi tillögu:

„Skipulags- og starfsháttanefnd gekkst fyrir málþingi um félagsaðild, félags-svæði og samningssvið þann 22. maí 2017. 68 fulltrúar sátu þingið og flutt voru 5 innlegg um efni þess. Unnið var í hópavinnu með eftirfarandi spurningar:

- Hvernig getum við minnkað eða komið í veg fyrir að skörun á milli stéttarfélaga hafi áhrif á samningsstöðu þeirra og framkvæmd verkfalla?
- Hvernig tryggjum við betur að atvinnurekendur, innan og utan samtaka atvinnurekenda, virði þá kjarasamninga sem þeir eru bundnir af varðandi rétt skil iðgjalda til þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga?
- Hvernig er best að haga samskiptum félaga, m.a. varðandi skil iðgjalda og færslu réttinda milli félagslegra sjóða (sjúkra-, orlofs- og menntasjóða)?
- Niðurstöður hópavinnu málþingsins hafa verið til umræðu á tveimur fundum skipulags- og starfsháttanefndar sem lagðar hafa verið fyrir miðstjórn. Upp úr þeirri umræðu stóð: Samstarf og samstarfs-samningar þ.m.t. við opinberu félögin – Samræming - réttinda og auðveldari tilflutningur þeirra - nýja nálgun og samvinna við gerð kjarasamninga - Vettvangur til lausnar ágreiningsmála. Skipulags- og starfsháttanefnd telur að meginspurningarnar og verkefnið sem leita þurfi svara við í áframhaldandi umræðu á vettvangi miðstjórnar, á formannafundi og innan hreyfingarinnar, áður en tekin verður ákvörðun um hvort og þá hvaða lagabreytingar verði lagðar fyrir næsta þing ASÍ séu eftirfarandi:

- Hvernig verkalýðshreyfingin komi sem sterkust að gerð kjarasamninga í nýjum starfs- og atvinnugreinum (ný störf), eldri atvinnugreinum sem geta tekið og hafa tekið miklum breytingum á skömmum tíma og mæta þeim áskorunum sem fram undan eru um framtíð vinnunnar eins og við þekkjum hana.
- Hvort skipulag ASÍ og raunar íslenskrar verkalýðshreyfingar sé þannig núna að verkalýðshreyfingin geti tekið á nýjum áskorunum og tryggt hagsmuni þess fólks sem hefur framfæri af því að selja vinnuafli sitt undir fjölbreyttum starfs- og ráðningarformum.
- Er það ásættanlegt að fjölmörg verkalýðsfélög starfi í sömu starfs- eða atvinnugrein, sum hver ekki í færum til þess að standa undir virkri þátttöku í kjarasamningum?
- Þarf félögum að fækka og þau að stækka og er kominn tími á starfsgreinabundin eða atvinnugreinabundin landsfélög?
- Hvort ekki þurfi að samræma betur en nú er réttindi og réttindaflutning milli sjöða stéttarfélaganna þannig að mismunandi réttindi stuðli ekki að auknum glundroða í félagsaðild.
- Er kominn tími á að breyta fyrirkomulagi „almennra kjarasamninga“ landssambandanna í „almenna kartell samninga“ þeirra og landsfélaganna sem taki til atvinnugreina?
- Þar sem óásættanlegt er að atvinnurekendur stýri félagsaðild starfsmanna sinna að vild, oft undir formerkjum „félagafrelsis“ og veiki þannig stöðu bæði starfsmanna sinna og verkalýðshreyfingarinnar, er ekki kominn tími til þess að sett verði á lagginnar úrskurðarferli sem með skuldbindandi hætti þvingi aðildarfélög ASÍ til þess að virða mörk bæði samningssviða og félagssvæða?“

Tillagan var tekin til umræðu á formannafundi 2017. Ekki hefur verið unnið áfram með málið sem skipulagsmál. Almenn meðvitund um skipulegra samstarf aðildarfélaganna hefur þó verið vakin.

Úrsögn Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur

Félagsfundur SVFG sem haldinn var 13. desember 2017 samþykkti að fram skyldi fara allsherjaratkvæðagreiðsla um úrsögn úr ASÍ. Atkvæðagreiðslan fór fram dagana 27. og 28. desember 2017 og voru samhlíða greidd atkvæði um úrsögn úr Sjómannasambandi Íslands. Á kjörskrá voru 541 og 114 atkvæði voru greidd. Úrsögn úr ASÍ og SSÍ var samþykkt með 107 atkvæðum. Úrsögnin var tilkynnt með bréfi dags. 29.12 2018 og tók þegar gildi enda skilið við með lögmatum hætti.

ASÍ-UNG

Stjórn sem kjörin var á 4. þingi ASÍ-UNG 2016 lauk nú seinna starfsári sínu á haustdögum 2018. Fulltrúar í stjórn á tímabilinu voru:

Aðalbjörn Jóhannsson, Framsýn stéttarfélag
Agnar Ólason, VM, félag vélstjóra og málmæknimanna
Alma Pálmadóttir, Efling
Bóas Ingi Jónasson, Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri
Eiríkur Theódórsson, Stéttarfélag vesturlands
Eva Demireva, VR
Hafdís Ásbjarnadóttir, Eining-Iðja
Helgi S. Jóhannsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri
Svanborg Hilmarsdóttir, Félag íslenskra rafvirkja

Varafulltrúar í stjórn voru:

Atli Hilmar Skúlason, VM, félag vélstjóra og málmæknimanna
Fjóra Helgadóttir, VR, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Stéttarfélag vesturlands
Kristinn Örn Arnarson, Efling
Valgeir Eyþórsson, AFL

Svanborg Hilmarsdóttir sinnti formennsku ASÍ-UNG á fyrra starfsári stjórnarinnar en Eiríkur Theódórsson hefur sinnt starfi formanns á síðara starfsárinu. Sú hefð hefur skapast að bæði aðal- og varamenn í stjórn eru boðaðir á fundi stjórnar og hefur meiri hluti stjórnarfólks tekið þátt í fundum félagsins.

Störf stjórnar árið 2018 hefur snúið að því að standa að og halda opinn fund í tengslum við #metoo, koma að skipulagningu á námskeiði sem haldið var í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu fyrir unga verkafólksleiddtoga og undirbúningi fyrir 5. þing ASÍ-UNG sem fram fór 14. september 2018.

#Metoo Hvað eru stéttarfélögin að gera?

ASÍ-UNG efndi til fundar og pallborðsumræðu um áhrif #metoo byltingarinnar innan vinnumarkaðarins og aðgerðir stéttarféлага í þeim málum, að kvöldi þriðjudeginsins 6. febrúar sl. í Stúdentakjallaranum. #metoo byltingin hefur verið mikið í umræðunni undanfarið bæði hér á landi og um allan heim og vildi ASÍ-UNG fá ólík sjónarmið að borðinu og bjóða upp á vettvang fyrir spurningar frá gestum úr ýmsum áttum. Í pallborði voru María Rut Kristinsdóttir, fv. formaður samráðshóps ráðherra um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og fv. talskona druslugöngunnar, Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB og Eiríkur Þór Theódórsson, varaformaður ASÍ-UNG. Fundarstjóri var Halldór Oddsson, lögfræðingur hjá ASÍ. Fundurinn var ágætlega sóttur og þótti takast vel.

Ungir leiðtogar – námskeið

Ungir leiðtogar er námskeið sem ætlar er að fræða ungt fólk um verkalýðshreyfinguna og efla það sem leiðtoga, bæði á vinnumarkaði og breiðari vettvangi. Námskeiðið sem var haldið í samvinnu við Félagsmálaskóla alþýðu er sniðið að ungum félögum í verkalýðshreyfingunni, starfsfólki stéttarfélaga og ungu fólki í trúnaðarráðum. Þátttakendur voru öflugir og áhugasamir einstaklingar frá 13 stéttarfélögum og þótti námskeiðið heppnast vel.

Var það samdóma álit þátttakenda að mikilvægt væri bjóða reglulega upp á slík námskeið sem hluta af fræðslustarfi ASÍ og í ljósi þess hefur verið lagt til við miðstjórn að námskeið sem þetta verði sett sem fastur liður í fjárhagsáætlun sambandsins. Námskeiðið var að stórum hluta niðurgreitt af ASÍ. Nánar má lesa um Unga leiðtoga í kaflanum um Fræðslu- og menntamál.

5. þing ASÍ-UNG

Fimmta þing ASÍ-UNG var sett á Hótel Reykjavík Natura föstudaginn 14. september 2018. Aðildarfélög ASÍ eru 48 og getur hvert félag sent einn aðalmann, einn varamann og eins marga aukafulltrúa á þingið og húsrúm leyfir. Fimmta þingið sátu samtals 43 fulltrúar, 22 aðalmenn, 10 varamenn og 5 aukafulltrúar, 2 fráfarandi stjórnarmenn og 2 fulltrúar kjörnefndar ASÍ-UNG. Fundarstjóri var Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri verðlagseftirlits ASÍ.

Ný stjórn var kosin til starfa þar sem lögð var áhersla á jafna skiptingu út frá kyni, búsetu og félögum. Stjórnin á eftir að skipta með sér verkum. Hana skipa:

Aðalstjórn:

Alma Pálmadóttir, Eflingu

Gundega Jaunlina, Hlíf

Karen Birna Ómarsdóttir, Aldan

Margrét Júlía Óladóttir, FVSA

Eiríkur Þór Theodórsson, Stétt Vest

Sindri Már Smáráson, Afl

Ástþór Jón Tryggvason, VLFS

Aðalbjörn Jóhannsson, Framsýn

Margrét Arnarsdóttir, FÍR

Varastjórn:

Kristinn Örn Arnarson, Eflingu

Ólafur Ólafsson, Einingu Iðju

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, Einingu Iðju

Birkir Snær Guðjónsson, Afl

Elín Ósk Sigurðardóttir, Stétt Vest

Á þinginu mátti finna að mikill hugur er í ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar og mikilvægt að tryggja að rödd þeirra heyrist innan hreyfingarinnar sem og í samfélagslegri umræðu um kjara-, velferðar- og húsnæðismál svo nokkrir mikilvægir málaflokkar séu nefndir.

Málþing um hlutverk stéttarfélaga og þær áherslur sem ungt fólk vill sjá í komandi kjarasamningum bar einna hæst á þinginu. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, fluttu erindi og tóku svo þátt í pallborðsumræðum ásamt tveimur stjórnarmönnum ASÍ-UNG, þeim Eiríki Þór Theódórssyni og Hafdísi Ernu Ásbjarnardóttur. Miklar umræður sköpuðust varðandi stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og er ljóst að fulltrúum finnst að víða megi gera betur til að styrkja stöðu þessa hóps. Fundargerð frá þinginu verður að finna í Skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2019.

Í ályktun sem var samþykkt á þinginu má glöggst sjá hvaða þætti ASÍ-UNG telur að þurfi að bæta og leggja skuli áherslu á í komandi kjarasamningum.

Þing ASÍ-UNG ályktar um nauðsyn þess marka skýra stefnu í húsnæðismálum til þess að tryggja ungu fólki húsnæði við hæfi. ASÍ-UNG telur það vera grundvallaratriði að allir hafi möguleika á öruggu búsetuformi sem hentar á viðráðanlegum kjörum.

ASÍ-UNG krefst þess að persónuafsláttur verði hækkaður þannig að lágmarkslaun verði skattlaus.

ASÍ-UNG krefst þess einnig að aldurstengd launamismunun verði afnumin með öllu enda er hún klárt brot á mannréttindum. Jafnframt gerir ASÍ-UNG kröfu um að ungt fólk eigi sæti við samningaborðið til þess að tryggja hagsmuni þess.

ASÍ-UNG leggur ríka áherslu á að vinnueftirlit verði aukið og viðurlög vegna brota á vinnustað verði hert.

Þing ASÍ-UNG leggur áherslu á jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Brúa þarf bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og auka orlofsrétt vegna vetrarfría í skólum.



STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2017 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2018.

Hafin er innleiðing á Jafnlaunastaðlinum fyrir skrifstofu ASÍ. Í tengslum við þá innleiðingu hefur verið unnin og samþykkt launastefna og jafnlaunastefna fyrir skrifstofuna, gert yfirlit yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur í tengslum við Jafnlaunastaðalinn, jafnréttisáætlun skrifstofunnar hefur verið endurskoðuð og Stefna og viðbragðsáætlun ASÍ vegna eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis, samþykkt og staðfest í miðstjórn.

Fjöldmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Þessum verkefnum og öðrum þeim sem skrifstofa Alþýðusambandsins hefur verið að sinna eru gerð nánari skil á öðrum stöðum í þessari skýrslu.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2018

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu- og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-Ung, Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri MFA fræðsludeildar, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Gylfi Arnbjörnsson, forseti, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Hanna Elísdóttir, matráðskona, Henny Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, annar varaforseti ASÍ, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, María Haraldsdóttir, bókarari og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit, hagfræðingur, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi, Sigurður Bessason, fyrsti varaforseti ASÍ og Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Kristín Ýr Gunnarsdóttir, sérfræðingur í fræðslu- og upplýsingadeild og starfsmaður ASÍ-Ung, Lena Dúa Grétarsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Sigurlaug Hauksdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur og Hildur Margrét Jóhannsdóttir, hagfræðingur létu af störfum. Þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar. Nýir liðsmenn á skrifstofunni eru Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, María Lóa Friðjónsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti og Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu- og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-Ung. Bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í hópinn. Jafnframt var Leifur Valentín Gunnarsson lögfræðingur ráðinn tímabundið í þrjá mánuði á árinu til að sinna afmörkuðu verkefni fyrir lögfræðideild Alþýðusambandsins.



ASÍ TEKUR Í NOTKUN NÝJAN GUNNFÁNA

Forsagan er sú að eftir 50 ára notkun þolir gunnfáni ASÍ, sem tekin var í notkun 1967, ekki meiri notkun enda orðinn slitinn og því ekki sama prýði af honum og áður.

Undirbúningur að gerð nýs fána Alþýðusambandsins hófst seint í nóvember 2016 með fundi á skrifstofu ASÍ.

Ragnar Helgi Ólafsson er kallaður til verksins vegna þess m.a. að hann er einn af fremstu hönnuðum landsins í dag, hannar t.d. tugi bókkakápa hérlendis og erlendis á hverju ári. Þá fór Ragnar Helgi fyrir mikilli rýnivinnu um lógó og liti ASÍ árið 2008 og þekkir því vel til Alþýðusambandsins.

Oddný Kristjánsdóttir er saumakona sem rekur saumastofuna 7 í höggi sem hefur sérhæft sig í þjóðbúningagerð auk þess að hafa unnið að endurbótum á kirkjumunum, svo sem messuklæðum og hempum. Biskupsstofa mælti eindregið með Oddnýju en hún hefur unnið töluvert fyrir embættið.

Auk Oddnýjar og Ragnars Helga sátu Sif Ólafsdóttir, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Gylfi Arnbjörnsson og Snorri Már Skúlason í undirbúningsnefnd.

Um smíðavinnu sá Magnús F. Ingimundarson.

Hópurinn hittist nokkrum sinnum en fljótlega var ljóst að ekki myndi nást að klára verkið fyrir 1. maí 2017 m.a. vegna anna hjá Oddnýju. Verkið sofnaði

Því af og til á því eina og hálfu ári sem leið frá fyrsta fundi og þar til nýi fáninn fór í sína fyrstu kröfugöngu 1. maí 2018. Vandað var mjög til allra verkþátta og er það einróma álit að mjög vel hafi tekist til við hönnun og gerð nýja fánans. Hér er glæsilegur gripur á ferð.



LISTASAFN ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afls - starfsgreinasambands og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, 2. varaforseti ASÍ, sem tók við af Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, formanni Rafiðnaðarsambands Íslands, fyrir á þessu ári.

Listráð Listasafns ASÍ 2017-18 skipa sýningarstjórnarnir Dorothée Kirch og Heiðar Kári Rannversson auk safnstjóra, Elísabetar Gunnarsdóttur, sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is.

Sýningar á árinu

Tvær sýningar á verkum Sigurðar Guðjónssonar

Sigurður Guðjónsson var valinn úr hópi umsækjenda snemma árs 2017 til samvinnu um sýningarhald og kaup á verkum fyrir safneignina. Safnið stóð fyrir tveimur sýningum á verkum Sigurðar, sú fyrri var í Hafnarfirði 23. september–15. október 2017 og sú seinni á Blönduósi 7.–22. júlí 2018. Í febrúar 2018 voru Sigurði Guðjónssyni veitt Íslensku myndlistarverðlaunin fyrir sýninguna INNLJÓŠ sem Listasafn ASÍ stóð fyrir í kapellu og líkhúsi St. Jósefs-hspítala í Hafnarfirði. Safnið eignaðist öll verkin á sýningunni.

Sýningar í samstarfi við önnur söfn

Listasafn ASÍ stóð fyrir sýningu í Listasafni Ísafjarðar á verkum Kristins Péturssonar, en Kristinn var fæddur og uppalinn í Dýrafirði. Sýningin stóð frá 17. október–30. nóvember 2017.

Safnið lánar reglulega verk til annarra safna, s.s. Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Safnið á m.a. nokkur verk á sýningunni EINSKIS-MANNSLAND í Listasafni Reykjavíkur sem nú stendur yfir.

Sýningin SVIPIR var opnuð 25. ágúst sl. í einum af söllum Listasafnsins á Akureyri sem þá var opnað að nýju eftir stækkun og endurbætur. Verkin á sýningunni eru portrettmyndir eftir þekktu íslenska málara og eru flest úr stofngjöf Ragnars í Smára til safnsins frá 17. júní 1961. Sýningin stendur til 17. febrúar 2019.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi Listasafns ASÍ eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíl. Nú eru í gangi um 30 vinnustaðasýningar með um 270 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum.

Rík ástæða er til að kynna þennan möguleika fyrir stofnunum og fyrirtækjum um víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Skólaverkefni og heimildarmyndir

Haldin hafa verið þrjú skólaverkefni það sem af er, en skólaverkefni ásamt sýningum á verkum valdra listamanna af yngri kynslóðinni eru hluti af nýrri menntunar- og kynningardagskrá safnsins. Fyrsta námskeiðið var haldið í Lækjarskóla í Hafnarfirði 16.–18. október 2017 þar sem nemendur unnu hreyfimyndir innblásnar af málverkinu Á STÖÐLI eftir Gunnlaug Scheving. 12.–13. desember sama ár var haldið námskeið í Grunnskólanum á Seyðisfirði í samstarfi við AFL starfsgreinafélag. Á Seyðisfirði unnu börnin hreyfimyndir

byggðar á verkinu FISKIBÁTUR eftir Gunnlaug Scheving, en Gunnlaugur dvaldi á Seyðisfirði á sínum yngri árum. Þriðja námskeiðið var haldið með þátttöku vinnuskólabarna á Blönduósi í tengslum við sýningu Sigurðar Guðjónssonar dagana 11.–12. júlí 2018. Þar var unnið með verkið HESTUR Í JÖKULVATNI eftir Jón Stefánsson. Kennarar á námskeiðunum eru Ragnheiður Gestsdóttir myndlistar- og kvikmyndagerðarkona, Sigrún Jónsdóttir tónskáld og Kolbeinn Hugi Höskuldsson myndlistarmaður.

Kolbrún Vaka Helgadóttir vinnur heimildarmyndir um skólaverkefnið og sýningar valdra listamanna á vegum safnsins. Fyrstu stuttmyndirnar verða frumsýndar á þingi Alþýðusambandsins 24.–26. október nk. og verða síðar gerðar aðgengilegar á heimasíðu safnsins.

Nýr listamaður valinn – sýningar fram undan

Snemma árs kallaði Listasafn ASÍ í annað sinn eftir tillögum frá myndlistarmönnum vegna innkaupa og til samstarfs um sýningahald og bártust fimm tíu og þrjár tillögur að þessu sinni. Listráð safnsins fór yfir tillögurnar og ákvað að kaupa verk af Hildigunni Birgisdóttur og bjóða henni jafnframt til samstarfs um sýningahald á tveimur stöðum á landinu. Sýningar Hildigunnar Birgisdóttur verða settar upp í Garðabæ og Vestmannaeyjum í nóvember nk. Einnig verða skipulögð skólaverkefni í tengslum við sýningarnar á báðum stöðum.

Á meðan listasafnið vinnur að því að koma upp nýjum sýningarsal verða sýningar safnsins haldnar í samstarfi við einstaklinga, stofnanir og samtök víðs vegar um landið. Sýningarstaðirnir eru valdir í samvinnu við listamennina sem hlut eiga að máli hverju sinni og verða til skiptis á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum. Samhliða sýningum á nýjustu verkunum í eigu safnsins verða haldin námskeið í hreyfimyndagerð fyrir grunnskólabörn þar sem unnið er með elstu verkin í safneigninni.

Miðlun safneignar eftir öðrum leiðum

Rekstrarstjórn ákvað fyrir á þessu ári að láta framleiða og koma í dreifingu varningi ýmiss konar sem byggir á verkunum í safneigninni. Framleididdar hafa verið eftirprentanir í gjafapakkingu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Einnig verða prentuð gjafakort og veggspjöld sem höfð verða til sölu á ýmsum stöðum, m.a. í tengslum við sýningar og á nýrri heimasíðu safnsins. Hönnuðirnir Arnar Fells og Arnar Ingi vinna að verkefninu ásamt safnstjóra.

Safneign og safnauki

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi listasafnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk

rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign Listasafns ASÍ hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/>

Á ytri vef Sarps eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt að eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Þessi misserin er unnið að samkomulagi safna við Myndstef sem mun auðvelda birtingu mynda á ytri vef Sarps. Safnið á höfundarrétt verka Sigríð Valtingoer og hefur leyfi til birtingar á myndum af verkum Elínar Þjet. Bjarnasonar. Safnið varðveitir stærstan hluta verka Kristins Péturssonar og er handhafi höfundarréttar á verkum hans síðan 2016.

- Listasafn ASÍ lenti í úrtaki Safnaráðs haustið 2017 ásamt nokkrum öðrum söfnum á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfarið var gerð úttekt á starfseminni og húsakosti safnsins. Engar alvarlegar athugasemdir komu fram hjá sérfræðingum Safnaráðs en safnið vinnur nú eftir ráðleggingum þeirra við að færa ýmislegt smálegt til betri vegar varðandi aðbúnað og geymslu verka.

Listasafni ASÍ bærust nokkrar gjafir á árinu. Þar má nefna verk eftir hjónin Barböru Árnason og Magnús Árnason og málverk eftir Dag Sigurðarson. Safnið keypti þrjú ný verk í lok árs 2017, en það eru verkin FUSER, SCANNER og MIRROR PROJECTOR eftir Sigurð Guðjónsson, öll frá árinu 2017



Vinnuskólabörn á Blönduósi smíða, fleyta og mynda hest í ánni Blöndu sumarið 2018. Verkefnið er innblásið af málverki Jóns Stefánssonar, *HESTUR Í JÖKULVATNI*.



Málverkið HESTUR Í JÖKULVATNI eftir Jón Stefánsson sem fæddist og ólst upp á Saudárkróki – verkið er eitt af 120 verkum sem Ragnar í Smára færði Alþýðusambandinu að gjöf 17. júní 1961 og lagði þannig grunninn að Listasafni ASÍ.



BJARG – ÍBÚÐAFÉLAG

Bjarg íbúðafélag var stofnað af ASÍ og BSRB haustið 2016 á grundvelli laga-setningar um almennar íbúðir. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu.

Bjarg er nú með tæplega 238 íbúðir í byggingu og um 430 í hönnunarferli en þegar hafa verið veitt framlög til Bjargs vegna uppbyggingar á 668 íbúðum í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Þorlákshöfn og Sandgerði. Þá hefur Bjarg átt í samræðum við fleiri sveitarfélög um uppbyggingu en félagið stefnir á uppbyggingu um 1.400 leiguíbúða á næstu fjórum árum.

Skráning á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi íbúðafélagi hófst þann 15. maí 2018 og í dag eru skráningar rúmlega 900.

Tvær framkvæmdir eru þegar hafnar hjá Bjargi íbúðafélagi og eru báðar í Reykjavík. Annars vegar er um að ræða 155 íbúðir við Móaveg í Grafarvogi og hins vegar eru framkvæmdir hafnar við 83 íbúðir í Urðarbrunni í Úlfarsárdal. Næsta verkefni verður að Asparskógum á Akranesi þar sem 33 íbúðir verða byggðar en þangað munu fyrstu leigutakar Bjargs flytja inn þann 1. júní 2019. Áætlað er að fyrstu leigutakar í Reykjavík muni flytja inn í júlí 2019 og þar með er boltinn farinn að rúlla og munu nýir leigutakar taka við íbúðum Bjargs nokkurn veginn í hverjum mánuði næstu árin. Undirbúningur verkefna

er víða hafinn, t.a.m. á Akureyri, í Þorlákshöfn og í Reykjavík má nefna Hallgerðargötu við Kirkjusand, Leirtjörn í Úlfarsárdal og Hraunbæ.

Áætlanir um leiguverð í íbúðum Bjargs hafa verið kynntar og miðast áætlanir við verðlag 2018 og áætlanir félagsins um byggingakostnað, vaxtakostnað og kostnað vegna reksturs fasteignanna. Leiguverð verður gefið út þegar nær dregur afhendingu og mun taka mið af endanlegum byggingarkostnaði. Vextir á langtímafjármögnun mun einnig hafa mikil áhrif á leiguverð en fjármagnskostnaður mun ekki liggja fyrir fyrir en íbúðir fara í leigu. Leiguverð eigna félagsins verður misjafnt milli staðsetninga en þar hefur lóðaverð töluverð áhrif ásamt skipulagsskilmálum og þá hvernig þeir styðja við byggingu hagkvæms húsnæðis. Til dæmis er áætlað að leiguverð á 3ja herbergja íbúð sé á bilinu frá 128 þúsund til 169 þúsund miðað við rekstrarforsendur og verðlag 2018. Greiðslubyrði leigu á slíkri íbúð miðað við lágmarkslaun gæti því orðið frá 90.000 fyrir hjón/par með eitt barn þegar tekið er tillit til húsnæðisbóta. Nánari upplýsingar eru á vef félagsins bjargibudafelag.is.



VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Árið 2017 var viðburðaríkt í starfsemi VIRK. Mikil fagleg þróun átti sér stað á mörgum sviðum auk áframhaldandi uppbyggingar á samvinnu við aðrar stofnanir velferðarkerfisins.

Aðsókn að VIRK hefur náð ákveðnu jafnvægi eftir mikinn vöxt, sem fylgdi mikið uppbyggingar- og þróunarstarfi sem skilað hefur sér í m.a. auknu samstarfi við lífeyrissjóði, heilbrigðisstofnanir, félagsþjónustu sveitarfélaga og fleiri aðila, en til VIRK leitar nú stærri hópur en áður með fjölpættan og flókinn vanda sem lengri tíma tekur að vinna úr.

Þótt ákveðið jafnvægi hafi náðst í starfsemi VIRK undanfarin ár þá getur það vel breyst með breytingum í ytri aðstæðum svo sem við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats eða við aðrar kerfis- eða samfélagsbreytingar sem kalla á aukna þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og faglegt mat á getu einstaklinga til starfa.

VIRK var framúrskarandi fyrirtæki samkvæmt Creditinfo árið 2017, annað árið í röð, og fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri 2017 samkvæmt Viðskiptablaðinu og Keldunni.

Hlutverk VIRK

VIRK starfar í samræmi við kjarasamninga, skipulagsskrá og lög nr. 60/2012

um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingar-sjóða.

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu og gildi VIRK eru fag-mennska, virðing og metnaður.

Mannauður

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofu VIRK í Guðrúnartúni 1 starfa 45 starfsmenn í 40,2 stöðugildum og 51 sérhæfður starfsendurhæfingarráðgjafi eru starfandi í samstarfi við stéttarfélag um allt land.

Auk þess koma rúmlega 40 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á einstak-lingum í þjónustu. Þessi hópur hefur víðtæka menntun og reynslu á sviði starfsendurhæfingar og veitir einstaklingunum og ráðgjöfum þeirra mikilvæga aðstoð við uppbyggingu og eftirfylgni starfsendurhæfingaráætlana.

Þjónustuaðilar í starfsendurhæfingu

Auk þeirra einstaklinga sem starfa hjá VIRK og á vegum VIRK þá koma um 500 þjónustuaðilar um allt land að því að veita þjónustuna. Stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu af þjón-ustuaðilunum.

Um er að ræða úrræði eins og þjónustu sérhæfðra starfsendurhæfingar-stöðva, sálfræðiþjónustu, sjúkráþjálfun, sjálfsstyrkingu, námskeið, vinnupróf-anir og ýmislegt fleira. Fjöldi og fjölbreytni þessara úrræða er sífellt að aukast sem er mjög jákvætt fyrir þróun á starfsendurhæfingarþjónustu hér á landi.

Samstarf innan velferðarkerfisins

VIRK gegnir mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins. VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins, hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki. Nefna má nokkur dæmi um það hvað VIRK hefur lagt fram í þessu samstarfi:

- Ráðgjafar VIRK halda utan um endurhæfingaráætlanir sem eru forsenda þess að einstaklingar í þjónustu VIRK geti fengið endurhæf-ingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Stór hluti þeirra einstaklinga sem fær greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR er í þjónustu hjá VIRK.
- Sérfræðingar VIRK bjóða upp á fundi á heilsugæslustöðvum um allt

land. Þar gefst heimilislæknum tækifæri til að fara yfir mál sinna einstaklinga og gott upplýsingaflæði er tryggt.


- Ráðgjafar og sérfræðingar VIRK eiga samstarf við Hvítabandið og endurhæfingargeðdeild LSH á Kleppi. Samstarf þetta er mikilvægt, skiptir miklu máli fyrir einstaklinga sem glíma við langvinna og alvarlega geðsjúkdóma og hefur orðið til þess að tengja betur saman þjónustu heilbrigðiskerfis og atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.
- VIRK hefur verið í sérstöku samstarfi við geðdeild LSH á Laugarásvegi sem hefur byggt á hugmyndafræði IPS (Individual Placement and Support). VIRK hefur lagt til atvinnuráðgjafa í verkefnið sem hefur aðstoðað unga einstaklinga með alvarlegar geðgreiningar við að finna starf við hæfi. Þetta samstarf hefur nú þegar skilað miklum ávinningi og verið er að efla þetta starf verulega.
- Reglulegir fundir eru milli sérfræðinga VIRK og Reykjalundar og milli VIRK og Grensás þar sem markmiðið er að tryggja samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklinga.
- VIRK vinnur markvisst með félagsþjónustu víða um land þar sem fagaðilar frá VIRK og félagsþjónustunni fara sameiginlega yfir mál einstaklinga sem eru á „gráu svæði“ með það að markmiði að finna árangursríkar leiðir að vinnumarkaði. Hér leggur VIRK t.d. til aðgengi að fagaðilum sem geta boðið einstaklingum upp á nánari skoðun með það í huga að finna færar leiðir, hvort heldur sem er innan VIRK eða á vegum félagsþjónustunnar.
- Reglulegir fundir eru með Vinnumálastofnun þar sem þverfagleg teymi fara yfir mál einstaklinga og koma þeim í réttan farveg.

Þessi listi er ekki tæmandi og VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.


Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.



Einstaklingar í þjónustu


Alls 1.854 komu nýir inn í starfsendurhæfingarþjónustu VIRK á árinu 2017 og hafa ekki áður hafið starfsendurhæfingu á einu ári. 1.115 útskrifuðust úr þjónustunni, svipað margir og árið 2016. Frá upphafi hafa 14.500 einstaklingar leitað til VIRK ef miðað er við stöðuna 5. september 2018 og tæplega 2.400 einstaklingar voru þá í þjónustu VIRK.

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum - eins og sjá má í myndum 2 og 3.



Menntunarsstig

Einstaklingar sem hafa leitað til VIRK – hlutfallsleg skipting eftir menntunarsstigi





Upphaf þjónustu

Til að eiga rétt á þjónustu VIRK þurfa einstaklingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði samkvæmt lögum 60/2012:

- Að geta ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts sem rekja má til veikinda eða slysa.
- Að markmiðið sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.

Formleg tilvísun frá lækni þarf að fylgja umsókn um starfsendurhæfingu hjá VIRK. Ef mál einstaklings eru flókin og um er að ræða langa fjarveru frá vinnumarkaði þá er einstaklingum oft vísað í raunhæfimat starfsendurhæfingar hjá VIRK áður en þjónusta hefst.

Markmiðið er að meta hvort starfsendurhæfingarþjónusta sé raunhæf og geti orðið árangursrík miðað við stöðu viðkomandi einstaklings á þeim tíma sem umsókn berst. Ef starfsendurhæfing er ekki metin raunhæf þá er einstaklingi vísað í önnur úrræði innan velferðarkerfisins og þá oft í samstarfi við aðrar stofnanir.



Aðstæður einstaklinga


Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Áfram er þróunin sú að til VIRK leitar stærri hópur en áður með fjölpættan og flókinn vanda.

Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra

sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Þá hefur hlutfall yngra fólks meðal einstaklinga í starfsendurhæfingu hjá VIRK farið vaxandi undanfarin ár og meðalaldur einstaklinga í þjónustu lækkað.


Einstaklingar eru beðnir um að meta heilsu sína við upphaf og lok þjónustu VIRK á svokölluðum EQ5D mælikvarða en hann inniheldur 5 spurningar um heilsu og lífsgæði þar sem einstaklingar skrá tölu á kvarðanum 0-100 þar sem 0 er mjög slæmt og 100 er mjög gott. Mynd 6 sýnir niðurstöðu við upphaf og lok þjónustu og hliðrun línunnar sýnir að einstaklingar meta heilsu sína og lífsgæði mun betri við lok þjónustu en við upphaf hennar.



Lok þjónustu

1.115 einstaklingar luku þjónustu hjá VIRK á árinu 2017 eins og fyrr segir. Í lok þjónustu fara langflestir einstaklinganna í virka þátttöku á vinnumarkaði.

Hlutfall útskrifaðra einstaklinga sem eru annað hvort í vinnu, í atvinnuleit eða í námi við útskrift - óháð framfærslustöðu



Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða námi við útskrift. Sjá má að 79% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2017 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi. Þetta á við um 78% einstaklinga sem hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi.

Peim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.

Starfsemi VIRK er ung, þjónustan hefur einungis verið veitt í tæp 9 ár. Það er eðlilegt í þróun á starfsemi sem þessari að hlutfallslega fleiri útskrifaðir einstaklingar fari í vinnu í upphafi starfseminnar en þegar frá líður því í upphafi starfseminnar er stærri hópur útskrifaður sem þurfti minni þjónustu og styttri þjónustutíma. Þeir einstaklingar sem glíma við flóknari og fjölþættari vanda og þurfa lengri tíma útskrifast ekki á fyrstu árum starfseminnar en hafa verið að útskrifast í meira mæli á síðustu árum.


Þess má líka geta að eftir setningu laga nr. 60/2012, þ.e. á árunum 2013-2017, hefur mun stærri hópur komið í þjónustu VIRK sem hefur litla eða enga sögu á vinnumarkaði og ekki hefur alltaf verið mögulegt að auka vinnugetu þessara einstaklinga.

Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er skýrt - það er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins.

Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfseminnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það. Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókin og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Mynd 8 sýnir hlutfall stöðugilda útskrifaðra einstaklinga með mismunandi framfærslustöðu í lok þjónustu á árunum 2015-2017. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölda einstaklinga heldur stöðugildi því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Ef einstaklingur fer t.d. í hálf starf þegar þjónusta lýkur þá er það skráð sem hálf stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti.


Eins og sjá má eru um 60% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði,

þ.e. þeir eru annaðhvort í launaðri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 79%, eins og sjá má á mynd 7.

Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður, sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölpættan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.


Tölur um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísbendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög, reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvíst er hvort starfsendurhæfing geti gagnast t.d. vegna alvarleika veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfræði um framfarlsu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælikvörðum og viðmiðum.



Það skiptir einnig miklu máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði. Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Mynd 9 sýnir að einstaklingarnir telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bæði bætta sjálfsmynd og aukna vinnugetu.

VIRK fékk Gallup til að gera umfangsmikla könnun á þjónustu VIRK í september og október 2017 til viðbótar við hefðbundnu þjónustukönnunina. Helstu niðurstöður Gallup voru þær að um 83% svarenda voru ánægð með þjónustu VIRK, 9% hvorki né, en 8% voru óánægð með þjónustuna eins og sjá má á mynd 10. Ánægjan eykst með aldrinum, þannig voru svarendur sem voru 35 ára eða eldri almennt ánægðari en hinir yngri, þó ánægjan sé vissulega mikil í öllum aldurshópum.



Þegar fólk var spurt hversu líklegt eða ólíklegt það væri til að mæla með VIRK við vini eða kunningja (0-10, NPS), gaf meirihlutinn (55%) hæstu einkunn, eða 10. Meðmælaeinkunn VIRK (NPS) er samkvæmt könnuninni +47,6 og telst það afar há einkunn á íslenskan mælikvarða en meðal meðmælaeinkunn íslenskra fyrirtækja og stofnana er -15.

Mikil ánægja kom fram með störf ráðgjafa VIRK í þjónustukönnuninni en mikill meirihluti, eða 8-9 af hverjum 10 aðspurðum, taldi viðmót og framkomu ráðgjafa VIRK vera góða sem og upplýsingagjöf þeirra og hvatningu.


Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

VIRK hefur fengið ráðgjafarfyritækið Talnakönnun til að leggja sjálfstætt mat á ávinning af starfsemi á árunum 2013-2017 út frá ópersónugreinanlegum gögnum úr upplýsingakerfi VIRK sem eru sett í samhengi við útgjöld VIRK á hverju ári fyrir sig.

Skoduð er framfærslustaða einstaklinga við lok þjónustu hjá VIRK á þessum árum og ýmsar lýðfræðilegar breytur sem skráðar hafa verið í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru síðan settar í samhengi við upplýsingar um laun mismunandi starfsgreina og bótafjárhæðir hjá TR og lífeyrissjóðum.

Til að gera þetta gefur Talnakönnun sér tilteknar forsendur þar sem ekki er vitað hvað hefði orðið um einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK ef þjónustan hefði ekki verið til staðar. Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur á meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku. Til að nálgast þetta gaf Talnakönnun sér eftirfarandi forsendur:


- Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þetta er í takt við þá staðreynd að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri. Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- Reiknað er með að aðrir en þeir sem útskrifuðust á endurhæfingar- og örorkulífeyri hefðu verið óvinnufærir í fimm ár ef þeir hefðu ekki notið þjónustu VIRK en enginn hefði farið á varanlega örorku. Frá þessum fimm árum (60 mánuðum) dragast síðan mánuðir í starfsendurhæfingu. Þetta er mjög varfærin forsenda. Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið mjög mikið.



Út frá þessum forsendum var niðurstaða fyrir hvern og einn reiknuð út og þannig fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.

Niðurstaða þessara útreikninga er að á árinu 2017 var ávinningur af starfi VIRK metinn um 14,1 milljarð króna meðan rekstrarkostnaður sama tímabils var um 2,8 milljarðar króna – sjá mynd 11. Þessi ábati af starfsemi VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir.

Auk þessa þá hefur Talnakönnun reiknað ávinning á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK árin 2013-2017. Eins og mynd 12 sýnir þá er reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK árið 2017 12,6 milljónir kr. og meðalsparnaður á hvern einstakling fer vaxandi.



Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Þessi nálgun Talnakönnunar byggir á fremur varfærnnum forsendum og jafnvel þó forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Ljóst er að árangur og ávinningur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförmum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK Atvinnutenging

Árið 2016 hóf VIRK undirbúning þróunarverkefnis sem hefði það að markmiði að auka líkur einstaklinga sem eru í starfsendurhæfingu á endurkomu inn á vinnumarkaðinn þrátt fyrir skerta starfsgetu.

Lögð var áhersla á að tengja einstaklinga inn á vinnumarkaðinn áður en starfsendurhæfingunni lauk. Þróunarverkefnið grundvallast á þeirri staðreynd að því fyrr sem einstaklingar reyna endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys, því líklegri er að þeir komist aftur út á vinnumarkaðinn. Mikilvægt er því að einstaklingum með vinnugetu sé gefið tækifæri til að komast í vinnu við hæfi snemma á starfsendurhæfingarferlinum.

Til þess að auðvelda þetta ferli voru ráðnir sérstakir atvinnulífstenglar sem taka við einstaklingunum þegar stutt er eftir af starfsendurhæfingunni og byrja að vinna með þeim að áætlun um endurkomu inn á vinnumarkað. Þannig er aðlögun inn á vinnumarkaðinn tvinnuð markvisst inn í starfsendurhæfingu einstaklingsins og atvinnulífstenglarnir tengja sig, og einstaklinginn, í þjónustu við stofnanir og fyrirtæki.

Haustið 2016 voru tveir atvinnulífstenglar ráðnir inn í verkefnið og þeim fjölgað í þrjá haustið 2017 en frá mars 2018 hafa sex atvinnulífstenglar í fullu starfi og einn í hlutastarfi unnið við það að aðstoða einstaklinga inn á vinnumarkaðinn. Atvinnulífstenglarnir heimsækja fyrirtæki og stofnanir til að leita eftir samstarfi og hafa rúmlega 100 fyrirtæki og stofnanir skrifað undir samstarfssamning við VIRK.

Á vormánuðum 2018 höfðu um 190 einstaklingum verið vísað í þjónustu til atvinnulífstengla. Af þeim sem fengu aðstoð hjá þeim og útskrifuðust árið 2017 fengu 64% þeirra laun á vinnumarkaði og um 40% þeirra fengu tækifæri til að fara í starfið með stigvaxandi aukningu á starfshlutfalli yfir ákveðinn tíma.

Styrkir VIRK

VIRK er heimilt samkvæmt lögum að styrkja og stuðla með öðrum hætti að rannsóknum, þróun og uppbyggingu í atvinnutengdri starfsendurhæfingu. Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjum tvisvar á ári í þessu skyni í samræmi við rannsóknarstefnu VIRK og þurfa umsóknir um styrki að hafa borist sjóðnum fyrir lok dags 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

VIRK úthlutaði 21 styrk árið 2017. Sérstaklega var horft til virkniúrræða miðudum að ungu fólki og til rannsóknar- og þróunarverkefna tengdu ungu fólki í styrkveitingum VIRK 2017 m.a. vegna þess að hlutfall yngra fólks meðal einstaklinga í starfsendurhæfingu hjá VIRK hefur farið vaxandi undanfarin ár.



UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018, 1. og 3. mál

Alþýðusamband Íslands leggur í mati sínu á stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum áherslu á að hún undirbyggi á hverjum tíma annars vegar hinn efnahagslega stöðugleika sem verji kaupmátt launafólks og hins vegar hinn félagslega stöðugleika sem tryggji velferð og lífskjör. Samspil þessara tveggja þátta er lykilatriði til að skapa grundvöll að sátt og stöðugleika á vinnumarkaði.

Mat greiningaraðila á efnahagsþróuninni er samdóma um að toppi hagsveiflunnar hafi verið náð en að áfram verði þó góður vöxtur í hagkerfinu á næstu árum og gerir sú þjóðhagsspá sem fjárlög byggja á sömuleiðis ráð fyrir því. Áfram er því nauðsynlegt að efnahagsstefna stjórnvalda yti ekki undir opfenlu og óstöðugleika og sé samstillt peningamálastefnu Seðlabankans. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á krónuna eykst.

Í frumvarpinu er ekki lagt sérstakt mat á áhrif hagsveiflunnar á ríkisreksturinn. Eins og bæði Seðlabankinn og Fjármálaráð hafa bent á, er nauðsynlegt að meta aðhaldsstig opinberra fjármála að teknu tilliti til þeirra breytinga sem sveiflur í þjóðarþúskapnum hafa á afkomuna til að fá rétta

mynd af áhrifum þeirra á þjóðarþúskaðinn. Undanfarið ár hefur að teknu tilliti til hagsveiflunnar verið slaki á aðhaldi ríkisfjármálanna. Mat Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var að þau fjárlög sem lögð voru fram af fyrri ríkisstjórn í september sl. fælu í sér aukið aðhald ríkisfjármálanna þar sem hagsveifluleiðréttur frumjöfnuður batnaði milli ára. Hins vegar var það mat AGS að leiðrétt fyrir hagsveiflunni mætti áætla að ríkissjóður yrði á næsta ári rekinn með einungis um 0,7% afgangi. Frumvarp núverandi ríkisstjórnar gerir ráð fyrir að dregið verði úr afgangi af ríkisrekstrinum um 9 milljarða króna og afgangurinn verði sem nemur 1,3% af vergri landsframleiðslu samanborið við 1,6% afgang í fyrra frumvarpi. Núverandi áætlanir stjórnvalda geri því ráð fyrir minna aðhaldi ríkisfjármálanna. Seðlabankinn varaði í nýlegum Peningamálum (2017/4) við þessari stöðu:

Í kosningabaráttunni voru hins vegar settar fram margvíslegar hugmyndir um aukin útgjöld eða lækkun skatta, í mörgum tilfellum án þess að ljóst væri í hvaða mæli slíkar breytingar eru fjármagnaðar og í hvaða mæli þeim er ætlað að koma fram á næsta ári eða síðar á kjörtímabilinu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að þótt hagvöxtur sé hægari en hann var í fyrra er hann enn mikill. Framleiðsluþættir eru fullnýttir og spenna því enn nokkur í þjóðarþúinu og horfur á að svo verði áfram bróðurpart spátímans. Minna aðhald í ríkisfjármálunum mun því óhjákvæmilega hafa í för með sér að vextir og gengi krónunnar verða hærri en ella hefði orðið.

Ljóst er að sú ríkisfjármálastefna sem fylgt hefur verið á undanföllum árum hefur að mestu byggt á þensludrifnum aðgerðum á tekjuhlið fjárlaganna þar sem skattkerfisbreytingar, s.s. afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkanir á neyslusköttum og tollum, hafa veikt tekjustofna ríkisins. Afleiðingarnar eru að þeir nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða þegar tekið hefur verið tillit til stöðu hagsveiflunnar. Aðhaldi hefur því verið beitt með því að ráðast ekki í brýnar úrbætur í velferðarmálum, s.s. heilbrigðis- og húsnæðismálum og veikja tekjujöfnunartæki skattkerfisins með því að draga úr stuðningi í barna- og vaxtabótakerfunum. Alþýðusambandið telur að með þessari stefnu hafi hinum félagslega stöðugleika verið verulega ógnað og varar við þeim afleiðingum sem það gæti haft á vinnumarkaði í komandi kjaraviðræðum.

Hætt er við því að ef hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld og við blasir niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna.

Stjórnvöld eru meðvituð um stöðuna eins og fram kemur í eftirfarandi texta úr fjárlagafrumvarpinu (bls. 103):

Þrátt fyrir að efnahagsleg skilyrði séu hagfelld og afkoma ríkissjóðs og hins opinbera hafi batnað á undanförunum árum þarf að hafa í huga að staða og horfur geta breyst á skömmum tíma. Ísland er lítið og sveiflukennt hagkerfi og sveiflujöfnun í ríkisfjármálum hér á landi hefur að mestu leyti átt sér stað á tekjuhlíð ríkissjóðs. Á útgjaldahlíð ríkissjóðs hafa það fyrst og fremst verið útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, auk barna- og vaxtabóta sem hafa tekið breytingum í takt við hagsveifluna, en að öðru leyti eru útgjöldin að miklu leyti tregbreytileg til skamms tíma. Brottfall nokkurra tekjustofna á undanförunum árum gerir það einnig að verkum að þunginn er orðinn mjög mikill á meginskattstofna eins og virðisaukaskatt, tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald. Það felur í sér að þegar um hægist í efnahagslífinu taka tekjurnar mun stærri djúfu en útgjöldin með tilheyrandi áhrifum á afkomu til hins verra og skuldasöfnun hefst að nýju.

Þrátt fyrir þessi varnaðarorð sjást þess ekki merki í frumvarpinu að bregðast eigi við þessum veikleika ríkisfjármálanna.

Sú útgjaldaaukning sem lögð er til í núverandi frumvarpi byggir fyrst og fremst á því að draga úr afgangi ríkisrekstrarins og minnka þar með aðhald eins og hér hefur verið lýst. Auk þess er dregið úr tekjuöflunaráformum fyrri ríkisstjórnar þar sem m.a. er hætt við áform um að færa ferðaþjónustutengda starfsemi í efra þrep virðisaukaskatts sem skilað hefði um 18 milljörðum króna í ríkissjóð á ársgrundvelli. Engin áform eru því uppi um að styrkja tekjugrunn ríkissjóðs til frambúðar til að undirbyggja hinn efnahagslega stöðugleika og skapa svigrúm fyrir þær nauðsynlegu aðgerðir sem ráðast þarf í til að treysta hinn félagslega stöðugleika. ASÍ lýsir undrun sinni á þeirri forgangsroðun stjórnvalda sem birtist í þessu og varar við afleiðingunum.

Alþýðusambandið leggur í þessu samhengi áherslu á eftirfarandi þætti:

- Skattkerfisbreytingar verði endurskoðaðar til fjármögnunar á nauðsynlegum velferðarumbótum og þar m.a. horft til þess að auka tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins og tryggja að dregið verði úr skattbyrði lægri tekna sem aukist hefur verulega undanfarin ár eins og m.a. kemur fram í nýlegri skýrslu hagdeildar ASÍ um skattbyrði launafólks sl. tvo áratugi.
- Barna- og vaxtabótakerfin verði eflað sem mikilvæg tekjujöfnunartæki, ekki síst fyrir ungt fólk.
 - Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að að hækka viðmiðunarfjárhæðir barnabóta um 8,5% og tekjuskerðingarmörk um 7,4% er áætlað að útgjöld til barnabóta lækki um ríflega 200 milljónir frá yfirstandandi ári. Í því samhengi má benda á að tekjuskerðingarmörk

barnabóta hafa lækkað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2013 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um tæplega 40%. Útgjöld til barnabóta halda því áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár og fjölskyldum sem fá greiddar barnabætur að fækka. Verulega hefur því dregið úr stuðningi og tekjujöfnunarhlutverki barnabótakerfisins á liðnum árum. Nú er svo komið að tekjuskerðing barnabóta mun á næsta ári m.v. áform frumvarpsins hefjast við tæplega 241.000 kr. mánaðartekjur foreldris sem er langt undir lágmarkslaunum fyrir fullt starf á vinnumarkaði sem eru nú 280.000 kr. og verða frá og með 1. maí 2018 kr. 300.000. Gera má ráð fyrir að hjón með tvö börn, sem bæði hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk fái saman um 3.000 krónur í barnabætur á mánuði. Í þessu samhengi má einnig benda á að fæðingartíðni hér á landi hefur farið hratt lækkanandi á undanförunum árum sem mun hafa neikvæðar afleiðingar fyrir aldurssamsetningu þjóðarinnar til framtíðar ef ekki verður breyting á.

- Framlög til vaxtabóta lækka um 2 milljarða króna frá fyrra ári og hefur húsnæðisstuðningur í gegnum vaxtabótakerfið lækkað um 67% að raungildi frá árinu 2013 og heimilum sem fengu greiddar vaxtabætur fækkaði um tæplega 16.000 milli árunna 2013 og 2016 og gera má ráð fyrir að þeim haldi áfram að fækka. Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðmiðunarfjárhæðir og eignarmörk í vaxtabótakerfinu verði óbreytt á milli ára en þau hafa rýrnað verulega í samanburði við laun og fasteignaverð á undanförunum árum. Eignarviðmið (eignarskerðingarmörk) hafa einungis hækkað um 12,5% og bótafjárhæðir (hámarksbætur) hafa verið óbreyttar frá árinu 2010 á sama tíma og fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur t.a.m. hækkað um ríflega 90%, almennt verðlag hefur hækkað um 23% og launavísitala hefur hækkað um tæplega 68%. Þetta gerir það að verkum að kerfið styður við sífellt færri heimili. Tekjulágt barnafólk sem á lítið eigið fé í sínu húsnæði (20%) fær í dag lítinn sem engan stuðning í gegnum vaxtabótakerfið.
- **Húsnæðisbætur til leigjenda:** Bótafjárhæðir og tekjuviðmið fylgi þróun launa og leiguverðs.
 - Ekki er að sjá að gert sé ráð fyrir framlögum til hækkunar á bótafjárhæðum húsnæðisbóta né skerðingarmarkna vegna tekna sem þýðir að dregið er úr stuðningi við leigjendur að raunvirði og fækka mun í hópi þeirra sem rétt eiga á stuðningi. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til húsnæðisbóta fari lækkanandi til ársins 2020.
- **Almennar íbúðir:** Framlög verði hækkuð til að mæta hækkun byggingarkostnaðar og aukin til að fjölga íbúðum.

- Gert er ráð fyrir 3 milljarða stofnframlagi ríkisins til almenna íbúðakerfisins til þess að efna loford sem gefin voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið 2015. Yfirlýsingin miðaði við framlög til byggingar á 600 íbúðum á ári og var við gerð samninganna miðað við að til þeirra þyrfti um 3 milljarða króna. Byggingarkostnaður hefur hins vegar hækkað um ríflega 8% skv. byggingarvísitölu frá þeim tíma og því ljóst að framlagið dugar ekki til byggingar á þeim fjölda íbúða sem lofað var og þarf því að endurskoða í samræmi við það.
- ASÍ hefur ítrekað lýst því yfir að fjölga þurfi íbúðum í almenna íbúðakerfinu mun hraðar en áform eru um, eða um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðri þörf og slá á þenslu á húsnæðismarkaði.
- **Heilbrigðismál:** Heilbrigðis- og öldrunarþjónustunni verði tryggt nægilegt rekstrarfé, opinber rekstur styrktur og dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga.
 - Þróunin síðustu ár hefur verið sú að einkarekni hluti heilbrigðisþjónustunnar hefur vaxið á kostnað þeirra opinberu eins og m.a. hefur komið fram í máli Landlæknis. Þessi breyting hefur að mestu átt sér stað án stefnumótunar á vettvangi Alþingis. Alþýðusambandið hefur lýst miklum áhyggjum af þessari þróun og telur brýnt að snúa henni við nú þegar. Í þessu frumvarpi er ekki tekið á þessum alvarlega veikleika í íslenska heilbrigðiskerfinu. Í því samhengi er mikilvægt að Alþingi komi að mótun heildstæðrar heilbrigðisstefnu og að útgjöld til heilbrigðismála taki mið af henni við næstu fjárlagagerð. Bent skal á að raunaukning útgjalda vegna heilbrigðisþjónustu í þessu frumvarpi er, líkt og undanfarin ár, hlutfallslega langmest til sjálfstætt starfandi sérgreinalækna.
 - Aukning á rekstrarfé til sjúkrahúsa er til bóta en ASÍ tekur undir áhyggjur Landspítala sem hefur bent á að umtalsvert meira fé vanti til reksturs, viðhalds og tækjakaupa á spítalanum en að óbreyttu mun enn þurfa að skera niður í þjónustu spítalans. Svipuð varnaðarorð hafi heyrst frá forstjórum annarra heilbrigðisstofnana.
 - Lögum samkvæmt á heilsugæslan að vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga sem er bæði skilvirk og hagkvæmt fyrir einstaklinga og ríkissjóð. Á undanfögnu ári hefur heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu verið fjölgað um tvær en þær stöðvar eru báðar í einkarekstri. Mikill rekstrarvandi hefur verið í opinberu heilsugæslunni á undanförunum árum en stefna stjórnvalda hefur verið að styrkja hlutverk hennar og er nauðsynlegt að fjárveitingar endurspegli þá áherslu.
 - Samkvæmt núgildandi fjármálaáætlun er stefnt að byggingu á um 260

nýjum hjúkrunarrýmum til ársins 2020 sem er þó einungis um helm-ingur af áætlaðri þörf. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að bæta í þá áætlun og því fyrirséður áframhaldandi skortur á hjúkrunarrýmum. Gert er ráð fyrir viðbótarfé til reksturs nýrra hjúkrunarrýma á næsta ári en ekki er að sjá að bætt sé í rekstrargrunn þeirra sem fyrir eru en hjúkrunarheimilin eiga mörg í umtalsverðum rekstrarvanda og áfram er gert ráð fyrir að framlengja heimild til að nýta fé úr Framkvæmda-sjóði aldraðra til reksturs hjúkrunarrýma sem er andstætt hlutverki hans.

- Ekki er að sjá í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir framlagi til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu eins og fyrirheit hafa verið gefin um. Nýtt greiðsluþátttökukerfi tók gildi þann 1. maí sl. en skv. því greiða almennir notendur að hámarki 69.700 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu sem er umtalsvert meira en það 50.000 kr. hámark sem fyrirheit voru gefin um við afgreiðslu breytinganna á Alþingi vorið 2016. ASÍ tók undir þá fyrirætlun að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu en taldi kostnaðarþakið allt of hátt, ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðsluþátttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþátttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðsluþátttökukerfi.
- Gert er ráð fyrir 500 milljóna króna framlagi til uppfærslu á gjaldskrá Sjúkratrygginga vegna endurgreiðslna á tannlækna-kostnaði aldraðra og öryrkja. Núgildandi viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga er í grunninn frá árinu 2002 en var á árinu 2014 hækkuð um 5,9%. Verðlag hefur frá árinu 2002 hækkað um ríflega 100%. Samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ á árinu 2016 hjá 25 tannlæknum á höfuðborgarsvæðinu voru gjaldskrár tannlækna í langflestum tilvikum að meðaltali 150-200% hærri en viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga. Ekki liggur fyrir hversu mikið viðmiðunargjaldskráin mun hækka við þetta framlag.
- **Almannatryggingar:**
 - Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum á árinu 2018 til að fara í sambærilega kerfisbreytingu á bótakerfi örorkulífeyrisþega og gert hefur verið gagnvart ellilífeyrisþegum í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga sem skilaði tillögum sínum um mitt ár 2016. Þetta er brýnt til að bæta kjör öryrkja, einfalda almanna-

- tryggingakerfið gagnvart þessum hópi með sambærilegum hætti og gert hefur verið gagnvart ellilífeyrisþegum, bæta samspilið við lífeyrissjóðina og auka áherslu á starfsgetu og endurhæfingu.
- Bætur almannatrygginga til öryrkja hækka um 4,7% um áramót en framfærsluuppbót sem skerðist krónu á móti krónu hækkar um 16% og hámarksbætur til örorkulífeyrisþega sem búa einir hækkar þannig um 7,1% og verða 300.000. Með þessu eru enn auknar skerðingar á tekjulægstu lífeyrisþegana og munurinn á þeim sem búa einir og með öðrum eykst enn.
 - Ellilífeyrir almannatrygginga hækkar um 4,7% um áramót en heimilisuppbót til þeirra sem búa einir hækkar um tæplega 16% og verða hámarksbætur til þeirra sem búa einir þá 300.000. Sú leið að hækka heimilisuppbót umfram almennar bætur eykur þannig enn muninn á bótum þeirra ellilífeyrisþega sem búa einir og þeirra sem eru í sambúð. Segja má að með þessu séu teknar upp tekjutengingar vegna maka að nýju í breyttu formi.
 - Þá gerir frumvarpið ráð fyrir 1,1 milljarði króna til að hækka frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna í 100.000 krónur á mánuði frá og með næstu áramótum. Þessi breyting gagnast einungis þeim ellilífeyrisþegum sem stunda atvinnu og hafa atvinnutekjur umfram 25.000 kr. á mánuði, en ætla má að um 14% þeirra ellilífeyrisþega sem eiga réttindi í almannatryggingum hafi atvinnutekjur. Breytingin mun skila sér betur til karla en kvenna enda eru þeir fleiri í þessum hóp og með hærri atvinnutekjur. Breytingin bætir hins vegar ekki kjör verst settu lífeyrisþeganna sem einungis hafa bætur almannatrygginga eða lágar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Til að bæta kjör þeirra er skilvirkara að hækka bótafjárhæðir almannatrygginga eða draga úr almennu skerðingarhlutfalli ellilífeyris sem í dag er 45%.
 - Á bls. 178 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2018 er í lista yfir laga-breytingar vegna gjaldahliðar fjárlaga gert ráð fyrir breytingum á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar sem feli í sér hækkun á ellilífeyrisaldri í skrefum í 70 ár næstu 24 árin. Áætlað er að fyrsti áfangi breytinganna taki gildi þann 1. janúar 2018 en frá þeim tíma hækki lífeyrisaldur um tvo mánuði. Í frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2018 (3. mál) er hins vegar ekki að finna áform um slíkar breytingar. ASÍ varar við því að ráðist verði í hækkun lífeyrisaldurs með svo stuttum fyrirvara og án frekari umræðu.
- **Fæðingarorlof:** Fæðingarorlofsgreiðslur verði hækkaðar og fæðingarorlof lengt til samræmis við niðurstöður starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.

- Frumvarpið gerir einungs ráð fyrir að hækka hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði úr 500.000 í 520.000 krónur á mánuði. Ekki er gert ráð fyrir fjármunum til að mæta tillögum starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem lagði til að hámarksbætur hækkuðu í 600.000 krónur og tekjur upp að 300.000 skerðist ekki. Ekki er heldur gert ráð fyrir að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði líkt og starfshópurinn laði til.
- Kaupmáttur hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði er í dag um 40% lægri en á árinu 2007 og yrði hámarksgreiðslan hækkuð í 600.000 krónur yrði kaupmáttur hennar enn um 30% lægri en á árinu 2007. Þá hafa hámarksgreiðslur úr sjóðnum farið úr því að vera ríflega 120% af meðallaunum fullvinnandi launafólks niður í um 66% á árinu 2017.
- **Atvinnuleysistryggingar og Ábyrgðasjóður launa:** Bætur atvinnuleysistrygginga hækki til samræmis við lægstu laun og hámarksábyrgð Ábyrgðasjóðs fylgi launaþróun.
 - Frumvarpið gerir ráð fyrir að bætur atvinnuleysistrygginga hækki um 4,7% og verða fullar atvinnuleysisbætur þá 227.417 krónur á mánuði. Atvinnuleysisbætur eru nú í sögulegu lágmarki sem hlutfall af lágmarkslaunum, eða um 78%, en hlutfallið mun lækka í 76% þar sem lágmarkslaun og bætur almannatrygginga hækka í 300.000 krónur á árinu 2018.
 - Engin áform er að finna í frumvarpinu um hækkun á hámarksgreiðslu úr Ábyrgðasjóði launa sem hefur verið nánast óbreytt frá árinu 2009. Hámarksábyrgð úr sjóðnum nemur nú 385.000 kr. á mánuði og hefur lækkað mikið í hlutfalli við laun á undanfórnum árum og er nú rétt um 50% af meðallaunum á vinnumarkaði en var um 90% á árinu 2009.

ASÍ lítur þá þróun sem orðið hefur á afkomutengdum réttindum launafólks í Fæðingarorlofssjóði, atvinnuleysistryggingum sem og Ábyrgðasjóði launa mjög alvarlegum augum og væntir þess að Alþingi leiðrétti þau nú þegar. Miðstjórn ASÍ ályktaði um málið þann 23. ágúst sl. og segir þar m.a.: „... Alþýðusambandið hefur verið þeirrar skoðunar að aðlaga beri tryggingagjaldið að fjárhagsstöðu vinnumarkaðstengdu sjóðanna, þ.e. atvinnuleysistryggingasjóðs, fæðingarorlofssjóðs og ábyrgðasjóðs launa, að því gefnu að áður en til breytinga á iðgjaldi atvinnulífsins kemur verði að treysta réttindi sjóðsfélaganna.“

- **Sjóðir vinnumarkaðarins verði markaðir tekjustofnar:** Líkt og aðilar vinnumarkaðarins bentu á við breytingu á lögum um opinber fjármál á árinu 2015 er nauðsynlegt að gera breytingu í þá veru

að færa sjóði vinnumarkaðarins sem standa undir fjármögnun tiltekinna réttinda úr A-hluta ríkissjóðs yfir í C-hluta. Þessir sjóðir eru hluti af þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins fjármagnaðir með framlögum sem eru ígildi iðgjalda t.d. atvinnuþryggingagjaldi, gjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, fæðingarorlofsgjaldi, ábyrgðargjaldi vegna tryggingar krafna vegna gjaldþrota vinnuveitenda, gjaldi til starfsendurhæfingarsjóða, markaðsgjaldi og iðgjaldi vegna slysatryggingar sjómanna. Með slíkri breytingu er tryggt að framlög til þessara sjóða renni ekki beint í ríkissjóð heldur séu markaðir tekjustofnar sem fjármagni tiltekin réttindi. Góð staða sjóða vinnumarkaðarins á næsta ári leiðir til þess að umtalsverðir fjármunir munu renna úr þeim til að bæta stöðu ríkissjóðs í stað þess að verða eftir í sjóðunum og búa í haginn þegar vel árar.

- **Framhaldsfræðsla:** Framlög hækki til framhaldsfræðslu og fagháskóli verði tryggður.
 - Í frumvarpinu er kveðið á um hækkun framlaga til framhaldsskóla- og háskólastigsins. ASÍ lýsir yfir mikilli óánægju með að á sama tíma séu framlög til vinnustaðanámssjóðs og framhaldsfræðslu, sem þjóna þeim hópum sem hafa hvað minnsta menntun á vinnumarkaði, lækkuð að raungildi. Þá er ekki gert ráð fyrir neinum frekari fjármunum vegna þróunar fagháskólanáms sem verið hefur í vinnslu undanfarin ár og undrun vekur að verkefnið er fært í hendur háskólanna en ekkert minnst á hlutverk Samráðshóps um fagháskólanám.

Þingsályktunartillaga um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 2. mál

Alþýðusambandið telur framlagningu á langtímastefnumótun í opinberum fjármálum, sem lög um opinber fjármál gera ráð fyrir, mikið framfaraskref og til þess fallna að styrkja hagstjórnina og bæta yfirsýn yfir rekstur hins opinbera. Til þess að fjármálastefnan þjóni tilgangi sínum og veiti nauðsynlegar upplýsingar og aðhald er mikilvægt að framsetning hennar sé skýr og skilmerkileg. ASÍ telur talsvert skorta á til þess að svo sé í fyrirbyggjandi stefnu.

Alvarlegustu annmarkarnir eru eftirfarandi:

- Stefnumörkun fyrir tekjur og útgjöld er ekki að finna í stefnunni.
- Forsendur fyrir skuldaniðurgreiðslu eru óútskýrðar. Tölusett markmið um að öllu óreglulegu og einskiptis fjárstreymi skuli varið til niðurgreiðslu skulda eða lækkunar á ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum hefur verið fellt brott. Áfram er þó fjallað um þetta í greinargerð en við það má ætla að skuldbindingin sé veikt.
- Ekki er gerð grein fyrir því hvernig stefnan uppfylli grunngildin um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi.

- Greinargerðin með stefnunni er mjög almenn og almennt óljóst hvernig stefna nýrrar ríkisstjórnar endurspeglast í fjármálastefnunni.
- Fjármálastefnan byggir á hagspá frá sl. hausti sem tók mið af fjármála-stefnu fyrri ríkisstjórnar.
- Ekki er gerð nein grein fyrir áhrifum af þeirri fráviksspá sem þó er til-greint að hafi verið gerð vegna vinnu við fjármálastefnuna. Sviðsmynda-greiningu vantar því þrátt fyrir að talað sé um aukna óvissu um þróun efnahagslífsins í stefnunni.

Í álitgerð fjármálaráðs um stefnuna koma fram ýmsar ábendingar sem ASÍ tekur undir. Fjármálaráð fer með lögbundið hlutverk og því er ætlað að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunngildum sem kveðið er á um í lögum um opinber fjármál. ASÍ telur það andstætt markmið-um laganna, um góða, styrka og ábyrga hagstjórn, að Alþingi hansi ítrekað ábendingar í umsögnum fjármálaráðs. Mikilvægt er að Alþingi bregðist við ábendingum fjármálaráðs til að stuðla að því að lög um opinber fjármál hafi þau áhrif sem þeim er ætlað.

Alþýðusamband Íslands leggur í mati sínu á stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum áherslu á að hún undirbyggji á hverjum tíma annars vegar hinn efnahagslega stöðugleika sem ver kaupmátt launafólks og hins vegar hinn félagslega stöðugleika sem tryggir velferð og lífskjör. Samspil þessara tveggja þátta er lykilatriði til að skapa grundvöll að sátt og stöðugleika á vinnumarkaði.

ASÍ telur tvísýnt hvort að sú fjármálastefna sem hér er sett fram muni styðja við efnahagslegan og félagslegan stöðugleika á komandi árum sökum þeirra annmarka sem á henni eru. Samkvæmt stefnunni á fyrst og fremst að auka útgjöld með því að draga úr afgangi af ríkisrekstrinum á sama tíma og dregið er úr tekjuöflunaráformum fyrri ríkisstjórnar. Hætt er við áform um að færa ferðaþjónustutengda starfsemi í efra þrep virðisaukaskatts og fyrirhugaðar eru frekari skattalækkanir. Engin áform virðast hins vegar uppi um að styrkja tekjugrunn ríkisins til frambúðar til að standa undir auknum útgjöldum. Ríkisstjórnin ætlar því að draga úr aðhaldi í opinberum fjármálum og getu þeirra til að standa undir útgjöldum til frambúðar. Hætt er við því að ef hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld og við blasir niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna. Einn helsti veikleiki stefnunnar er að í hana vantar greiningu á hagsveifluleiðréttum frumtekjum og frumgjöldum sem veldur því að ekki er hægt að meta aðhaldsstig hennar með fullnægjandi hætti. Þó er ljóst að aðhaldsstigið fer minnkandi og sjálfvirk sveiflujöfnun er veikt. Líkt og fjármálaráð bendir á, vaxa bæði tekjur og gjöld í takt við vöxt í vergri landsframléiðslu.

Mat greiningaraðila á efnahagsþróuninni er samdóma um að toppi hag-

sveiflunnar hafi verið náð en að áfram verði þó góður vöxtur í hagkerfinu á næstu árum og gerir sú þjóðhagsspá sem stefnan byggir á sömuleiðis ráð fyrir því. Áfram er því nauðsynlegt að efnahagsstefna stjórnvalda sé ekki þensluhvetjandi og sé samstillt peningamálastefnu Seðlabankans. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á krónuna eykst.

Í greinargerð þingsályktunarinnar er fjallað um efnahagsleg úrlausnaratriði. Sú umfjöllun er mjög ómarkviss og felur fyrst og fremst í sér staðhæfingar um stöðu mála en lítið er fjallað um áætlanir stjórnvalda til að bregðast við þessum áskorunum og áhrif þeirra á stefnumótun í ríkisfjármálum. ASÍ vill koma nokkrum atriðum á framfæri varðandi þessa umfjöllun.

Vinnumarkaður

Í umfjöllun um vinnumarkað er fjallað um mikilvægi þess að sátt náist um breytt skipulag við gerð kjarasamninga. ASÍ minnir á að forsenda slíkrar sáttar er að ríkisvaldið miði launasetningu ráðamanna og æðstu stjórnenda við gildandi launastefnu og að stefna í opinberum fjármálum styðji við efnahagslegan og félagslega stöðugleika.

Framleiðni og launaþróun

ASÍ lýsir furðu á þeim staðhæfingum sem fram koma í þessum kafla. Minni samkeppnishæfni útflutningsgreina má fyrst og fremst rekja til styrkingar á nafngengi krónunnar síðastliðinn ár en ekki launaþróunar. Þá sýna þær launahækkanir sem verið hafa umfram kjarasamninga á síðustu árum berlega að hlutdeild launafólks í hagvextinum er síst of stór.

Félagsleg velferð og jöfnuður

Í umfjöllun um jöfnuð verður að huga að tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins sem hefur verið veikt á undanförunum árum eins og nýleg skýrsla ASÍ um þróun skattbyrði sýnir. Stefna stjórnvalda í skattamálum hefur í raun unnið gegn áherslu verkalýðshreyfingarinnar á að bæta kjör láglaunafólks sérstaklega. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu með því að styrkja tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins.

Búsetuþróun og húsnæðismarkaður

ASÍ saknar þess að ekki sé fjallað um hvernig mæta eigi húsnæðisvanda vegna hækkunar fasteignaverðs sem og húsnæðisskorts sem við blasir á höfuðborgarsvæðinu og víða á landsbyggðinni. Stjórnvöld ættu að nýta almenna íbúðakerfið til að mæta húsnæðisvanda ungs fólks og lágtekjufólks, sem fyrir liggur að verður verst úti við aðstæður sem þessar. Stofnframlög til almennra íbúða

auka framboð af niðurgreiddu húsnæði og vinna gegn hækkun húsnæðisverðs ólíkt mörgum þeirra aðgerða sem stjórnvöld hafa gripið til í húsnæðismálum á undanförunum árum sem miðað hafa að því að ýta undir eftirspurn og verðhækkanir. Umtalsverð fjölgun almennra íbúða er skynsamleg efnahagsstjórn og brýnt velferðarmál. ASÍ telur þörfina að lágmarki 1.000 íbúðir á ári næstu fimm árin.

Lýðfræðilegar breytingar

Eitt af þeim efnahagslegu úrlausnarefnum sem rætt er um í stefnunni að muni íþyngja fjármálum hins opinbera til framtíðar eru fyrirséðar breytingar á aldursamsetningu þjóðarinnar þegar hægir á fólksfjölgun samhliða því sem árgangar eldri kynslóða verða sífellt stærri hluti mannfjöldans. Í því samhengi má nefna að skynsamleg langtímasýn í efnahagsmálum fæli í sér að nýta þau hagstjórnartæki sem geta haft jákvæð áhrif á aldursamsetninguna til framtíðar, svo sem barnabætur, fæðingarorlof og húsnæðiskerfi sem þjónar ungu fólki.

Þingsályktunartillaga um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun), 9. mál

Með tillögunni er lagt til að skipaður verði starfshópur sem kortleggi leiðir til að tryggja öllum borgurum landsins skilyrðislausu grunnframfærslu með það að markmiði að styrkja efnahagsleg og félagsleg réttindi fólks og stuðla að jöfnum tækifærum.

ASÍ hefur í rúmlega 100 ára sögu sinni barist fyrir rétti fólks til mannsæm- andi framfærslu og almennra lífsgæða. Verkalýðshreyfingin leggur áherslu á hækkun lægstu launa og umbætur í réttinda- og tryggingakerfum landsmanna. Krafa okkar er að allir geti lifað af launum sínum og sé tryggð framfærsla vegna atvinnuleysis, barnsfæðinga, aldurs, fötlunar, sjúkdóma og slysa.

ASÍ stendur vörð um þau framfærslu- og réttindakerfi sem til staðar eru. Stjórnvöld þurfa að tryggja að nægilegu fé sé veitt til þeirra svo að enginn þurfi að búa við fátækt. Brýnustu verkefni stjórnvalda eru að gera umbætur á þessum kerfum. Sérstaklega er vakin athygli á skattkerfinu, almanna- tryggingakerfinu og vinnumarkaðstengdum réttindum.

Stjórnvöld verða að gera umbætur á skattkerfinu til að draga úr skattbyrði þeirra tekjulægri með hækkun persónuafsláttar og með því að draga úr eignatengingum vaxtabóta og tekjutengingum barnabóta. Gott yfirlit yfir gríðarlega skattbyrðisaukningu lágtekjufólks er að finna í skýrslu ASÍ, „Skattbyrði launa- fólks 1998-2016“, sem gefin var út í ágúst 2017.

Mikið skortir á að vinnumarkaðstengdu réttindin hafi verið endurreist í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Tryggja þarf að atvinnuleysistryggingar

fylgi launaþróun og hækka verður launatengdu réttindin til jafns við grunnréttindin. Einnig verða réttindi í Ábyrgðasjóði launa að fylgja launaþróun. ASÍ hefur ítrekað gagnrýnt þá lífskjaraskerðingu sem ungbarnafjölskyldur hafa mátt þola á síðustu árum vegna mikillar kaupmáttarrýrnunar fæðingarorlofs. ASÍ telur brýnt að hækka nú þegar hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði í 645.000 krónur á mánuði og lítur það alvarlegum augum að ekki eigi að fara að tillögum starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem lagði til að tekjur upp að 300.000 krónum á mánuði skerðist ekki og að fæðingarorlof verði lengt úr 9 mánuðum í 12 í áföngum.

Mikilvægar umbætur voru gerðar á ellilífeyrirluta almannatrygginga árið 2017 en mikilvægt er að draga úr tekjutengingum í kerfinu. Fara verður strax í endurskoðun á örorkulífeyrirlutanum en örorkulífeyrisþegar búa við óviðunandi kerfi með krónu á móti krónu skerðingum. Þá brýnir ASÍ stjórnvöld til að auka réttindi þeirra lífeyrisþega sem búa með öðrum en réttindi þeirra hafa verið skert hlutfallslega miðað við þá sem búa einir á síðustu árum.

Kjör og lífsgæði ráðast ekki síður af þeirri almannajónustu sem stjórnvöld veita og kostnaði fólks við hana. ASÍ hefur ávallt lagt ríka áherslu á húsnæðismál. Almenna íbúðakerfið, sem veita á lágtekjufólki aðgang að leiguhúsnæði á viðunandi verði, hefði ekki orðið að veruleika nema fyrir áralanga baráttu og staðfestu verkalýðshreyfingarinnar. Meginverkefni stjórnvalda á næstu árum er að veita auknu fé til stofnstyrkja almennra íbúða og fjölga þeim til samræmis við þörf. Einnig þarf að tryggja að húsnæðisbætur fylgi leiguverði. Húsnæðisöryggi er grundvöllur fyrir mannsæmandi líf.

Kostnaður sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu er allt of hár. Ísland sker sig úr í samanburði við hin Norðurlöndin í því hversu margir þurfa að fresta nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Nýtt greiðsluþáttökukerfi auðveldar stjórnvöldum að lækka kostnað landsmanna við að leita sér þjónustu innan heilbrigðiskerfisins en til þess þarf að veita auknum fjármunum inn í kerfið.

Íslenska velferðarkerfinu er ætlað að mæta mismunandi þörfum fólks með tilliti til framfærslubyrði, stöðu á vinnumarkaði, heilsu og aldurs auk ýmissa annarra þarfa. Til að það nái markmiðum sínum um efnahagslegt og félagslegt öryggi fólks og jöfnuð hvetur ASÍ Alþingi til að standa vörð um velferðarkerfið og tryggja virkni þess og fjármögnun.

Vaxandi áhuga gætir á skilyrðislausri grunnframfærslu til að takast á við aukinn tekju- og eignaójöfnuð, mögulegar breytingar á eðli starfa vegna tæknibreytinga og til að auka frelsi fólks til athafna. ASÍ telur mikilvægt að taka þátt í þessari umræðu og hélt ráðstefnu um borgaralaun í byrjun mánaðarins. Umræðan um borgaralaun er áhugaverð því hún varpar nýju ljósi á áskoranir samtímans. ASÍ varar þó við hugmyndinni um að ríkissjóður fjármagni

grunnframfærslu allra landsmanna enda væri það gríðarlega kostnaðarsamt og myndi að öllum líkindum auka ójöfnuð og draga verulega úr getu hins opinbera til að veita almannaþjónustu og tryggja mannsæmandi framfærslu þeirra hópa sem þurfa að reiða sig á framfærslukerfi hins opinbera.

Hins vegar eru til margar útfærslur á borgaralaunum og ASÍ setur sig ekki upp á móti því að sérstök nefnd verði skipuð til að afla frekari þekkingar og meta hvort tilefni sé til tilraunaverkefna um borgaralaun.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 12. mál

Í frumvarpinu er lagt til að þær upplýsingar sem vistaðar eru í ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá og í dag eru aðgengilegar gegn gjaldi verði opnar almenníngi með rafrænum hætti án gjaldtöku. Alþýðusambandið telur mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki hafi hindrunarlausan aðgang að þeim upplýsingum sem þessar skrár hafa að geyma og tekur undir þau sjónarmið sem að baki frumvarpinu liggja.

Þingsályktunartillaga um rafræn fasteignaviðskipti og ástandsskýrslur fasteigna, 13. mál

Alþýðusamband Íslands er sammála markmiði tillögunnar og fagnar því að fram sé komin tillaga sem gæti bætt réttarstöðu fasteignakaupenda og aukið vissu og öryggi í þeim efnunum.

Ljóst er að frumvarpsvinna á grundvelli þingsályktunarinnar ef samþykkt verður má ætla að verði töluverð og hvað varðar einstök atriði þingsályktunarinnar og sem innlegg inn í mögulega frekari vinnu, er afstaða Alþýðusambandsins eftirfarandi:

- Æskilegt væri að ástandsskýrsla væri stöðluð og skilgreindir sérstaklega þeir áhættuþættir sem þyrfti að skoða. Með áhættuþáttum er þá átt við þá algengustu leyndu galla sem gjarnan koma upp í fasteignum.
- Hvað b-liðinn varðar vísast jafnframt í ofangreint um sérstaklega skilgreinda áhættuþætti. Ella gæti verið hætta á því að ferlið verði of þungt og jafnvel kostnaðarsamt sem aftur gæti skilað sér út í verðlag. Hvað a- og b-liðina varðar má jafnframt taka undir þau sjónarmið sem æskilegt væri að skoða og koma fram í umsögn Íbúðalánasjóðs.
- Mjög góð hugmynd sem Alþýðusambandið styður.
- Alþýðusamband Íslands styður allar aðgerðir sem greiða fyrir því að lögskipti geti í auknum mæli átt sér stað með rafrænum hætti enda sé fyllsta öryggis gætt.

Frumvarp til laga um þingfara kaup alþingismanna og þingfarakostnað (leyfi frá opinberu starfi og starf með þingmennsku), 19. mál

Í greinargerð með því ákvæði sem lagt er til að fellt verði niður segir að reglan hafi verið tekin upp af sanngirnissástæðum. Vera kann að rök geti hnið til þess, að þeir einstaklingar sem leggja vilja fyrir sig þingmennsku geti snúið til fyrri starfa sinna enda ekki á vísan að róa með starf falli þeir af þingi. Sú áhætta er hins vegar ekki bundin við starfsmenn í opinberum störfum og reglan felur því í sér bæði ólögmetta og ósanngjarna mismunun.

Alþýðusamband Íslands styður því samþykkt þessa frumvarps nema Alþingi ákveði að víkka svið gildandi ákvæðis þannig að það taki til allra sem fara úr launuðu starfi í þingmennsku.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (samningar um heilbrigðisþjónustu), 25. mál

Alþýðusamband Íslands styður að 40. gr. laga um sjúkratryggingar 112/2008 verði breytt eins og lagt er til með frumvarpinu. Almennt hefur rekstur heilbrigðisstofnana og heilsugæslunnar verið í rekstri hins opinbera hér á landi og sátt ríkt um það fyrirkomulag. Ef semja á við einkaaðila um rekstur þessara stofnana er mikilvægt að það verði ekki gert nema að undangenginni samþykkt Alþingis enda féla slíkir samningar í sér stefnumarkandi breytingar fyrir rekstur heilbrigðisþjónustu.

ASÍ styður einnig að kveðið verði á um ráðstöfun hagnaðar í samningum um heilbrigðisþjónustu og að arðgreiðslur verði bannaðar. Slík breyting er í samræmi við ályktun 42. þings ASÍ 2016 um heilbrigðismál. Þar segir m.a. „42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðisferfinu og telur siðlaust að ráðstafa fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála, til arðgreiðslna.“

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins en umsögn þessi lýtur að athugasemdum um réttindi og stöðu þeirra sem starfa við að veita notendastýrða persónulega þjónustu. Auk þess er gerð tillaga að breytingu á hugtakanotkun í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

I. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað komið á framfæri sjónarmiði sínu um mikilvægi þess að samtök launafólks hefðu aðkomu að undirbúningi laga-setningar um málefni fatlaðs fólks hvað varðar lögfestingu notendastýrðrar

persónulegrar aðstoðar sem þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk og innleiðingu hennar. Þetta sjónarmið hefur verið sett fram í samtölum við starfsmenn velferðarráðuneytisins sem unnið hafa að þessum málum og í umsögn ASÍ við frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál á 144. þingi, í febrúar 2015. Þá var þetta sjónarmið ítrekað í umsögn við frumvarp sambærilegt þessu, mál 438 á 146. þingi, í maí 2017. Ástæðan fyrir þessari afstöðu Alþýðusambandsins er m.a. sú að málið varðar kjör þeirra sem starfa við þessa þjónustu, aðbúnaðarmál þeirra og ýmsa þætti aðra. Í því sambandi hefur Alþýðusambandið m.a. bent á eftirfarandi:

Það er grundvallaratriði að fjármögnun verkefnisins sé með þeim hætti að uppfyllt sé skilyrði um laun og önnur starfskjör skv. kjarasamningum. Af hálfu ASÍ hafa verið settar fram efasemdir um að fjárframlög til verkefnisins á undangengnum árum stæðu undir eðlilegum starfsmannakostnaði. Mikilvægt er að úr því verði skorið með ótvíræðum hætti og þá bætt úr ef niðurstaðan gefur tilefni til.

Þá eru fjölmargir þættir sem lúta sérstaklega að ráðningarsambandi, réttindum og skyldum starfsmanna sem þarfnast skoðunar og úrlausnar. Þeir helstu eru:

1. Ráðningarsambandið

Mikilvægt að ráðningarsambandið sé á milli starfsmanns og tiltekins lögaðila sem hefur viðurkenningu ráðuneytisins og að ráðningin byggji á viðurkenndum kjarasamningi.

2. Vinnuverndar- og aðbúnaðarmál

Auk þeirra atriða sem lúta sérstaklega að vinnutímamálum og hvíldartíma eru ýmsir aðrir þættir á sviði vinnuverndar og aðbúnaðarmála starfsmanna sem taka þarf á og móta reglur um, s.s. vinnuáðstæður og aðbúnaður almennt (húsnæði og hjálpartæki/léttitæki) og skilgreining á „umönnunarþunga“.

3. Siðferðileg álitamál

Móta þarf skýrar reglur um það hvað starfsmanni ber að gera og hvað er utan hans starfssviðs og honum ber ekki að gera/getur hafnað. Þegar hafa komið upp ýmis álitafæni í þessu samhengi sem mikilvægt er að taka á með afdráttarlausum hætti. Sérstaklega þarf að móta skýrar samskipta-reglur á milli þess sem þjónustuna veitir og þess sem nýtur þjónustunnar.

4. Fræðslumál – námskeið

Nauðsynlegt er að útbúa vandað kynningar- og fræðsluefni um NPA fyrir:

- Starfsfólk
- Þá sem njóta þjónustunnar
- Fulltrúa sveitarfélaganna

Leggja ber áherslu á að starfsmaðurinn og sá sem nýtur þjónustunnar fái sömu upplýsingar og sömu skilaboð. Töluverð vinna hefur farið fram í kjölfar kjarasamninga NPA-miðstöðvarinnar og Flóabandalagsins/SGS um fræðsluleiðir. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að á Norðurlöndunum þar sem þjónustan hefur gefist best er lögð mikil áhersla á fræðslumál.

Hvað varðar framangreinda þætti og fleira sem varða sérstaklega hagsmuni starfsmanna, réttindi og skyldur hefur Alþýðusambandið lagt ríka áherslu á að skoðuð verði framkvæmd NPA á hinum Norðurlöndunum, þar sem fyrir hendi er reynsla af slíku fyrirkomulagi, og hvað megi læra af því.

II. *Breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir*

Í 42. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

Í 2. tölulið eru lagðar til breytingar á hugtakanotkun varðandi skipulag vinnumarkaðsúrræða Vinnumálastofnunar þar sem lagt er til að hugtakið „starfsendurhæfing“ komi í stað hugtaksins „atvinnutengd endurhæfing“. Í greinargerð með 42. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur breytingu á hugtakanotkun vegna hættu á að hugtakinu verði ruglað saman við hugtakið „atvinnutengd starfsendurhæfing“ sem veitt er samkvæmt lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Starfsendurhæfingarsjóðir annast atvinnutengda starfsendurhæfingu og er einn starfsendurhæfingarsjóður starfandi í dag, VIRK starfsendurhæfingarsjóður.“

Það er skoðun Alþýðusambandsins að þrátt fyrir góðan vilja sé framangreind breyting ekki til þess fallin að skýra málið eða gera það einfaldara. Alþýðusambandið telur að betur fari á því að hugtakið „starfshæfing“ komi í stað hugtaksins „atvinnutengd endurhæfing“ í núgildandi lögum til að forðast að hugtökum sé ruglað saman. Eitt af hlutverkum Vinnumálastofnunar er að aðstoða einstaklinga til þátttöku á vinnumarkaði þrátt fyrir varanlega skerta starfsgetu og því er ekki um eiginlega „starfsendurhæfingu“ að ræða heldur „starfshæfingu“. Sú „endurhæfing“ og „starfsendurhæfing“ sem heilbrigðiskerfið og VIRK sinna lýtur að því að auka og endurheimta getu og hæfni einstaklinga sem þeir hafa misst, t.d. vegna sjúköma eða slysa.

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál (seinni hluti)

Alþýðusamband Íslands veitti umsögn um ofangreint mál þann 11. janúar sl. Með þessari umsögn viljum við koma á framfæri frekari athugasemdum sem lúta að 10 gr. frumvarpsins um notendasamninga.

Í fyrri umsögn ASÍ um málið (undir lið 1. Notendastýrð persónuleg aðstoð)

eru viðráðar efasemdir um að fjármögnun verkefnisins sé með þeim hætti að uppfyllt séu skilyrði um laun og önnur starfskjör skv. kjarasamningum. Auk þess er bent á að skoða þurfi betur og finna lausnir á ráðningarsambandi, vinnuverndar- og aðbúnaðarmálum, siðferðilegum álitamálum og fræðslumálum.

ASÍ telur rétt að árétta að ofangreindir þættir sem þarfnast skoðunar og úrlausnar, gilda hvort heldur um starfsmenn sem vinna samkvæmt notendasmunungi (beingreiðslusamningi) eða notendastýrri persónulegri aðstoð.

Í því sambandi er vakin athygli á að á samningssviði ASÍ hafa einungis verið gerðir kjarasamningar við NPA miðstöð og SM starfsmannamiðlun. Undanþágur til sólarhringsvakta eru t.a.m. einungis heimilar að undangengnu slíku samkomulagi, samanber lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgararétt) 35. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (frítekjumark vegna atvinnutekna við útreikning tekjutryggingar), 38. mál

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga almannatryggingar er varða réttindi örorkulífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og draga úr óvissu til framtíðar.

Í því samhengi leggur ASÍ áherslu á að slík breyting verði gerð með í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga frá árinu 2016. Ný nálgun í mati á starfsgetu og heildarendurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart öryrkjum er löngu tímabær og þarf að ráðast í nú þegar.

Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur nýverið óskað eftir tilnefningum í nýjan starfshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu sem ætlað er að gera tillögur að nýju greiðslukerfi sem styðji við þegar fram komnar tillögur um mótun og innleiðingu starfsgetumats. ASÍ hefur skipað sameiginlegan fulltrúa í hópinn ásamt BSRB, BHM og KÍ en í honum eiga sæti, auk fulltrúa frá ÖBÍ og Þroskahjálp, fulltrúar þingflokka á Alþingi og einn sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda. ASÍ væntir þess að starf hópsins muni leiða til þess að unnt verði að gera nauðsynlegar breytingar hvað þessa þætti varðar sem allra fyrst.

Breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum (afnám sérstakrar uppþótar til framfærslu), 39. mál

ASÍ tekur undir mikilvægi þess að gera breytingar á ákvæðum laga almannatryggingar er varða réttindi örorkulífeyrisþega svo bæta megi kjör þess hóps og koma í veg fyrir „krónu á móti krónu“ skerðingar sem eru með öllu óásættanlegar.

Í því samhengi leggur ASÍ áherslu á að slík breyting verði gerð með í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga frá árinu 2016. Ný nálgun í mati á starfsgetu og heildarendurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart öryrkjum er löngu tímabær og þarf að ráðast í nú þegar.

Félags- og jafnréttismálaráðherra hefur nýverið óskað eftir tilnefningum í nýjan starfshóp um breytt framfærslukerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu sem ætlað er að gera tillögur að nýju greiðslukerfi sem styðji við þegar fram komnar tillögur um mótun og innleiðingu starfsgetumats. ASÍ hefur skipað sameiginlegan fulltrúa í hópinn ásamt BSRB, BHM og KÍ en í honum eiga sæti, auk fulltrúa frá ÖBÍ og Þroskahjálp, fulltrúar þingflokka á Alþingi og einn sameiginlegur fulltrúi samtaka atvinnurekenda. ASÍ væntir þess að starf hópsins muni leiða til þess að unnt verði að gera nauðsynlegar breytingar hvað þessa þætti varðar sem allra fyrst.

Þingsályktunartillaga um byggingu 5.000 leiguíbúða, 43. mál

Alþýðusambandið hefur á undanförunum árum ítrekað bent á þann mikla vanda sem stöðjar að á húsnæðismarkaði og nauðsyn þess að móta heildstæða langtímastefnu í húsnæðismálum sem eru eitt helsta lífskjara- og velferðarmál launafólks. ASÍ hefur í því sambandi lagt megináherslu á uppbyggingu og fjármögnun á félagslegu húsnæðiskerfi með aðkomu ríkis og sveitarfélaga sem tryggir tekjulægri heimilum og ungu fólki viðráðanlegan húsnæðiskostnað og húsnæðisöryggi. Í kjölfar lokunar verkamannabústaðakerfisins undir lok 10. áratugarins hefur sívaxandi fjöldi fólks í þessum hópum verið utangarðs á húsnæðismarkaði og búið við viðvarandi óöryggi í húsnæðismálum og húsnæðiskostnað sem er svo hátt hlutfall tekna að af hlýst verulegur fjárhagslegur og félagslegur vandi.

Alþýðusambandið lagð því ríka kröfu á aðkomu stjórnvalda að uppbyggingu á nýju húsnæðiskerfi fyrir þennan hóp í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð samninganna var m.a. lagður grunnur að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi með aðkomu ríkis og sveitarfélaga og fjármögnun á stofnframlögum til byggingar

á 2.300 nýjum íbúðum innan þess á samningstímanum. Í kjölfarið voru sett lög um almennar íbúðir sem eru grundvöllur uppbyggingar leigufélaga án hagnaðarsjónarmiða („non profit“) fyrir fólk í tveimur lægstu tekjufimmtungunum. Leigukerfið er m.a. fjármagnað með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögum sem jafngilda 30% af stofnkostnaði íbúðanna.

Alþýðusamband Íslands mat þörfina fyrir uppbyggingu í hinu nýja kerfi að lágmarki um 1.000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin en ríkisstjórnin var ekki tilbúin til að mæta þeirri kröfu og niðurstaðan varð loford um stofnframlög til bygginga á 2.300 íbúðum á fjórum árum. Mat ASÍ er enn að þörf sé á hraðari uppbyggingu húsnæðis í almanna íbúðakerfinu og hefur ítrekað lagt til að stjórnvöld auki enn frekar framlög til þess verkefnis til að mæta vanda á húsnæðismarkaði.

Þingsályktunartillaga um greiðsluþátttöku sjúklinga, 44. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um greiðsluþátttöku sjúklinga, gjaldfrjálsa heilsugæslu og lægri hlutdeild lífeyrisþega í kostnaði við tannlækningar.

ASÍ hefur áður veitt umsögn um sambærilega tillögu sem flutt var á 146. löggjafarþingi (49. mál) og ítrekar hér með afstöðu sína til málsins.

Hámarksgreiðslur sjúkratryggðra fyrir lækniþjónustu verði 35.000 kr. á ári
ASÍ hefur á liðnum árum ítrekað fjallað og ályktað um nauðsyn þess að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu. Sérstök áhersla var lögð á það af hálfu ASÍ í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnu- markaði í maí 2015 að dregið yrði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga og var yfirlýsing þess efnis hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem samþykktar voru í tengslum við samningana. Á 145. löggjafarþingi voru samþykktar breytingar á lögum um sjúkratryggingar. ASÍ studdi markmið þeirra breytinga en gerði alvarlegar athugasemdir við að kostnaðarþakið fyrir almenna notendur ætti að verða 95.200 kr. á ári. Drög að reglugerð þess efnis fylgdu frumvarpinu. Í nefndaráli velferðarnefndar á þingskjali 1433–676. mál kemur fram að heilbrigðisráðherra hefði á fundi nefndarinnar greint frá áformum um „... að greiðsluþátttaka sjúklinga verði minni en ráðgert var í fyrrnefndum drögum að reglugerð. Endanlegar tölur ráðast af fjárlögum næsta árs en miðað er við að almennar hámarksgreiðslur sjúkratryggðra verði ekki hærra en 50.000 kr. á ári.“ Breytingarnar áttu að taka gildi 1. febrúar 2017. Þessa afgreiðslu taldi ASÍ ásættanlega.

Ráðherra óskaði síðan eftir umsögnum um endurskoðuð reglugerðardrög í desember 2016. Í umsögn sinni gerði ASÍ athugasemdir við að ekki ætti að lækka kostnaðarþakið í 50.000 kr. á ári eins og ráðherra hafði gefið fyrirheit

um heldur 69.700 kr. Í umsögn ASÍ til velferðarráðuneytisins um reglugerðina frá 15. desember 2016 segir m.a.: „Alþýðusambandið áréttar fyrri áherslur sínar um nauðsyn þess að lækka kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni og að staðið verði við fyrirheit um að hámarksgreiðsla almennra notenda verði ekki hærrí en 50.000 krónur á ári, þ.e. að hámarksgreiðsla sjúkratrygðs almennt í almanaksmánuði skv. 3. gr. reglugerðarinnar verði ekki hærrí en 17.600 krónur. Þar af leiðir að hámarksgreiðsla aldraðra, öryrkja og barna verði að hámarki um 11.700 krónur í almanaksmánuði.“

Gildistöku á nýja greiðsluþátttökukerfinu var frestað til 1. maí 2017 og var niðurstaðan sú að við gildistöku kerfisins var kostnaðarþakið 69.700 krónur á ári fyrir almenna sjúklinga og 46.463 fyrir aldraða, öryrkja og börn. Þessu mótmælti ASÍ harðlega með vísan til loforða heilbrigðisráðherra um að miðað yrði við að almennt greiðsluþak yrði ekki hærrí en 50.000 krónur á ári við gildistöku nýs kerfis.

Í töflunni hér að neðan má sjá dæmi um áhrif breytinganna á kostnaðarþátttöku almennra sjúklinga, lífeyrisþega og barna hjá sérfræðilæknum í kjölfar gildistöku á nýju kerfi þann 1. maí 2017.

Dæmi um kostnað vegna komu til sérfræðilækna áður en þaki er náð

Hjartalæknir

	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun - fjöldi eininga	21	21	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	8.022	8.169	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	6.629	7.352	10,9%
Aldraðir II og öryrkjar	2.889	4.901	69,7%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 4.901	451%

Háls- nef og eyrnalæknir

	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun vegna heyrnar - fjöldi eininga	28	28	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	10.696	10.892	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	7.698	9.803	27,3%
Aldraðir II og öryrkjar	3.282	6.535	99,1%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 6.535	634%

Kvennsjúkdómalæknir

	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun - fjöldi eininga	18	18	
Órmskoðun - fjöldi eininga	17	17	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	13.370	13.615	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	8.768	12.254	39,8%
Aldraðir II og öryrkjar	3.602	8.169	126,8%

Fyrir lá að hækkunin er gríðarleg hjá lífeyrisþegum og umtalsverð hjá almennum sjúklingum. Þjónustan verður hins vegar gjaldfrjáls fyrir börn með tilvísun frá heimilislækni en hækkunin hjá þeim gat orðið meiri en 600% ef þjónusta er sótt án tilvísunar.

Til viðbótar við þetta hækkuðu stjórnvöld þann 1. mars sl. greiðslupakið um 2% auk þess sem komugjöld á sjúkrahús voru hækkuð um 2,3-3,2%. Þá hækkaði einingarverð til sjálfstætt starfandi sérfræðilækna um tæp 5% um sl. áramót. Í stað þess að lækka greiðslupátttökuna í samræmi við það loforð sem gefið var við setningu laga um nýtt greiðslupátttökukerfi hefur hún því þvert á móti farið hækkandi.

Í dag er greiðslupátttaka allra sjúklinga of mikil í heilbrigðiskerfinu og við hana bætast t.d. lyf, sálfræðiþjónusta, hjálpartæki og ferðakostnaður. ASÍ leggur því áherslu á að staðið verði við fyrirheit um 50.000 kr. þak almennra sjúklinga og telur tillögu um að gengið verði enn lengra og að þakið verði 35.000 kr. mjög til bóta. ASÍ áréttar stuðning sinn við kerfisbreytinguna í greiðslupátttökukerfinu en telur núverandi greiðslupak, sem er ríflega 71.000 krónur á ári fyrir almenna sjúklinga, of hátt og að gengið hafi verið allt of langt í að fjármagna breytinguna með tilfærslu á kostnaði á milli sjúklingahópa. Einnig er mikilvægt að styrkja heilsugæsluna enn frekar svo tilvísanakerfi sem innleitt hefur verið fyrir börn verði skilvirkt. Að öðrum kosti er verið að mismuna börnum eftir aðgengi þeirra að heimilislækni og skapa hættu á því að fjárhagur foreldra ráði aðgengi barna að nauðsynlegri lækniþjónustu.

Gjaldfrjáls heilsugæsla

Í þingsályktuninni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að kveða á um það í reglugerð að ekki skuli taka gjald af sjúkratryggðum fyrir heilsugæslu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Í 3. gr. laganna segir:

- Ráðherra markar stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laga þessara. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangs röðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.
- Við skipulag heilbrigðisþjónustu skal stefnt að því að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga.

ASÍ tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar og telur þessa breytingu til þess fallna að efla heilsugæsluna sem fyrsta þjónustustigið og stuðla að því að færri fresti lækniheimsóknum vegna kostnaðar.

Dregið verði úr kostnaðarhlutdeild aldraðra og öryrkja við tannlækningar
Alþýðusamband Íslands tekur sömuleiðis undir mikilvægi þess að endurskoða gjaldskrá vegna almennra tannlækninga fyrir lífeyrisþega. Í svari þáverandi heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um kostnað vegna tannlækninga örorkulífeyrisþega á 144. löggjafarþingi, þingskjal 1286–714. mál kemur fram að viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands hafi einungis hækkað einu sinni á tímabilinu frá 2003 til 2015. Hækkunin nemur 5,9% á tímabilinu en hefði þurft að hækka um 90,4% til að halda í við verðlag. Sama gjaldskrá gildir fyrir ellilífeyrisþega. Af þessu er ljóst að hlutdeild lífeyrisþega í tannlækna­kostnaði hefur hækkað verulega sl. 15 ár. Þann 1. janúar 2017 voru gerðar breytingar á greiðsluþátttöku­ni með breytingu á reglugerð nr. 451/2013 en viðmiðunargjaldskrá SÍ er óbreytt. Samkvæmt reglugerðinni áttu lífeyrisþegar með tekjutryggingu almannatrygginga rétt á 75% endurgreiðslu en þeir sem ekki eiga rétt á tekjutryggingu 50% endurgreiðslu. Með reglugerðarbreytingunni verður kostnaðarþátttökan samkvæmt viðmiðunargjaldskrá 75% fyrir allfesta lífeyrisþega. Rétt er að geta þess að þessi breyting er óveruleg og helst í hendur við breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu sem tók gildi frá sama tíma. Greiðsluþátttaka ríkisins í tannlækna­kostnaði jókst einungis fyrir 14% ellilífeyrisþega og 3% örorkulífeyrisþega samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir árið 2015. Allflestir lífeyrisþegar sitja uppi með sama kostnað eftir breytinguna.

Úr skýrslu hagdeildar ASÍ um greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustu – mars 2016:

Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðkönnun hjá 25 tannlæknum á höfuðborgarsvæðinu í upphafi árs 2016 og bar saman verðskrár þeirra við gildandi viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga. Niðurstaðan var sú að gjaldskrár tannlækna voru í flestum tilvikum að meðaltali 150-200% hærri en viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga. Þegar skoðaður er munur á lágsta verði tannlækna í könnuninni samanborið við viðmiðunargjaldskrána nemur sá munur í flestum tilvikum 50-100%. Af þessu er ljóst að þrátt fyrir að sjúklingar leiti ódýrustu tannlæknaþjónustu á markaði er munurinn á þeirri gjaldskrá sem Sjúkratryggingar miða endurgreiðslur sínar við og raunverulegri gjaldtöku tannlækna á markaði verulegur og endurgreiðslur til aldraðra og öryrkja því í reynd hlutfallslega mun lægri en reglur Sjúkratrygginga segja til um.

Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 500 milljóna króna framlagi til uppfærslu á gjaldskrá Sjúkratrygginga vegna endurgreiðslna á tannlækna­kostnaði aldraðra og öryrkja. Ekki lá fyrir greining á því hversu mikilli

hækkun sú fjárhæð mundi skila og enn hefur engin breyting verið gerð á viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga frá árinu 2014.

Þingsályktunartillaga um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta, 50. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem óskað er eftir viðræðum við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga undir leiðsögn fulltrúa fjármála- og efnahagsráðherra þar sem að aðilar fari í sérstakt átak, þjóðarsátt, um bætt launakjör kvennastétta.

Kynbundinn launamunur er veruleiki á íslenskum vinnumarkaði. Kynbundinn launamunur er með öllu óásættanlegur og hefur ASÍ sem ein fjölmennustu samtök launafólks hér á landi lagt áherslu á að uppræta beri með öllum tiltækum ráðum það misrétti sem felst í kynbundnum launamun.

Það er staðreynd að eitt einkenni íslensks vinnumarkaðar er að hann er mjög kynskiptur og er fjölmennar kvennastéttir helst að finna innan opinberrar þjónustu, s.s. á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu og innan menntastofnana, stórir hópar þeirra eru innan aðildarfélaga ASÍ. Þegar vinna á gegn kynbundnum launamun er mikilvægt að nálgast allar kvennastéttir sem búa við þetta óréttlæti, ekki síst lágtekjuhópa innan heilbrigðis-, öldrunar- og félagsþjónustu sem og á sviði skóla- og frístundastarfs.

ASÍ telur einnig nauðsynlegt að auka tækifæri þessara hópa til að fá hæfni sína og reynslu viðurkennda og sækja sér frekari menntun til að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Til að svo megi verða þarf að stórauка fjármagn til framhaldsfræðslunnar.

Þingsályktunartillaga um dánaraðstoð, 91. mál

Alþýðusamband Íslands hefur ekki mótað sérstaka stefnu varðandi dánaraðstoð. Tillagan miðar að gagnaöflun til þess að fram geti farið upplýst og opin umræða um þetta viðkvæma mál og það er stutt. ASÍ vill vekja athygli á, að nauðsynlegt er við skoðun þessa málefnis, að huga að réttarstöðu og velferð þess launafólks sem með einum eða öðrum hætti verða þátttakendur í eða áhorfendur að dánaraðstoð. Jafnframt þarf að hafa í huga að dánaraðstoð getur haft áhrif á sálrænt vinnumhverfi allra þeirra stétta sem að umönnun sjúkra og þjónustu koma.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lengingu fæðingarorlofs), 98. mál

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að fæðingarorlof verði lengt úr níu mánuðum í tólf, þar sem að sjálfstæður réttur hvers foreldris verði fimm mánuðir og að sameiginlegur réttur foreldra verði tveir mánuðir.

ASÍ vísar í skýrslu starfshóps um mótnun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skilaði af sér tillögum í mars 2016 til þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra. Sambandið átti fulltrúa í þeim hópi þar sem tillaga var um ofangreind markmið, þ.e. lengingu fæðingarorlofs og skiptingu milli foreldra.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof frá árinu 2000 með síðari breytingum, hafa annars vegar að markmiði að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

ASÍ leggur ríka áherslu á að þær tillögur sem fram koma í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum nái fram að ganga. Á þetta bæði við um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra.

ASÍ telur mikilvægt að árétta þá afstöðu sína, að sambandið er alfaríð á móti því að lækkun almenns tryggingargjalds komi niður á hlutdeild Fæðingarorlofssjóðs af tryggingargjaldinu. Endurreisn fæðingarorlofskerfisins og frekari framþróun þess verður hér að hafa forgang.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 160/2008 um endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa barna, 105. mál

Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins um að auka greiðsluþátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Hins vegar er sú tilboðsleið sem lögð er til í frumvarpinu ófullkomin þar sem hún er ekki skuldbindandi fyrir söluaðila. Vænlegast væri að auka frekar greiðsluþátttöku í kostnaði við gleraugu barna með því að uppfæra fjárhæðir í reglugerð nr. 1155/2005. Reglugerðin hefur ekki verið uppfærð sl. 13 ár og því hefur hlutfallsleg greiðsluþátttaka sjúkratrygginga lækkað umtalsvert. Samkvæmt óformlegri könnun ASÍ virðist sem greiðsluþátttaka sé aðeins á bilinu 20–40%, og eingöngu vegna sjónglerja.

Í 1. grein frumvarpsins er lagt til að Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu verði falið með lögum að sjá um umsýslu vegna þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugnakaup barna. ASÍ telur það ekki samrýmast hlutverki stofnunarinnar og telur eðlilegra að Sjúkratryggingum Íslands verði falið það hlutverk.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (skattleysi uppóta á lífeyri), 108. mál

Í frumvarpinu er lagt til að uppót á lífeyri almannatrygginga vegna kostnaðar sem ekki fæst greiddur eða bættur með öðrum hætti, til lífeyrisþega sem ekki getur framfleytt sér án hennar, verði undanþegin skattskyldu.

Alþýðusamband Íslands styður heilshugar markmið frumvarpsins um að bæta kjör verst stöddu lífeyrisþeganna. ASÍ telur þó heppilegra að horft sé til þess að bæta afkomu lífeyrisþega t.d. með því að draga úr almennu skerðingarhlutfalli almannatrygginga og ráðast í löngu tímabærar kerfisbreytingar á bótakerfi örorkulífeyrisþega til samræmis við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga sem skilaði tillögum um mitt ár 2016.

Frumvarp til laga um eftirlit með skipum (stjórnvaldssektir), 110. mál

Alþýðusamband Íslands styður frumvarp þetta og telur að samþykkt þess stuðli að meiri viðbrögðum hinna eftirlitsskyldu.

Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna), 134. mál

Vísad er til fyrri umsagnar og er afstaða ASÍ óbreytt.

Almennir kjarasamningar gera ráð fyrir dagvinnu virka daga vikunnar frá mánudegi til föstudags. Fyrir vinnu utan dagvinnutímabils á virkum dögum, á laugardögum, sunnudögum og á samningsbundnum frídögum greiðist ýmist almennt yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) eða sérstakt stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum). Ef samningsbundnir frídagar eru ekki unnir og falli þeir á virka daga eru þeir greiddir án vinnuframlags með dagvinnulaunum.

Samningsbundnir frídagar eru í tveimur flokkum:

Stórhátíðadagar þar sem greitt er stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum) séu þeir unnir, teljast vera:

Nýársdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Föstudagurinn langi (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Páskadagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Hvítasunnudagur, (l. 32/1997 og l. 88/1971)

17. júní (l. 88/1971)

Aðfangadagur eftir kl. 12.00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Jóladagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Gamlársdagur eftir kl. 12.00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Aðrir frídagar þar sem greitt er yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) teljast vera auk laugardaga og sunnudaga:

Skírdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Annar í páskum (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Uppstigningardagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Sumardagurinn fyrsti (l. 88/1971)

1. maí (l. 88/1971)

Annar í hvítasunnu (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Annar í jólum (l. 32/1997 og l. 88/1971)

Fyrsti mánudagur í ágúst (l. 88/1971)

Dagar þeir sem lög nr. 32/1997 telja upp eru skv. framansögðu ýmist launaðir með venjulegu yfirvinnuálagi eða stórhátíðarálagi.

Samkvæmt því frumvarpi sem til umsagnar er, skulu allir helgidagar sem taldir eru upp í lögum um 32/1997 um helgidagafrið, taldir eftirleiðis upp í lögum nr. 88/1971 auk þess sem 2. mgr. 6. gr. þeirra laga heldur sér en hún gerir fyrsta mánudag í ágúst að frídegi. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta heimildum aðila vinnumarkaðar til þess að semja um frávik frá lögum 88/1971.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að brottfall laga nr. 32/1997 muni hafa áhrif á kjarasamninga en æskilegt væri, til þess að taka allan vafa af í því efni, að láta koma fram í greinargerð með lögnum, að þeim sé ekki ætlað að hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

Frumvarp til laga um 40 stunda vinnuviku (stytting vinnutíma), 165. mál Mál þetta er endurflutt og skilaði ASÍ inn umsögn um það sem 259. mál í janúar 2016. Afstaða sambandsins er óbreytt.

Skipulag vinnutíma er flókið mál sem bæði er átt við í lögum og kjarasamningum. ASÍ er þeirrar skoðunar að breyting á lögum um 40 stunda vinnuviku, feli í sér ótímabært inngrip í heildarendurskoðun aðila vinnumarkaðar um skipulag vinnutíma en við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árinu 2015 var gerð eftirfarandi bókun um viðræður um skipulag vinnutíma.

Aðilar kjarasamningsins stefna að breytingum á skilgreiningum vinnutíma og nálgast þannig skipulag vinnutíma sem algengast er á Norðurlöndum. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að fjölskylduvænum vinnumarkaði með styttri heildarvinnutíma, sem jafnframt getur falið í sér hagræðingu og einföldun launakerfa á öllum vinnumarkaðnum. Í viðræðum um breytingu vinnutímaákvæða kjarasamninga verður m.a. fjallað um upptöku „virks vinnutíma“ og endurskoðun álagstímabila og álagsgreiðslna vegna vinnu utan dagvinnutímabils. Álagsgreiðslur vegna vinnu utan skilgreinds dagvinnutímabils eru hærrí hér á landi en almennt gerist á Norðurlöndunum og hefur það m.a. þau áhrif að dagvinnulaun eru lægra hlutfall heildarlauna. Meginmarkmið breytinga verður að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum og hvetja til umræðu á vinnustöðum um bætt skipulag vinnutíma og aukna framleiðni. Með því færast íslenskur vinnumarkaður nær því fyrirkomulagi sem þekkist víða á Norðurlöndun-

um. Bætt skipulag getur einnig stuðlað að styttri vinnutíma og þar með að fjölskylduvænni vinnumarkaði. Breytingar í þessa veru bæta stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði, bæði hvað varðar vinnutíma og grunnlaun, og getur þannig styrkt stöðu Íslands í samkeppni um starfsfólk. Gegn vinnutímabreytingum hækka launataxtar kjarasamninga auk þess sem lágmarkslaun einstakra starfa geta tekið breytingum ef sérstaklega þarf að bregðast við áhrifum breyttra álagsgreiðslna. Lágmarkstekjutrygging mun þó ekki hækka. Aðilar samkomulagsins munu skipa í vinnuhópa fyrir júnílok 2015 til þess að vinna að undirbúningi breytinga á vinnutímaákvæðum kjarasamninga. Um skipulag viðræðna skal gerð sérstök viðræðuáætlun, sbr. 23. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Stefnt er að því að samkomulag liggi fyrir í október 2016 og verði það borið undir atkvæði í nóvember 2016. Vinnutímabreytingar og launabreytingar því samhliða tækju gildi 1. maí 2017. Aðilar munu frá upphafi vinnunnar leita liðsinnis ríkissáttasemjara við verkstjórn. Um atkvæðagreiðslu verður samið sérstaklega, en gengið er út frá því að einfaldaldan meirihluta þurfi til að samkomulagið öðlist gildi.

Vinnuhópar voru skipaðir og stefnt að verklokum eins og í bókuninni segir haustið 2016. Ekki tókst að ljúka þessari vinnu á þeim tíma sem til stóð en hópurinn er enn að störfum.

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, 167. mál

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem fella burt ákvæði um markaðar skatttekjur ríkissjóðs. Í stað mörkunar munu slíkir tekjustofnar renna í ríkissjóð og framlög veitt til umræddra málaflokka samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Afstaða ASÍ varðandi umrætt mál lýtur einkum að þeim tillögum sem varða breytingar á lögum um tryggingargjald og breytingum tengdum vinnumarkaðstengdum sjóðum s.s. ábyrgðasjóði launa, starfsendurhæfingarsjóðum og framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Þessum þáttum er öllum ætlað að standa undir tilteknum skilgreindum réttindum launafólks sem jafnan eru tilkomin með þríhliða samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Nauðsynlegt er að gera skýran greinarmun á eðli og tilurð þeirra og annarra markaðra tekjustofna sem renna til reksturs tiltekinnna stofnana eða fjármögnun afmarkaðra verkefna.

Hér á landi hafa aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld útfært mikilvæg réttindi launafólks með uppbyggingu á sjóðum, oft í tengslum við gerð kjarasamninga, sem fjármagnaðir eru m.a. í gegnum tryggingargjöld atvinnurek-

enda, sem eru ígildi iðgjalds til sjóðanna til að standa undir tilteknum réttindum. Hér er um að ræða rétt til atvinnuleysisbóta, fæðingarorlofs, greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa vegna vangoldinna launa við gjaldþrot atvinnurekenda, réttindi til starfsendurhæfingar hjá starfsendurhæfingarsjóði og framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða. Fyrirkomulag þetta hefur tryggt tengsl milli þróunar réttinda og ábyrgðar á fjármögnun þeirra. Þessi iðgjöld sem innheimt eru gegnum tryggingargjaldið eru þannig óaðskiljanlegur hluti af kjarasamningsbundnum kjörum launafólks sem jafnan hefur gefið eftir svigrúm til launahækkana til þess að fjármagna þau. Allar þær breytingar sem gerðar eru á álagningu og ráðstöfun þeirra má því líta á breytingar á þeim og inn grip inn í gerða kjarasamninga. Réttara er því að líta á tryggingargjaldið sem iðgjald sem stendur undir ákveðnum réttindum í stað „markaðs tekjustofns“.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum er varða Atvinnuleysistryggingarsjóð og Fæðingarorlofsjóð en lagðar til breytingar varðandi Ábyrgðasjóð launa sem og framlög til starfsendurhæfingar og jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Alþýðusambandið hefur í samtali við stjórnvöld undanfarið lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að sjóðir vinnumarkaðarins sem standa undir grundvallarréttindum launafólks verði gerðir sjálfstæðir með þeim hætti að þeim verði gert kleift að gera áætlanir til framtíðar og safna varasjóði þegar vel árar. Núverandi fyrirkomulag, þar sem sjóðirnir eru hluti af A-hluta ríkissjóðs, leiðir til þess að þegar staða þeirra er góð, líkt og nú er, skilar jákvæð afkoma sjóðanna sér sem jákvæð afkoma í ríkissjóð. Þessu er svo öfugt farið í efnahagssamdrætti þegar staða ríkissjóðs versnar og ríkið þarf að endurgreiða skuld sína við sjóðina. Í hagstjórnarlegu tilliti er þetta óskynsamlegt og leiðir til verulegs þrýstings á að draga úr réttindum launafólks í sjóðunum. ASÍ leggur því þunga áherslu á að breytingar á tilhögun tryggingargjalds og fjármögnun þeirra réttinda sem að baki standa verði rædd í þessu samhengi og setur því fyrirvara við þær breytingartillögur sem gerðar eru í XLI kafla frumvarpsins varðandi Ábyrgðasjóð launa.

Í 45., 47. og 48. greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella brott ákvæði þess efnis að starfsendurhæfingarsjóðir fái í sinn hlut 0,13% af gjaldstofni tryggingargjalds og þess í stað verði árleg fjárveiting til þeirra ákvörðuð á grundvelli fjárheimilda í fjárlögum. Alþýðusambandið mótmælir þessari breytingu sem mun auka verulega óvissu um framtíðar fjármögnun atvinnutengdrar starfsendurhæfingar og gengur gegn því samkomulagi sem gert var milli fjármála- og efnahagsráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra og Virk starfsendurhæfingarsjóðs í mars 2015 um framlög til starfsendurhæfingarsjóða og þeim þjónustusamningi sem gerður var milli Virk og velferðarráðuneytis um þjónustu við einstaklinga utan vinnumarkaðar í september

2017. ASÍ leggur áherslu á að ef gera á breytingar á grundvelli fjárveitingar til starfsendurhæfingar þurfi slíkar breytingar að eiga sér stað með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins sem tryggi fyrirsjáanleika í réttindum og rekstrar-grundvelli starfsendurhæfingsjóða til framtíðar.

Í 46. gr. frumvarpsins er lagt til að fella brott tengingu á árlegu framlagi til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða við tiltekið hlutfall af gjaldstofni tryggingargjalds, 0,325%, og ákvarða árlegt framlag á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum hverju sinni. Um þennan þátt var samið með þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga í nóvember 2005. Með því skuldbatt ríkið sig til að leggja fram framlag sem svaraði hluta af tryggingargjaldsstofni til að jafna örorkubyrði sem leggst með afar ólíkum hætti á lífeyrissjóði landsmanna eftir samsetningu sjóðfélaga og hefur því mjög misjöfn áhrif á getu sjóðanna til að standa undir ellilífeyrisréttindum sjóðfélaga. Sú breyting sem hér er lögð til mun auka verulega óvissu um jöfnunarframlagið sem í dag dugar þó engan veginn til að jafna að fullu þann mun sem er á örorkubyrði sjóðanna og lýsir ASÍ sig alfarið mótfallið breytingunni.

Þá vill ASÍ áréttta það álit sitt að ef rjúfa á bein tengsl milli þess gjalds sem innheimt er til Framkvæmdasjóðs aldraðra í formi nefskatts og fjárveitinga til Framkvæmdasjóðs er rétt að fella þá skattheimtu niður og fjármagna framkvæmdir í öldrunarþjónustu með almennri skattheimtu.

Frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (líftími þingmála), 222. mál

Alþýðusamband Íslands styður alla viðleitni til þess að auka skilvirkni Alþingis sem og allar aðgerðir sem stuðlað geta að því að auka virðingu Alþingis og sess sem eins af þremur örmum ríkisvaldsins, sem á hverjum tíma sé í færum til þess að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt og eðlilegt aðhald og eftirlit.

Frumvarp þetta felur annars vegar í sér að þingmál skuli lifa hvert kjörtímabil í stað þess að lifa hvert þing fyrir sig eins og nú er, hvort sem þau komist á dagskrá þingsins eða ekki, og að viðeigandi þingnefnd verði gert skylt að gefa álit á öllum málum sem til þeirra er vísað, hvort heldur þeim sé vísað til annarrar eða þriðju umræðu á því sama þingi. Eins og í greinargerð segir, er það mat flutningsmanna að breytingar þær sem frumvarpið boðar muni styrkja störf og lýðræðislega virkni þingsins.

Ekki er augljóst hvernig þetta mál geti styrkt störf og lýðræðislega virkni Alþingis. Augljós afleiðing af samþykkt þess er, að stjórn þingsins mun sjá til þess að engin mál sem meirihluti Alþingis er ekki sáttur við fáist tekin til fyrstu umræðu, einfaldlega til þess að tryggja að nefndir þingsins sitji ekki fastar við að móta afstöðu til þeirra við þinglok, á kostnað þeirra mála sem brýnt er að

ljúka. Frumvarpið gæti því unnið gegn því að einstök mál þingmanna fengjust tekin til fyrstu umræðu, ólíkt því sem nú er þó ekki séu þau mörg.

Alþýðusamband Íslands veitir Alþingi umsagnir um fjölmörg mál á hverju þingi, stundum oftast en einu sinni um sama mál, hafi það fallið niður milli þinga. Það veldur ekki sérstökum erfiðleikum og oft taka mál raunar breytingum milli þinga og því fullt tilefni til þess að endurnýja umsagnir í ljósi þeirra.

Þessi afstaða kom fram við fyrri flutning þessa máls og er óbreytt.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum (húsnæðisliður vísitölu neysluverðs) 246. mál

Alþýðusambandið mælir með samþykkt frumvarpsins með vísan til eftirfarandi ályktunar sem samþykkt var á 42. þingi ASÍ í október 2016:

42. þing ASÍ, haldið 26.-28. október 2016, skorar á stjórnvöld og Alþingi að vísitala neysluverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar.

Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 393. mál

Sameiginleg umsögn er veitt um mál nr. 394 og 393 sem byggja á tilskipunum ESB 2000/43 og 2000/78 enda hefur frá upphafi verið sameiginlega unnið að innleiðingu meginefnis þeirra í íslenskan rétt. Umsögnin er samhljóða þeirri sem áður var gefin þá er mál þessi voru fyrir Alþingi. Það er einlæg von Alþýðusambands Íslands að Alþingi auðnist að klára afgreiðslu þessara tveggja mála nú á vorþingi.

Íslensk stjórnskipan byggir á því að „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti“. Þessum frumvörpum er ætlað að styrkja raunverulega og góða framkvæmd þessarar stjórnarskrárbundnu meginreglu og Alþýðusamband Íslands fagnar því framlagningu þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt.

Eins og fram kemur í greinargerð eru þær tilskipanir sem frumvörpin byggja á, ekki hluti þeirra gerða sem innleiða ber skv. EES-samningnum. Norvegur lagði hins vegar til á sínum tíma, að þær yrðu viðurkenndar sem hluti af EES-samningnum en hin lagatæknilega niðurstaða EFTA-EES-ríkjanna varð hins vegar sú að ekki væri skylt að innleiða þær sem hluta EES-samningsins.

Þegar á árinu 2003, eða áður en til aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu kom, samþykkti ríkisstjórn Íslands að gæta skyldi efnislegs samræmis í íslenskum rétti og þeim rétti er gilt innan Evrópusambandsins á grundvelli

framangreindra tilskipana, enda þótt efni gerðanna ætti ekki formlega undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþýðusamband Íslands tók þegar í upphafi þá afstöðu, bæði innan samráðsnefndar um EES og opinberlega, að jafnvel þó sannfærandi lögfræðileg sjónarmið leiddu til þess að ekki þyrfti að gildistaka tilskipanir þessar, þá ætti engu að síður að gera það með sérstakri lagasetningu.

Rök sambandsins voru aðallega eftirfarandi:

- Öll lönd á EES-svæðinu sem við berum okkur saman við hafa sett eða hyggjast setja löggjöf um þetta efni, byggt á tilskipunum ESB.
- Noregur ætlar að uppfylla öll skilyrði þeirra og ríki Evrópusambandsins eru skuldbundin til að gera það og eru sett undir agavald ESB í þeim efnunum.
- Tilskipanirnar eru í reynd hluti af reglum á vinnumarkaði Evrópu. Löggjöf hér á landi sem byggði á þeim og með tilvísun til þeirra ætti að tryggja samleitni á vinnumarkaði alls Evrópska efnahagssvæðisins.
- Mikilvægt væri fyrir rekstur og þróun EES-samningsins og stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni að tilskipanirnar verði hluti af réttindakerfi á íslenskum vinnumarkaði.

Í ágúst 2004 lagði ASÍ til að lög yrðu sett sem tryggðu nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum tilskipananna. Kveðið yrði á um málsmeðferð og sönnun þegar einstaklingar telja að á þeim hafi verið brotið og úrræði sköpuð til að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn. Kveðið yrði á um söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna, sett á laggirnar samráð stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa varðandi markmið og framkvæmd laganna og að lokum að bætur og viðurlög skv. þeim væru fullnægjandi.

Þessi stefna var ítrekuð og henni fylgt eftir í þeim starfshópi sem Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, ýtti úr vör síðla árs 2005 (ranglega sagt 2006 í greinargerð) og sem Helgi Hjörvar, þáverandi alþingismaður, stýrði til lands í lok árs 2008. ASÍ taldi niðurstöður þess starfshóps viðunandi í ljósi þeirra markmiða sem ASÍ lagði upp með og lýsti sérstakri ánægju með þá sátt sem að lokum tókst um niðurstöður.

Síðan þá hefur verið lögð mikil vinna í samningu þeirra frumvarpa sem nú hafa verið lögð fram öðru sinni. Sú vinna hefur alltaf byggt á góðu og nánú samráði og samstarfi stjórnvalda, þ.m.t. allra stjórnmalaflokka, aðila vinnumarkaðar og fjölda annarra samtaka. Þegar í árslok 2012 lá fyrir í megindráttum frumvarp til innleiðingar beggja tilskipana hvað vinnumarkaðinn varðar og haustið 2013 lágu bæði frumvörpin fyrir, nánast í sinni endanlegu gerð.

Allar breytingar sem á þeim drögum hafa verið gerðar, hafa verið gerðar í víðtæku samráði.

Eins og fyrr segir, byggja bæði frumvörpin á víðtækri samvinnu og samráði. Alþýðusamband Íslands gerir því engar efnislegar athugasemdir við einstakar greinar þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt óbreytt.

Frumvarp til laga um skaðabótalög (margfeldisstuðlar, vísitölutenging o.fl.) , 441. mál


Alþýðusamband Íslands leggst ekki gegn þeim breytingum sem lagðar eru til enda um þarfa endurskoðun að ræða. Í mati tryggingafræðings kemur fram, að ætla megi að í kjölfar breytinganna gætu iðgjöld ábyrgðartryggingar ökutækja hækkað um 16% og slysatrygging ökumanns og eiganda um 26%. Bent er jafnframt á, að það sé tryggingafélaganna, hvers og eins, að ákveða sín iðgjöld og geta aðrir þættir en ofangreindir útreikningar komið til við þá ákvörðun.

Í því sambandi vill ASÍ vekja athygli á eftirfarandi:

Í útreikningum Hagstofunnar má sjá að iðgjöld fyrir bifreiðatryggingar hafa hækkað langt umfram vísitölu neysluverðs síðustu ár, eða um 25% frá árinu 2014 (jan. 2014-jan. 2018) á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 7%.

Alþýðusambandið getur ekki séð að innistæða sé fyrir svo miklum verðhækkunum en þess má geta að verð á vöru og þjónustu sem tryggingafélögin notast við í sinni starfsemi hefur í flestum tilfellum lækkað síðustu ár. Verð á bílum hefur lækkað um 13% á tímabilinu (janúar 2014-janúar 2018) og verð á varahlutum um 20%.

Þá má taka fram að bílum hefur fjölgað töluvert á götunum síðustu ár en á sama tíma hefur meðalakstur á hvern bíl dregist saman, auk þess sem tilkynnt bílslys eru hlutfallslega færri í dag en þau voru fyrir tíu árum. Vegna fjölgunar á bílum og minni meðalaksturs hafa iðgjöld pr. kílómetra því hækkað. Þrátt fyrir allar þessar breytur hafa iðgjöld hækkað mjög mikið á undanförunum árum, eins og fyrr sagði.



Á þessu grafi má sjá fjölda tilkynntra bílslysa til lögreglu frá árinu 2004. Eins og sjá má hefur bílslysurnar fjölgað frá árinu 2012 en ef horft er til lengra tímabils eru þau færri í dag en áður ef tekið er til greina að bílum í umferð hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum. Tölurnar eru frá Samgöngustofu.

Hagnaður tryggingafélaganna hefur og verið gríðarlegur og arðgreiðslur á hverju ári hlaupa á milljörðum en hér fyrir neðan má sjá hagnað tryggingafélaganna fyrir skatt á árinu 2017.

TM 3.207 milljónir kr.

Vís: 1.609 milljónir kr.

Sjóvá: 2.085 milljónir kr.

Vörður: 1.151 milljónir kr.

Alþýðusambandið telur að viðskiptavinir tryggingafélaganna hafi ekki notið góðs af hagstæðum ytri aðstæðum síðustu ár og að verðhækkningar tryggingafélaganna séu langt umfram það sem aðstæður segi til um. Með þessum verðhækkunum hafi tryggingafélögin því nú þegar búið til svigrúm fyrir hugsanlegar hækkningar á bótafjárhæðum.

Það er álit ASÍ að brýna nauðsyn beri til þess að Alþingi treysti að sú þarfa breyting sem lögð er til á skaðabótalögnum leiði ekki til hækkunar iðgjalda enda ekkert tilefni til þess og þvert á móti jafnvel tilefni til hins gagnstæða.

Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði farmanna, 455. mál

Príhliðanefnd um málefni Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar (ILO) á Íslandi hefur frá lokum 94. þings ILO unnið að undirbúningi fyrir innleiðingu samþykktar um vinnuskilyrði farmanna. Sendinefnd Íslands tók þátt í vinnu að samþykktinni á þingum ILO og hefur greitt henni atkvæði sitt við endan-

lega afgreiðslu. Löngu er orðið tímabært að hún verði fullgilt hér á landi og frumvarp þetta er hluti af undirbúningi þess. Alþýðusamband Íslands styður eindregið samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum, 468. mál

Frumvarp þetta var að meginstofni lagt fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017 (þingskjal 626–457. mál) en hlaut þó ekki afgreiðslu á því þingi. ASÍ veitti umsögn um það frumvarp 19. maí 2017. Þar sem mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu frá fyrri gerð telur Alþýðusambandið rétt að veita umsögn að nýju þar sem nokkrir þættir úr fyrri umsögn eru áréttaðir, auk þess sem fjallað er um þær breytingar sem orðið hafa frá fyrra frumvarpi.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er unnið í ágætu samstarfi starfsmanna velferðarráðuneytisins og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, auk fulltrúa Vinnueftirlitsins og Vinnuálastofnunar.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið frumvarpið og þau markmið sem þar eru sett fram. Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi þannig að efni þess taki sem fyrst gildi og komi til framkvæmda.

Greinargerð

Hér á eftir eru dregin fram nokkur meginatriði frumvarpsins eins og þau horfa við Alþýðusambandinu.

1. Forsendur og meginmarkmið laga nr. 45/2007

Það er meginregla á íslenskum vinnumarkaði að launafólk skuli njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi, óháð þjóðerni starfsmanna eða þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir, þ.m.t. erlendra þjónustufyrirtækja að meðtöldum starfsmannaleigum. Þetta er áréttað í 4. og 5. gr. nágildandi laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007 og í lögum um starfsmannaleigur nr. 139/2005.

Á síðustu misserum og árum hafa undirboð og tengd brotastarfsemi farið vaxandi á íslenskum vinnumarkaði. Þar hafa erlend þjónustufyrirtæki sem koma tímabundið með starfsmenn hingað til lands, þ.m.t. starfsmannaleigur og innlendar starfsmannaleigur, verið mjög áberandi.

Algengustu brotin eru að laun og önnur starfskjör eru oft langt undir íslenskum kjarasamningum, yfirvinna ekki greidd og réttindi starfsmanna eru ekki virt hvað varðar orlof, veikindi og slys. Hér er vert að hafa í

huga að starfsmenn þjónustufyrirtækja eiga að lágmarki að njóta launa skv. kjarasamningum og starfsmenn starfsmannaleiga sömu launa og annarra starfskjara og ef þeir væru í beinu ráðningarsambandi við íslenska notendafyrirtækið.

Almennt má segja að þessi fyrirtæki, sem flest koma frá fátækum ríkjum Evrópu, reyni að flytja með sér hingað til lands léleg kjör og takmörkuð réttindi á vinnumarkaði sem gilda í heimalandinu. Þá gildir um mörg þessara fyrirtækja að þau halda starfsmönnum sínum frá upplýsingum um laun og önnur starfskjör sem hér gilda, útvega þeim íbúðarhúsnæði sem er með öllu óásættanlegt og ala á ótta starfsmannanna við að sækja rétt sinn. Í alvarlegustu tilfellunum má fullyrða að þessi fyrirtæki stundi brotastarfsemi sem jaðra við eða er vinnumansal.

Samkvæmt úttekt og greiningu Alþýðusambands Íslands eru flest alvarlegustu brotin sem framin eru gagnvart launafólki á íslenskum vinnumarkaði tengd erlendum þjónustufyrirtækjum og starfsmannaleigum, erlendum og innlendum.

Í framangreindu ljósi er mikilvægt að í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er bætt inn markmiðsgrein í lög nr. 45/2007, þar sem réttindi starfsmanna eru áréttuð og skapa skilyrði til að það fái betri yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækjanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hingað koma til starfa, en þar segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna sem erlend fyrirtæki senda tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hérlendis séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi.

Enn fremur er það markmið laga þessara að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og eftir atvikum í heimaríki þeirra, hvort sem þeir veita sjálfir þjónustu hérlendis sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða senda starfsmenn sína tímabundið hingað til lands til að veita hér þjónustu, í því skyni að tryggja að erlendir þjónustuveitendur starfi löglega hér á landi.“

Sambærilega breytingu er einnig að finna varðandi lög um starfsmannaleigur nr. 139/2005.

2. *Gildissvið laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn*

Í frumvarpinu er að finna tvær mikilvægar breytingar á núgildandi lögum sem varða annars vegar skilgreiningu á því hvaða fyrirtæki teljast þjónustufyrirtæki í skilningi laganna og hins vegar um skyldu sjálfstætt starfandi til að skrá sig hjá Vinnumálastofnun.

a. Hvaða fyrirtæki teljast þjónustufyrirtæki í skilningi laganna Komið hafa upp fjölmörg dæmi á síðustu misserum, þar sem erlend þjónustufyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi hafa í skilningi laga nr. 45/2007 fallið undir gildissvið þeirra, þar sem þau hafa verið með starfsemi hér án þess að hafa „... samning við notendafyrirtæki um veitingu þjónustu hér á landi“. Þetta á m.a. við um tiltekna byggingastarfsemi, erlenda ferðaþjónustuaðila sem standa fyrir skipulögðum ferðum um Ísland og erlend rútufyrirtæki. Ljóst er að þessir aðilar hafa stundað alvarleg undirboð sem leitt hafa til óásættanlegra kjara starfsmanna þeirra og jafnframt skekkt samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Alþýðusambandið telur mjög mikilvægt að úr þessu verði bætt.

Með þeirri breytingu sem gerð er á a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna er bætt úr framangreindum vanda, þannig að nú verður ekki lengur gert að skilyrði að til staðar sé samningur við notendafyrirtæki. Í greinargerðinni með frumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um að þessi breyting sé heimil. Þá segir: „Með þessu þykir tryggt að allir starfsmenn sem sendir eru tímabundið hingað til lands af erlendum fyrirtækjum í því skyni að veita þjónustu hérlendis njóti þeirra réttinda sem lög, reglugerðir og kjarasamningar sem gilda á íslenskum vinnumarkaði kveða á um meðan þeir starfa hér á landi óháð því hver kaupandi þjónustunnar er. Sem dæmi um þjónustu sem veitt er hér á landi án þess að um þjónustuna hafi verið gerður sérstakur þjónustusamningur við notendafyrirtæki í skilningi gildandi a-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna má nefna nýbyggingu íbúðarhúsnæðis og sumarbústaða og viðgerðir á slíku húsnæði sem og leiðsögn, fararstjórn og akstur með ferðamenn um landið í hópferðabifreiðum.“

b. Upplýsingaskylda sjálfstætt starfandi einstaklinga

Sú þróun hefur farið mjög vaxandi í nágrannalöndum okkar og annars staðar í Evrópu, að verið sé að búa störf launafólks í ýmiss konar þjónustu- og verktakastarfsemi og starfsmannaleiga, í búning verktöku, til að komast undan skyldum fyrirtækja og hafa þar með af launafólki margháttað réttindi. Þess er einnig farið að gæta hér á landi. Skattaundanskot eru einnig tengd við þessa þróun. Í reynd er þarna um að ræða hreina gerviverktöku sem mikilvægt er að uppræta með öllum ráðum. Alþýðusambandið telur mjög mikilvægt að við þessari þróun verði brugðist af festu.

Í frumvarpinu er tekið á þessu atriði með því að bætt er við 1. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem segir:

„Lög þessi gilda jafnframt um upplýsingaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklings sem kemur sjálfur tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Þá gilda lög þessi um skyldur og ábyrgð notendafyrirtækja í tengslum við þjónustusamninga þeirra við fyrirtæki.“

Þessu er síðan fylgt eftir annars staðar í frumvarpinu þar sem upplýsingaskyldan er nánar útfærð og Vinnumálastofnun falið að leggja mat á hvort um raunverulega verktakasamninga er að ræða eða gervi-verktöku, auk annars.

3. *Skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleiga, heimildir til eftirlits og vidurlög*

Með frumvarpinu er dreginn lærdómur af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði síðustu misseri og ár. Þær reglur sem gilda um starfsemi þessara fyrirtækja og réttindi starfsmanna þeirra eru treystar, þannig að tryggja megir að kjarasamningar og lög á íslenskum vinnumarkaði séu virt og koma megir í veg fyrir brotastarfsemi af hálfu framangreindra fyrirtækja.

- Frumvarpið felur í sér nokkra mikilvæga þætti í þessum efnum:
- Kveðið er á um að Vinnumálastofnun skuli, í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins, birta með aðgengilegum hætti upplýsingar um lög og reglur sem gilda á vinnumarkaði hér á landi ásamt því hvar megir nálgast gildandi kjarasamninga. Þannig er erlendum þjónustufyrirtækjum ekki stætt á því að skýla sér á bakvið skort á upplýsingum um framangreint efni.
- Frumvarpið felur í sér ríkari skyldur en nú eru gagnvart erlendum þjónustufyrirtækjum, þ.m.t. starfsmannaleigum, um að þau veiti nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína, bæði í heimalandinu og hér á landi, til að hægt sé að ganga úr skugga um að þau starfi með lögmætum hætti og virði þau lög og reglur sem hér gilda, þ.m.t. réttindi starfsmanna sinna.
- Lagðar eru skyldur á Vinnumálastofnun um að aðstoða stjórnvöld í ríkjum EES þegar um er að ræða gistiríki íslensks fyrirtækis, hvort sem er við öflun upplýsinga um íslenska fyrirtækið eða vegna samskipta við íslenska fyrirtækið, þ.m.t. vegna innheimtu sekta, óski þar til bær stjórnvöld í gistiríkinu eftir slíkri aðstoð. Þessi skylda er lögð á Vinnumálastofnun á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2014/67. Það sem er mikilvægt fyrir íslenskan vinnumarkað er að skyldan er gagnkvæm og því ber stjórnvöldum í öðrum EES-ríkjum að aðstoða íslensk stjórnvöld með sama hætti.
- Auk ákvæða í núgildandi lögum um heimild Vinnumálastofnunar til

að krefjast þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar, eru heimildir til að leggja á starfsemina dagsektir gerðar skýrari. Þá er í frumvarpinu komin heimild sem ekki er í núgildandi lögum til að leggja stjórnvaldssektir á erlend þjónustufyrirtæki, innlendar og erlendar starfsmannaleigur og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum á tilskildum tíma eða veita stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Markmiðin með framangreindum heimildum og nýmælum er fyrst og fremst að hafa varnaðaráhrif, en jafnframt er mikilvægt að þeim verði beitt ef þörf krefur.

4. *Skyldur notendafyrirtækja til að veita upplýsingar og ábyrgð á launaþáttum - „keðjuábyrgð“*

Með frumvarpinu eru lagðar ríkari skyldur á notendafyrirtæki að veita upplýsingar um viðskipti þeirra við erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur. Það sem er þó mikilvægast varðandi skyldur notendafyrirtækja snýr að ábyrgð þeirra gagnvart starfsmönnum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga.

a. *Ábyrgð notendafyrirtækja skv. lögum nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn*

Í frumvarpinu er kveðið á um ábyrgð innlendra notendafyrirtækja, aðalverktaka (verkkaupa), sem semja við erlend þjónustufyrirtæki, svokölluð „keðjuábyrgð“.

Megintilgangurinn með „keðjuábyrgðinni“ er að notendafyrirtæki vandi betur val sitt þegar kemur að samningum við erlend þjónustufyrirtæki. Það er einnig reynslan frá Noregi þar sem keðjuábyrgð hefur verið við lýði í nokkurn tíma.

Í frumvarpinu er með ítarlegum hætti útfært hvernig keðjuábyrgðin er virkjuð og hvernig hún er í framkvæmd. Helstu atriðin eru eftirfarandi:

– Keðjuábyrgðin nær til launaþátta og launatengdra gjalda.

Ábyrgð notendafyrirtækis nær til:

- vangoldinna launa og launaþátta, skv. kjarasamningi um viðkomandi starf
- vangoldinna launa fyrir yfirvinnu
- vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum

- vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi
 - Ábyrgðin nær ekki til vangoldinna orlofslauna og er litid svo á að lengd ábyrgðartímans vegi það upp
- Keðjan er „óslitin“, þ.e. ekki er hægt að slíta keðjuna með fléttum eða svikafyrirtækjum.
